



Vistkerfisvandi og fátækt

Einkenni lífvænlegrar heimsmyndar,
mannskilnings og fátæktarhugtaks
í fjölmenningsamfélagi eftirnútímans

Bjarni Karlsson

RITGERÐ LÖGÐ FRAM TIL DOKTORSPRÓFS

2020



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

GUÐFRÆÐI- OG TRÚARBRAGÐAFRÆÐIDEILD

Vistkerfisvandi og fátækt

Einkenni lífvænlegrar heimsmyndar,
mannskilnings og fátæktarhugtaks
í fjölmeningarsamfélagi eftirnútímans

Bjarni Karlsson

RITGERÐ LÖGÐ FRAM TIL DOKTORSPRÓFS

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Guðfræði- og trúarbragðafræðideild
Apríl 2020

Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands
hefur metið ritgerð þessa hæfa til varnar
við doktorspróf í guðfræði

Reykjavík, 2. febrúar 2020

Rúnar M. Þorsteinsson
deildarforseti

Doktorsnefnd:
Sólveig Anna Bóasdóttir, leiðbeinandi
Kolbeinn Hólmar Stefánsson
Ólafur Páll Jónsson

*Vistkerfisvandi og fátækt. Einkenni lífvænlegrar heimsmyndar, mannskilnings og
fátæktarhugtaks í fjölmenningsamfélagi eftirnútímans*

© Bjarni Karlsson
Reykjavík 2020

Doktorsritgerð við Háskóla Íslands. Allur réttur áskilinn. Ritgerðina má ekki afrita,
að hluta eða í heild, svo sem með ljósmyndun, skönnun, prentun, hljóðritun, eða
á annan sambærilegan hátt, án skriflegs leyfis höfundar.

ISBN 978-9935-9491-3-4

Umbrot: Brynjólfur Ólason | [www.binni.is](#)
Prentun: Háskólaprent

Ágrip

Táknheimur okkar manna, myndirnar sem við gerum okkur af veruleikanum og sjónarhornin sem við höfum í huga, hafa áhrif á gjörðir okkar. Nú er komið að vatnaskilum í hnattrænni orðræðu um fátækt, vistkerfi og fjölmenningu sem kristallast í nýrri sýn á tengslaedi veruleikans og þörfina fyrir siðferðilega hugsun. Fyrir nokkrum áratugum var litið svo á að fátækt jafnt sem umhverfisvandi stafaði af skorti á þróun. Nú er viðurkennt að vandinn sé ekki síður siðferðilegur og að sú þróun sem átt hefur sér stað sé ekki síður vandamál en skortur á henni. Sú vitneskja kallar á að við veltum fyrir okkur spurningunni um eðli manns og heims upp á nýtt og dýpkum og víkkum fátæktarhugtakið. Í þessari rannsókn er því haldið fram að það verkefni hafi fundið sér áhugaverðan farveg hjá Sameinuðu þjóðunum (SB) og að til sé orðin hnattræn málefнасamstaða um nýja heimsmmynd, mannskilning og fátæktarhugtak þar sem mannmiðlægni sé hafnað en *lífmiðlægni* fagnað. Samhliða því sem einstaklingshyggju sé hafnað sé mælt fyrir því að heildarhyggja sé tekin upp. Fullyrt er að kristin guðfræði sé fær um að styðja við og bæta þá orðræðu með því að *guðmiðlægt* sjónarhorn hennar feli jafnframt í sér hið lífmiðlæga sjónarhorn.¹

1 Stuttar skilgreiningar á nokkrum lykilhugtökum ritgerðarinnar: *Mannmiðlægni* gerir ráð fyrir að maðurinn sem tegund sé aðalatriði veruleikans og helsta dýrmæti heimsins. *Lífmiðlægni* merkir að vistkerfið með formum sínum og ferlum sé grundvallandi þáttur

Þegar horft er á veruleikann af sjónarhóli lífhyggju gagnast hefðbundið hagvaxtarhugtak ekki lengur í ljósi þess að vistkerfi geta rýrnað þótt hagvöxtur aukist tímabundið. Því er komið nýtt hugtak sem sameinar hugmyndir manna um hagvöxt annars vegar og um hið góða líf hins vegar; *sjálfbær þróun*.

Lífhyggjan, með sjálfbærnihugtakið við hjartastað, veldur því að jöfnum höndum er rætt um hagvöxt og siðferði. Samkomulagið sem gilt hefur í anda nútímans þess efnis að rætt sé um hagsmuni, réttar leikreglur og hlutlaust almannarými, frekar en að standa í gildishlaðinni samfélags-orðræðu, heldur ekki lengur. Þannig eru skilin milli hins opinbera og einkalega orðin að pólitísku málefni í menningunni.

Raunar er staðhæft að hugmyndin um hlutlaust almannarými sé beinn þáttur í hinni aldagömlu yfirráðahyggju sem reynst hafi jafn hrapallega sem raun beri vitni og þurfi nú að víkja fyrir tengslahyggju. Eins og guðfræðingurinn Linda Hogan segir, þá kallar fjölmennningarverkefnið á „margþætta, hefðarþykka og þvermenningarlega samræðu þar sem gert er ráð fyrir öllum“² sem borgurum í vistkerfi heimsins.

veruleikans og maðurinn sé þátttakandi í vistkerfinu. *Guðmiðlægni* varðar þá sýn á mann og heim að allt sé skapað og eigi Guð að forsendu. Veruleikinn er þá túlkaður sem birtingarmynd Guðs. *Eindahyggja* er hér notuð sem hugtak yfir það einkenni nútímahugsunar að horfa á veruleikann í aðgreindum bútum án þess að hirða um samhengi. *Heildarhyggja* er hugtak yfir þá afstöðu að allt sé innbyrðis tengt og hvað öðru háð og þess vegna er leitast við að greina samhengi milli þátta. *Siðferðileg hugsun* er hugtak sem varðar kröfu um tilgang og merkingu lífsins.

2 Hogan, *Keeping Faith with Human Rights*, 102.

Abstract

The backdrop of this study is the theoretical idea that the symbolic world of humanity, the images we create of our reality and our viewpoints, affects our actions.

Here it is argued that we have reached a crossroad in the global dialogue on poverty, the ecosystem and multiculturalism, which crystalizes in a new outlook on the relational character of reality and the need for ethical thinking. A few decades ago it was an accepted idea that both poverty and environmental problems were rooted in a lack of development and good structure. Today it is acknowledged that the problem is equally ethical even though good structure and effective actions are of great importance. That knowledge demands that we answer again the questions of the nature of the human being and the world in order to deepen and widen our concept of poverty. In this study it is argued that this endeavor has found an interesting channel at the United Nations and that we now have a global consensus about discussing a new world view, view of man and the concept of poverty where the anthropocentric perspective is rejected but bio-centricity celebrated.

At the same time as individualism is rejected, incorporating a holistic view is encouraged. It is asserted that Christian theology is capable of supporting and improving that dialogue for the reason that its theocentric perspective incorporates the bio-centric point of view. When one sees re-

ality from the viewpoint of biocentricity, the traditional idea of economic growth becomes useless since ecosystems can deteriorate even though GNP increases temporarily. Therefore, there is a new term that unites the ideas about economic growth on one hand, and the good life on the other; sustainable development.

Biocentricity coined with the idea of sustainability generates that economic growth and ethics are discussed simultaneously. The agreement of modernity that it is best to converse about interests, fair rules and neutral public space rather than to bother with a value loaded communal discourse has collapsed. Thus, the boundaries between the public and the private have become a political topic in our culture. In fact, here it is asserted that the idea of the neutral public space is an explicit part of the age-old belief in dominance/sovereignty that has evidently failed miserably and now has to make way for the belief in relations. Or as the theologian Linda Hogan claims; the task of living in multiculturalism demands “multiple, inclusive, tradition-thick, gross-cultural conversations” where everyone is included as citizens of the world’s ecosystem.

Efnisyfirlit

ÁGRIP	3
ABSTRACT	5
FORMÁLI	11
I. INNGANGUR	13
1.1 Markmið og rannsóknarspurningar	15
1.2 Aðferð rannsóknarinnar	17
1.3 Staða þekkingar	19
1.3.1 Saga fátæktar	19
1.3.1.1 Hyskni eða ranglæti?	23
1.3.2 Nýleg þróun fátæktarhugtaksins	25
1.3.3 Kristin umhverfisguðfræði og siðfræði	30
1.4 Efnistöð	35
2. ENDURNÝJUÐ KRAFA UM SIÐFERÐILEGA GOTT LÍF	37
2.1 Hugmyndir um samfélagssáttmála	37
2.2 Kenning um réttlæti sem sanngirni	41
2.3 Getunálganir að réttlæti	42
2.4 Samantekt	47

3. ÁGALLAR NÚTÍMAHUGSUNAR OG ÚTLÍNUR	
NÝRRAR HUGSUNAR	49
3.1 Mannmiðlæg heimsmynd og mannskilningur	50
3.1.1 Lífmíðlæg heimsmynd og mannskilningur	53
3.2 Grætt á daginn og grillað á kvöldin	61
3.2.1 Deilt frelsi og túlkunarfræðileg gestrisni	67
3.3 Hagsmunir í stað réttlætis	72
3.3.1 Valdeflandi réttlæti	78
3.3.2 Samantekt	81
3.4 Þröngt hagvaxtarhugtak — Nýklassísk hagfræði	83
3.4.1 Hagvöxtur sem sjálfbærni	88
3.5 Skilgreiningar á heimsmynd, mannskilningi og fátæktarhugtaki	89
3.5.1 Mannmiðlægni eða lífmíðlægni	90
3.5.2 Einyrki eða þátttakandi	90
3.5.3 Sex skilgreiningar á fátæktarvanda og þrennslags úrbætur	92
4. ORÐRÆÐA SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA UM VISTVÁ, ÞRÓUN OG FÁTÆKT	93
4.1 SP og Bretton Woods-stofnanirnar	93
4.2 Vaxandi hnattræn vistkerfisvitund	96
4.3 Frá aðstoð til samvinnu	101
4.4 Fæðing hugtaksins „sjálfbær þróun“	103
4.5 SP og Bretton Woods-stofnanir sameinast gegn fátækt	108
4.6 Ný róttækni og óvæntur árangur	111
4.7 Val á textum til rannsóknar	116
5. SKÝRSLA FRÁ RÁÐSTEFNU SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA UM UMHVERFI MANNSINS	119
5.1 Heimsmynd yfirlýsingar SP frá 1972	121

VISTKERFISVANDI OG FÁTÆKT

5.2	Mannskilningur yfirlýsingar SP frá 1972	125
5.3	Fátæktarhugtak yfirlýsingar SP frá 1972 — Vandinn sem við er að etja	131
5.3.1	Fátæktarhugtak yfirlýsingar SP frá 1972 — Úrræðin sem á er bent	134
5.4	Samantekt	141
6. BRUNDTLANDSKÝRSLAN SAMEIGINLEG FRAMTÍÐ OKKAR		
	FRÁ 1987	143
6.1	Heimsmynd Brundtlandskýrslunnar	144
6.2	Mannskilningur Brundtlandskýrslunnar	151
6.3	Fátæktarhugtak Brundtlandskýrslunnar — Vandinn	153
6.3.1	Fátæktarhugtak Brundtlandskýrslunnar — Úrræðin	159
6.4	Samantekt	167
7. SAUTJÁN SJÁLFBÆR ÞRÓUNARMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA.		
7.1	Heimsmynd	176
7.2	Mannskilningur	180
7.3	Fátæktarhugtak — Vandinn	188
7.3.1	Fátæktarhugtakið — Úrræðin	189
7.4	Samantekt og niðurstöður	194
8. UMBURÐARBRÉF PÁFA		
8.1	Hlutverk umburðarbréfa páfa í tengslum við kaþólska félagskenningu	199
8.2	Umburðarbréf Frans páfa frá 2015	201
8.3	Heimsmynd	207
8.4	Mannskilningur	216
8.5	Fátæktarhugtak — Vandinn	224
8.5.1	Fátæktarhugtak — Úrræðin	232
8.6	Samantekt og niðurstöður	241

9. MEGINDRÆTTIR SIÐFRÆÐI SEM VILL FORÐA FÁTÆKT OG VIRÐA ALMANNAHAG.....	249
9.1 Heimsmynd.....	249
9.2 Mannskilningur.....	251
9.3 Fátæktarhugtak.....	254
9.4 Niðurstöður.....	256
9.5 Þrjár tillögur.....	258
HEIMILDASKRÁ.....	261

Formáli

Verkið er tileinkað framtíðinni sem ég les úr augum Bergþóru Hildar, Guðmundar Bjarna, Jónu Theresu og Ísaks Bolla.

Þessi rannsókn fjallar um tengsl. Megináherslan í verkinu er sú að allt sé öðru tengt og háð. „Einn sáir og annar upp sker,“ mælti meistarinn frá Nasaret. „Ég sendi ykkur að skera upp það sem þið hafið ekki unnið við. Aðrir hafa erfiðað en þið njótið erfiðis þeirra.“¹ Textinn sem hér kemur á prent er hvorki eign mín né afurð heldur vitnisburður um samvinnu og samtal sem önnur hófu, mörg viðhalda og ég tek þátt í. Við verklok er ég þakklátur þessum víðómi radda í tíma og rúmi sem staðfestir að engu er lokið þótt hér sé lögð fram rannsókn.

Dr. Sólveig Anna Bóasdóttir hefur sýnt óbilandi þolinmæði og áhuga við að leiðbeina mér allt frá því ég fyrst gerði rannsókn á meistarastigi á sviði kynlífssiðfræði sem lauk árið 2010. Tveimur árum síðar hófst samtal okkar um doktorsrannsókn sem nú lítur dagsins ljós. Það hefur verið mér ómetanlegt að njóta innsæisfullrar leiðsagnar Sólveigar Önnu sem alltaf hefur haldið mér að verki og ýtt að mér efni og hugmyndum á réttum stöðum og stundum. Ég þakka henni það allt hjartanlega og enn fremur það hvernig hún hefur sýnt mér samlíðun án vorkunnar og velviljan agaga sem ítrekað hefur fleytt mér áfram.

1 Jóh 4.37–38.

Jafnframt vil ég þakka dr. Ólafi Páli Jónssyni sem reyndist mér hollur og glöggur doktorsnefndarmaður og vísaði veginn á mikilvægum augnablikum.

Þá bar dr. Kolbeinn Stefánsson ítrekað eitthvað nýtt að borðinu af sjónarhóli félagsfræðinnar sem léð hefur rannsókninni aukið vægi. Honum þakka ég kærlega.

Vinahjón mín dr. Auður Pálsdóttir og dr. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson lásu allt efnið yfir þegar liðið var á rannsóknina, gagnrýndu efnistöð og bentu á leiðir. Takk kæru vinir.

Brynjólfur Ólason hefur farið sínum meistarahöndum um textann og kann ég honum miklar þakkir fyrir innsæisfullan prófarkalestur og uppsetningu ritgerðarinnar.

Þá hafa foreldrar mínir, Helga Steinunn Hróbjartsdóttir og Karl Sævar Benediktsson, og vinur minn dr. Gregory Aikins, hlustað á mig masa um þetta frá upphafi og veitt mér þrotlausa hvatningu sem gott var að njóta. Bræður mínir Árni Heiðar og Hróbjartur Darri hafa fylgst með gangi mála allan tímann og sett sig inn í efnisþætti. Börn mín og tengdabörn, Andri og Unnur Guðmundsdóttir, Matthildur og Daði Guðjónsson, Bolli Már og Berglind Halla Elíasdóttir, hafa öll fylgt mér náið eftir og haft trú á karlinum. En umfram allt hefur hún Jóna Hrönn Bolladóttir látið sig hafa það að eiga mann sem hættir í öruggri vinnu og gerist námsmaður á sextugsaldri. Hennar samþykki, æðruleysi og virki stuðningur hefur gert mér kleift að gera þetta. Takk elsku besta Jóna Hrönn.

1. Inngangur

Við lifum á tímum þar sem nálægð og fjarlægð milli manna hefur aldrei verið meiri. Jörð skelfur eða flugvél hrapar og ljósmyndir af vettvangi eru á augabragði komnar í snjallsíma milljóna manna hinum megin á hnettinum. Nýlega náði líka auðsöfnun hinna fáu þeim hæðum að 1% mannkyns á nú helming allra eigna. Við lifum á tímum alnets þegar peningar, hugmyndir, vörur og þjónusta eru í sífellt frjársara flæði um jarðarkringluna á sama tíma og fólki er í vaxandi mæli meinuð för. Þá eru loftslagsbreytingar hnattrænn veruleiki sem virðir engin landamæri og veldur því að mannkyn horfist í augu með nýjum hætti. Því fleiri brýr sem tæknin brúar á sama tíma og ójöfnuður vex en umhverfismál knýja fastar á og fjölmennin verður áþreifanlegri, því flóknari verður framfærsluvandinn og staða hinna fátæku á jörðinni þyngri.

Þegar ég hóf störf sem prestur á níunda áratug síðustu aldar var ég fyrsta árið fangaprestur í hálfu starfi meðfram æskulýðsstörfum í söfnuði. Síðar gerðist ég sóknarprestur í Vestmannaeyjum 28 ára að aldri og kynntist lífi Eyjamanna í sorg og gleði, skorti og allsnægtum og varð m.a. iðulega milliliður þegar einstaklingar vildu víkja góðu að samferðamönnum sínum í kröggum án þess að láta nafns síns getið. Á lítilli eyju þar sem samfélagið er ekki alltaf sanngjarnt er samt reiknað með öllum og samábyrgðin er virk þegar náunginn horfir fram á bjargarleysi. Þegar ég síðar kom til Reykjavíkur sem sóknarprestur í Laugarneshverfi sá ég

fljótt að staðan í borginni var önnur að þessu leyti. Þar kynntist ég bráðlega heilu fjölskylduklósunum sem lifðu við sára fátækt, jafnvel í þriðja lið, án þess að umhverfið léti sig það miklu varða. Af kynnum mínum af þessu fólki varð mér ljóst að fátækt þeirra var ekki síður tengslaleysi en efnaskortur; félagsleg fátækt ekki síður en fjárhagsleg. Þegar efnahagshrunið dundi yfir hafði ég þjónað Laugarneskirkju í áratug og fékk tækifæri til að stíga inn í borgarpólitíkina sem varaborgarfulltrúi á lista Samfylkingarinnar vorið 2010. Sitjandi í Velferðarráði Reykjavíkur fékk ég umboð til að leiða hóp stjórnmalafólks, embættismanna og sérfræðinga, sem hafði það verkefni að kortleggja fátækt í höfuðborginni og bera fram tillögur til úrbóta. Ekki náðist að ljúka verkinu í pólitíska umhverfinu svo að Hjálparstarf kirkjunnar og Rauði krossinn í Reykjavík tóku verkefnið upp á arma sína í samvinnu við mig, embættisfólkið og sérfræðingana í hópnum sem unnu allt í sjálfböðavinnu. Í október 2012 kom út skýrslan „Farsæld — baráttan gegn fátækt á Íslandi“.¹ Í marsmánuði 2013 kom síðan út hjá ráðuneyti velferðarmála skýrsla byggð á þeirri fyrri sem bar heitið „Aðgerðir til að vinna gegn fátækt“.²

Um svipað leyti var ég kominn af stað með þá rannsóknarvinnu sem hér lítur dagsins ljós. Spurningarnar sem efst voru í mínum huga vörðuðu félagslegt, tilfinningalegt og menningarlegt samhengi fátæktar. Brátt varð mér þó ljóst að í veruleikanum sem og í fræðunum eru umhverfis- og fjölmeningarmál óaðskiljanleg fátæktarvandanum og óhugsandi að ræða þessi málefni af nokkru viti nema í því samhengi. Sú nálgun sem hér er borin fram er því hluti af flókinni vegferð sem ekki er lokið. Verkið er trútt uppruna sínum, óþolinu gagnvart veruleika fátæktar í íslensku samfélagi, en víddirnar sem komið hafa í ljós eru margvíslegar, því að

1 „Farsæld — baráttan gegn fátækt á Íslandi.“

2 „Aðgerðir til að vinna gegn fátækt. Tillögur byggðar á skýrslunni Farsæld — baráttan gegn fátækt á Íslandi.“

fátækt hefur margar myndir og samhengi sem mig óraði ekki fyrir þegar ég lagði af stað.

Við sem nú erum á miðjum aldri og ólumst upp við kjarnorkuvá kalda stríðsins erum í senn sviknasta og svikulasta kynslóðin sem lifað hefur á jörðinni. Í bakgarði hugans liggja tvær heimsstyrjaldir. Hugmyndakerfi hafa hrunið fyrir augum okkar, kommúnisminn og sósíalisminn, jafnt sem nasisminn og fasisminn, að ógleymdum trúarbrögðunum sem reynst hafa haldlítill. Styrjaldir hafa verið háðar á lognum forsendum og nú fleyta menn sér til áhrifa með falsfréttum og hroka. Enginn getur einfaldlega sagst fylgja eða trúa einhverju vegna þess að stórar sögur og hugmynda-kerfi hafa ekki reynst vel. Það sem við höfum kallað vestræna menningu byggist á sambræðslu markaðsbúskapar, tækni og vísinda sem stenst ekki skoðun. Það reynist hafa verið reikniskekkja í nútímanum sem gerir það að verkum að það sem við álitum vera þróun og framfarir felur í sér óvænt útgjöld; vistkerfisuskuld sem skrifast á ókomnar kynslóðir manna, dýra og annarra lífvera. Tapið er svo glórulaust að jöklar bráðna, haf rís og súrnar, jarðvegur ónýtist og líffræðilegur fjölbreytileiki jarðar rýrnar af völdum loftslagsbreytinga. Lífið á jörðinni er að breytast af mannavöldum og nú er óttast að sá árangur sem þó hefur náðst síðustu tvo rúmu áratugi við að draga úr sárafatækt, ólæsi, ungbarna- og mæðradauða, skæðum smit-sjúkdómum o.fl. sé í hættu. Vistkerfisálagið mun bitna verst á hinum fatæku í heiminum, átök munu líklega magnast og fólk verða landflóttá í enn ríkari mæli en þegar er orðið.

1.1 Markmið og rannsóknarspurningar

Rannsókn mín er á sviði guðfræðilegrar og heimspekilegrar siðfræði og hefur það markmið að dýpka skilning á fatækt í hnattrænu samhengi fjölmenningar og umhverfismála. Er tími hins góða lífs liðinn? Erum við síðasta kynslóðin sem hefur tækifæri til að njóta tilverunnar? Erum

við búin að dæma komandi kynslóðir til hörmunga og fátæktar? Þetta eru stórar spurningar sem áhugavert væri að glíma við. Markmið rannsóknarinnar verður þó mun hógværara.

Meginviðfangsefni ritgerðarinnar er að dýpka skilninginn á fátækt og bera fram lífvænlega kristna siðfræði fyrir íslenskan samtíma. Í því skyni hef ég valið að greina fjögur alþjóðleg stefnuskjöl þar sem fátæktar-skilningur er tengdur heimsm mynd og mannskilningi. Rannsóknar-spurningin er í tveimur liðum:

1. Hverjar eru birtingarmyndir fátæktar á ríflega fjörutíu ára tímabili í alþjóðlegum, stefnumarkandi skjölum og hvernig tengjast þær hugmyndum um stöðu mannsins í síbreytilegum heimi?
2. Hver eru meginatriði í siðfræði þar sem fátækt er forðað og almanna-hagur er leiðarljós?

Fjórar greiningarspurningar lýsa verklagi samanburðarrannsóknarinnar fyrri rannsóknarspurningin varðar:

1. Hvaða heimsm mynd, mannskilning og fátæktarhugtak má greina í skýrslu frá ráðstefnu SP um umhverfi mannsins sem haldin var í Stokkhólmi 1972?
2. Hvaða heimsm mynd, mannskilning og fátæktarhugtak má greina í skýrslu SP *Sameiginleg framtíð okkar* frá árinu 1987?
3. Hvaða heimsm mynd, mannskilning og fátæktarhugtak má greina í heimsmarkmiðum SP frá 2015 og má sjá hugmyndalega þróun í orðræðu SP í ljósi tveggja fyrri skýrslanna?
4. Hvaða heimsm mynd, mannskilning og fátæktarhugtak má greina í umburðarbréfi Frans páfa frá árinu 2015 og hvernig samrýmast hugmyndir páfa áherslum heimsmarkmiða SP frá sama ári?

1.2 Aðferð rannsóknarinnar

Hér er lögð fram textarannsókn. Viðfangsefnið er fjórir textar sem ég hef valið til rannsóknar. Þrír eru úr smiðju SP en sá fjórði frá Frans páfa sem virðist hafa tekið forystuna í hnattrænu samtali fyrir hönd kristinna manna við hlið SP um málefni fátækra og vistkerfis- og þróunarvanda á síðustu árum.³ Stefnuskjöl SP og umburðarbréf frá Rómarpáfa eru ólík um margt. Annars vegar er texti sem til verður sem afurð opinna lýðræðislegra vinnubragða á vettvangi þjóða og hins vegar texti sem settur er fram í nafni eins manns sem nýtur þeirrar aðstoðar sem hann sjálfur kys. Það sem réttlætir þó þennan samanburð og gerir hann mikilvægan er það að í báðum tilvikum er um boðandi hnattræn stefnuskjöl að ræða þar sem hliðstæð málefni eru rædd og allir heimsbúar ávarpaðir svo að eftir er tekið og til verður samtal á heimsvísu. Lífvænleg kristin siðfræði þarf að kunna jöfn skil á veraldlegri sem trúarlegri orðræðu.

Ég vel að túlka rannsóknartextana fjóra með hliðsjón af framlagi samtíma heimspeki- og guðfræðiumræðu. Túlkun mín er gagnrýnin, uppbyggileg og boðandi í senn (e. critical, constructive and normative) og miðar að því að bera saman og greina þróun í heimsmynd, mannskilningi og fátæktafhugtaki í textunum sem spanna rúmlega fjörutíu ár.

Í bókinni *Ten Theories of Human Nature* halda höfundarnir Leslie Stevenson og David L. Haberman því fram að allar kenningar og kenningakerfi um mann og heim sem ætlað sé að hafa hagnýt áhrif hljóti að fela í sér a.m.k. fjóra þætti:

3 Textarnir sem um ræðir og síðar verða kynntir til sögunnar eru þessir: (1) Skýrsla Stokkhólmsráðstefnunnar 1972: „Declaration of the United Nations Conference on the Human Environment“; (2) skýrsla Brundtlandnefndar SP frá 1987: „Our Common Future“; (3) „17 sjálfbær þróunarmarkmið“; (4) umburðarbréf Frans páfa: „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis On Care For Our Common Home (2015).“

1. Útlínur að heimsmynd.
2. Útlínur að mannskilningi.
3. Greiningu á vanda okkar.
4. Tillögur að úrbótum.⁴

Textarnir sem hér eru til rannsóknar og greiningar verða ekki flokkaðir sem kenningasmíð af neinu tagi, heldur eru þeir boðandi og ljóst að þeir eiga sér undirliggjandi hugmyndafræði um leið og þeim er ætlað að hafa raunveruleg áhrif á fólk og málefni og fá það til að breyta hegðun sinni. Ég tel greiningu Stevensons og Habermans gagnlega og mun styðjast við ofangreind atriði í rannsókn minni á textunum sem fyrir liggja. Hún gagnast vel við að greina þær útlínur að heimsmynd annars vegar og mannskilningi hins vegar sem þar eru og jafnframt horfa til tveggja síðari liðanna, af því að þegar verið er að ræða um fátækt er einmitt leitast við að greina eðli vandans (3) og skima eftir úrbótum (4). Þannig hyggst ég, með tilstyrk Stevensons og Habermans, spyrja að útlínum heimsmyndar, mannskilnings og fátæktarhugtaks í þessum alþjóðlegu textum og leggja síðan fram eigin tillögu að lífvænlegri heimsmynd, mannskilningi og fátæktarhugtaki í fjölmenningsarsamfélagi samtímans, svo sem að framan greinir.⁵

Enn aðra skilgreiningu sem lögð er fram í bók Stevensons og Habermans vel ég að styðjast við. Höfundarnir álíta allar fullyrðingar sem lagðar séu fram í ræðu og riti ýmist mega teljast vera:

1. gildisdómar (e. value judgments);
2. rökhæfingar (e. analytic statements);
3. raunhæfingar (e. empirical statements);

4 Stevenson og Haberman, *Ten Theories of Human Nature*, 9.

5 Sbr. undirtitil ritgerðarinnar.

4. frumspekilegar fullyrðingar (e. metaphysical statements).⁶

Gildisdómar eru þær fullyrðingar sem byggjast á því sem menn telja að ætti að vera fremur en að lýsa því sem við blasir. Rökhæfingar eru þær tegundir fullyrðinga sem ekki þarf að deila um af því að þær eru einungis skilgreiningaratriði og segja sig því í raun sjálfar líkt og þegar rætt er um manninn sem dýrategund eða vísað til reiðhjóla með hugtakinu farartæki. Raunhæfingar eru þær sem má rökstyðja með reynslurökum. Sé framborin fullyrðing hvorki gildisdómur né skilgreining, og verði hún hvorki sönnuð né afsönnuð með reynslurökum, er um fjórðu tegundina, frumspekilegar fullyrðingar, að ræða.

Í þessu sambandi vil ég taka fram að þegar hugtakið lífvænlegt (e. viable) er notað í býr að baki sú boðandi afstaða, eða gildisdómur, að allar raunhæfar hugmyndir um mann og heim verði að hafa tengslaeðli veruleikans að frumforsendu. Að lokinni greiningarvinnu minni mun ég leggja fram boðandi tillögur sem byggjast á lífmiðlægni.

1.3 Staða þekkingar

Undir þessum lið vil ég fyrst gera nokkra grein fyrir sögu og þróun fátæktarhugtaksins hér á landi frá sagnfræðilegu og félagsfræðilegu sjónarmiði með hliðsjón af vestrænum heimildum. Þá hyggst ég gera grein fyrir helstu kennileitum í kristinni umhverfisguðfræði og siðfræði umliðinna áratuga. Auk vestrænna heimilda koma suður-amerískar heimildir þar við sögu.

1.3.1 Saga fátæktar

Í samfélögum fyrri alda og allt fram að iðnvæðingu Vesturlanda var fátækt almennt talin eðlileg. Almennigur var fátækur og fátt við því að segja á

6 Stevenson og Haberman, *Ten Theories of Human Nature*, 15–21.

meðan fólk var bjargálma. Þannig bjó þorri fólks við fátækt sem ekki fól í sér neina siðferðilega sérstöðu.⁷ Hins vegar hefur sú regla að líkindum lengi gilt í sögu mannkyns að enginn væri bjargarlaus í venjulegu árferði nema hann eða hún lenti utan við ættbálkinn. Sú hefð að nærsamfélagið, ættin eða hreppurinn, bæri ábyrgð á fólki í neyð er ævaforð.⁸ Íslenskar heimildir sýna að svo hefur verið frá upphafi hér á landi en grundvöll fátæktaframsæslunnar má rekja til tíundarlaga Gissurar biskups Ísleifssonar frá 1096 Þessi lög eru jafnframt elsta heimild um hreppa á Íslandi. Skattheimta var í formi tíundargreiðslna sem var eignaskattur og rann fjórðungur þess fjár til fátækra. Í Kristnirétti Árna biskups Þorlákssonar (1275) og í Jónsbók (1280) voru flest ákvæði tíundarlaga Gissurar tekin upp en ýmsu aukið við. Af þeim textum má ráða að eitt meginverkefni hreppsins hafi verið fátæktaframsæsla sem laut einkum að tvennu: Viðbrögð gagnvart þeim sem ekki gátu framfleytt sér og ráðstafanir í því skyni að forða fleirum frá bjargarleysi.⁹

Í löndum Evrópu þar sem fátæktahjálp komst á með kristnum sið var hún um aldir skipulögð út frá sóknum.¹⁰ Hér á landi var hún hins vegar frá upphafi á vegum hins veraldlega valds og skipulögð á hreppsvísu. Bendir það til þess að bæði eigi hrepparnir og fátæktahjálpin eldri sögu í landinu en kristnin.¹¹

7 Katz, *The Undeserving Poor*, 12–14. Leiða má að því líkur að stærsta breytingin í orðræðu SP frá 1972 til 2015 sé fólgin í því að áhyggjur manna af umhverfis- og þróunarmálum hafa hlotið nýja dýpt með því að vistkerfisvandi og skortur á þróun er nú órofatengdur fátækt í allri orðræðu og fátækt er álitin vera siðferðisvandi ekki síður en skortur á skipulagi og þróun.

8 Morris og Williamson, *Poverty and Public Policy*, 6–12.

9 Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Ómagar og utangarðsfólk*, 14.

10 Morris og Williamson, *Poverty and Public Policy*, 4.

11 Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Ómagar og utangarðsfólk*, 14.

Hér á landi sem og í sögu vestrænnar menningar virðist fátækt hafa verið eðlilegur þáttur í kjörum almennings en bjargarleysi aftur þótt tilefni til viðbragða af hálfu nærsamfélagsins. Þó er ljóst af héraendum heimildum að framfærsluskylða hreppsins tók ekki við fyrr en framfærsluskyldu ættarinnar þraut. Samkvæmt Jónsbók bar hjónum að framfleyta hvort öðru, þau skyldu sjá fyrir foreldrum sínum og börnum, systkinum og nákomnum ættingjum. Mun skilgreiningin á framfærsluskylldunni ekki hafa verið þrengd fyrr en með fátæktaarreglugerð árið 1834 og almennt virðist „framfærslubálkur“ Jónsbókar hafa haldist lítt breyttur fram á 19. öld.¹²

En sökum þess að ábyrgðin á bjargarleysinu var bundin áttögum manna skapaði hvers kyns flækingur á fólki vanda sem ekki var gott að bregðast við. Þegar það gerðist á 15. öld að fátækur almenningur í Evrópu varð landfræðilega hreyfanlegur í fyrsta sinn í sögunni skapaðist nýr vandi. Þessar breytingar áttu rætur í ýmsum þáttum eins og þeim að lénsveldið var að hníga, markaðsbúskapur að verða til með þörf fyrir hreyfanlegt vinnuafli, auk þess sem plágur höfðu herjað og valdið mannfelli í ýmsum byggðum. Áður hafði hinn kaþólski söfnuður borið ábyrgð á sínu fólki en við þessar aðstæður streymdi líkamlega hraust en fátækt fólk um héruð og andúðin á hinum fullhrausta fátæka manni vaknaði.¹³

Hér á landi virðist flakk á fólki raunar hafa tíðkast um aldir, því að í „framfærslubálki“ Jónsbókar (1280) er förumennska löghelguð. Með svenfdum Píningsdómi árið 1490 var hins vegar lagt bann við förumennsku í landinu og fleiri lagasmíðar og konungsbréf sýna að reynt hefur verið að stemma stigu við flækingi. Þó reyndist erfitt að koma böndum á flakk sem sést á því m.a. að samkvæmt manntalinu 1703 eru flakkarar í landinu

12 Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Ómagar og utangarðsfólk*, 15–16.

13 Morris and Williamson, *Poverty and Public Policy*, 6–12.

394 eða um 0,8% landsmanna. Og enn átti förumennska eftir að aukast í kjölfar Skaftárelda.¹⁴

Með iðnbyltingunni hófst nýr tími í þessum efnum þegar til varð „fátækur verkalýður“ ótengdur sínum upprunahreppi. Við þær aðstæður varð til nýtt afl í baráttunni við bjargarleysið sem ekki var bundið hreppnum eða ættinni, heldur samstöðu stétta; verkalýðshreyfingin¹⁵ sem bar fram hið þekktu ákall „öreigar allra landa sameinist!“

Almennt er litið svo á að félagslegar tryggingar nútímans sem snerta líf fólks meira og minna frá vöggu til grafar eigi upphaf sitt í þýskri löggjöf sem kennd er við járnkanslarann Bismarck frá níunda áratug 19. aldar. Þau lög fjölluðu um slysa-, sjúkra-, elli- og örorkutryggingar og byggðust almennt á skylduaðild launamanna og atvinnurekenda undir forsjá ríkisins og höfðu víðtæk pólitísk áhrif í nágrennalöndum Evrópu, suður í Ástralíu og á Nýja-Sjálandi og einnig vestanhafs.¹⁶ Í upphafi 20. aldar tóku Bretar vissa forystu í þróun almannatrygginga í nútímanum sem þó mótaðist ekki fyllilega fyrr en eftir seinna stríð með stefnumótun sem kennd er við William Beveridge. Þótt áherslur þýsku hefðarinnar og þeirrar bresku séu sumpart ólíkar má segja að þjóðfélagsleg markmið almannatrygginga séu jafnan þau að gera öllum þegnum kleift að forðast fátækt og lifa við mannlega reisn.¹⁷

Með hnattvæðingu hagkerfisins á 20. öld hefur sú breyting orðið á afstöðunni til fátæktar að litið er á heilu kynþættina sem fátæka. Jafnvel heilu landsvæðin og heimshlutarnir eru álitnir fátækir, sbr. notkun hugtakanna „þriðji heimur“ og „þróunarlönd“.¹⁸ Um þessar mundir er fleira

14 Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Ómagar og utangarðsfólk*, 16–17.

15 Sjá: Sills, *International Encyclopedia of the Social Sciences*, 398–401.

16 Stefán Ólafsson, *Íslenska leiðin*, 27–36.

17 Stefán Ólafsson, *Íslenska leiðin*, 37–46.

18 Sills, *International Encyclopedia of the Social Sciences*, 398–401.

fólk á hrakhólum í veröldinni en nokkru sinni. Flóttamannastofnun SP (UNHCR) fullyrðir í ársskýrslu sinni frá 2018 að nú hafi fjöldi flóttamanna í fyrsta sinn í sögunni náð 20 milljónum.¹⁹

1.3.1.1 HYSKNI EÐA RANGLÆTI?

Hér er þó augljóslega ekki öll sagan sögð, því að það viðhorf að fátækt skapi siðferðilega sérstöðu en verði ekki einfaldlega útskýrð sem náttúruleg nauðsyn, hefur birst á ýmsan hátt. Hugmyndin um fátækt sem hyskni af einhverju tagi er t.d. gömul í menningunni og togast gjarnan á við hugmyndina um fátækt sem félagslegt ranglæti eða jafnvel óheppni sem beri að viðurkenna.

Breski hagfræðingurinn Thomas Malthus (1766–1834) er áhrifaríkur fulltrúi þess viðhorfs að fátækt sé á ábyrgð hinna fátæku. Hann leit svo á að versnandi lífsskilyrði almennings á Englandi á hans tíð ættu rætur í því að fólksfjölgun væri eðli sínu samkvæmt hraðari en vöxtur fæðuframboðs gæti mögulega orðið. Því yrði fólk að sýna ábyrgð í barneignum. Taldi hann ábyrgðarleysi lægri stétta í þessum efnum augljóst vandamál þar eð fólk æli af sér mun fleiri börn en það væri fært um að framfleyta.²⁰

Við upphaf 20. aldar kom breski félagsfræðingurinn Benjamin Seebohm Rowntree (1871–1954) fram með klínískar rannsóknir sem m.a. fólust í heimsókn inn á hvert verkamannaheimili í York. Taldi hann sig geta sýnt fram á, þvert á ríkjandi viðhorf, að fátækt þeirra sem vitjað var stafaði umfram allt af lágum launum en ekki ábyrgðarleysi.²¹

Malthus og Rowntree eru sammála um það að fátækt skapi siðferðilega sérstöðu. Sá fyrri telur hana einkum felast í hyskni hinna fátæku en sá síðari lítur á hana sem félagslegt ranglæti.

19 [SP] „Ársskýrsla Flóttamannastofnunar SP 2018“, 10.

20 Sjá: „Thomas Malthus (1766–1834).“

21 Rowntree, *Poverty: A study of town life*, 295–305.

Bandaríski heimspekingurinn Iris Marion Young (1949–2006) heldur því fram að um miðja síðustu öld hafi almennt samkomulag ríkt á Vesturlöndum um að samfélagið bæri sameiginlega ábyrgð á eldra fólki, heilsugæslu og börnum, ásamt því að halda almenningi frá fátækt. Kerfin hafi verið ólík milli landa en öll verið grundvölluð á því viðhorfi að fólk í nútímasamfélagi sé innbyrðis háð og að hin flóknu félagslegu og hagrænu ferli sem allir séu þátttakendur í hafi gjarnan ófyrirséð áhrif á líf fólks. Í ljósi þessa innbyrðis hæðis skuldi fólk hvert öðru vissa gagnkvæma umhyggju.²²

Þá fullyrðir hún að hugmyndin um fátækt sem hyskni hafi endurnýjast með tilkomu nýfrjálshyggjunnar á níunda áratug síðustu aldar. Hún bendir á að sjálft ábyrgðarhugtakið hafi þrengst í vestrænni menningu undir lok síðustu aldar og varði nú einkum persónur en síður samfélagið sem heild. Síðustu áratugi höfum við, að hennar mati, orðið vitni að uppgangi einstaklingshyggjulegra viðhorfa til félagslegar tengsla sem veiki og jafnvel eyðileggi hugmyndina um samábyrgð í samfélaginu.²³ Það að vera ábyrgur er þá það sama og að þurfa ekki aðstoð. Hin nýja ábyrgðareining frjálshyggjulegrar hugsunar er einstaklingurinn og sú ábyrgð getur færst yfir á kjarnafjölskylduna en ekki lengra. Young heldur því fram að með þessu viðhorfi losi fólk sig undan því að bera ábyrgð á öðru fólki með því einfaldlega að ætla því að vera sjálfu sér nógt. Young bendir á hvernig orðræðan um hina persónulegu ábyrgð létti ábyrgðinni af samfélaginu og eigi því vinsældum að fagna. Hæf og ábyrg manneskja reiðir sig þá ekki á annað fólk. Ef út af bregður er það talið merki um ábyrgðarleysi, en það að vera ábyrgur krefst einskis annars en þess að reiða sig ekki á samfélagið.²⁴

22 Young, *Responsibility for Justice*, 9.

23 Young, *Responsibility for Justice*, 9.

24 Young, *Responsibility for Justice*, 10–11 og 23.

Young telur þetta viðhorf nýfrjálshyggjunnar hvetja til einangrandi viðhorfs til einstaklinga. Þess í stað vill hún þróa ábyrgðarhugtak sem ekki geri ráð fyrir skömm, mistökum eða sakarábyrgð sem meginaðferð við það að halda fólki ábyrgu. Gegn líkaninu um sakarábyrgð (e. liability model) menningarinnar, sem hún nefnir svo, stillir hún upp sínu eigin *félagstengslalíkani* (e. social connection model) sem snýst um það að koma auga á þau félagslegu og kerfislegu ferli sem móti kjör fólks.²⁵

1.3.2 Nýleg þróun fátæktarhugtaksins

Síðustu áratugi hefur í vaxandi mæli verið leitast við að skilja eðli fátæktar og finna lausnir á þeim vanda sem fátækt er, jafnt á hinu fræðilega og hinu pólitíska sviði. Rætt hefur verið um efnislegar frumþarfir og *fátækt sem efnislegan skort* í því samhengi, en einnig um afstæða fátækt sem felist í *skorti* (e. deprivation) tengdum fleiru en efnislegum þáttum. Sú afstaða hefur orðið áberandi innan félagsfræðinnar að líta á einstaklinginn í sínu fjölbætta og gagnvirka samhengi og skilgreina fátækt út frá fleiri þáttum en efnislegum úrræðum.²⁶

Í samræmi við þetta hafa fræðimenn horft til mælinga þar sem notast er við breytur sem varða skort sem er ekki fjárhagslegs eðlis (e. non-monetary indicators of deprivation).²⁷ Allt frá árinu 1990 hafa, að frumkvæði hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) annars vegar og Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNDP) hins vegar, verið gerðar rækilegar mælingar með skipulögðum hætti í mörgum löndum á slíkum breytum. Hafa þessar rannsóknir þróast í tímans rás og haldgóð þekking myndast á lífskjörum þjóða og hópa.²⁸ Í ljósi þess hve margvíður veruleiki fátæktarinnar reynist

25 Young, *Responsibility for Justice*, 40, 70–71, 96.

26 Nolan og Whelan, *Poverty and Deprivation in Europe*, 11–12.

27 Nolan og Whelan, *Poverty and Deprivation in Europe*, 14.

28 „Félagsvísar: Skortur á efnislegum gæðum 2014“, 12.

hefur hugtakið *félagsleg útilokun* (e. social exclusion) einnig náð fótfestu í fræðilegri og pólitískri orðræðu um fátækt. Er þá horft til mannlegs veruleika og reynt að meta hvernig skortur í margvíslegum myndum horfi við lifandi fólki í raun og hagtölur hafðar til hliðsjónar fremur en í forgrunni.²⁹

Að öllu samanlögðu má segja að áherslubreytingin sem orðið hafi í fræðilegu og pólitísku samhengi, frá því að tala um efnislega fátækt og skort í tengslum við lífskjaravanda yfir í að ræða um félagslega útilokun, feli í sér að litið er til margþætts óhagræðis fólks og skort í margvíslegu tilliti, svo sem á sviði heilsu, menntunar og margra fleiri þátta, frekar en að horfa eingöngu þröngt á tekjur og neyslu eða skort á hvoru tveggja. Þannig felur fræðileg skilgreining á fátækt sem félagslegri útilokun í sér útvíkkun á fyrri skilgreiningum. Mikilvægt er að sjá að í pólitískri orðræðu birtist hugtakið félagsleg útilokun þó gjarnan sem annað orð yfir hina efnahagslegu sýn á fátækt, en hér er haldið í hina fræðilegu merkingu þess.³⁰ Fátækt er þá allt í senn efnisleg fátækt, fátækt í samanburði við aðra og fátækt sem félagsleg útilokun. Fremur en að horfa á aðstæður fátækra sem kyrrstöðumynd í einum tímapunkti er tekið til við að rannsaka og greina aðstæður í ljósi samverkandi þátta og skýra ferli og félagsleg kerfi þannig að þekkingin dýpkar með hliðsjón af *tengslum* og *tíma*. Þá ná gögnin sem rannsökuð eru ekki eingöngu yfir perónu- og heimilishagi heldur einnig yfir *umhverfið* sem fólk lifir í þannig að myndin af raunstöðu fólks verður víðfeðmari en ella.³¹ Samanlagt má orða það svo að hugtakið fátækt sem félagsleg útilokun fjalli um fjölþætta hagsmuni fólks sem skoðaðir séu með hliðsjón af (1) tengslum í (2) tíma og (3) rúmi.

Í þessu samhengi birtist einmitt sá þáttur í þróun fátæktarhugtaksins sem að framan var nefndur; *hugmyndin um að fátækt skapi síðferðilega*

29 Nolan og Whelan, *Poverty and Deprivation in Europe*, 17.

30 Hills, Grand og Piachaud, *Understanding Social Exclusion*, 2.

31 Hills, Grand og Piachaud, *Understanding Social Exclusion*, 5–6.

sérstöðu. Hugtökin *vistkerfi* og *fátækt* eru þá ekki lengur einvörðungu efnisleg, hagræn og félagsleg hugtök, heldur birtist líka siðferðilegt sjónarhorn í samtalinu þar sem opnað er á hugmyndir manna um hið góða líf. Í þessari orðræðu hefur enska hugtakið *inclusion* gegnt veigamiklu hlutverki og verið þýtt með íslenska orðinu *inngilding*. Segja má að inngilding sé siðferðilegt hugtak vegna þess að það lýtur að réttlæti; kröfunni um að öll tilheyri og engin séu skilin eftir. Hugmyndin um hátækt sem hyskni eða ábyrgðarleysi hinna hátæku er þá ekki lengur gjaldgeng, heldur er litið á hátækt sem siðferðisvanda sem setji þolendur í ranglátar aðstæður og grafi undan réttlæti samfélagsins í heild. Slíkt ástand skapast ekki endilega vegna opins yfirgangs einstaklinga eða stofnana, heldur getur það komið sem afleiðing af samstarfi margra einstaklinga og stofnana sem leita hvert sinna markmiða og hagsmuna að mestu innan marka viðurkenndra reglna og viðmiða. Er þá gjarnan rætt um *kerfislægt ranglæti* þegar félagsleg ferli setja stóra hópa fólks í kerfislæga hættu á því að verða fyrir yfirgangi og skorta bjargráð til þess að þróa og nýta getu sína, en á sama tíma færa þessi félagslegu ferli öðru fólki aðstöðu til yfirgangs eða ljá því umfangsmikil tækifæri til þess að þróa og nýta þá möguleika sem því standa opnir. Fátækt sem kerfislægt ranglæti er þannig dæmi um siðferðisleg rangindi sem þó eru ólík röngum gjörðum einstaklings eða þvingandi stjórnarháttum.³² Í viðleitni til að ná utan um hátækt sem siðferðisvanda er gjarnan lögð áhersla á að takmarka ekki orðræðuna við viðskipti, skiptingu deilanlegra gæða, regluverk og aðra almenna þætti, heldur er jafnframt horft á menningarleg sérkenni fólks, félagslega stöðu þess, langanir og vilja. Í stað þess að horfa fyrst og fremst á hagsmunum

32 Young, *Responsibility for Justice*, 52.

ólíkra hópa er réttlætishugtakið sett í forgrunn, rætt um tilgang lífsins og þess krafist að fólk fái tækifæri til að ljá tilveru sinni merkingu.³³

Síðasti þátturinn sem hér verður nefndur og varðar skilning á fátækt lýtur að *tengslaeðli mannsins*. Líkt og hinir fyrri á hann rætur í nýlegri orðræðu heimspeki, félagsfræði, guðfræði o.fl. sviða þar sem greina má hreyfingu burt frá einstaklingsmiðuðu sjónarhorni og mannmíðlægri heimsmynd, sem lengi hafa verið ríkjandi í vestrænni nútímameningu. Í stað þess að sjá einstaklinginn einan og stakan³⁴ eru mannleg tengsl og þróun álitin míðlæg í leit manna að farsæld. Og þar sem hnattvæðingin eykur á vitund almennings um deild gæði hefur áherslan líka flust yfir á tengsl fólks við umhverfið og vitneskjuna um gagnvirkt samspil manns og vistkerfis.³⁵ Í ljósi skilnings á að veruleikinn er samsettur úr mörgum opnum kerfum í gagnvirkum tengslum³⁶ vex áherslan á *gagnkvæmt hæði* (e. interdependence) og *berskjöldun* (e. vulnerability) mannsins í heiminum um leið og þörf manna fyrir *atbeina* (e. agency) er viðurkennd³⁷ ásamt því sem nefna mætti *vistkerfislæsi* (e. ecological literacy).³⁸ Á sama tíma og rætt er um *sjálfbærni* (e. sustainability) og hæfni einstaklinga og samfélaga til að *sýna seighu* og jafna sig eftir áföll (e. resilience) er knúid á um nýja alþjóðlega samvinnu og samstöðuanda sem ná skuli til allra sviða samfélagsins.³⁹ Þannig má segja að á síðustu áratugum hafi orðið til ný vitund

33 Hollenbach, *The Common Good & Christian Ethics*, 7–10. Einnig: Young, *Justice and the Politics of Difference*, 88–89.

34 Benhabib, *Situating the Self*, 152–158.

35 Hollenbach, *The Common Good & Christian Ethics*, 51, 174–181.

36 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis On Care For Our Common Home (2015),“ 79. kafli.

37 Benhabib, *Dignity in Adversity*, 68; Sen, *Development as Freedom*, 287–288.

38 McFague, *A New Climate for Theology*, 43–59.

39 [SP] „One Year On.“

um tengslaeðli veruleikans sem kenna má við eftirnútíma þar sem lögð er áhersla á manninn sem þátttakanda í vistkerfi.

Í kristinni siðfræði birtist þessi áhersla m.a. þannig að horfið er frá hugmyndinni um Guð sem hinn fjarlæga alvald en tekið er að líta á vistkerfið sem líkama Guðs⁴⁰ og maðurinn sem einstaklingur, samfélag og tegund er álitinn þátttakandi í formum og ferlum lífs á jörð þar sem allt er tengt og hvað öðru háð.⁴¹

Þannig varðar hugmyndin um tengslaeðli mannsins það að í stað þess að líta á manninn sem miðju veruleikans er áherslan ekki lengur einhliða á fólk og farsæld þess eða fátækt, heldur farsæld og fátækt vistkerfisins í heild.⁴² Fátækt, ójöfnuður og annað ranglæti er ávarpað í sömu andrá og loftslags- og vistkerfisvandinn í orðræðu Sameinuðu þjóðanna (SÞ) og Frans páfi ræðir um jörðina sem okkar fátæku systur og nágretta um leið og hann skorar á „allt fólk“ að taka höndum saman í *vistfræðilegum sinnaskiptum* (e. ecological conversion).⁴³

Hér að framan hef ég borið fram sex þekktar skilgreiningar á fátækt. Sú fyrsta hefur þá sérstöðu að fátæktarvandinn er einskorðaður við hin fátæku. Hinar fimm setja fátækt í víðara samhengi og eru settar fram með það í huga að hver skilgreining feli í sér þá sem á undan kemur og víkkar hana með enn nýju sjónarmiði:

1. Fátækt sem hyskni.
2. Fátækt sem efnislegur skortur.
3. Fátækt sem skortur í samanburði við aðra.

40 McFague, *A New Climate for Theology*, 72.

41 Gustafson, *Ethics From a Theocentric Perspective*, 145.

42 McFague, *A New Climate for Theology*, 43–56; McFague, *The Body of God*, 1–26.

43 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis On Care For Our Common Home (2015)“, kafli 3.5, 14 og 216.

4. Fátækt sem félagsleg útilokun.
5. Fátækt sem siðferðisvandi.
6. Fátækt sem vistkerfisvandi.

Hér eru í raun þrenns konar fátæktarhugtök á ferð í sex liðum. Skilgreining 1 setur ábyrgðina á fátæktinni á einstaklinginn og lítur á fátæktarvandann sem einstaklingsbundinn löst eða sköm. Skilgreiningar 2 og 3 líta fátæktarvandann sem skort en án siðferðilegs inntaks, þ.e. þessar skilgreiningar gera ekki endilega ráð fyrir að fátækt sé siðferðisvandi eða pólitískur vandi og kalla engan til ábyrgðar. Skilgreiningar 4, 5 og 6 líta á fátækt sem siðferðilegan (eins og 1) eða pólitískan vanda þar sem ábyrgðin er félagsleg en ekki einstaklingsbundin.

1.3.3 *Kristin umhverfisguðfræði og siðfræði*

Áður en lengra er haldið er rétt að greina nokkrar helstu útlínur í kristinni umhverfisguðfræði. Fyrstan skal nefna þýska trúfræðinginn Jürgen Moltmann (f. 1923) sem allt frá árinu 1960 hefur borið fram það sem hann nefnir *guðfræði vonarinnar* og tengt hana ólíkum viðfangsefnum allt fram á þennan dag. Árið 1993 sendi hann frá sér bókina *God in Creation*⁴⁴ þar sem hann hafnar tvíhyggjulegri hugsun og horfir á sköpunarverkið sem viðfang guðlegrar ástar. Nýlega kom bók frá honum sem ber heitið *Ethics of Hope*. Þar fjallar hann um vistkerfisvandann eins og hann nú blasir við og tekur sér m.a. stöðu við hlið guðfræðingsins Dietrichs Bonhoeffer og kveður hann hafa haft þá sérstöðu í hópi þýskra nútímaguðfræðinga (ásamt guðfræðingnum Christoph Blumhardt) að lýsa jörðinni sem viðfangi guðfræðilegrar hugsunar. Telur hann Bonhoeffer hafa haldið á lofti raunveru hins líkamlega og krafist trúnaðar við jörðina innan mótmælendaguðfræðinnar sem almennt hafi fremur einkennst af hughyggju (e. idealism)

44 Moltmann, *God in Creation*.

og einstaklingshyggju.⁴⁵ Framlag Moltmanns til umhverfisguðfræði er mikilvægt í ljósi áhrifasögu hans að öðru leyti⁴⁶ og það sama má segja um samlanda hans, Dietrich Bonhoeffer (1906–1945), sem er þó ekki álitinn vistguðfræðingur. Framlag hans til umhverfissiðfræði er þó ótvírætt en í höfuðriti sínu, *Ethics*,⁴⁷ leggur hann áherslu á það að hinar góðu fréttir kristinnar trúar séu þær að Guð hafi sameinast öllu sem lifir í Jesú Kristi og þar með hljóti allur efnisheimurinn að vera viðfang Guðs ástar. Bonhoeffer hafnar m.ö.o. tvískiptingu veruleikans í andlegt og efnislegt, ríki Guðs og ríki veraldar, og krefst þess að kristin trúarhugsun láti sig óhikað varða hinn jarðneska veruleika.

Þá hefur guðfræðingurinn James M. Gustafson (f. 1925) lagt mikilvæg lóð á vogarskál kristinnar umhverfissiðfræði með áherslu sinni á guðmiðlægni sem hann teflir fram gegn mannmiðlægni hugsun nútímans, sem hafi horft þröngt á hagsmuni mannsins í heiminum.⁴⁸ Í guðmiðlægni siðfræði Gustafsons er skýr áhersla á velferð alls sköpunarverksins og maðurinn skilgreindur sem þátttakandi í því en ekki kóróna þess.⁴⁹

45 Moltmann, *Ethics of Hope*, 118–119.

46 Áhugavert er að vita að Moltmann var jafnframt leiðbeinandi guðfræðilega siðfræðingsins Miroslav Volfs sem ég styðst töluvert við í greiningu minni.

47 Bonhoeffer, *Ethics*.

48 Gustafson, *Ethics from a Theocentric Perspective*.

49 Boer, *Theological Ethics After Gustafson*, 286–287. Vert er að árétta að þegar hér er rætt um nútíma eða nútímahugsun, móðerníska hugsun eða móðernískt samfélag er það í almennu samhengi við þá breytingu sem varð þegar miðaldir liðu undir lok og við tók menningarástand byggt á bjartsýnum hugmyndum upplýsingarinnar um manninn sem miðju veruleikans. Iðnvæðingin og hnattvæðing okkar tíma eru hluti þess sem vísað er til með þessu orðalagi. Þegar notað er hugtakið eftirnútími eða eftirnútímaleg hugsun er átt við menningarástand eða framsetningu þar sem tekið er að efast um gagn og gildi mannhverfrar hugsunar.

Í marsmánuði 1967 urðu vatnaskil í kristinni umhverfisguðfræði þegar ritið *Science* birti grein þar sem miðaldasagnfræðingurinn Lynn White Jr. (1907–1987) lýsti því álitu sínu að yfirráðahyggja gagnvart náttúrunni sé innbyggð í gyðing-kristna trúarhefð. Vísaði hann þar einkum til fyrri sköpunarsögunnar í Fyrstu Mósebók þar sem Guð ávarpar Adam og Evu með þeim orðum að þau skuli drottna yfir öllu sem lifir og gera það undirgefið sér.⁵⁰ Skrif Whites vöktu mikla athygli og ásökun hans í garð gyðing-kristinnar trúarhefðar þess efnis að hún sé mannmiðlæg og stilli manni og náttúru upp sem andstæðum vakti almenning og fræðimenn til umhugsunar.

Í kjölfarið urðu femínískir guðfræðingar fyrstir til viðbragða og fór þar fremst guðfræðingurinn Rosemary Radford Ruether með bók sinni *New Woman, New Earth*, sem út kom árið 1975.⁵¹ Greining Ruether á sameiginlegum örlogum kvenlíkamans og náttúrunnar í vestrænni menningu, sem m.a. birtist í almennri málnotkun sem réttlætir karllæg yfirráð yfir konum og náttúru, hefur haft áhrif langt út fyrir raðir femínískra fræðimanna.

Í skrifum femíníska vistguðfræðingsins Sallie McFague (1933–2020), sem einnig hefur haft víðtæk áhrif með rannsóknum sínum, má annars vegar sjá áherslu á íveru Guðs í öllu og alls í Guði í anda Bonhoeffers, sem kristallast í áherslu hennar á jörðina sem *líkama Guðs*. Hins vegar birtist þar krafan um að mannmiðlægnin víki úr sessi í kristinni hugsun og að menn skilgreini sjálfa sig sem þátttakendur í vistkerfinu líkt og Gustafson leggur til.⁵²

Þá hefur kaþólski vist-femíníski guðfræðingurinn Elizabeth A. Johnson (f. 1941) markað spor í kristna umhverfisguðfræði allt frá byrjun 10. ára-

50 White, „The Historical Roots of Our Ecologic Crisis“.

51 Ruether, *New Woman, New Earth*.

52 McFague, *The Body of God*; McFague, *A New Climate For Theology*, 72–77.

tugarins er hún í sinni fyrstu bók frá árinu 1990⁵³ ræðir um Jesú Krist sem frelsara allrar náttúrulegrar veraldar. Í grein eftir Johnson, sem Sólveig Anna Bóasdóttir þýddi fyrir skemmstu,⁵⁴ birtist sú sýn að *ránrykja jarðar fari saman við kúgun kvenna og undirokun hinna fátæku innan alheimskerfis feðraveldisins*. Nýverið kom frá henni bókin *Ask the Beasts: Darwin and the God of Love* (2014) þar sem hún tekur undir áherslur Darwins á gagnkvæm tengsl alls sem lifir og tengir það trúnni á elskandi Guð og gjafara lífsins sem sameinaður sé sköpunarverkinu og þjáist með því í þróun aldanna.⁵⁵

Annar kaþólskur feministi, Ivone Gebara (f. 1944), sem jafnframt er einn fremsti núlifandi fulltrúi Suður-amerískrar frelsunarguðfræði ber einnig fram það sem nefna má útvíkkað skyldleikahugtak. Í nýlegri bók frá árinu 2002 sem ber heitið *Out of the Depths*, horfir hún á veruleika þjáningar og illsku frá sjónarhóli undirokaðra kvenna, ítrekar tengsl alls lífs innan sköpunarverks Guðs og krefst réttlætis fyrir hönd fátækra og jarðarinnar allrar.⁵⁶

Þá skal og nefna guðfræðinginn Leonardo Boff (f. 1938) sem lifir og starfar í Brasilíu, líkt og Gebara, og hefur ekki síður haft mótandi áhrif á frelsunarguðfræðina. Í bók sinni *Cry of the Earth, Cry of the Poor*, sem út kom árið 1997, bendir hann á samhengið milli vistkerfisvanda og fátæktar og heldur því fram að hugarfarið sem arðræni stéttir og noti fólk í þágu fárra ríkra og völdugra ríkja sé sama hugarfarið og eyði jörðina og ræni

53 Johnson, *Consider Jesus: Waves of Renewal in Christology*.

54 Sólveig Anna Bóasdóttir, *Guð og gróðurhúsaáhrif*, 25–49; Sólveig Anna Bóasdóttir, „Losing and Finding Creation in the Christian Tradition“.

55 Johnson, *Ask the Beasts: Darwin and the God of Love*.

56 Gebara, *Out of the Depths: Women's Experiences of Evil and Salvation*, 132–133. Sjá jafnframt: Sólveig Anna Bóasdóttir, „Svo kom illskan ... Femínísk túlkun Ivone Gebara á illskunni“, 50–63.

auðlegð hennar án tillits til afdrifa mannkyns að öðru leyti og ófæddra kynslóða.⁵⁷

Á 10. áratug síðustu aldar varð mikill vöxtur í vistguðfræðilegum rannsóknum, langt út fyrir raðir femínista og frelsunarguðfræðinga. Tveir lútherskir áhrifakarlar í þeim hópi skulu hér nefndir. Árið 1991 gaf bandaríski guðfræðingurinn H. Paul Santmire (f. 1935) út bókina *The Travail of Nature*⁵⁸ þar sem hann rannsakar kristinn trúararf og krefur hann um lífvænlega náttúrusýn og gagnleg hugtök fyrir samfélag nútímans andspænis vistkerfisvandannum. Síðan þá hefur hann sent frá sér allmargar bækur á þessu sviði, síðast kom frá honum rannsókn undir heitinu *Before Nature: A Christian Spirituality*.⁵⁹

Annar áhrifaríkur lútherskur guðfræðingur, Bandaríkjamaðurinn Larry L. Rasmussen (f. 1939), gaf út bókina *Earth Community, Earth Ethics* árið 1997,⁶⁰ en þar eru bornar saman ýmsar upplýsingar og sjónarmið umhverfisvísinda, siðfræði og kristinnar trúar og lagðar fram tillögur um mótun hnattræns sjálfbærs samfélags. Árið 2012 sendi hann frá sér bókina *Earth-Honoring Faith: Religious Ethics in a New Key*,⁶¹ en þar víkkar hann gagnagrunn sinn enn frekar og spyrðir siðfræðilega og vistfræðilega þekkingu saman við þekkingu heimstrúarbragðanna í andófi við firringu og yfirgangi neyslumeningarinnar.

Með þessum dæmum úr heimi kristinnar umhverfissiðfræði má sjá þá heildarmynd að almennt er horfið frá mannmiðlægni og hugmyndinni um fjarlægum Guð í fjarlægum himni, en hinn efnislegi veruleiki skilgreindur

57 Boff, *Cry of the Earth, Cry of the Poor*, xi.

58 Santmire, *The Travail of Nature*.

59 Santmire, *Before Nature*.

60 Rasmussen, *Earth Community, Earth Ethics*.

61 Rasmussen, *Earth-honoring Faith: Religious Ethics in a New Key*.

sem viðfang Guðs ástar og maðurinn álitinn þátttakandi í sköpunarverkinu frekar en eigandi þess eða kóróna.

1.4 Efnistöð

Kafla 2 og 3 gefa fræðilega undirstöðu fyrir rannsóknina. Í þeim fyrri lýsi ég því hvernig og á hvaða forsendum krafan um siðferðilega gott líf á jörðinni var endurnýjuð í vestrænni stjórnspeki undir lok síðustu aldar. Í framhaldi af þeirri umræðu, í kafla 3, geri ég grein fyrir helstu ágöllum nútímahugsunar eins og þeir birtast í gagnrýni valinna heimspekinga og guðfræðinga og lýsi útlínunum annars konar heimsmyndar, mannskilnings og fátæktarhugtaks.⁶² Í kafla 4 veiti ég sögulega innsýn í fjörutíu ára orðræðu SP um vistvá, þróun og fátækt.

Með ofangreint efni í höndum byrja ég að svara fyrri rannsóknarspurningu. Í köflum 5–7 greini ég þróun fátæktarhugtaksins ásamt undirliggjandi heimsmynd og mannskilningi í orðræðu SP á sviði þróunar og sjálfbærni, frá byrjun áttunda áratugar síðustu aldar til dagsins í dag.⁶³ Í kafla 8 greini ég umburðarbréf Frans páfa frá sumrinu 2015 með sama hætti og hef það til samanburðar.

Loks legg ég, í kafla 9, fram drög að siðfræði sem hefur það að markmiði að forða fátækt og huga að almannahag, líkt og síðari rannsóknarspurningin kveður á um.

62 3. kafli.

63 4.–7. kafli.

2. Endurnýjuð krafa um siðferðilega gott líf

Á síðustu áratugum hefur komið fram sterk gagnrýni á nútímahugsun og fullyrt að vestræn menning byggð á frjálslyndum hugmyndum upplýsingarinnar feli í sér alvarlega ágalla sem nú bitni ekki aðeins á getu manna til að eiga siðferðilega gott líf, heldur á vistkerfinu í heild. Í næstu tveimur köflum verður leitast við að lyfta fram mikilvægum þáttum í þessari gagnrýni sem jafnframt nýtist í samanburðarrannsókninni sem hér fer á eftir.

Í þessum kafla verður varpað ljósi á þessa þróun með því að lyfta fram vissum þáttum í samtali þriggja heimspekinga, en þeir eru John Rawls, Amartya Sen og Martha Nussbaum. Samtal þeirra varpar ljósi á hvernig og á hvaða forsendum hugmyndin um almannahag, eða öllu heldur krafan um siðferðilega gott líf öllum til handa, hefur verið sett í forgrunn að nýju í vestrænni stjórnspeki. Í 3. kafla verða fleiri hugsuðir kallaðir að borðinu og niðurstaðan birt í skýringamynd og töflu til glöggvunar.

2.1 Hugmyndir um samfélagssáttmála

Segja má að breski heimspekingurinn Thomas Hobbes (1588–1679) hafi lagt grunninn að sáttmálakenningum um réttlæti með bók sinni *Leviathan* sem kom út árið 1668. Þá hafði upplýsingin haft þau áhrif að tilgátan um guð sem skýringarlíkan fyrir veruleikann var ekki lengur nothæf og

þörfin fyrir nýja heimsmynd var orðin knýjandi.⁶⁴ „Það er enginn *finus ultimus* eða *summum bonum* eins og gömlu heimspekingarnir sögðu í sínum bókum,“⁶⁵ skrifaði Hobbes og lagði fram skýringarmynd sem hann nefndi *hið náttúrulega ástand* (e. state of nature). Hann ímyndaði sér að í upphafi hefði maðurinn verið einn á ferli í náttúrunni eins og hún er, utan við allt sem kalla mætti samfélag eða ríki. Og þá gerist það að hann gengur fram á annan mann og fyrsta hugsun hans er þessi: Hvað þýðir þetta fyrir mig? Mun þessi ókunnugi maður geta skaðað mig? Hobbes gerði ráð fyrir því að hver maður leitaðist við að uppfylla eigin þarfir og svala löngunum sínum og ókunnur aðili væri samkeppnisaðili um takmörkuð gæði og því möguleg ógn við hagsmuni hans.⁶⁶ Og jafnvel þótt maðurinn komist að þeirri niðurstöðu að hann sé sterkari og standi betur að vígi, þá veit hann að þessi framandi manneskja muni þó alltaf geta skaðað hann í svefni. Að minnsta kosti sé ekki óhætt að treysta ókunnugum manni og því best að verða fyrri til árásar. Afleiðingin af þessu er gegndarlaust stríð allra gegn öllum — ástand sem er fullkomlega óbærilegt. Á endanum verður því niðurstaðan sú að maðurinn leitar samninga, hann afsalar sér hluta af eigin frelsi til völdugs yfirvalds sem heldur uppi röð og reglu með því að þvinga fólk til samstarfs. Það borgar sig að semja, að því gefnu að hægt sé að búa til einhverskonar yfirvald sem getur tryggt að samningar haldi. Þess vegna gera mennirnir í skýringarsögu Hobbes samninga sín á milli — samfélagssáttmála um að búa til ríkisvald sem fært er um að stuðla að friði.⁶⁷

64 Benhabib, *Situating the Self*, 154.

65 Hobbes, *Leviathan*, 57.

66 Hobbes, *Leviathan*, 58.

67 Hobbes, *Leviathan*, 57–58.

Samkeppni manna um ríkidæmi, heiður og völd leiðir menn til átaka, óvináttu og stríða. Þrá manna eftir þægindum og nautnum leiðir menn til samninga við keppinauta sína. Þrá manna eftir þekkingu og friðsamlegu ástandi leiða menn til þess að lúta sameiginlegu valdi.⁶⁸

Rétt er að taka fram að Hobbes var ekki að skrifa raunverulega sögu og hann áleit ekki að hið náttúrulega ástand hefði verið sögulegt tímabil í þróun mannsins, heldur var hann að reyna að réttlæta tilveru ríkisvalds með því að lýsa þeim óbærilega glundroða sem hlyti að skapast ef þess nyti ekki við; gegndarlaust stríð allra gegn öllum.⁶⁹ Tilgáta hans var sú að fyrsta stig samfélagsþróunar, þegar náttúrulegt ástand ríkir og menn sjá hag sinn í því að lúta sameiginlegu yfirvaldi, sé sammannlegt og að í raun sé samfélagssáttmálinn til orðinn sem flótti frá fyrirsjáanlegu stríðsástandi.⁷⁰ Í skýringarmynd Hobbes er náttúran og náttúrulegar aðstæður gefin stærð og versti óvinur mannsins er mannskepnan sjálf, sem veldur því að líf hans verði „einmanalegt, fátækt, andstyggilegt, dýrslegt og stutt“ nema hann semji sig í átt að skárri lífi.⁷¹

Samfélagssáttmálakenning Hobbes hefur haft mikil áhrif á vestræna stjórn málaheimspeki og var í raun ráðandi hugmynd innan frjálslyndis- stefnunnar alla 20. öldina. Meðal eldri heimspekinga sem settu fram kenningar innan þessarar hefðar má nefna John Locke, sem skrifaði *Ritgerð um ríkisvald* um 1680, og síðar Immanuel Kant og Rousseau, sem

68 Hobbes, *Leviathan*, 58.

69 Hobbes, *Leviathan*, Xxi.

70 Hobbes, *Leviathan*, Xxxiv.

71 „No arts; no letters; no society; and which is worst of all, continual fear, and danger of violent death: and the life of man, solitary, poor, nasty, brutish and short.“ Hobbes, *Leviathan*, 57.

settu fram áhrifamiklar sáttmálakenningar á 18. öld.⁷² Á 20. öldinni var John Rawls mikilvægasti hugsuður innan þessarar hefðar, en kenning hans um réttlæti sem sanngirni⁷³ var áhrifamesta kenning um pólitískt réttlæti á 20. öld.

Eitt af því sem einkennir samfélagssáttmálakenningar er viðleitni til að gera sér í hugarlund hvernig samfélag manna eigi að vera. Að mati Amartya Sen hefur sú rannsókn fært okkur margt. Telur hann einkum að Kant og Rawls hafi komið fram með verulega lýsandi greiningu á siðferði og stjórnámálum sem þeir felldu inn í lýsingar sínar á hinum réttlátu stofnunum samfélagsins.⁷⁴

Eitt af því sem einkennir sáttmálakenningar um réttlæti, frá Hobbes til Kants og áfram til Rawls, er viðleitni þessara höfunda til að lýsa fullkomnu réttlæti. Öfugt við kenningasmiði sem reyna að lýsa fullkomnu réttlæti leggur Sen til að við reynum að skilja það ranglæti sem þegar er til staðar og finna leiðir til að draga úr því og auka þannig réttlætið. Þessi efnistöð Sens hafa í för með sér að í staðinn fyrir að beina sjónum að stofnanagerð samfélagsins og lögmálum um réttlæti er sjónum beint að raunverulegum aðstæðum fólks og spurt beint um það líf sem það lifir, hvort það hafi ástæðu til að meta það sem gott og hvernig megi bæta það. Í þessu samhengi telur Sen upp ólíka höfunda sem hafi nálgast réttlæti á þessum nótum, svo sem Adam Smith, Jeremy Bentham, Mary Wollstonecraft, Karl Marx, John Stuart Mill o.fl. á 19. öld. Allir þessir hugsuðir áttu það sameiginlegt að hans mati, þrátt fyrir ólík efnistöð að öðru leyti, að taka þátt í samanburði á þjóðfélögum sem þegar voru fyrir hendi eða gætu líklega orðið að veruleika, í stað þess að takmarka greiningu sína við skipulagsmiðaða leit að fullkomlega réttlátu samfélagi. Sen gerir þannig

72 Ólafur Páll Jónsson, *Réttlæti, stofnanir og verðskuldun*, 155.

73 Rawls, *A Theory of Justice*.

74 Sen, *The Idea of Justice*, 6–7.

skýran greinarmun á þessu tvennu; stofnanakenningu um réttlátt þjóðfélag annars vegar, þar sem hann álitur John Rawls standa fremstan, og raunmiðuðum samanburði á samfélögum hins vegar.⁷⁵

2.2 Kenning um réttlæti sem sanngirni

Höfuðverk Johns Rawls, *A Theory of Justice*, kom út árið 1971. Kenningin sem þar er sett fram um *réttlæti sem sanngirni* (e. justice as fairness) þótti strax tíðindum sæta þar eð hann gekk fram innan hefðar frjálslyndis-stefnunnar og samfélagsáttmálahugmyndarinnar með það viðhorf að markmið samfélagsstofnana væri í senn að stuðla að frelsi og jöfnuði, og að pólitískt yfirvald sem hefði slíkt markmið mætti réttlæta sem afurð ímyndaðra samninga skynsamra og sanngjarnra borgara.⁷⁶ Samhliða því setti hann þó réttlætishugtakið á dagskrá í fullri þykkt, ef svo má að orði komast, þar sem hann ræddi ekki einungis um lög og rétt á hinu opinbera sviði, heldur lagði jafnframt áherslu á sanngirni og sátt manna í milli. Þar með var Rawls farinn að ræða um hið góða líf og þær leiðir sem að því kunna að liggja í beinu samhengi við réttlætishugtakið, og opna þá um leið á samtal milli hins einkalega og hins opinbera.

En hvernig líta sanngjarnar stofnanir út? Og hvað eru sanngjarnar leikreglur? Rawls fer gamalkunna leið er hann biður lesandann hliðstæðrar bóonar og Hobbes gerði forðum, að sjá fyrir sér manninn í nokkurskonar frumstöðu. Rawls ímyndar sér þó ekki náttúrulegt ástand í anda Hobbes heldur ímyndaðan fund⁷⁷ sem haldinn er á hlutlausum stað af frjálsum, jöfnum og skynsömum einstaklingum.⁷⁸ Verkefni fundarmanna er að

75 Sen, *The Idea of Justice*, 7–8.

76 Rawls, *A Theory of Justice*, 19 og 142–145.

77 Rawls, *A Theory of Justice*, 120.

78 Rawls, *A Theory of Justice*, 19 og 142–145.

móta samfélagsstofnanir fyrir tilvonandi samfélag. Fundurinn er haldinn undir *fávísisfeldi*, þ.e.a.s. fundarmenn vita ekki hvert hlutskipti þeirra kann að verða í því samfélagi sem njóta á þeirra stofnana sem þeir eru í þann mund að fara að móta.⁷⁹ Eina vitneskjan sem þeir ganga út frá er hið sjálfgefna, að efnisleg gæði eru takmörkuð og að innan samfélagsins takast á ólíkar heimsmyndir og hugmyndir um hið góða; trúarlegar og veraldlegar.⁸⁰

2.3 Getunálganir að réttlæti

Eitt af því sem Amartya Sen gagnrýnir í hugmyndum Rawls er að samfélagssáttmálakenningin gerir ráð fyrir því að samningsaðilar séu allir í sambærilegri stöðu, frjálsir, jafnir og skynsamir borgarar sem koma saman vegna væntinga um gagnkvæman ávinning. En veruleikinn er aldrei þannig. Fólk er ólíkt frá sjónarmiði ýmissa þátta, svo sem öldrunar, fötlunar, heilsu og annars sem einkennir mannlega tilveru. Umhverfisþættir hafa líka áhrif og tengslþættir, svo sem menningarbundið kynja-, stétta- og aldursvirði.⁸¹ Ólíkt fólk mun af ólíkum ástæðum eiga misjafnlega gott með að breyta almennum úrræðum og efnislegum gæðum í raunveruleg lífsgæði.⁸² Sen leggur áherslu á að við séum meðvituð um þau félagskerfislægu atriði sem áhrif hafa á farsæld. Stúlka sem lifir í fjölskyldu þar sem drengir njóta forgangs af menningarástæðum getur t.d. lifað við skort þótt fjölskylduhagir séu með ágætum. Eigi fatlaður einstaklingur að hafa getu til að gera og vera eitthvað sem skiptir hann máli þarf hann önnur og

79 Rawls, *A Theory of Justice*, 19–23.

80 Sjá: „John Rawls (1921–2002).“

81 Sen, *The Idea of Justice*, 254–255.

82 Sen, *The Idea of Justice*, 261.

meiri úrræði en sá sem býr við fulla færni.⁸³ Í því samhengi bendir hann á að hin fötluðu í heiminum eru um 10% jarðarbúa. Það merkir að um 600 milljónir jarðarbúa eru fatlaðar. Um 400 milljónir þeirra búa í þriðja heiminum. Annars vegar á fötluð manneskja erfitt með að afla sér tekna og hins vegar á hún, vegna fötlunar sinnar, erfiðara með að breyta tekjum í raunveruleg lífsgæði.⁸⁴ Sen gagnrýnir Rawls fyrir að í frumstöðunni, þar sem samningsaðilar hittast undir fávísisfeldinum, séu einungis samankomnir einstaklingar sem geta gert ráð fyrir því að njóta gagnkvæms ávinnings af samningnum. Upprunalegi hvatinn að því að semja er, eins og hjá Hobbes, gagnkvæmur ávinningur. Þess vegna eru einstaklingar sem eru t.d. mikið fatlaðir ekki með í þessari upphaflegu stöðu heldur gerir Rawls ráð fyrir því, í kenningu sinni um réttlæti sem sanngirni, að þeirra óhagræði sé tekið inn í myndina eftir á. Þeirra sjónarmið og þarfir hafa þá ekki áhrif á grunnstofnanir samfélagsins, heldur á að taka tillit til þeirra á seinni stigum. Sen vill ekki gera stöðu og hagsmuni jaðarhópa að síðari tíma úrlausnarefni en heldur því fram að eðli og uppspretta getuskorts og ójafnaðar eigi einmitt að vera miðlægt viðfangsefni er miði að því að fjarlægja óréttlæti sem við blasi í mannfélaginu.⁸⁵ Rawls taldi sig raunar hafa svarað þessari gagnrýni Sens með kröfunni um „bakgrunnsréttlæti“ sem tryggja skyldi að dreifingu gæða væri þannig háttáð að allt fólk gæti breytt eignum og margvíslegum frumgæðum í raunveruleg lífsgæði. Þannig varðar réttlætishugtak Rawls, að mati Ólafs Páls, ekki bara formleg réttindi, heldur einnig sanngjarnt gildi réttinda sem í raun er það sem Sen er að krefjast með áherslu sinni á getu mannsins til að gera og vera eitthvað sem skipti hann máli.⁸⁶

83 Sen, *Development as Freedom*, 88–89.

84 Sen, *The Idea of Justice*, 258.

85 Sen, *The Idea of Justice*, 260–262.

86 Ólafur Páll Jónsson, „Skiptaréttlæti“, 227–229. Mikilvægt er að halda því til haga að

Mikilvægt er að taka fram að Sen telur þá aðferð Rawls að tengja gömlu samfélagssáttmálahugmyndina við hugmynd Adams Smiths um hinn hlutlausa áhorfanda í formi fávísisfeldarins bjóða upp á ýmsa góða möguleika. Til dæmis megi í stað fyrirframgefningu hugmynda um rétta samfélagsgerð einmitt bera saman ólík samfélög og taka mið af félagslegum raunveruleika eins og hann sé, frekar en að ganga út frá kröfum stofnana eða reglna um það hvernig samfélag eigi að vera. Þá leyfi hugmyndin um fávísisfeldinn líka vísu ófullgerð í félagslegum ráðstöfunum um leið og veitt sé leiðsögn í mikilvægum viðfangsefnum á sviði félagslegs réttlætis, eins og því að fjarlægja augljóst ranglæti sem fyrst. Loks telur Sen hugmyndina um fávísisfeldinn hjálpa fólki til að taka eftir röddum utan samfélagssáttmálahópsins, annað hvort í því skyni að taka tillit til hagsmuna þeirra eða að koma í veg fyrir menningarlegan heimalningshátt (e. local parochialism).⁸⁷ Allt eru þetta mikilvæg málefni í huga Sen og varða hið góða líf — getuna til að gera og vera — með beinum hætti þar sem í *fyrsta lagi* er leitast við að greina manninn í sínu raunverulega félagslega umhverfi og ganga út frá því eins og það er en ekki eins og einhverjum kynni að detta í hug að vilja hafa það. Í *öðru lagi* er ófullkomleiki og síbreytileiki manlegs samfélags ávarpaður og viðurkenndur. Í *þriðja lagi* er vægi þess áréttað að fólk hafi rödd og að tekið sé tillit til margra ólíkra þarfa.⁸⁸ Höfuðgalli kenningarinnar er þó, að mati Sens, sá að í henni felist skipulagsmiðuð nálgun að hinu fullkomna réttlæti sem horfi

þegar ég ræði um *einfalt skiptaréttlæti* í samanburði við getunálgun, þá á ég við þá einföldu grunnhugmynd frjálslyndisstefnunnar að samfélagssáttmálinn sé unninn af frjálsum, jöfnum og skynsömum einstaklingum sem deili með sér skiptanlegum gæðum.

87 Sen, *The Idea of Justice*, 70.

88 Sen, *The Idea of Justice*, 70.

fram hjá margvíslegu ranglæti sem stafar ekki af því hvernig stofnanir ríkisins eru skipulagðar.

Við getum út af fyrir sig búið til eða samþykkt skipulagsmiðaða útgáfu af hinu réttláta þjóðfélagi, að mati Sen, en verið á sama tíma sammála um að hún sé ekki besti kosturinn fyrir kaldan veruleikann. Það er eitt að skilgreina réttlæti og annað að útfæra það eða laga að ófullkomnum heimi. Í því ljósi er hugmynd Rawls ekki röng að mati Sen og meira að segja mjög mikilvæg, en hann álitur hana ekki nógu gagnlega til að stuðla að réttlæti í raunveruleikanum. Sen álitur verkefni sitt vera það að rannsaka tengslamiðaðan samanburð sem blínir á framþróun eða aðlögun að réttlætinu. Í stað þess að spyrja hvernig fullkomið réttlæti líti út sé nær að spyrja um hvernig auka megi réttlæti í veruleikanum. Í stað *skipulagsmiðaðrar* nálgunar að réttlætinu, þar sem stofnunum, reglugerðum og siðareglum er beitt til að ná fram réttlæti, vill hann bera fram *raunmiðaða* nálgun (e. realization-focused understanding of justice). Við verðum seint sammála um inntak og eðli hins réttláta, góða samfélags að mati Sens. Ef hagnýt skynsemi á að hafa eitthvert val þarf því að vera hægt að gera samanburð á réttlæti hugsanlegra valmöguleika í stað þess að tilgreina fullkomnar aðstæður sem eru ekki og verða aldrei í boði.⁸⁹

89 Sen, *The Idea of Justice*, 9–10. Sen hafnar því að yfir höfuð sé unnt að vinna fram algild réttlætisviðmið eins og þau sem Rawls leggur til í nafni fundarmanna sinna og sýnir fram á með dæmisögu hvernig réttlætisviðmið sem frjálst og skynsamt fólk heldur góð og gild geta stangast á. Sagan er af þremur börnum sem öll bítast um sömu flautuna. Eitt þeirra kann að leika á flautu, annað er fátækt og á ekki kost á annarri flautu en það þriðja hefur sjálft smíðað flautuna. Nyttjahyggjumaðurinn hlyti að styðja tilkall fyrsta eða annars barnsins, jafnaðarmaðurinn styddi kröfu fátæka barnsins en frjálshyggjumaðurinn myndi verja höfundarréttinn fyrir hönd þess þriðja. Hver um sig hefði sín góðu rök. Með þessu styður Sen þá fullyrðingu að óvíst sé að til sé hlutlaus niðurstaða í öllum réttlætismálum. Í ljósi þess telur hann réttlætisviðmið Rawls og þær ályktanir sem af þeim séu dregnar hljóta að falla, svo gagnleg sem þau

Auk Sens hefur heimspekingurinn Martha Nussbaum einnig gagnrýnt hugmyndir Rawls frá sjónarhóli getunálgunar.⁹⁰ Þótt hún sé gagnrýnin á kenningar Rawls metur hún framlag hans mikils og mælir raunar almennt með samfélagssáttmálahefðinni og telur hana hafa dýpkað skilning okkar á mannlegri reisn og gagnkvæmni með áherslu sinni á jafnræði sammingsaðila.⁹¹ Nussbaum bendir þó á ýmsar takmarkanir hugmyndarinnar um samfélagssáttmálann og telur, líkt og Sen, þann ágalla á öllum samfélagssáttmálakenningum að þær gangi út frá *almennu valdajafnvægi* og *almennri getu* þeirra sem eiga aðild að sáttmálanum. Þar með telur hún ljóst að t.d. þroskahamlaðir og einnig dýr standi utan samfélagssáttmálans. Önnur aðfinnsla Nussbaum, sem skiptir ekki síður máli, er sú að á endanum verði hreyfiafl sáttmálans það að allir hafi hag af sáttinni vegna þess að hæfileg ógn stafi af öllum. Það séu þá ekki gæði eins og samábyrgð eða náungakærleikur sem hvetji til sáttmálagerðarinnar, heldur sé samið af nauðsyn í ljósi þvingaðrar stöðu.⁹² Krafa Nussbaum er í rauninni sú að rætt sé um mannlegan lífskjaravanda á siðferðilegum nótum og um fátækt sem siðferðisvanda, því fullnægjandi líf og mannleg reisn séu hugtök sem lúti að merkingu og tilgangi.⁹³ Einn meginþráður í hugsun hennar er sá að frjálslyndisstefnan, sem hún aðhyllist, geymi tvenn siðferðileg gildi sér við hjartastað sem brýnt sé að missa ekki sjónar

þó séu. Lætur hann þess um leið getið að kenning Rawls um réttlæti sem sanngirni hafi verið einhver áhrifamesta kenning um réttlæti í nútíma sið- og stjórn málaheimspeki.

90 Ólafur Páll hefur fjallað um skrif þeirra og notar hugtakið *virknikenningar* til að lýsa aðferð beggja, en Rawls og aðra samfélagssáttmálasmiði kveður hann bera fram *stofnanakenningar*. Sjá: Ólafur Páll Jónsson, „Réttlæti, stofnanir og verðskuldun“, 155–156.

91 Nussbaum, *Hiding from Humanity*, 340.

92 Nussbaum, *Creating Capabilities*, 86–87.

93 Nussbaum, *Creating Capabilities*, 56.

á: frelsi og reismannsins.⁹⁴ Frjálslyndisstefnan felur ekki í sér siðferðilega afstæðishyggju, að mati Nussbaum, og á ekki að stefna að ógildishlöðnu almannarými. Hún vill sjá frjálslynt þjóðfélag þar sem borgarar eru í raun beðnir um að kvitta upp á grunnigildi samfélagsins hvað varðar frelsi og viss gæði önnur sem lúta að mannlegri reism. Samfélagsbyggingin grundvallast þá á *gæðum* en ekki bara einhverju sem verði að þola í því skyni að halda friðinn, sbr. forsendur samfélagssáttmála Hobbes.⁹⁵

2.4 Samantekt

Kenning Rawls um réttlæti sem sanngirni sem byggðist á stofnanagerð sem frjálsir og skynsamir aðilar myndu koma sér saman um á ímynduðum fundi undir fávísisfeldi olli þeim straumhvörfum í fræðilegri stjórnspeki að *réttlætishugtakið*, sem samfélagssáttmálakenning Hobbes hafði ýtt til hliðar, komst á opinbera dagskrá í orðræðu frjálslyndisstefnunnar. Réttlætishugtak Rawls er ekki siðferðilegt, heldur varðar einkum hugmyndina um óhlutdrægni. Getunálgun Sens og Nussbaum er hins vegar bein viðleitni til að opna á siðferðilegan og aðstæðubundinn skilning á réttlæti á sviði stjórnspekinnar án þess þó að víkja frá frjálslyndisstefnunni. Með áherslum sínum á frelsi og reismannsins leggja þau tvö fram siðferðilega kröfu og vilja, í nafni frjálslyndis, biðja alla samborgara um að deila að hluta til hugmyndum sínum um það hvað sé gott og verðmætt. Þannig gagnrýna þau hugmyndina um hið ógildishlaðna almannarými nútímans sem Rawls gerir ekki.

Í næsta kafla verður fleiri gagnrýnisröddum gefinn gaumur.

94 Nussbaum, *Hiding from Humanity*, 278–279.

95 Nussbaum, *Hiding from Humanity*, 59–61.

3. Ágallar nútímahugsunar og útlínur nýrrar hugsunar

Markmið þessa kafla er að gera grein fyrir helstu gagnrýni sem hefur verið sett fram á nútímahugsun, sem m.a. felst í umkvörtunum um ófullnægjandi heimsmynd, mannskilning og fátæktarhugtök sem birtist í víðtækri vangetu til að greina samhengi fyrirbæra og hluta. Geta til að bera kennsl á samhengi varðar þá m.a. vistkerfislæsi⁹⁶ og félagslegt inn-sæi⁹⁷ jafnt sem skilning á hagvexti.⁹⁸

Áherslan liggur á útlínum nýrrar hugsunar í átt að lífvænlegri heimsmynd, mannskilningi og fátæktarhugtaki með samanburði á áherslum valinna heimspekinga og guðfræðinga sem með ólíkum hætti virðast krefjast þess sama og Sen og Nussbaum; að lífið sé siðferðilega gott eða merkingarbært.

Niðurstaðan er sú að í því skyni að svara hinni siðferðilegu kröfu (sem var til umræðu í 2. kafla) þurfi að sjá víðara samhengi fyrirbæra og hluta.

96 Kafli 3.1.

97 Kaflar 3.2 og 3.3.

98 Kafli 3.4.

3.1 Mannmiðlæg heimsmynd og mannskilningur

Nútímahugsun um stöðu mannsins í heiminum, þ.e. sú hugsun sem orðið hefur áberandi innan nútímans, mætti lýsa sem svo að hún gangi út frá hagsmunum manna. Samkvæmt henni eru tengsl mannsins við efnisheiminn hagnýt líkt og væri hann staddur á hóteli. Á hóteli neytir maður þess sem efnin leyfa og skilur svo notuðu handklæðin eftir á gólfinu við brottför.⁹⁹

Tilvera okkar er undarlegt ferðalag.

Við erum gestir og hótél okkar er jörðin.

Þannig segir í þekktu ljóði Tómasar Guðmundssonar. Guðfræðingurinn McFague lýsir þessu svo að nútímahugsun einkennist af því að horfa á jörðina sem vélrænt fyrirbæri eða sem safn aðgreindra þátta sem tengist ytri böndum, og að í þeirri heimsmynd sé freistandi að líta svo á að þegar eitthvað gangi til þurrðar megi iðulega bæta skaðann.¹⁰⁰

Einir fara og aðrir koma í dag,

því alltaf bætast nýir hópar í skörðin.

Hugmyndin um jörðina sem notadrjúgan neysluvettvang manna sem halda muni áfram að virka hvað sem á gengur blasir við í ljóði Tómasar og hún er innbyggð í nútímaheimsmynd. Tengslin við náttúruna byggjast þá einkum á notkun og allt sem er ekki mennskt er flokkað sem hlutir eða hráefni.¹⁰¹

99 McFague, *A New Climate For Theology*, 53.

100 McFague, *A New Climate For Theology*, 86 og 89.

101 Rasmussen, *Earth-honoring Faith*, 54. Ef horft er til þeirrar staðreyndar að persónur sem fæddar voru árið 1936 og náð hafa að lifa fram til ársins 2003 hafi verið á lífi

Heimspækingurinn og mannfræðingurinn Mary E. Clark tekur í sama streng og talar um að þegar vestrænn maður horfi á tré, þá sjái hann „eitt stykki tré“ aðgreint frá umhverfi sínu en ekki jarðveginn, andrúmsloftið, vatnasviðið, fuglana, nagdýrin og skorkvikindin og allt hitt sem er veruleiki trésins rétt eins og lafið og greinarnar. Í stað þess að horfa á innbyrðis tengsl veruleikans telur hún menninguna skilyrða hugsun okkar þannig að við sjáum hann allan sundurgreindan í staka búta. Þetta einvíða sjónarhorn eða *eindahyggja* veldur því að í stað þess að vera næm á vöxt og viðgang lífsins erum við með hugann við keðju orsaka og afleiðinga þar sem persónur og leikendur á sviði veruleikans rekast hvert á annað í mekanískum tengslum líkt og billjardkúlur á borði í óhjákvæmilegri atburðarás sem við köllum þróun. Clark notar hugtakið *billjardkúlu-skynheild* (e. billiard ball gestalt) í því skyni að lýsa þessari menningarbundnu samvitund.¹⁰²

Vangeta til að greina samhengi virðist valda því að við skynjum ekki raunveruleg tengsl okkar við jörðina. En mannmiðlæg heimsmynd og mannskilningur, byggður á eindahyggju og einstaklingshyggju, þar sem mannum er stillt upp andspænis náttúrunni líkt og hvort sé hinu framandi, er ófullnægjandi í ljósi almennrar vistfræðilegrar þekkingar. Nú á dögum er vitað að maðurinn er hluti af vistkerfi þar sem allt er tengt og hvað öðru háð.

Umliðin 200 ár, eða frá því að iðnbyltingin hófst með aukinni brennslu og útblæstri koltvísýrings, hefur „klæði“ vistkerfisins trosnað. Ekki bara

þegar 97,5% allrar jarðolíu var dælt upp og brennt á jörðinni, þá er ástæða til að spyrja hvort þörf sé á nýjum túlkunarrömmum fyrir samband manns og vistkerfis. Í þessu samhengi er líka vert að vita að á bilinu frá 1950 til 2000 framleiddu menn, fluttu og neyttu sama magns af vöru og þjónustu og til varð í gjörvallri mannkynsögunni þar á undan.

102 Clark, *In Search of Human Nature*, 24–25.

með vaxandi eyðimörkum, skorti á fersku vatni og ræktarlandi, bráðnandi jöklum, breyttum veðurskilyrðum, þverrandi líffræðilegum fjölbreytileika o.fl. augljósum þáttum, heldur hrakar einnig heilsu jarðarinnar sem lífrænnar heildar og getu hennar til að bera þungann af ágangi manna.¹⁰³ „Þetta er þróunin,“ er þá gjarnan sagt, því við trúum því að þróunin sé ein og innan hennar séu allir einir á báti. Maðurinn er einn, líkt og Hobbes-íski einyrkinn, hvert tré er stakt, hvert fjall og hvert fljót, hver lifandi skepna. Við trúum því að við séum stödd í óhjákvæmilegri atburðarás, bergmáli stórahvells, þar sem þarfir okkar og hagsmunir séu ekki á dagskrá¹⁰⁴ og engir *almenningar* (e. commons) fyrir hendi sem vistfræðileg undirstaða sameiginlegrar tilveru okkar.¹⁰⁵

McFague gagnrýnir þann einstaklingsbundna mannskilning sem viðtekinn hefur verið í kristnum átrúnaði í bandarískri menningu frá miðri síðustu öld og fullyrðir að hugmyndin um hinn staka mann frammi fyrir Guði, með ofuráherslu á persónulega frelsun einstaklingsins til eilífs lífs á himnum, sé beinn liður í opinberum túlkunarramma (e. paradigm) bandaríks þjóðfélags þar sem hagkerfið hafi m.a. tekið höndum saman við kirkjuna um þá skilgreiningu á manningu að hann sé fyrst og síðast einstaklingur. Hinn hagfræðilegi maður (e. the economic man) markaðskapítalismans, neytandinn, er hinn óseðjandi einstaklingur sem girnist ótakmarkað magn gæða og er sem slíkur drifkraftur efnahagslífsins. Þá vitnar hún til stofnskrár Bandaríkjanna þar sem staðfestur er réttur hvers manns til lífs, frelsis og persónulegrar hamingjuleitar og fullyrðir að með bandalagi þessara þriggja höfuðafla, hagkerfis, ríkisvalds og kirkju, hafi hugmyndin um manninn sem einstakling og aðalatriði veruleikans verið

103 McFague, *A New Climate For Theology*, 90–91.

104 Clark, *In Search of Human Nature*, 24–25.

105 McFague, *A New Climate For Theology*, 90.

endanlega geirnegld í bandarískri menningu líkt og raunar hvarvetna á Vesturlöndum.¹⁰⁶

Ef við samþykkjum að mannmiðlæg heimsmynd og mannskilningur sem grundvallast á einda- og einstaklingshyggju sé óviðunandi túlkunarrammi er næst að spyrja í hvaða áttir megi benda í leit að lífvænlegum einkennum heimsmyndar og mannskilnings.

3.1.1 *Lífmiðlæg heimsmynd og mannskilningur*

Vísindaleg vitneskja sýnir fram á að allt er innbyrðis tengt og háð og að veruleikinn er ekki mannmiðlægur, heldur *lífmiðlægur*. Við erum stödd í heimi sem er bæði óhugsanlega gamall og stór frá sjónarmiði manna. Auk þess er hann nær óskiljanlega virkur og lífrænn; járníð í blóði okkar varð til í stórahvelli rétt eins og stjörnur himinsins. Jörðin er úr stjörnuryki og einfrumungar úr sameindum hennar. Allur veruleikinn er ein óstöðvandi flóðbylgja af orku og lífi. Maðurinn er jafnframt erfðafræðilega skyldur öllum lífverum jarðar frá þörungum og sveppum að fílum og hvólum. Í hinu stóra lífsögulega samhengi hnattarins er maðurinn ný tegund og er sem slíkur ekki mikilvægur fyrir vistkerfið að öðru leyti.¹⁰⁷ Hver manneskja þarf hins vegar 13,5 kg af súrefni hvern dag sem hún dregur andann og er að öllu leyti háð umhverfi sínu um vatn og næringu, auk þess sem hún lifir í flóknu og viðkvæmu samspili við bakteríur, gerla og aðra líffræðilega þætti sem hafa úrslitaáhrif á heilsu hennar.¹⁰⁸

Í þessu ljósi er nútímahugsun, með sinni eindahyggju og mannmiðlægni, nú ónothæf þar sem hún felur í sér skort á *vistkerfislæsi*.¹⁰⁹ Með

106 McFague, *A New Climate For Theology*, 43–48.

107 McFague, *A New Climate For Theology*, 37 - 42.

108 Sólveig Anna Bóasdóttir, *Guð og gróðurhúsaáhrif*, 41–42; McFague, *A New Climate For Theology*, 15.

109 McFague, *A New Climate for Theology*, 43–59.

augun á loftslagsvanda jarðarinnar sem orðinn er af mannavöldum er hann auk þess hættulegur og þarfnast bráðrar endurskoðunar.

Kristin guðfræði þarf vissulega að axla sína ábyrgð í þessum efnum. Þá er gott að rifja upp að fyrstu fimmtán hundruð ár í tvö þúsund ára sögu kristinnar var hugsun hennar lífmiðlæg og guðmiðlæg í senn. Ágústínus kirkjufaðir talaði um bækurnar tvær; Heilaga ritningu og Bók náttúrunnar, og fullyrti að efni þeirra væri eitt og hið sama um speki, vald og ást Guðs. Guðfræðingar miðalda, svo sem Hildegard af Bingen, Bonaventura og Tómas af Akvínó, báru fram lífmiðlæga og guðmiðlæga sýn á heiminn þar sem litið var á náttúruna, Guð og mann sem óaðskiljanlega heild.¹¹⁰ Rit Biblíunnar birta, að frátöldum nokkrum undantekningum, þá sýn á hinn náttúrulega heim að hann sé viðfang Guðs ástar, endurvarpi dýrð hans og sé óaðskiljanlegur manninum. Má þar fremst nefna ákvæði Fimmtu Mósebókar um hvíldardag og ár þar sem menn, skepnur, akrar og jörðin sjálf deila kjörum sem sköpunarverk Guðs. Davíðssálmar Gamla testamentisins tjá þá vissu að allt sem andar lofi Drottin¹¹¹ og sjálf himinfestingin, hver dagur og nótt, boði speki Guðs um alla jörð.¹¹² „Farðu til maursins, letingi!“ segir í Orðskviðum Salómóns;¹¹³ „lítið til fugla himinsins, [...] hyggið að liljum vallarins“, mælir Jesús¹¹⁴ og Páll postuli segir sköpunina þjást og stynja deilandi kjörum með manninum.¹¹⁵

Guðfræðingurinn Elizabeth A. Johnson furðar sig á því að það skyldi geta gerst að bæði kaþólsk guðfræði og mótmælendaguðfræði viki hinum náttúrulega heimi til hliðar en einblíndi þröngt á Guð og hið mannlega

110 Sólveig Anna Bóasdóttir, *Guð og gróðurhúsaáhrif*, 29–32.

111 Slm 150.

112 Slm 19.

113 Okv 6.

114 Matt 6.

115 Róm 8.

sjálf. Alltént er ljóst að vestræn nútímamenning síðastliðinna 300 ára, allt frá upplýsingarstefnunni og iðnvæðingunni að tíma hnattvæðingar, hefur ekki hlotið verðuga guðfræðilega viðspyrnu. Öllu heldur hefur guðfræði kristinnar kirkju lagað sig að mannmíðlægri heimsmynd nútímans og stutt hana dyggilega. Áhrifin eru eitruð og frá trúarlegu sjónarmiði er þetta synd.¹¹⁶

Guðfræðingurinn Sallie McFague hefur áhugaverða rödd í þessu samhengi líkt og á hefur verið bent. Hún lýsir stöðu heismála af sjónarhóli vistkerfisvandans og heldur því síðan fram að vilji kristin kirkja standa undir þeirri hefðbundnu sjálfsmynd sinni að vera *kapólsk*, sem samkvæmt orðsifjafræði merki það að lúta að heildinni, skilja ekkert undan og vera alheimsleg, þá varði viðfang hennar alla veröld. „Húshald Guðs er jörðin öll, samsett úr lifandi mannvörum í gagnháðum tengslum við öll önnur lífsform og ferla jarðar.“¹¹⁷

McFague minnir á að gríska hugtakið yfir hús sé *oikos*, sem aftur er uppspretta ensku hugtakanna *ecological*, *ecumenical* og *economic*. *Ecologi* merkir vistfræði, *ecumenical* vísar til hins almenna samfélags eða samkirkjulega félags og *economic* varðar hið efnahagslega eða hagfræðilega. Allt eru þetta, að mati McFague, málefni „hússins“ í grískri hugsun, þ.e. málefni heildarinnar sem hin almenna eða kapólska kirkja hlýtur að láta sig varða vilji hún varðveita sína „elstu og dýpstu kristnu guðfræði: alheimslega guðfræði“ (e. *cosmological theology*).¹¹⁸

Skilgreining Gustafsons á manni og heimi, sem fyrr hefur verið kynnt,¹¹⁹ rímar vel við nálgun McFague: „Maðurinn (sem einstaklingur, samfélag

116 Sólveig Anna Bóasdóttir, *Guð og gróðurhúsaáhrif*, 27–32.

117 McFague, *A New Climate For Theology*, 32–33.

118 McFague, *A New Climate For Theology*, 33.

119 Kaffi 1.3.2.

og tegund) er þátttakandi í formum og ferlum lífs á jörð þar sem allt er tengt og hvað öðru háð.¹²⁰

Afstaðan til manns og heims sem Gustafson og McFague kynna er líf- og guðmiðlæg í senn. Gustafson leggur áherslu á að enginn einstaklingur eða kynslóð skapi sín eigin mörk og möguleika, heldur erum við arftakar hins liðna. Við erum forn líffræðileg og efnafræðileg fortíð, söguleg fortíð sem færir okkur stofnanir og menningu. Þannig erum við hluti stærri heilda, segir Gustafson, viðtakendur og umboðsmenn (e. agents), en um leið erum við háð því sem okkur hefur verið gefið. Í því ljósi er fráleitt að líta svo á að okkar tími eða kynslóð sé miðpunktur allra gilda,¹²¹ þess í stað leggur Gustafson til að við lítum á okkur sem þátttakendur og þjóna, tilfinningalega jafnt sem hagnýtt skoðað.¹²²

McFague ályktar að höfuðviðfangsefni kristinnar í veröldinni hljóti að vera málefni „hússins“; umhverfismál, félagsmál og efnahagsmál. Hún fullyrðir að hefðbundin prédikun kirkjunnar hafi um aldir gert of mikið úr valdi Guðs en of lítið úr ást hans. Handanveruleiki Guðs hafi haft of mikið vægi á kostnað íverunnar; fjarlægð Guðs frá heiminum verið of fyrirferðarmikil miðað við áhersluna á aðild hans að veröldinni. Álitur hún þetta endurspeglar ranga og ófullnægjandi heimsmynd sem þurfi að leiðrétta. Í því sambandi bendir hún á trúna á holdtekju Guðs í Jesú Kristi. Ef Guð hefur holdgast í veröldinni býður það upp á að endurhugsa málefni sköpunarverksins í ljósi þess að heimurinn er í kjarna sínum náskyldur Guði. Veröldin er þá í Guði eða hún er „líkami hans“ frekar en t.d. þegar jörðinni er líkt við listaverk og lítið á Guð sem listamann vinnandi að

120 „Man (individual persons, communities, and species) is a participant in the patterns and processes of interdependence of life in the world.“ Gustafson, *Ethics from a Theocentric Perspective*, 145.

121 Gustafson, *Ethics from a Theocentric Perspective*, 283.

122 Gustafson, *Ethics from a Theocentric Perspective*, 284.

verki sínu úr fjarlægð. McFague leggur áherslu á að hinn líkamnaði Guð sé nálægur okkur hér og nú í þessum heimi og sköpunartrú okkar og sannfæringin um guðlega forsjón standi þannig ekki ein, heldur sé hún borin uppi af okkar dýpstu sannfæringu um eðli þeirra tengsla sem Guð á við heiminn í manningnum Jesú.¹²³ Til útskýringar notar McFague þekkt hugtakapar frá guðfræðingnum Karl Barth og segir:

Ef við trúum því að Guð sé *allur annar* í tengslum við heiminn, þá munum við sjá sköpunarverk Guðs og forsjón hans í því ljósi. En ef við trúum á Guð og veröldina í innbyrðis nánd munum við skilja sköpun og forsjón frá því sjónarmiði. Það merkir þá að við og Guð erum á sama stað og að við deilum ábyrgð á heiminum.¹²⁴

Í þessu sambandi má vísa til skrifa þýska guðfræðingsins Dietrichs Bonhoeffers sem í sinni siðfræði, sem skrifuð var í samhengi síðari heimsstyrjaldar, lagði út frá trúnni á holdtekju Guðs í Jesú og fullyrti, í ljósi þeirrar trúar, að hver sem sjái Jesú Krist sjái þar Guð og heim í einingu. „Þaðan í frá getur maðurinn ekki frammar séð Guð án heimsins eða heiminn án Guðs.“¹²⁵

Í ljósi holdtekju Guðs í Jesú Kristi er maðurinn að áliti Bonhoeffers *óaðskiljanleg heild*, ekki einungis sem einstaklingur í persónu sinni og verki, heldur einnig sem aðili að samfélagi manna og annarra lífvera sem hann tilheyrir. Þessi óaðskiljanlega heild eða veruleiki sem grundvallast í Guði er, að áliti Bonhoeffers, með tilvísun til uppruna síns nefnd „sköpunarverk“, en með tilvísun til markmiðs síns er hún nefnd „ríki Guðs“.¹²⁶ Bonhoeffer

123 McFague, *A New Climate For Theology*, 63.

124 McFague, *A New Climate For Theology*, 63 (skáletrun mín).

125 Bonhoeffer, *Ethics*, 8.

126 Bonhoeffer, *Ethics*, 59–60.

hafnar kröftuglega þeirri hugmynd sem allt frá fyrstu árum kirkjunnar hafi plagað kristna siðfræði; hugmyndinni um tvö svið veruleikans — annað guðlegt, heilagt, yfirnáttúrulegt og kristilegt, en hitt veraldlegt, heiðið, náttúrulegt og ókristilegt. Á miðöldum var þessi tvískipting, að dómi hans, orðin allsráðandi og síðan hafi hún náð endurnýjaðri fótfestu á tímunum eftir siðbreytinguna og birtist í nútímanum í andstæðunni milli munksins og heimsmannsins.

Á meðan Kristur og heimurinn eru álitin tvö andstæð svið er maðurinn skilinn eftir í þeim vanda að hann sér sig knúinn til að yfirgefa veruleikann sem heild en velja annað tveggja; leita Krists án heimsins eða heimsins án Krists. Hvort heldur hann gerir er hann að svíkja sjálfan sig.¹²⁷

Í ljósi þess að Dietrich Bonhoeffer var fæddur árið 1906 og var að vinna sína helstu guðfræði þegar Sallie McFague var barn að aldri, en hún er fædd árið 1933, er enn áhugaverðara að bera saman áherslur þeirra og sjá að guðfræðilegt andóf þeirra er runnið af sömu rót. Þau hafna hugmyndinni um hinn róttæka aðskilnað Guðs og manns og tvískiptingu veruleikans í guðlegt og veraldlegt, andlegt og efnislegt, og telja hana ganga þvert á inntak og eðli kristinnar trúar.

Bonhoeffer getur þess að erfitt sé að brjóta álagafjötra hugmyndarinnar um hin tvö aðskildu svið en ítrekar að um sé að ræða skýra mótsögn við biblíulega hugsun og einnig við hugsun mótmælandahreyfingarinnar, auk þess sem hugmyndin sé á skjön við veruleikann. Það eru engir tveir veruleikar, heldur einungis einn veruleiki og það er veruleiki Guðs sem hefur verið staðfestur í Kristi í raunveru heimsins, fullyrðir Bonhoeffer og afhjúpar þannig guðshyggju sína. Hann telur heiminn ekki eiga neina

127 Bonhoeffer, *Ethics*, 63.

sjálfstæða raunveru óháða opinberun Guðs í Kristi, og sá sem hyggist vera „kristinn“ án þess að sjá og viðurkenna veröldina í Kristi sé um leið að hafna opinberun Guðs í Jesú. Hann ítrekar að stefið um sviðin tvö sem endurtekið hafi orðið ríkjandi þáttur í sögu kirkjunnar, sé framandi Nýja testamentinu sem snúist einvörðungu um það „hvernig vera Krists raungerist í þessum heimi, sem hún hefur þegar umlukið, gripið og gert að sínum“.¹²⁸

McFague talar í sama anda þegar hún segir: „Við eigum að elska Jesú sem veröld.“¹²⁹ Tillaga hennar er sú að við stígum það skref að viðurkenna veröldina sem líkama Guðs. Rök hennar eru mjög í anda Bonhoeffers. Ef við treystum því að Guð sé alltaf líkamnaður — ef Guð er alltaf í okkur og við í Guði — megum við sem kristið fólk líta á alheiminn sem líkama Guðs.

Í leit minni að lífvænlegri heimsmynd, mannskilningi og fátæktarhugtaki fjölmenningsarsamfélagsins leyfi ég mér að álykta að í samræmi við náttúruvísindalega þekkingu okkar á þróun veraldar og vistkerfislega sýn á veruleikann, þar sem allt er háð hvað öðru, hljótum við að tileinka okkur lífmiðlægt sjónarhorn og sjá veruleikann sem tengslavef, vistkerfi. Við sem erum kristin hljótum auk þess í ljósi sköpunartrúar okkar að líta á veruleikann sem ástargjöf, og vegna trúarinnar á holdtekju Guðs í Jesú játum við um leið skyldleika okkar við allt skapað. En er raunhæft að fara leið McFague og ræða um alheiminn sem líkama Guðs? Hér væri vissulega um að ræða djarfa breytingu á orðfæri kristninnar.

McFague vekur athygli á því að hugmyndin um veröldina sem líkama Guðs feli í sér handanveruleika Guðs samhliða íveru hans. Með trúnni á heiminn sem líkama Guðs værum við ekki að segja að allt sé Guð eða að Guð sé allt. Hins vegar fælist í orðum okkar að Guð sé uppspretta alls, miðja alls, andinn í öllu sem lifir og þráir. Þegar við segjum „Guð“ erum

128 Bonhoeffer, *Ethics*, 62–64.

129 McFague, *A New Climate For Theology*, 35.

við að vísa til máttar og uppsprettu veruleikans. Maðurinn er ekki uppspretta eigin veru, heldur vitum við okkur alfarið háð gjafara lífsins. En sökum þess að Guð er alltaf og hvarvetna líkamnaður sjáum við handanveru hans í öllum hlutum. Guð er veruleikinn, líkaminn, garðurinn þar sem við lifum og hrærumst. Hann er aldrei fjarlægur, heldur nær okkur en okkar eigin andradráttur í handanveru sinni.¹³⁰

Með sama hætti og okkur er tamt, út frá orðfæri Nýja testamentisins, að ræða um kirkjuna sem líkama Krists,¹³¹ vitandi það að kirkjan er ekki Kristur og við sjáum Jesú upprisinn og sitjandi til hægri handar föðurnum á himnum, alnálægan okkur í handaveruleika sínum, — með sama hætti tel ég að líta megi á alheiminn með öllum sínum formum og ferlum sem líkama Guðs. Í stað þess að trúa á fjarlægum Guð sem í öndverðu hafi skapað heim, sem af óskiljanlegum ástæðum hafi misst marks og orðið syndinni að bráð, þannig að Guð hafi séð sitt óvænna og komið í syni sínum til að taka á sig alla synd og gefa hinum trúuðu stað í fjarlægum himni á fjarlægum tíma, megum við trúa á Guð sem er nálægur hér og nú. Í stað þess að sjá heiminn sem framandi íverustað, biðstofu reynslunnar, uns lausnin fáist í dauða og upprisu, megum við taka við hinum upprisna Kristi í hverri veru og öllum aðstæðum. Við megum líta á alheiminn sem líkama Guðs vegna þess að það samræmist bestu guðsþekkingu okkar, þekkingunni á hinum líkamnaða Guði.

Annar mikilvægur guðfræðilegur þáttur í leit að lífvænlegri heimsmynd eftirnútímans er hin guðlega persóna sem *lifandi tengsl*. Kristin kirkja játar trú á þríeina Guð, föður, son og heilagan anda, og um þennan Guð fullyrðir hún með Jóhannesi postula: „Guð er kærleikur.“¹³² Í þessu samhengi skrifar Einar Sigurbjörnsson í bók sinni, *Credo*:

130 McFague, *A New Climate For Theology*, 72–77.

131 Ef 1.23; 1Kor 12.12–31.

132 1Jóh 4.8, 16.

Kærleikur er aldrei einn, heldur leitar einhvers að elska. Guð er kærleikur, segir Biblían og segir með því, að kærleikur sé ekki einn eiginleiki í Guði við hlið annarra, heldur er kærleikurinn eðli Guðs. Þess vegna er Guð ekki einn, heldur [er hann] í sjálfum sér samband Föður og Sonar og Heilags anda í eilífu kærleikssamfélagi.¹³³

Um jöfnuð innan þrenningarinnar segir í Aþanasíusarjátningunni, 6. grein: „En guðdómur föður, sonar og heilags anda er einn, jöfn er dýrð þeirra og hátignin jafneilíf.“¹³⁴

Auk þess að byggja viðunandi heimsmynd og mannskilning á náttúruvísindalegri lífmiðlægni byggir kristin guðfræði á guðmiðlægni í ljósi trúarinnar á skapara og gjafara alls sem er. Í ljósi trúarinnar á holdtekju Guðs í Jesú má hún líta á veröldina sem líkama Guðs. Trúin á þríeinan Guð varpar síðan ljósi á tengslaeðli heimsins að kristnum skilningi; alheimurinn í öllu sínu gagnháða samhengi er samantengdur í ást.

3.2 Grætt á daginn og grillað á kvöldin

Nú hefur því verið lýst hvernig mannmíðlæg heimsmynd og mannskilningur nútímans er ónothæfur og skaðlegur þar eð hann veldur skorti á vistkerfislæsi. Bent hefur verið á lífmiðlæga heimsmynd og mannskilning sem viðunandi túlkunarramma í fjölmenningsamfélagi eftirnútímans. Jafnframt hefur verið sýnt fram á hvernig guðmiðlægur skilningur sér manninn sem þátttakanda í formum og ferlum lífs á jörð þar sem allt tengist og er hvað öðru háð. Þannig staðfestir guðmiðlægnin hina lífmiðlægu sýn og hlúir jafnvel að henni.

133 Einar Sigurbjörnsson, *Credo*, 68 .

134 Einar Sigurbjörnsson, *Kirkjan játar*, 60.

Annað atriði sem varðar vangetu nútímahugsunar til að greina samhengi og lengi hefur verið til fræðilegrar umræðu er *skortur hennar á félagslegu innsæi*. Ein birtingarmynd þess er þegar sjónarmiði forréttindahópa er hampað og viðhorf þeirra gert algilt, ógagnrýnanlegt og hlutlaust en sérkennum einstaklinga og hópa ýtt til hliðar inn í einkarýmið. Femínískir fræðimenn hafa bent á hvernig tvíhyggjuleg áhersla nútímahugsunar á forgang hins opinbera sviðs gangvart einkasviðinu með kröfunni um hlutlaust og ógildishlaðið almennarými styður við þessi einkenni svo að almenningur upplifir valdaleysi andspænis hinum „hlutlausu“ handhöfum valdsins.¹³⁵

Raunar er tvíhyggjan aldagömul og rótgróin í vestrænni menningu og hafa fræðimenn hallast að þeirri söguskýringu að kynjahyggjan, sem innbyggð er í hebresk-kristna arfinn, hafi frá öndverðu fléttast saman við aðgreiningu efnis og anda, sem liggur forngrískri hugsun til grundvallar, og myndað tvíhyggjulega hugsun.¹³⁶ Fyrr á öldum birtist tvíhyggjan ekki síst í aðgreiningunni milli hins veraldlega og trúarlega og kristallaðist fram á okkar tíma í munkinum og heimsmanninum, líkt og Dietrich Bonhoeffer lýsti á sinni tíð.¹³⁷ Með aukinni veraldarhyggju er áherslan hins vegar orðin á *skiptinguna milli hins opinbera sviðs og einkasviðsins*.

Kaþólski guðfræðingurinn David Hollenbach hefur fjallað rækilega um einkenni tvíhyggjulegrar hugsunar og bendir m.a. á að áhersla nútímans á skýra aðgreiningu hins opinbera og einkalega eigi sér þá sögulegu skýringu að reynslan af hugmyndum manna um hið góða líf hafi ekki verið góð. Í þrjátíuárastríðinu á 17. öld hafi t.d. 15–20% Mið-Evrópubúa látið lífið á forsendum trúarbragða¹³⁸ og á síðustu öld, sem var sú ofbeldis-

135 Young, *Justice and the Politics of Difference*, 112.

136 Nelson, *Embodiment*, 37–58.

137 Bonhoeffer, *Ethics*, 63.

138 Hollenbach, *The Common Good & Christian Ethics*, 14–16.

fyllsta sem yfir mannkyn hefur gengið, hafi fólk borist á banaspjót í nafni veraldlegra hugmynda um hið góða líf. Þannig hafi tortryggni gagnvart öllum samræmdum hugmyndakerfum um hið góða líf orðið að undirliggjandi þætti nútímameningar.¹³⁹ Af þessum ástæðum telja ýmsir fræðimenn skiljanlegt að hugmyndin um *almenningsinn* og um *almannahag* (e. common good), sem á rætur hjá Aristótelesi og var miðlægt hugtak í hefðbundinni dyggðasiðfræði fram að upplýsingu, sé ekki sjálfgefinn þáttur í opinberri orðræðu fjölhyggjusamfélagsins.¹⁴⁰ Því hafi orðið til sú hugmynd að réttast væri að takmarka orðræðuna í almannarýminu við það að ræða lög og reglur, hagsmuni, viðskipti og annað sem lýtur að formi samskipta fremur en merkingu þeirra. Þar eð skynsamlegt fólk muni alltaf verða ósammála um inntak og eðli hins góða lífs er talið árangursríkara að halda sig við ytri þætti á hinum opinbera vettvangi en eftirláta einkasviðinu hina gildishlöðnu þætti tilverunnar; að græða á daginn en grilla á kvöldin.¹⁴¹ Við fyrstu kynni hljómar hugmyndin um aðgreiningu hins opinbera og einkalega sviðs ásamt takmörkun orðræðunnar í hlutlausu almannarými ekki svo illa, en þó eru á henni ýmsir annmarkar.

Femínískir fræðimenn hafa bent á að með líkum hætti og maðurinn í hinum tvíhyggjulega hugmyndaheimi standi andspænis náttúrunni með yfirráð í huga, þannig standi karlmaðurinn í vestrænni nútímameningu,

139 Volf, *A Public Faith*, 131–132.

140 Hollenbach, *The Common Good & Christian Ethics*, 15–16 og 201.

141 Nussbaum, *Hiding from Humanity*, 60–61. Slagorðið „græða á daginn og grilla á kvöldin“ er eignað Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni prófessor sem lét þau orð falla í sjónvarpsþætti að sjálfstæðismenn væru „menn sem vilja græða á daginn og grilla á kvöldin“ sunnudaginn 10. janúar 2008 í aðdraganda bankahrunsins. Sjá: Sigmundur Ernir Rúnarsson, *Mannamál*.

sem gegnsýrð er af aðskilnaði hins opinbera og einkalega, í ríkjandi stöðu andspænis konunni.¹⁴²

Sheila Benhabib heldur því fram að sú mynd sem tvíhyggjuleg hugmyndafræði frá Hobbes fram á okkar daga dragi upp af veruleikanum leiði beinlínis til einkavæðingar á reynsluheimi kvenna og útilokunar hans frá siðferðilegri samræðu. Hún lýsir stöðu mála svo að á hinu opinbera sviði vestræns frjálslyndissamfélags sé réttlætinu ráðstafað og reglur settar án þeirrar tilfinningasemi sem fylgi sérkennum fólks. Þar semji frjálssir, jafnir og skynsamir borgarar sín á milli í anda hugmyndarinnar um samfélagssáttmála. Einkasviðið, sem ekki er til opinberrar skoðunar og stendur utan við lög og rétt, er hins vegar það svið þar sem manneskjan blasir við líkómnuð í sérleika sínum, háð aðstæðum.¹⁴³

Gagnrýni Benhabib varðar ekki síst hinn óyrta mannskilning samfélagssáttmálans þar sem maðurinn í frumstöðu sinni — sínu undirliggjandi eðli — er eins og fram er komið karlkyns. Og karlinn sá er ekki fæddur af konu, heldur er hann einn og tengslalaus, kominn af jörðu. Benhabib hefur ímugust á myndlíkingu hinnar náttúrulegu upprunastöðu sem óhjákvæmilega sé baksvið allra samfélagssáttmálakenninga. Hún telur myndina af hinum staka karli næra sjálflæga sjálfsvitund karlmanna sem skilgreini sig án tengsla og ábyrgðar í menningunni.¹⁴⁴ En hið undarlegasta af öllu er þó sú staðreynd að í þessari veröld samfélagssáttmálans eru engar konur. Og þó er konan þarna að vissu leyti, en ekki á eigin for-

142 Young, *Justice and the Politics of Difference*, 109–125.

143 Benhabib, *Situating the Self*, 155–157.

144 Og jafnvel þótt gerðir séu samfélagslegir sáttmálar sem breyti stríðsrekstri í eignabrask, sjálfsdýrkun í vísindi og hernámi í lúxus sem mildi hinn narsísíska ótta með því að temja samkeppnina og beina henni í farveg eignamyndunar á markaði, þá sé ótti hins narsísíska sjálfs samur og ólæknaður. Lögin og hið borgaralega réttarríki lækna ekki angistina.

sendum, heldur sem nokkurskonar karl með neikvæðu formerki. Konan í veröld hins frjálslynda samfélagssáttmála er einfaldlega allt það sem karlinn reynist ekki vera, reðurlaus, skortandi sjálfræði og sjálfstæði. Hinn sjálfmiðaði karl sér konuna sem eigin spegilmynd, bara öfuga. Konan á þannig ekki heima í sögunni, heldur í náttúrunni. Hið opinbera sviðsljós hæfir henni ekki, en það gera innviðir heimilisins. Menningin með sínum félagslegu átökum og þróun er þá svið karlsins, en fyrirsjáanlegt og endurtekið erfiði umhyggju, næringar og fjölgunar er svið konunnar. Hið opinbera svið, þar sem hagsmunir og regluverk ræður, tilheyrir sögunni og tímanum, en einkasviðið, svið umhyggju og náinna tengsla, er óbreytanlegt og tímalaust.¹⁴⁵

Hafa fræðimenn raunar sýnt fram á hvernig áhersla tvíhyggjunnar birtist í ótal fleiri andstæðum hugtakapörum en *opinbert svið* og *einkasvið* eða *veraldlegt* og *trúarlegt*. Þar er *maður* og *náttúra*, *hreint* og *óhreint*, *gott* og *illt*, *karl* og *kona*, *skynsemi* og *tilfinningar*, *við* og *hinir*, *hvítt fólk* og *litað fólk*, *ríkjandi* og *víkjandi*. Á seinni tímum hafa komið til hugtakapörin *þróuð ríki* og *vanþróuð*, *gagnkynhneigð* og *samkynhneigð* o.fl. Í þessum andstæðu-
pörum tilheyrir það fyrra jafnan „aðalveruleikanum“ en hið síðarnefnda er nokkurs konar öfug spegilmynd hans.¹⁴⁶ Vert er að sjá að einkasvið nútímans varðar ekki einungis svið heimilis, kynlífs og umhyggju, þar sem konur fara með aðalhlutverk, heldur hafa trúmál einnig verið skilgreind sem einkamál í vestrænni frjálslyndismenningu, auk fjármála, þ.m.t. fjármálaumsvif einkafyrirtækja, að ógleymdri notkun á dýrum og náttúrugæðum. Einkasviðið tákna því ekki bara áhrifaleysi í þessu menningarsamhengi, heldur hefur það einnig þá virkni að þeir þættir sem þar eru settir, einkamálin, sæta ekki félagslegri ábyrgð.¹⁴⁷

145 Benhabib, *Situating the Self*, 156–157.

146 Nelson, *Embodiment: An Approach to Sexuality and Christian Theology*, 38–39.

147 Benhabib, *Situating the Self*, 108.

Iris Marion Young lýsir tilurð hins opinbera og einkalega í hugmynda-sögulegu samhengi og telur að aðstæður og andrúmsloft upplýsingarinnar með tilkomu nútímavísindahugsunar hafi leitt með sér sterka þrá eftir einingu, samræmi og fegurð, sem m.a. birtist í heimspeki Rousseau o.fl. samtímamanna. Að hennar mati var einingin og samræmið heldur dýru verði keypt, þar eð hið opinbera svið borgaranna náði einingu sinni og algildi (e. universality) einungis með því að skilgreina borgarann í andstöðu við svið umhyggjunnar í mannlegum veruleika, svo að til hafi orðið hin þekkta aðgreining milli hins opinbera og einkalega. Einkasvið fjölskyldulífsins er þannig nútímaupppfinning rétt eins og hið opinbera svið ríkis og laga, og hvorttveggja eru þættir í sama ferli að mati Young. Hlutleysi og skynsemi ríkisins tók að reiða sig á að þarfir og þrár, og aðrir þættir sem áþreifanlega aðskilja persónur hverja frá annarri, tilheyrðu einkasviði fjölskyldunnar en heiðursmaðurinn, hinn viðurkenndi borgari, varð ólíkkömnuð og tilfinningalega ótrufluð skynsemi sem í okkar nútíma birtist skýrast í *handhöfum hlutleysisins*, sérfræðingnum og opinbera embættismanninum, að áliti Young.¹⁴⁸

Þessi nýi skilningur á manni og veröld með hugmyndina um hinn hlutlausa sjónarhól við hjartastað veldur þeirri slagsíðu í vestrænni menningu að sérkennum einstaklinga og hópa er ýtt til hliðar inn í einkarýmið, en hinir raunverulegu valdhafar eru *hin hlutlausu*. Maðurinn í fyllingu sinni, iðjandi og starfandi á hinu opinbera sviði, beitir hlutlausu augnaráði vísindalegrar skynsemi. Hann snertir ekki eða þefar, hann heyrir ekki einu sinni, en horfir á viðfang sitt úr fjarlægð. Áhorfið er í aðra átt, sjálfur verður áhorfandinn hvorki séður né metinn, því hann er algildur, hlutlaus, viðtekinn. Sjáandinn er gerandi, það sem séð verður er þolandi. Augnaráð vísindalegrar skynsemi nútímans er auk þess gildishlaðið auglit, það horfir á heiminn til þess að greina og flokka eftir stigveldiskerfi og

148 Young, *Justice and the Politics of Difference*, 109–125.

smættar fjölbreytileikann niður í þætti sem sameina.¹⁴⁹ Í þessu menningarlega andrúmi er ekki mikið pláss fyrir fólk eins og það er í fjölbreytni sinni og frávikum, en hugmyndin um hlutleysið birtist í félagslegri kröfu um umburðarlyndi sem þó felst ekki síst í því að fólki sé frjálst að vera ólíkt í einrúmi.¹⁵⁰

Ef við gætum hugsað okkur hlutlausan sjónarhól væri hann þó ekki í boði fyrir neinn, því að veruleikinn er sá að enginn stendur hvergi.¹⁵¹ Við erum öll staðsett. Fundurinn undir fávísisfeldinum sem Rawls talaði um getur verið gagnleg hugaræfing en er þó óhugsandi í þeim skilningi að það eru ekki til nein óskilyrt sjálf (e. unencumbered self) af því tagi sem fundarmönnum er ætlað að vera.¹⁵² Enginn stendur hvergi og í nútíma-samfélaginu standa flest víða. Fólk getur t.d. tilheyrt trúarsamfélagi og starfað við náttúruvísindi, verið fætt og uppalið sem kaþólikkar en gift inn í íslamstrú.¹⁵³ Young fullyrðir að ímynduð tilvist hins hlutlausa sjónarmiðs, hvort heldur við treystum á sérfræðinga eða fulltrúa hins opinbera til að iðka hlutleysi, þjóni gjarnan því pólitíska hlutverki að réttlæta ríkjandi ástand og hindra félagstengsl sem gætu falið í sér aukna aðild og lýðræðislega þátttöku.¹⁵⁴

3.2.1 *Deilt frelsi og túlkunarfræðileg gestrisni*

Er þá aðgreining nútímahugsunar á hinu opinbera sviði og einkasviðinu alfarið af hinu illa? Hvorki Young né Benhabib vilja afnema skilin milli hins opinbera og einkalega í menningunni, heldur gagnrýna þær mis-

149 Young, *Justice and the Politics of Difference*, 109–125.

150 Hollenbach, *The Common Good & Christian Ethics*, 82.

151 Volf, *Exclusion & Embrace*, 205–207.

152 Benhabib, *Situating the Self*, 73–74.

153 Volf, *Exclusion & Embrace*, 205–207.

154 Young, *Justice and the Politics of Difference*, 112.

notkun markanna. Benhabib leggur til að við nýtum kosti beggja sjónarhorna, fólki skuli í sjálfsvald sett hvað það vill hafa fyrir sig sem einkamál og einkalíf og auk þess sé samræðan í samfélaginu í sífellu að semja um staðsetningu þeirra og inntak.¹⁵⁵ Krafa Young er hins vegar sú að við mótum almannarými þar sem við höldum hvert öðru ábyrgu, þ.e.a.s. stundum pólitík þar sem ólíkt fólk heyrir og sést.¹⁵⁶ Þannig má segja að bæði Young og Benhabib hvetji til *lýðræðislegrar samræðu* og hafni takmörkun hennar um leið og þær stilli hinu opinbera og einkalega upp sem *tveimur jafnbrýnum sjónarhornum*.

Í þessum kafla verða kynnt tvö fræðihugtök. Það fyrra, *deilt frelsi*, er smíðað af David Hollenbach en það síðara, *túlkunarfræðileg gestrisni*, af Miroslav Volf. Báðum hugtökum er ætlað að auka félagslegt innsæi og getu til tjáskipta í fjölmenningsamfélaginu.

Hollenbach bendir í sömu átt og Young og Benhabib og heldur því fram að *lýðræðismenningin* skapi hinn sjálfstæða geranda sem veit að hann hefur rödd og mátt. Hann tekur tungumál sem dæmi um lýðræðismenningu. Barnið finnur ekki tungumálið upp, heldur tekur við því sem samfélags-eign. Persónan tjáir sig svo um sín mál. Ekki er menningin að tala. Það er einstaklingurinn sem mælir. Og ekki talar hann heilt tungumál, heldur miðlar tiltekinni merkingu sem er aðgreind frá tungumálinu sjálfu. Þó gætu þessi persónulegu samskipti ekki átt sér stað nema bæði sá sem talar og hinn sem hlustar deildu sameiginlegum félagsgæðum — tungumálinu. Bæði er það tungumálið sem slíkt og svo kringumstæðurnar, hinar félagslegu forsendur skilningsins, sem þurfa að vera fyrir hendi. Tungumál er ekki bara merkjataeki. Það felur í sér langþróuð félagsleg gæði sem eru sameiginleg. Annars talar enginn og enginn skilur. Hið opinbera og hið einkalega er samofið og ákvarðar hvað annað. Sá sem skapar hugmyndir

155 Benhabib, *Situating the Self*, 152–157.

156 Young, *Justice and the Politics of Difference*, 91.

og segir eitthvað algerlega nýtt verður þó að byggja á fyrirfram gefinni vitneskju, tengslum. Annars væri enginn möguleiki á túlkun. Þannig erum við háð menningunni sem við ætlum síðan að lifa í sem sjálfstæðir og skapandi gerendur.¹⁵⁷ Mannlegt frelsi er því aldrei einkaafrek. Eftir því sem heimurinn skreppur saman og við tengjumst meir og meir vegna allrar vitneskjunnar sem við höfum hvert um annað, þá blasir við að við verðum að tala saman. Það er forsenda lýðræðis. Ef við tölum ekki saman munu einhverjir taka völdin eða við girðum okkur bara meira af hvert frá öðru. Að mati Hollenbach eigum við í raun engan annan kost en þann að efla þann almannahag sem fólgin er í þjóðfélagsþátttöku. Það er ekki hægt að fela sig neins staðar, það er fólk úti um allt. Í slíkum heimi eru tengslin milli sjálfsákvörðunar og lýðræðis þau að við horfumst í augu við það val að uppgötva hvernig við ávinnum okkur gott líf í samfélagi eða við sættum okkur við það að sumt fólk (líklega mjög margt) muni ekki eiga kost á góðu lífi. Manneskjan er ekki frjáls ein og sér, heldur er hún það í frjálsu samfélagi, þegar frelsinu er deilt með öðrum. Tengslin koma á undan einstaklingnum. Þetta veit hvert foreldri. Öll persónugæði sem eru raunveruleg gæði hvíla á gæðum samfélagsins. Á sama máta eru öll raunveruleg almannagæði persónuleg gæði.¹⁵⁸ Þessa megináherslu sína nefnir Hollenbach *deilt frelsi* (e. shared freedom).

Um þetta efni hefur Miroslav Volf sitt hvað til málanna aða leggja, en hann staðhæfir, líkt og Hollenbach, að hugmyndin um hlutleysi sé miskilningur og að raunverulegur vitsmunalegur fundur geti ekki átt sér stað milli fólks sem standi hvergi, eins og upplýsingamennirnir gerðu ráð fyrir og stór hluti nútímamennningar gengur út frá að hans dómi. Ef skynsamleg samræða á að fara fram, í stað geldra viðskipta með staðhæfingar, verði fólk að taka með sér hefðir inn í samtalið. Innan úr hefðum, studdir þekktum

157 Hollenbach, *The Common Good & Christian Ethics*, 71–75.

158 Hollenbach, *The Common Good & Christian Ethics*, 77–79.

aðferðum og venjum, geta menn svo tekið til við að ræða saman, að hans mati, ekki bara innan hefðarinnar, heldur einmitt líka við fólk annarra hefða.¹⁵⁹ Kristið fólk stendur t.d. í kristinni hefð og þarf að vinna vel að því að skoða hvernig best er að gera það.¹⁶⁰ Hann hafnar hugmyndinni um samstæða hefð kristni eða annarra viðhorfa og leggur upp úr því að við reynum yfir höfuð ekki að búa til of fullkomnar hefðir sem lausar séu við mótsagnir. Þess í stað mælir hann með *blöndun* (e. hybridity) *hugmynda* sem fólgin sé í samskörun sem, frekar en að leiða til átaka, vekir aukið innsæi og þekkingu þar sem fólk læri af náunga sínum sem lifir öðruvísi en það. Við erum ósammála um margt og það er líka lærdómsríkt og mikilvægt af því að við þurfum að þróa aðferðir til þess að leysa ágreining án óyndisúrræða.¹⁶¹ Við þurfum að heyra allar sögurnar frá *hinum*, segir Volf, — öðlast tvöfalda sýn, — en það er ekkert víst og jafnvel ólíklegt að þær verði okkar sögur, okkar ljóð, okkar réttlæti. Þó getur það allt orðið til þess að vekja okkur til nýrrar sýnar á okkar eigin hefð.¹⁶² Volf telur kristna kirkju hafa margt fram að færa í veröldinni í þessum efnum sem nýst geti öllum hefðum, og í nýlegri bók frá árinu 2011 telur hann að nú sé sá tími upp runninn að trúarbrögð verði leyst undan því að standa við hlið valdsins í veröldinni og leggur áherslu á gildi þess að mætast í gagnkvæmri *túlkunarfræðilegri gestrisni* sem geti fært veröldinni

159 Vert er að vita að þessi bók Volfs er skrifuð í samhengi við hörmungar stríðsins á Balkanskaga á 10. áratug síðustu aldar. Hann leggur til að við slökum á í leitinni að hinu mikla réttlæti en leitum eftir friðuðum svæðum og vopnahléum, sniðmengjum og sáttmálum milli hefða og menningarheima. Við erum *bundin sjálf* (e. encumbered selves), hefðir eru óumflýjanlegar. Meira að segja frjálslyndisstefnan sem frelsa átti frá hefðum er orðin að hefð, útskýrir Volf. Volf, *Exclusion & Embrace*, 107.

160 Volf, *Exclusion & Embrace*, 106–107.

161 Volf, *Exclusion & Embrace*, 209–210.

162 Volf, *Exclusion & Embrace*, 213.

mikilvægar leiðbeiningar í fjölmeningarmálum.¹⁶³ Eitt sem hann nefnir er það að trúin á hinn krossfesta geti falið það í sér að maður þiggi tvöfalda sýn. Að fylgja í fótspor hins krossfesta á, að hans mati, að fela í sér að við sköpum rými fyrir aðra í okkur og þá m.a. líka rými fyrir sjónarmið þeirra.¹⁶⁴ Áhugavert er að sjá að Benhabib segir sama hlut með veraldlegu tungutaki og leggur áherslu á að gagnleg samræða sem leiða kunni til aukins skilnings byggist á því að fólk sé einmitt meðvitað um eigin forsendur og hafi eignast mótaðan vilja og getu til að setja sig í spor annarra. Þar reynir á hæfni til að horfa á eigin félagshlutverk úr meðvitaðri fjarlægð (e. reflexive role-distance).¹⁶⁵

Í stað þess að mörk hins opinbera og einkalega séu notuð til að lyfta fram sjónarhornum hinna „hlutlausu“ valdhafa í samfélaginu með takmörkun orðræðunnar hefur hér verið lýst hvernig Young, Benhabib, Hollenbach og Volf mæla með virku lýðræðislegu samtali. Það merkir að öllum sé haldið ábyrgum og að umsemjanlegt jafnvægi ríki milli hins opinbera og einkalega í menningunni. Hugtak Hollenbachs, *deilt frelsi*, rúmar þessa hugsun ágætlega.

Forsenda fyrir virku lýðræði og deildu frelsi er almenn viðurkenning á þeirri staðreynd að hlutleysi er ekki til, heldur standa öll einhversstaðar og flest standa víða. Með það í huga er hér mælt með samræðu þar sem fólk setur sig hvert í annars spor eða skapar rými fyrir aðra í sér. Hugtak Volfs, *túlkunarfræðileg gestrisni*, nær utan um þá hugsun.

Taka má dæmi úr reykvískum veruleika um iðkun á deildu frelsi og túlkunarfræðilegri gestrisni: Þegar skólahald hefst í Norðlingaskóla er starfsvenjan sú að kennarar gera boð á undan sér á heimili nemenda í því skyni að boða þau til náms með stuttri heimsókn. Tveir og tveir ganga

163 Volf, *A Public Faith*, 135–137.

164 Volf, *Exclusion & Embrace*, 214–215.

165 Benhabib, *Situating the Self*, 73–74.

kennarar á milli heimila og hefja skólastarfið við eldhúsbordið með barninu í boði foreldra. Þannig er einkasviði barnsins sýnd athygli og virðing (túlkunarfræðileg gestrisni) um leið og áréttað er að þau persónulegu gæði sem í menntun felast byggjast á samfélagsgæðum (deilt frelsi).¹⁶⁶

3.3 Hagsmunir í stað réttlætis

Nú hafa tveir annmarkar nútímahugsunar verið tífundaðir hvor í sínum kafla, innbyggður skortur á vistkerfislæsi annars vegar og skortur á félagslegu innsæi hins vegar sem stafar af stækri aðgreiningu hins opinbera og einkalega með þeim afleiðingum að almenningur finnur sig jaðarsettan. Þriðja umkvörtunaratríðið varðar einnig skort á félagslegu innsæi og tengist afleiðingum þess þegar hinu opinbera rými er veittur forgangur á kostnað hins einkalega.

Framar var gerð grein fyrir því hvernig kenning Rawls um réttlæti sem sanngirni opnaði á réttlætishugtakið innan frjálslyndrar stjórnspeki og með hvaða hætti Sen og Nussbaum leitast við að bæta um betur með getunálgun eða virknikenningum í stað stofnanakenninga.¹⁶⁷ Einn vandinn sem við þessum fræðimönnum blasti virðist mér sá að ef við höldum of fast í nútímalega heimsmynd og mannskilning, þá stefnir í óefni í heiminum. Ef við skilgreinum jörðina sem hráefni til afnota og manninn sem helsta dýrmæti heimsins, og ef við auk þess horfum á manninn í grunninn sem einyrkja án tengsla, þá virðist ógildishlaðið almannarými, þar sem orðræðan er takmörkuð við hagsmuni og réttindi, fín hugmynd. En hvernig væri slíkur heimur?

166 Samkv. samtali við Sif Vígbórsdóttur skólatjóra Norðlingaskóla, á fundi með starfsfólki skólans 22. 8. 2019.

167 2. kafli.

Mary E. Clark varpar gagnlegu ljósi á hið opinbera og einkalega svið út frá greiningu á mannlegum frumþörfum.¹⁶⁸ Raunar snýst rannsókn hennar um það að gagnrýna viðteknar hugmyndir um manneðlið í vest-rænni menningu sem hún álitur að mannkyni og öllu vistkerfi jarðar stafi bein ógn af og verði nauðsynlega að leiðrétta ef ekki eigi illa að fara.¹⁶⁹ Af mörgum atriðum sem hún dregur fram í því sambandi vegur þyngst að hún telur mannskilning Vesturlandabúa mótast af þeirri nauðhyggju að innst inni sé manneskjan óhjákvæmilega eigingjörn og sjálflæg, og þess vegna sé hegðun hennar fyrirséð að ýmsu leyti. Hún andmælir þessu viðhorfi og leitar víða fanga í því skyni, m.a. í atferlissrannsóknnum á prímtötum, genarannsóknnum, rannsóknnum á heila manna og prímata, fornleifarannsóknnum, sagnfræði, félagslegum könnunum af ýmsu tagi, þekkingu á samningatækni o.fl. Niðurstaða hennar er sú að greina megi þrenns konar sammennskar frumþarfir eða tilhneigingar: í fyrsta lagi þörfina fyrir tengsl, í öðru lagi þörf fyrir sjálfræði og loks þörf fyrir merkingu eða tilgang.¹⁷⁰ Af þessum þremur frumþörfum manna álitur Clark einungis þörfina fyrir merkingu vera sérmennska, en þörf manna fyrir tengsl og sjálfræði álitur hún okkur eiga sameiginlega með ýmsum öðrum skepnum, þar á meðal frændum okkar prímtötum.¹⁷¹ Í stuttu máli

168 Clark, *In Search of Human Nature*, 58.

169 Clark, *In Search of Human Nature*, 93–95.

170 Clark, *In Search of Human Nature*, 58.

171 Heili manna hefur þróast með þeim hætti, að mati Clark, að hann er sífellt að búa til merkingu. Hann safnar saman allra handa reynslu og leitast við að raða henni saman í merkingarbærar heildir svo að til verði sögur. Heili mannsins er „sagnalíffæri“, segir Clark, og það eru sögurnar sem við segjum, allar merkingarbæru frásagnirnar sem tungumálið gerir okkur fært að tjá, sem valda því að menn geta lifað í samfélögum og fundið lífi sínu tilgang. Félagssleg þátttaka mannhugans á að hennar mati forsendur sínar í því að við fæðumst inn í heiminn með opinn huga sem er reiðubúinn að mótast af reynslu. Eigi heili nýburans að mynda þær tengingar

er mannskilningur Mary Clark sá að manninum sé eðlilegt að *leita tilgangs* með lífi sínu og í þeim efnum sé hann háður *öruggum tengslum* svo að hann geti þróað með sér *nauðsynlegt sjálfræði*.¹⁷²

Í raun er Clark að benda á það sama og vakir fyrir Sen og Nussbaum; þörf manna fyrir það að eiga siðferðilega viðunandi líf. Það er það sama og að hafa getu til að gera og vera eitthvað sem skipti mann máli, svo notað sé orðalag Sens. Manninum nægir ekki að *gera*. Sjálfsforræði er ekki nóg. Né heldur nægir honum að *vera*. Tengsl eru ekki nóg. Fólk þarf hvort tveggja í senn, að gera og vera, hafa sjálfsforræði og örugg tengsl, eigi það að sjá merkingu eða tilgang með lífi sínu.

Hvernig væri heimur hins algilda almennarýmis? Heimur hreinræktadrar nútímahugsunar þar sem jörðin væri bara hráefni handa manninum sem hefði fullkomið sjálfræði sem einyrki? Það væri heimur afdráttarlausra hagsmuna þar sem réttlæti kæmi ekki við sögu. Heimur þar sem allt væri hægt að gera en engin leið að vera. Merkingarlaus heimur. Siðvana veröld.

Í þessu samhengi er áhugavert að rifja upp dæmisögu sem varpar ljósi á það að án sjálfræðis eru tengsl jafnframt lítils virði. Sagan er um mann sem vaknar einn í húsi sínu. Maki hans og börn eru í burtu og hann ákveður að hringja sig inn veikan í vinnunni, draga fyrir alla glugga, hafa ekki samband við neinn en njóta þess að vera einn heima hjá sér. Daginn

sem gera honum fært að lifa til langframa er hann háður tvennu: Öruggum nærandi tengslum, svo að tilfinningalíf hans þróist vel, og hæfilegum tækifærum til að öðlast reynslu sem eflir með honum sjálfræði eftir því sem þroski hans gefur tilefni til á hverju vaxtarskeiði. Og alla okkar tíð erum við háð því að varðveita tengsl okkar og sjálfræði sem lifandi manneskjur, að mati Clark. Telur hún okkur þurfa á margskonar tengslum að halda sem styrki vitund okkar um eigið gagn og gildi, allt frá nánnum ástartengslum til félagslegrar þátttöku sem þegnar í þjóðfélagi. Það sama álitur hún gilda um sjálfræðið, allt frá þeim degi að við lærðum að ganga óstudd séum við að efla frelsi okkar og vitund um eigin getu. Clark, *In Search of Human Nature*, 158–159.

172 Clark, *In Search of Human Nature*, 236–237.

eftir skuli hann svo fara til vinnu eins og ekkert hafi í skorist. Sem hann gengur að útidyrum til að sækja blaðið sér hann miða sem settur hafði verið inn um lúguna og á honum stendur nafnið hans með eftirfarandi skilaboðum: Í dag skalt þú hringja þig inn veikan í vinnunni, draga fyrir alla glugga og hafa ekki samband við neinn. Á morgun ferðu til vinnu eins og ekkert hafi í skorist. Ef þú gerir þetta munt þú sjá fjölskyldu þína aftur. Annars ekki.

Hver er munurinn á kjörum mannsins í þessu ljósi? spyr sögumaður. Ljóst er að í stað þess að hafa með sjálfan sig að gera er maðurinn valdsviptur og það sem vera átti endurnærandi hvíld verður óttaslegin bið án atbeina og sjálfsforræðis.¹⁷³

Eigi fólk að sjá tilgang með lífi sínu þarf það hvort tveggja nægilegt sjálfsforræði og tengsl, getu til að gera og vera. Skorti annan þáttinn er hinn lítils virði.

Benhabib ber á borð gagnlega greiningu á nútímamanninum sem varpar ljósi á mikilvægi þess að jafnvægi ríki milli hins opinbera og einkalega þáttar. Annars vegar er maðurinn *hinn almenni annar* (e. the generalized other), þ.e. persóna stödd á opinbera sviðinu þar sem lög og reglur gilda og mikilvægt er að njóta almennrar virðingar. Hins vegar er maður líka *hinn sértæki annar* (e. the concrete other), þ.e.a.s. persóna í sérleik sínum og berskjöldun, háð samlíðan samferðamanna sinna, með sitt tungumál, menningu, sögu, trú og önnur tengsl. Sé áhersla samfélagsins öll á hið hlutlausa opinbera rými þar sem tengslalausir einyrkjar reka sína hagsmuni eftir leikreglum hins einfalda skiptaréttlætis mun hinn sértæki annar, persónan í sinni staðsettu raunveru, hverfa í skuggann og rödd hennar hætta að heyrast. Hinn almenni annar tekur yfir og hið siðferðilega

173 Þessa sögu las ég fyrir nokkrum árum og tel hana vera úr smíðju Amartya Sen, þótt mér hafi ekki tekist að hafa upp á frumheimildinni. Hún stendur sjálf fyrir sínu, hvaðan sem hún annars er runnin.

sjálf mun birtast sem einhverskonar óstaðsett og ólíkömnuð vera á hinu opinbera sviði. Því við þessar hefðbundnu móðernísku aðstæður reynist hinn almenni annar jafnan, þegar upp er staðið, vera hvítur fullveðja karl sem á eignir eða er alltént menntaður!¹⁷⁴

Young nefnir dæmi um það hvernig réttlætishugtakið hafi verið leyst af hólmi í vestrænum samfélögum en hagsmunahugtakið sett á stall með þeim afleiðingum að mannleg samskipti eru í raun skilgreind sem tóm viðskipti. Hún lýsir því hvernig hugmyndin um hlutlaust almanna-rými og hinn hlutlausa sjónarhól hafi verið færð yfir á ríkisvaldið, sem að sama skapi hafi tekið að standa í lausbundnari pólitískum tengslum við almenning, sem aftur hafi í raun útvistað siðferðislegum rétti sínum til sjálfstjórnar í hendur embættismönnum hins opinbera sem taka skuli ákvarðanir um hagsmuni almennings frá meintum óhlutlægum sjónarhóli.¹⁷⁵ Afleiðingin er m.a. sú að í stað þess að menn haldi hver öðrum ábyrgum á hinu pólitíska sviði með tilvísunum til réttlætis, taka stjórnsmál að snúast um hagsmunagæslu þar sem kerfisbundið er forðast að ræða um raunveruleg gildi. Réttlæti hefur þá ekki lengur það inntak að efla fólk og styrkja, heldur leggur hið hagsmunavædda samfélag til réttlætishugtaks sem einskorðast við að hið opinbera deili skiptanlegum gæðum með jafnræðisregluna að vopni. Og í stað þess að líta svo á að tengslin milli hins opinbera og borgaranna séu byggð á gagnkvæmri ábyrgð þar sem fólk líti á sjálft sig sem sjálfstæða gerendur með sköpunarkraft og vilja er fólk smættað niður í að vera fyrst og fremst neytendur og eigendur með langanir og hagsmuni.¹⁷⁶ Í slíku samfélagi eru „hin lánsömu“ þau sem eiga þess kost að versla á markaðnum, en í raun er þorri almennings

174 Benhabib, *Situating the Self*, 152–157.

175 Young, *Justice and the Politics of Difference*, 92.

176 Young, *Justice and the Politics of Difference*, 88–89.

jaðarsettur þar sem lífsgildum fólks og öðrum einkennum er ýtt til hliðar sem óþarfa farangri.

Benhabib vekur athygli á því að öll barátta gegn kúgun í nútímanum hefjist á því að endurskilgreina eitthvað sem áður var talið einkamál sem málefni almennings. Eitthvað sem álitid var óopinbert og ópólitískt er þá skilgreint sem réttlætismál sem taka skuli til umræðu. Hvort heldur rætt er um kvenfrelsi, friðarmál, umhverfismál eða hvað annað eru rökin ætíð þessi sömu og rekast jafnan á hugmyndina um takmörkun orðræðunnar í hinu frjálsslynda og hlutlausa samfélagi þar sem stjórn mála- og embættismenn eru í hlutverki fagfólks en almenningur í hlutverki neytenda, áhorfenda og hagsmunaaðila.¹⁷⁷

Hollenbach bendir í þessu sambandi á hvernig hugtakið um almanna-hag (e. common good) er markvisst sniðgengið í opinberri orðræðu þegar talað er um velferð fólks en fremur stuðst við hugtakið *almannahagsmuni* (e. public interest). Telur hann þetta gert í því skyni að forðast þá gildis-hleðslu sem fólgin sé í notkun hugtaksins *almenn-ingur* (e. the common). Frekar en að vísa til sameignar er þannig vísað til hagsmuna. Um leið fellur út hinn þykki og ríki skilningur á *almenn-ingnum* sem er innifalinn í hugsun margra þeirra höfunda sem mótuðu hugmyndina um almanna-hag áður en nútíminn kom til sögunnar. En sumt er aðeins hægt að eiga með öðrum, af því að náttúra og samfélag leiðir fram margvísleg gæði (og bö) sem annars eru ekki fyrir hendi. Telur hann samfélagslega nauðsyn að bera kennsl á slík gæði og geta rætt þau.¹⁷⁸

177 Benhabib, *Situating the Self*, 100–101.

178 Hollenbach, *The Common Good & Christian Ethics*, 7–10. Í þessu samhengi nefnir Hollenbach þriðja hugtakið, almanna-gæði (e. public good) sem gjarnan sé notað í því skyni að námunda almannahagshugtakið þegar vísa skuli til gæða sem annað hvort eru handa öllum eða engum, svo sem hreint loft, fallett sólarlag, félagsauður og tungumál samfélaga.

Áhugaverð er í þessu sambandi greining Hollenbachs á borgarsamfélagi nútímans sem hann telur þróast í þá átt að fólk með svipað yfirbragð, neyslumynstur og frístundalíf búi á sömu svæðum, versli á sömu stöðum og sendi börnin sín í sömu skóla. En á sama tíma séu þó allir á eigin vegum. Innan *lífsstílssvigans* er fólk frjálst, öruggt og umburðarlynt, gerir það sem það vill, á öruggt líf, heilsast kunnuglega en enginn er öðrum háður og samskiptin eru grunn. Þannig er lífsstílssvigi nútímans ekki beinlínis samfélag, heldur klúbbur, að mati Hollenbachs, þar sem áþekkt fólk rekst hvað á annað og deilir *neyslu* sinni og *áhugamálum* en það deilir ekki *reynslu* sinni eða *gildum*.¹⁷⁹

Í því skyni að draga saman einhverjar útlínur mætti segja að á meðan hið opinbera svið varði sjálfsforræði manna og þörf okkar fyrir að „gera“, þá sé einkasviðið vettvangur mannlegra tengsla eða þarfar okkar fyrir að „vera“. Á því opinbera birtist hinn almenni annar en á einkasviðinu er maðurinn hinn sértæki annar. Eigi líf manna að hafa merkingu, eða m.ö.o. vera siðferðilega fullnægjandi, þarf jafnvægi að ríkja milli sviðanna tveggja. Því er mikilvægt að hverfa frá ofuráherslu frjálslyndrar nútímahugsunar á hið opinbera svið en leggja áherslu á *samhengið* milli hins opinbera og einkalega. Skal nú hugað að tillögum í því sambandi.

3.3.1 Valdeflandi réttlæti

Í þessum kafla verður hugtakið *valdeflandi réttlæti* fengið að láni hjá Young og útskýrt hvernig megi nýta það sem túlkunarramma þegar lýsa skal samhengi milli hins opinbera og einkalega. Jafnframt verður stuðst við útskýringu Benhabib á hinum *almenna* og hinum *sértæka*.

Frá sjónarmiði hins *almenna annars* segir Benhabib nauðsynlegt að við lítum á hvert annað sem einstaklinga hafandi sambærileg réttindi og skyldur. Þannig alhæfum við hvert um annað og gerum ráð fyrir að

179 Hollenbach, *The Common Good & Christian Ethics*, 32–38.

hver persóna hafi tilteknað þarfir, þrár og tilhneigingar (e. affects). Frá þessu boðandi sjónarmiði eru það *virðing og gagnkvæmt jafnræði* sem ráða skulu tengslum okkar. Með því að ég kem fram við þig af virðingu og gagnkvæmu jafnræði staðfesti ég mannréttindi þín og á um leið réttmæta kröfu til hins sama af þér.

Frá sjónarmiði hins *sértæka annars* telur hún okkur aftur skylt að líta hvert á annað sem einstaklinga sem eigi sína sögu, sínar tilfinningar og sjálfsmynd sem bæði er einstaklingsbundin og tengd hópvitund sem geti jafnvel átt tilvísun í ólíka hópa. Þegar við tökum okkur þetta sjónarhorn setjum við í sviga þá þætti sem eru sameiginlegir en horfum á sérstöðu persónunnar. Þá eru það viðmið *jafnræðis og gagnkvæmni þar sem hver bætir annan* (e. equity and complementary reciprocity) sem gilda. Með því að ég mæti þér í því ljósi að það sem gerir okkar ólík sameini fremur en sundurgreini, staðfesti ég ekki aðeins mennsku þína, heldur ekki síður sérleika þinn sem einstaklings.

Á opinbera sviðinu snýst virðingin að mati Benhabib um að játa *sammennsku* allra. Á einkasviðinu varðar samlíðun það að vera vitni að og samþykkja *sérleika* hvers og eins. Hún setur þetta fram með tvennskonar hætti:

- Ef ég viðurkenni að þú eigir tilkall til réttinda af þeirri ástæðu einni að þú ert líkur mér er ég um leið að hafna *sérleika* þínum sem persónu.
- Ef ég viðurkenni ekki tilkall þitt til réttinda vegna þess að þú sért mér svo ólíkur, þá er ég að hafna *sammennsku* okkar.¹⁸⁰

Benhabib leggur því til að hin almenna og sértæka afstaða til mannsins takist á í opinberri samræðu og bæti hvor aðra upp í stað þess að hið opinbera og almenna sé tekið fram yfir hið einkalega og sértæka. Ef sjónarhorn hins almenna annars tjáir viðmið *virðingar*, þá snýr sjónarhorn hins

180 Benhabib, *Dignity in Adversity*, 68.

sértæka annars að *samlíðun*.¹⁸¹ Benhabib tekur dæmi af ekkju frá Ekvador eða Ghana sem misst hefur mann sinn í átökum glæpagengja og skilur börnin sín þrjú eftir í höndum aldraðrar ömmu og velviljaðrar frænku í því skyni að komast yfir landamærin til Arizona eða yfir Miðjarðarhafið til Ítalíu til að finna börnum sínum lífsviðurværi.

Getum við skilið að þessi kona er ekki glæpamaður, heldur einhver sem á tiltekna sögu, tiltekna þarfir, þrár og óskir líkt og þú og ég? Getum við fundið samstöðu í sjálfum okkur til þess að glæpavæða (e. criminalize) hana ekki heldur hjálpa henni að fá boðlega vinnu? Getum við fundið hjá okkur hvöt til að fjárfesta í landi hennar með þeim hætti að hún hafi möguleika á að hjálpa sjálfri sér og börnum sínum?¹⁸²

Innflytjandinn, flóttamaðurinn og útlendingurinn eru að mati Benhabib fulltrúar þeirra sem mest reynir á í samtímanum að umgangast ekki einhliða sem hinn almenna annan, heldur finna leiðir til að sjá þau sem sértæk önnur. Frá sjónarmiði hins almenna eiga þau að njóta virðingar en frá sjónarmiði hins sértæka þarf samlíðun samfélagsins að snúa að þeim.¹⁸³

Í stað hins einfalda skiptaréttlætis móðerníska almannarýmisins sem einskorðað er við hið opinbera svið hefur Young smíðað réttlætishugtak sem í raun rammur vel inn það sem hér er haft eftir Benhabib. Young ræðir um *valdeflandi réttlæti* og skilgreinir það svo:

Þær stofnanalegu aðstæður sem gera öllum kleift að læra og nota fullnægjandi hæfni (e. satisfying skills) í félagslega viðurkenndum að-

181 Benhabib, *Dignity in Adversity*, 69–70; Benhabib, *Situating the Self*, 158–159.

182 Benhabib, *Dignity in Adversity*, 193.

183 Benhabib, *Dignity in Adversity*, 192–193.

stæðum, taka þátt í ákvörðunum og tjá tilfinningar, reynslu og viðhorf opinberlega í samhengi þar sem aðrir geta hlustað.¹⁸⁴

Með þessari skilgreiningu á valdeflandi réttlæti er haldið á loft jafnvægi milli hins opinbera og einkalega og horft til þess að persónur hafi getu til að gera og vera eitthvað sem skipti þau máli,¹⁸⁵ fái notið sjálfræðis og öruggra tengsla¹⁸⁶ eða m.ö.o. að hinn almenni og sértæki annar fái notið sín í gagnháðum tengslum.¹⁸⁷ Þannig virðist hugtakið *valdeflandi réttlæti* geta þjónað sem hentugur túlkunarrámmi þegar lýsa skal samhengi milli hins opinbera og einkalega í samfélagi manna.

3.3.2 *Samantekt*

Hér hafa verið fengnir að láni túlkunarrámmar frá ólíkum fræðimönnum og þeir nýttir til að draga upp mynd sem varpar ljósi á vissan samskilning í fræðilegri orðræðu á sviði stjórnspeki (sjá mynd 1 á næstu síðu). Hið opinbera er annars vegar og hið einkalega hins vegar. Þörfin fyrir sjálfræði kallast á við þörfina fyrir tengsl¹⁸⁸ og það að „gera“ speglast í því að „vera“.¹⁸⁹ Á þeim pólnum sem tilheyrir opinbera rýminu, þar sem sjálfræðið og það að „gera“ er ríkjandi þörf, er hefðbundið skiptaréttlæti helsta nálgunin við sanngirnina. Á hinum pólnum sem tilheyrir einkarýminu, þar sem tengslin milli manna og það að „vera“ skiptir mestu, er einfalt skiptaréttlæti ekki fullnægjandi, heldur þarf að viðhafa sanngirni sem tekur til

184 Young, *Justice and the Politics of Difference*, 91.


185 Sbr. Sen.

186 Sbr. Clark.

187 Sbr. Benhabib.

188 Sbr. Clark.

189 Sbr. Sen.



Mynd 1: Samskilningur nokkurra fræðimanna á sviði stjórnspeki.

fleiri þátta en skiptanlegra gæða; valdeflandi réttlæti.¹⁹⁰ Þegar þessir tveir pólur uppfylla hvor annan í gagnvirku samspili, þannig að jafnvægi ríkir milli áherslunnar á hinn almenna annan og sértæka annan,¹⁹¹ eru auknar líkur á að fólk telji sig lifa lífi sem það hafi ástæðu til að meta gott,¹⁹² finni tilgang með tilveru sinni¹⁹³ og lifi við farsæld. Það merkir að fólk telji sig hafa ástæðu til að líta svo á að líf þess sé siðferðilega gott.¹⁹⁴

190 Sbr. Young.

191 Sbr. Benhabib.

192 Sbr. Sen.

193 Sbr. Clark.

194 Hafa skal í huga að ef farsæld er skilgreind sem félagslega inngilding (e. inclusion) og fátækt sem félagsleg útilokun með þessum hætti, þá er farsæld og fátækt á sama tíma orðin siðferðilegt málefni. Þessi skilgreining nær sem sé í raun yfir *fátækt sem félagslega útilokun og siðferðisvanda*.

3.4 Þröngt hagvaxtarhugtak — Nýklassísk hagfræði

Fjórða málefnið sem hér skal rætt og varðar vangetu nútímahugsunar til að bera kennsl á samhengi er *hið þrönga hagvaxtarhugtak* nýklassískrar hagfræði. Í raun hlýtur hagvaxtarhugtakið að ráðast af hugmyndum okkar um eðli fátæktar og þar með farsældar. Ef við gefum okkur móderníska einstaklingshyggju og mannmiðlægni að forsendu, ef við lítum á manninn sem einyrkja og hagsmunaaðila og sjáum efnisheiminn sem hráefni handa honum, ef áherslan í menningunni er að auki á hið opinbera rými á kostnað einkarýmisins með þeim hætti sem að framan hefur verið lýst, þá er gott líf ekki til beinnar umræðu, heldur takmarkast orðræðan við einfalt skiptaréttlæti og jafnræðisreglu með hugsanlegri tilvísun til brauðmolakenningarinnar.¹⁹⁵

Í inngangi var skilningur á fátækt greindur í sex liðum: (1) hyskni, (2) efnislegur skortur, (3) skortur í samanburði við aðra, (4) félagsleg útilokun, (5) siðferðisvandi og (6) vistkerfisvandi. Fyrsta skilgreiningin er í raun burt-skýring á fátækt. Hún snýst um það að velta ábyrgðinni á fátæktinni yfir á hina fátæku sjálfa í orði en fjallar hvorki um efnahagslegt né félagslegt samhengi fátæktar. Sem slík varðar hún ekki heldur hagvaxtarhugtakið. Hinar fátæktarskilgreiningarnar fimm fela hins vegar í sér skilgreiningar á eðli hagvaxtar.

Þegar rætt er um fátækt sem efnislegan skort má líta til þess að í Bandaríkjunum gildir enn þá sama opinbera fátæktarviðmiðið sem komið var á árið 1960. Þetta viðmið byggist á mældri innkomu fjármagns sem borin er saman við raunkostnað tiltekinna frumþarfa sem óumdeilt er að allt fólk þurfi til að viðhalda lífi sínu; fæði, klæði og húsnæði.¹⁹⁶ Skilgreiningin á fátækt sem efnislegum skorti fellur að hinu þrönga hagvaxtarhugtaki sem hér er gagnrýnt. Lengi hafa menn þó gert sér grein fyrir því að veruleiki

195 Með orðasamhenginu *þröngt hagvaxtarhugtak* er hér átt við þá hugmynd að hagvöxtur sé einfaldlega það sama og aukið fjárstreymi í tilteknu hagkerfi.

196 Nolan og Whelan, *Poverty and Deprivation in Europe*, 12.

fátæktar á sér fleiri hliðar en hinar efnislegu frumþarfir manna. Fræg eru ummæli Adams Smiths í *Auðlegð þjóðanna* um gildi þess að geta borið sig vel á almannafæri með því t.d. að eiga skyrta til að klæðast. Þannig lýsti Smith um miðja 18. öld því sem allir vita, að efnislegur skortur og félagslegar þrengingar ganga iðulega hönd í hönd í veruleikanum. Þótt almennt samkomulag ríki nú í fræðilegum fátæktarrannsóknum (einkum í Evrópu) þess efnis að rétt sé að viðurkenna hina afstæðu þætti, þá er lítið samkomulag um það hver viðmiðin skuli vera.¹⁹⁷

Árið 1979 lagði félagsfræðingurinn Peter Townsend fram skilgreiningu á fátækt sem skorti í samanburði við aðra (e. deprivation), en það hefur orðið lífsseigt viðmið í evrópskum rannsóknum og stefnumótun í þessum efnunum:

Telja má að fólk lifi við skort njóti það ekki þess fæðis, klæðnaðar, húsnæðis, innbús, orkugjafa, umhverfis, menntunar, vinnu- og félagsaðstöðu, virkni og verkfæra sem eru viðtekin eða alltént samþykkt og mælt með í því samfélagi sem það tilheyrir.¹⁹⁸

Segja má að víðtækt samkomulag ríki um þá skoðun sem skilgreining Townsends miðlar, að fólk sé fátækt ef það hefur ekki efni á þeim lífsgæðum sem þykja eðlileg í því samfélagi sem það tilheyrir. Samkvæmt skilgreiningu hans snýst fátækt ekki aðeins um skort á lífsnauðsynjum, líkt og bandarísku fátæktarviðmiðin gera ráð fyrir, heldur einnig um að halda í við lífsgæði samfélagsins.¹⁹⁹ Ef við samþykkjum að hagar fólks varði fleira en einberan efnaskort og þurfi alltént að skoðast í samanburði við annað

197 Nolan og Whelan, *Poverty and Deprivation in Europe*, 13.

198 Nolan og Whelan, *Poverty and Deprivation in Europe*, 12 og 32.

199 „Félagsvísar: Skortur á efnislegum lífsgæðum 2004–2013“, 2.

fólk, nær hefðbundið þröngt hagvaxtarhugtak ekki lengur utan um hugmynd okkar um farsæld og fátækt.

Í inngangi var því lýst að þriðja fátæktarskilgreiningin, *fátækt sem félagsleg útilokun*, fjalli um fjölþætta hagsmuni fólks sem skoðaðir séu með hliðsjón af (1) tengslum í (2) tíma og (3) rúmi. Skilgreining Gustafsons á manninum sem þátttakanda í formum og ferlum lífs á jörð, þar sem allt er tengt og hvað öðru háð, varðar skilning okkar á fátækt ekki síður en mannskilning, því að þarna er litið á manninn sem háðan eða berskjaldaðan í gagnvirkum tengslum innan forma og ferla veruleikans. *Form* vísa til rýmis og umhverfis, *ferli* vísa til tíma og þróunar og *gagnkvæmt hæði* vísar til mannsins sem tengslaveru. Ef maðurinn er skilgreindur sem hluti af rými sínu og umhverfi en ekki bara sem stakur gerandi (rými), ef horft er á hann í ljósi þeirra breytinga og þróunar sem á sér stað í ferli tímans en ekki einungis sem kyrrstöðumynd þegar „mæling fór fram“ (tími), og sé hann skilinn sem tengslavera fremur en einfaldur hagsmunaaðili á eigin vegum (tengsl), þá varðar hagvöxtur fleira en hreinan efnislegan skort eða skort í samanburði við aðra. „Tillögur að úrbótum“²⁰⁰ varða þá líka fleira en einfalt skiptaréttlæti (e. distributive justice) nýklassíska efnahagsmódelisins.

Hér vil ég horfa til greiningar Amartya Sen sem gagnrýnir hið þrönga hagvaxtarhugtak og ber fram vinnutilgátu að lausn fátæktarvandans. Annars vegar fjallar hann um *nytja- og úrræðanálgun* (e. utility-based and resource-based approaches) sem kallast á við hugtakið skiptaréttlæti og hins vegar *getunálgun* (e. capability approach) sem hann mælir með.²⁰¹ Í stað þess að horfa á efnisleg frumgæði og skilgreina fátækt sem skort á þeim²⁰² eða sem skort á úrræðum í samanburði við aðra,²⁰³ þá bendir Sen

200 Sbr. aðferð Stevensons og Habermans, *Ten Theories of Human Nature*, 9.

201 Sen, *The Idea of Justice*, 231.

202 Sbr. fátæktarskilgreiningu nr. 2.

203 Sbr. fátæktarskilgreiningu nr. 3.

á það að frumgæði og önnur úrræði séu ekki annað en leiðir að markmiðum.²⁰⁴ Markmiðið er að hans dómi alltaf frelsi persónunnar eða geta hennar til að eiga líf sem hún telur sig hafa ástæðu til að meta gott²⁰⁵ eða frelsið til að gera og vera eitthvað sem skipti mann máli.²⁰⁶ Þannig má segja að í stað þess að blína á *lífsúrræðin* með einfalt skiptaréttlæti í huga vilji Sen horfa til raunverulegra *lífstækifæra* manna með getunálgun í huga.²⁰⁷

Hagvaxtarhugtak Sens varðar ekki einungis viðurkenningu á fjölþættum hagsmunum fólks með hliðsjón af *tengslum* í *tíma* og *rúmi*, heldur er þar lögð fram krafa um merkingu sem er siðferðilegs eðlis. Samkvæmt því væri t.d. ekki um hagvöxt að ræða þótt allt flyti í gæðum á Íslandi og stærstur hluti landsmanna nyti tilveru sinnar í efnislegu og félagslegu samhengi ef forsenda uppgangsins væri þrælkun á erlendu fólki. Getunálgun Sens nær því ekki einvörðungu utan um fátækt sem félagslega útilokun þar eð nálgun hans felur einnig í sér gildishlaðna áherslu á frelsi persónunnar og tilgang lífsins. Þannig skilgreinir hún fátækt sem siðferðisvanda.²⁰⁸

Heimspekingurinn Ólafur Páll Jónsson heldur líka á loft siðferðilegu fátæktar- og hagvaxtarhugtaki þegar hann fullyrðir að sérhver mælikvarði á lífskjör sem standi undir nafni verði að vera næmur á réttlæti. Hann

204 Sen, *The Idea of Justice*, 233–234.

205 Sen, *Development as Freedom*, 85 og 285.

206 Sen, *The Idea of Justice*, 231–232.

207 Raunar er hugtakið skiptaréttlæti býsna margslungið og því slæ ég þann varnagla að tala um *einfalt* skiptaréttlæti þegar ég stilli því upp við hlið getunálgunar Sens. Síðar mun ég gera grein fyrir samtali Sens við heimspekinginn John Rawls sem heldur ótrauður fram hugmyndinni um skiptaréttlæti (e. distributive justice) sem hann skilgreinir með öðrum hætti en það sem hann kallar *réttláta dreifingu gæða* (e. allocative justice) um leið og hann er meðvitaður um það að ólíkt fólk hefur ólíka getu við ólíkar aðstæður til að breyta úrræðum í gæði. Sjá: Ólafur Páll Jónsson, *Skiptaréttlæti*, 227–229.

208 Sbr. fátæktarskilgreiningu nr. 5.

fullyrðir að lífskjör einstaklings geti batnað með auknu réttlæti jafnvel þótt aðgangur hans að efnislegum gæðum skerðist. Þær upplýsingar sem skipta máli til að meta lífsgæði eru, að hans mati, ekki aðeins upplýsingar um stöðu einstaklinga í samfélaginu, efnislegar kringumstæður þeirra, mat borgaranna á eigin stöðu o.s.frv., heldur einnig almennar upplýsingar um gerð samfélagsins, grunnstofnanir þess og virkni. Hann telur að umræða um lífskjör feli m.a. í sér siðferðilegt mat á þeirri velferð sem fólk býr við. Velferð okkar getur þá skerst með tvennum hætti, annars vegar með því að við höfum minna á milli handanna eða að félagsleg gæði fólks skerðist, sbr. fátækt sem félagsleg útilokun, og hins vegar með því að við göngum á rétt annarra, t.d. komandi kynslóða með því að lifa með ósjálfbærum hætti. Ef lífsstíll minn grundvallast á yfirgangi, þá er líf mitt, að mati Ólafs Páls, ekki gott að því marki sem það byggist á yfirgangi, hversu þægilegt sem það annars kann að vera.²⁰⁹

Hér snertir Ólafur Páll á sjöttu skilgreiningunni, *fátækt sem vistkerfisvanda*.²¹⁰ Sjötta og síðasta fátæktarskilgreiningin felur í sér að horfið er frá mannmiðlægri heimsmynd og mannskilningi yfir í lífmiðlegan skilning. Framar var minnst á hina grísku rót enska hugtaksins economics; *oikonomia*, sem í hrárrí þýðingu merkir hús-lög. Hagfræði varðar samkvæmt því málefni „hússins“ sem er vistkerfið sjálft. Vistfræðileg hagfræði (e. ecological economics) varðar lögmál lífsins á jörðinni og viðgang vistkerfisins. McFague útskýrir að vistræn hagfræði fjallar um hagvistkerfisins og miðar að honum. Nýklassísk hagfræði talar hins vegar um hagsmuni fárra og miðar að honum. Sú fyrri gerir ráð fyrir því að menn séu tengdir og hver öðrum háðir og þurfi hver á öðrum að halda til að komast af og dafna. Sú síðari gengur út frá því að maðurinn sé í grunninn tengslalaus og sjálfselskur og fari hann að því eðli sínu muni það á

209 Ólafur Páll Jónsson, „Lífskjör og réttlæti“, 219 og 227.

210 Sbr. fátæktarskilgreiningu nr. 6.

endanum skapa gróða fyrir allt kerfið. Vistræn hagfræði byggist á bestu náttúruvísindalegu þekkingu okkar um leið og hún samrýmist almennum þáttum kristinnar guðfræði sem fyrr hafa verið reifaðir. Nýklassísk hagfræði grundvallast á mjög þröngu heimildavali sem leiðir af sér óviðunandi heimsmynd og mannskilning að mati McFague.²¹¹ Undir það er tekið hér.

3.4.1 *Hagvöxtur sem sjálfbærni*

Á meðan hið mannmíðlæga nútímasamfélag styðst við þröngt hagvaxtarhugtak með áherslu á deiliréttlæti og jafnvægisreglu má segja að þróunin yfir í lífmíðlæga heimsmynd og mannskilning kalli á útvíkkað hagvaxtarhugtak.

Útvíkkað hagvaxtarhugtak þarf annars vegar að rúma hið opinbera og einkalega, hinn almenna annan og sértæka annan, eða þörfina fyrir að gera og vera, hafa sjálfsforræði og tengsl, líkt og teiknað var upp í skýringarmyndinni hér að framan (bls. 82). Enn fremur þarf lífvænlegt hagvaxtarhugtak að rúma hinn vistkerfislega veruleika okkar þannig að vinnutilgáturnar sem við notum byggist á sýn á manninn sem *þátttakanda í formum og ferlum lífs á jörð þar sem allt er tengt og hvað öðru háð*.²¹² Samkvæmt því er maðurinn beinn þáttur í vistkerfinu. Hagvöxtur og *sjálfbær þróun* eru þá óaðskiljanleg hugtök. Hin siðferðilega krafa um merkingu sem rædd var í 2. kafla og áherslan á að greina samhengi hluta sem hér er til umræðu er í raun sami hlutur.

Í töflu 1 má sjá helstu áhersluþætti kaflans saman tekna.

211 McFague, *A New Climate For Theology*, 36–38.

212 Gustafson, *Ethics from a Theocentric Perspective*, 145.

Tafla 1: Viðfangsefni og útlínur nýrrar hugsunar

NÚTÍMAHUGSUN	NÝ HUGSUN
3.1 Mannmiðlæg heimsmynd og mannskilningur Mannmiðlægni sem sér efnisheiminn sem hráefni og styðst við einstaklings- og eindahyggju Maðurinn sem einyrki	3.1.1 Lífmiðlæg heimsmynd og mannskilningur Lífmiðlægni studd guðmiðlægni Heildar- og tengslahyggja Maðurinn sem þátttakandi
3.2 Grætt á daginn og grillað á kvöldin Áhersla á forgang almennarýmis Hugmyndin um hlutleysið Áhersla á takmörkun orðræðunnar	3.2.1 Deilt frelsi og túlkunarfræðileg gestrisni Áhersla á gagnkvæm tengsl opinbers rýmis og einkarýmis Viðurkenning á staðsetningu allra Áhersla á samræðu, deilt frelsi og túlkunarfræðilega gestrisni
3.3 Hagsmunir í stað réttlætis Áhersla á einfalt deiliréttlæti Áhersla á hagsmuni Þröng áhersla á hinn almenna annan	3.3.1 Valdeflandi réttlæti Áhersla á valeflandi réttlæti Áhersla á almannahag Hinn almenni og sértæki annar í gagnvirku samhengi
3.4 Þröngt hagvaxtarhugtak Þröngt hagvaxtarhugtak Nýklassísk hagfræði Yfirráðahyggja	3.4.1 Hagvöxtur sem sjálfbærni Sjálfbær þróun Vistræn hagfræði Tengslahyggja

3.5 Skilgreiningar á heimsmynd, mannskilningi og fátæktaarhugtaki

Í fimmta til áttunda kafla verða rýndir fjórir mikilvægir textar. Þrír þeirra eru úr smiðju SP og sá fjórði úr smiðju páfa. Fyrri rannsóknarspurningin hljóðar svo: Hverjar eru birtingarmyndir fátækta á ríflega fjörutíu ára tímabili í alþjóðlegum, stefnumarkandi skjölum og hvernig tengjast þær hugmyndum um stöðu mannsins í síbreytilegum heimi? Greiningar-

spurningarnar fjórar varða undirliggjandi heimsmynd, mannskilning og fátæktarhugtak þessara texta með það í huga að greina ákveðna hugmyndaþróun í tímans rás.

3.5.1 *Mannmiðlægni eða lífmiðlægni*

Í sögu vestrænnar menningar má með mikilli einföldun nefna tvær meginheimsmyndir sem haft hafi sterkust áhrif síðustu aldir; hina lagskiptu heimsmynd miðalda annars vegar sem byggð var á gyðingkristnum hugmyndum um himin, jörð og hel og hins vegar manmiðlæga heimsmynd nútímans þar sem maðurinn er miðja veruleikans þótt jörð snúist um sólu. Í lífmiðlægu heimsmyndinni, sem nú ryður sér til rúms í menningu okkar, er tengslaedi veruleikans miðlægt. Þessi heimsmynd byggist m.a. á náttúruvísindalegum uppgötvunum þar sem plánetan jörð svífur utarlega í vetrarbrautinni í köldum geimi ótal annarra vetrarbrauta, og engin ástæða að ætla að maðurinn sé mark og mið veruleikans. Myndina af heiminum sem kerfi ótal vistkerfa í gagnvirkum tengslum má nefna eftirnútímalega. Áhugi minn varðar einkum það að hvaða marki megi greina útlínur mannmíðlægrar heimsmyndar og lífmiðlægrar heimsmyndar í textanum. Markmiðið er að varpa ljósi á þær breytingar á heimsmynd sem nú eiga sér stað.

3.5.2 *Einyrki eða þátttakandi*

Hér er stuðst við hugmyndir siðfræðingsins James M. Gustafson og skilgreiningar hans á mannum sem þátttakanda.²¹³ Sé þátttökuhugtakið tekið fram yfir hugmyndina um nútímamanninn sem herra jarðarinnar er það ekki án afleiðinga. Ýmsir fræðimenn hafa gagnrýnt nútímamann-

213 „Man (individual persons, communities, and species) is a participant in the patterns and processes of interdependence of life in the world.“ Gustafson, *Ethics from a Theocentric Perspective*, 145.

skilning og telja hann skilgreina manninn um of sem einyrkja en síður sem samfélagsveru. Þá er stutt í að horft sé á manninn fremur sem hagsmunaaðila á eigin vegum en sem siðveru í samfélagi.²¹⁴ Hefur verið bent á að við slík skilyrði kunni skilningurinn á manninum að verða full þunnur eða almennur þar sem lögð sé höfuðáhersla á almenn réttindi og borgaralega skyldu á kostnað gagnkvæms skilnings og samlíðunar manna í millum þar sem fjölbreytileiki sé tekinn með í reikninginn.²¹⁵ Þannig er því með ýmsum hætti haldið fram að mannmíðlægni nútímaheims- og mannskilnings gangi gegn raunverulegum hagsmunum fólks og að ónógt tillit sé tekið til almannahags (e. common good).²¹⁶

Þegar spurt verður að mannskilningi í þeim fjórum textum sem hér eru rýndir (4. kafli) er það ekki síst með þá spurn í huga hvort maðurinn í textunum sé álitinn miðlægur aðili í veruleikanum í anda nútímaheimsmyndar eða hvort greina megi eftirnútímalegan mannskilning þar sem maðurinn er álitinn þátttakandi fremur en miðdepill veruleikans. Þátttökuhugtakið er í senn skýrt og margrætt. Valkosturinn milli þess að sjá manninn ýmist sem einyrkja og hagsmunaaðila eða sem þátttakanda í samfélagi er allskýr. Sá sem er þátttakandi er hvorki aðal né auka. Hann ber ábyrgð sem þó markast af því umboði sem hann hefur hverju sinni. Þátttakandi er líka alltaf í tengslum við aðra. Um leið vísar þátttaka til frelsis; velji maður ekki að taka þátt heitir það nauðung og er engin þátttaka. Þannig felur þátttökuhugtakið í sér *tengsl* og *sjálfræði*.

Loks skal því haldið til haga að eftirnútímalegur texti sem birtir manninn sem þátttakanda í veruleikanum getur einskorðað sjónarhorn sitt við hinn félagslega þátt. Því hyggst ég jafnframt leggja mat á að hvaða

214 Young, *Justice and the Politics of Difference*, 36.

215 Benhabib, *Situating the Self*, 152–153.

216 Hollenbach, *The Common Good & Christian Ethics*, 7 og 81.

marki textar sem bera í sér eftirnútímalegan mannskilning eru lífmiðlægir og sjái manninn sem þátttakanda í vistkerfi.

3.5.3 *Sex skilgreiningar á fátæktarvanda og þrennslags úrbætur*

Lagðar hafa verið fram sex skilgreiningar á fátæktarvandanum sem liggja munu til grundvallar í þessari rannsókn. En að því leyti sem rannsóknin á fátæktarhugtaki textanna fjögurra varðar *tillögur til úrbóta* á fátæktarvandanum verður hér m.a. stuðst við skilgreiningar Sens og hugað að því að hvaða marki vinnutilgátunnar sem birtast í textunum virðast í ætt við (1) skiptaréttlæti sem einskorðast við efnislega þætti og þröngt hagvaxtarhugtak, (2) getunálgun í anda Sens eða jafnvel (3) vistræna hagfræði eins og McFague o.fl. leggja til.²¹⁷

217 Loks er rétt að vekja athygli á því að jafnvel þótt fátækt sé skilgreind sem siðferðisvandi, vegna þess að hún feli í sér skort á réttlæti, er ekki sjálfgefið að maðurinn sé skilgreindur sem siðvera, sem ekki geti lifað merkingarbæru lífi í heimi sem gegnsýrður er af fátækt. Og þótt við föllumst á að maðurinn sé siðvera, sem hljóti að leita tilgangs í sjálfræði og tengslum, er ekki þar með sagt að jörðin eða vistkerfið sé álitid siðferðilegur veruleiki sem eigi sér sína sjálfstæðu tilveru óháða mannum og hagsmunum hans. Hið guðmiðlega sjónarhorn á heim og mann gerir hins vegar ráð fyrir því.

4. Orðræða Sameinuðu þjóðanna um vistvá, þróun og fátækt

Áður en samanburðarrannókn á fyrrgreindum textum hefst skal draga upp meginlínur í orðræðu SP um sjálfbæra þróun og fátækt frá því að hún hófst fyrir alvöru á sjötta áratugnum og fram á þennan dag. Þar fléttast raddir úr háskólasamfélaginu saman við pólitíska strauma með þeim hætti að hið vísindalega sannanlega og hið pólitíska gerlega stangast gjarnan á. Jafnframt má greina breytingar í heimspekilegri hugsun og skilningi í tímans rás.

4.1 SP og Bretton Woods-stofnanirnar

Þótt sagnfræðingar hafi ritað sögu nokkurra stofnana SP, svo sem Þróunarstofnunarinnar (UNDP),²¹⁸ Matvælastofnunarinnar (WFP)²¹⁹ og Barnahjálpar SP (UNICEF),²²⁰ þá hefur saga samtakanna ekki enn verið skráð með heildrænum hætti.²²¹

218 Murphy, *The United Nations Development Programme: A Better Way?*

219 Shaw, *The UN World Food Programme and the Development of Food Aid.*

220 Black, *The Children and the Nations.*

221 Stokke, *The UN and Development: From Aid to Cooperation*, xi.

Meginheimildin í þessu sögulega yfirliti er bók þýska sagnfræðingsins Iris Borowy frá árinu 2014, *Defining Sustainable Development for Our Common Future: A History of the World Commission on Environment and Development (Brundtland Commission)*. Ýmsar aðrar heimildir verða nýttar og m.a. stuðst við 12. bindi af 15 í viðamiklu rannsóknarverkefni sem hófst árið 1999 og heitir á frummálinu *The United Nations Intellectual History Project* og er sjálfstætt framtak innan Borgarháskólans í New York (The City University of New York). Um er að ræða viðleitni til að skrifa sögu SP með skipulögðum rannsóknum á hugmyndasögu samtakanna allt frá upphafi. Rannsóknin sem hér er nýtt kom út árið 2009, unnin af norskum sagnfræðingi, Olav Stokke að nafni. Bók hans ber titilinn: *The UN and Development: From Aid to Cooperation*.

Er síðari heimsstyrjöld var lokið höfðu hagfræðingar og stjórnálmenn mestar áhyggjur af tvennu: fjármálakrísum og atvinnuleysi. Á sviði alþjóðamála má benda á þrenns konar yfirþjóðlegar stofnanir sem eiga rætur í viðleitni til að fyrirbyggja slíkan vanda.²²² Fyrst má nefna hinar svonefndu Bretton Woods-stofnanir, það er Alþjóðabankann, Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Alþjóðaviðskiptastofnunina sem eiga höfuðstöðvar í Washington.²²³ Þá eru SP með sínum margvíslegu stofnunum og nefndum sem allar heyra undir allsherjarþingið í New York. Þátttökuríkin eru nú alls 193.²²⁴ Loks er Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) sem hefur 35 þátttökulönd en aðalskrifstofu í París.²²⁵

Olav Stokke telur ljóst að Bretton Woods-stofnanirnar hafi oftast verið taldar beina sjónum að hagþróun á meðan SP hafi fremur haft augun á félagslegri þróun. Í raun hafi þessi tvö kerfi verið fulltrúar ólíkra gilda en

222 Borowy, *Defining Sustainable Development for Our Common Future*, 19.

223 Heimasíða Alþjóðabankans: www.worldbank.org/en/about.

224 www.un.org/en/ga/

225 Heimasíða OECD: www.oecd.org/about/whodoeswhat/.

embættismenn stofnana innan kerfanna hafi e.t.v. gjarnan upplifað sjálfa sig starfandi einhversstaðar á rófi milli ólíkra póla.²²⁶ Iris Borowy bendir á að á meðan Bretton Woods-stofnanirnar hafi túlkað sjónarhorn ríkari þjóða og hagsmuni markaðarins og haldið sig á hægri væng stjórnmála, þá hafi SP hugað fremur að félagslegu réttlæti og stöðu fátækari ríkja með vinstri áherslur í forgrunni. Þá telur hún OECD hafa sýnt meira hlutleysi í ágreiningsmálum, almennri samræðu og upplýsingagjöf.²²⁷

Framanaf voru þróunarmál einkum á könnu SP í samvinnu þessara stofnana og þegar Þróunarstofnun samtakanna (UNDP) var sett á laggirnar árið 1965 varð hún vettvangur þeirrar vinnu. Á þeim tíma var enn takmarkaður vilji til að ræða umhverfismál í beinu samhengi við þróun og þróunarhagfræðingar líkt og aðrir hagfræðingar töldu umhverfismál standa utan við þeirra svið.²²⁸

Fram höfðu þó komið hagfræðingar sem efuðust um að sívaxandi framleiðsla og neysla ásamt hagvaxtarmælingum væri lýsing á raunverulegum efnahagslegum árangri. Í þeirra hópi var hagfræðingurinn Kenneth Galbraith frá Harvard sem lét slíkt í ljósi árið 1958²²⁹ og starfsbróðir hans Kenneth Boulding sem árið 1966 skrifaði greinina *The Economics of the Coming Spaceship Earth* þar sem hann hafnaði því sem hann nefndi „kúrekahagfræði“ þar sem gert væri ráð fyrir ótæmandi uppsprettum og endalausum rými samfara vaxandi neyslu og framleiðslu. Taldi hann tíma kominn til að horfa á veröldina utan úr geimnum, líkti henni við geimskip og íbúum hennar við áhöfn þess.²³⁰ En þótt fleiri bættust í hópinn með hliðstæðar skoðanir þar sem spurt var að (1) eðli og inntaki raunveru-

226 Stokke, *The UN and Development: From Aid to Cooperation*, 409.

227 Borowy, *Defining Sustainable Development for Our Common Future*, 19.

228 Borowy, *Defining Sustainable Development for Our Common Future*, 20.

229 Galbraith, *The Affluent Society*.

230 Boulding, „The Economics of the Coming Spaceship Earth“, 3–14.

legrar mannlegrar farsældar, (2) réttlætishugtakinu þrýst inn í orðræðu um þróun og (3) efast um burðarþol vistkerfisins gagnvart neyslufrekum lifnaðarháttum iðnríkjanna, þá var oftast um að ræða tiltölulega fámennan hóp fræðimanna úr háskólasamfélaginu sem hafði takmörkuð áhrif á pólitískar ákvarðanir þar sem litið var á þróun sem efnahagslegt fyrirbæri fyrst og fremst.²³¹

4.2 Vaxandi hnattræn vistkerfisvitund

Það varpar ljósi á hið alþjóðlega andrúmsloft þessa tíma að árið 1967 kvað Páll páfi sér hljóðs um þróunarmál. Í umburðarbréfi krafðist hann þess að ríku þjóðirnar snéru sér frá yfirborðslegu gildismati og efnishyggju í því skyni að forðast dóm Guðs og reiði hinna fátæku. Hann fjallaði um arðrán á þjóðum sem ættu náttúruauðlindir og almennt um misskiptingu og félagslegt ranglæti, krafðist alþjóðlegra reglna, svæðisbundinna samninga um efnahagsmál í ljósi almannahags (e. common good) og sterkari stofnana í þágu alþjóðasamstarfs.²³²

Árið 1968 var haldin vísindaráðstefna á vegum Menningarmála- stofnunar SP (UNESCO), Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna (IUCN) o.fl., þar sem fulltrúar 63 ríkja komu saman. Þrátt fyrir tæknilegt yfirbragð voru niðurstöður býsna pólitískar og m.a. staðhæft að lífkerfið hefði töluverða en takmarkaða getu til að bera vestræna lífshætti með tilliti til lífsaðstæðna komandi kynslóða. Lagt var upp með samþætt viðbrögð tækni- lega, stjórnunarlega og pólitískt áður en félagsleg, hagræn og vistfræðileg vandamál yrðu of þungbær.²³³

231 Borowy, *Defining Sustainable Development for Our Common Future*, 24–25.

232 „Populorum Progressio. On the Development of Peoples“, m.a. 23. kafli.

233 Borowy, *Defining Sustainable Development for Our Common Future*, 27.

Þær breytingar sem hér um ræðir hafa margvísleg áhrif: Mengun lofta, vatns og jarðvegs af völdum iðnaðarúrgangs eykst, þær hraða eyðileggingu náttúrulegra vistkerfa og útbreiddri óstjórn sem þeim tengist, auka hættu á svæðisbundinni hungursneyð og vannæringu, ógna líkamlegri og andlegri heilsu, minnka lífsgæði og stuðla að almennum skorti á skipulagi í því skyni að aðskilja ósamrýmanlega landnotkun. [...] Stjórnvaldsákvæðanir ættu að taka mið af vistrænum þáttum ekki síður en hagrænum.²³⁴

Þarna var strax byrjað að tengja saman hagræna og vistræna þætti í anda sjálfbærrar þróunar þótt hugtakið sjálft væri ekki komið til skjalanna.

Þetta sama ár (1968) kom saman hinn svonefndi Rómarklúbbur á vegum OECD þar sem nokkrir menntamenn, bæði úr akademíunni og iðnaðargeiranum, mættust til að ræða hagstjórn í samhengi ofangreindra áhyggjuefna. Fundurinn var haldinn á Ítalíu og tveimur árum síðar, í janúar 1970, kynnti nýr aðalritari OECD, Emile van Lennep, niðurstöður hans fyrir ráðherrum OECD-ríkja og gerði þær að sínum tillögum. Þar gagnrýndi Lennep hagvaxtarhugtakið sem „hentugt en takmarkað verkfæri“ þar sem það mældi einungis markaðsvirkni en horfði fram hjá viðskiptum manns og náttúru, auk þess sem margs konar þjónusta sem ekki sé verðlögð á

234 „These changes are having many effects: pollution of air, water and soil by human and industrial wastes; rapid destruction of natural ecosystems and widespread mismanagement of them; danger of local famines and malnutrition; threats to physical and mental health; decrease in quality of life; and a general lack of planning to separate conflicting and incompatible land uses. [...] Political decisions should take into account ecological as well as economic considerations.“ Sjá: „Use and conservation of the biosphere; proceedings“, 234–235.

markaði sjáist ekki. Texti sem upphaflega kom frá Rómarklúbbnum var í framhaldinu samþykktur af ráðherrum OECD-landanna.²³⁵ Þar segir m.a.:

Hagrænt skipulag er merkingarlaust nema það tengist félagslegri farsæld á breiðum grunni, [...] atvinnuöryggi, sanngjörnum launum, vinnuaðstöðu og frítíma, opinberri þjónustu sem virkar, jafnvægi í félagstengslum, lýðheilsu og menningu. [...] Að baki þessu öllu er náttúrulegt umhverfi sem grunnur að öllu lífi.²³⁶

Þessi óvænta róttækni varð skammlíf þótt henni væri vinsamlega tekið á ráðherrafundinum.²³⁷ Minnt var á að vitaskuld væri efnahagslegur vöxtur meginmarkmiðið sem ekki yrði horft fram hjá og í gegnum nefndastarf sem sett var á laggirnar hvarf róttæknin úr orðræðunni að mati Borowy. Eigi að síður viðhélst viðleitni hjá OECD í þá veru að finna leiðir til þess að samþætta umhverfis- og markaðssjónarmið. Þar kom fram stefnan *sóðann sviði* (e. polluter pays) sem síðar átti eftir að gegna mikilvægu hlutverki.²³⁸

Í upphafi áttunda áratugarins hafði samhengi þróunar- og umhverfismála þróast með þeim hætti í pólitísku tilliti að ríku þjóðirnar vildu halda málefnum sem mest aðgreindum þar sem olúkrísan, sem þá skall á samhliða kreppuverðbólgu²³⁹ (e. stagflation), og fleiri þættir ýttu náttúruverndarsjónarmiðum til hliðar sem langtímamálefnum.²⁴⁰ Á sama tíma voru fátæku þjóðirnar í suðri mjög tortryggjar og uppi voru sterkar raddir sem litu á umhverfisáherslur sem enn nýtt kúgunartæki iðnríkjanna. Nú

235 Schmelzer, *The Hegemony of Growth*, 267–268.

236 Schmelzer, *The Hegemony of Growth*, 268.

237 Schmelzer, *The Hegemony of Growth*, 268.

238 Borowy, *Defining Sustainable Development for Our Common Future*, 29–30.

239 Þ.e. verðbólga með atvinnuleysi og stöðnun.

240 Schmelzer, *The Hegemony of Growth*, 268.

skyldi banna þeim að ná sama árangri og ríkin á norðurhveli höfðu náð á kostnað suðurlanda!²⁴¹

Í allri þessari umræðu gegndi bókin *Limits to Growth* miklu hlutverki og var þýdd meðal annars á íslensku.²⁴² Í bókinni sem út kom í kilju og var víðlesin voru settar upp nokkrar ólíkar mögulegar framtíðarsenur fyrir veröldina með hliðsjón af mismikilli nýtingu auðlinda og pólitískri stefnumörkun af ýmsu tagi. Að síðustu senunni frátalinni áttu allar framtíðarlýsingarnar það sameiginlegt að 21. öldin yrði hörmungartími fyrir mannkyn og náttúru. Síðasta senan sýndi hvernig hugsanlega mætti komast hjá dómsdegi með markvissri viðleitni í umhverfismálum með breiðvirkum aðgerðum á öllum sviðum.²⁴³ Hægrimmenn með Heimsbankann í fararbroddi kváðu þessa útgáfu Rómarklúbbsins vera dómsdagsfjas, þróunarríki álitu hana aðför að hagsmunum fátækra ríkja og á heildina litið áttu umhverfismál undir högg að sækja við upphaf áttunda áratugarins að mati Borowy.²⁴⁴

Í þessu andrúmi hófu SP að undirbúa stóra umhverfisráðstefnu sem sænsk stjórnvöld höfðu boðist til að halda í Stokkhólmi árið 1972. Stjórnandi ráðstefnunnar, kanadískur viðskiptamaður á sviði olíu og málma, Maurice Strong að nafni, leitaði til hagfræðingsins Barböru Ward sem var hvort tveggja trúaður kaþólikki og sósíalisti og lagði sem hagfræðingur áherslu á að öll alvöru þróun hlyti að standa með hinum fátæku. Ward fékk til liðs við sig pakistanska hagfræðinginn Mahbub ul Haq sem síðar átti eftir að verða brautryðjandi fyrir Þróunarstofnun SP. Eins kom háttsettur hagfræðingur innan SP ættaður frá Sri Lanka, Gamani Corea, inn í hópinn.

241 Borowy, *Defining Sustainable Development for Our Common Future*, 31.

242 Meadows, Meadows, Randers og Behrens, *Endimörk vaxtarins: Þáttur í rannsókn Rómarsamtakanna á ógöngum mannkynsins*.

243 Meadows, Meadows, Randers og Behrens, *The Limits to Growth*.

244 Borowy, *Defining Sustainable Development for Our Common Future*, 30–31.

Saman hittist þetta fólk í tvo daga í Founex í Sviss og setti fram texta þar sem allar helstu áhyggjur þróunarríkja voru markvisst ræddar. Kveðið var á um frumábyrgð þróaðra landa á hnattrænni hnignun og gildi þess að takast á við umhverfismál án þess að draga úr sjálfræði þjóða eða draga úr efnahagslegri þróun. Jafnframt var þeirri staðreynd haldið til haga að umhverfisvandi lágtekjuríkja væri ólíkur umhverfisvanda iðnríkja. Hjá lágtekjuríkjum kæmi hann til af skorti á þróun frekar en sökum þróunarfelgisins og að þar brynni vandinn jafnframt á skinni almennings í ríkara mæli. Lögðu þau áherslu á að aukin umhverfisvitund ætti að leiða til meiri vilja hjá þróuðum ríkjum til að útvega meiri aðstoð umfram almenna náttúruvernd, en umfram allt var bent á hin nánú tengsl milli umhverfisvanda og fjöldaátæktar. Í textanum var lögð áhersla á að endurskilgreina þróun ekki einvörðungu sem hagrænt fyrirbæri, heldur einnig félagslegt, menningarlegt og umhverfislegt og því væri brýnt að umhverfisáætlanir væru samþættar öllum áætlunum um þróun. Meginrök voru sögð snúa að því að umhverfistjón ætti rót sína í samskonar félagslegum og hagrænum viðhorfum og yllu fátækt og félagslegum ójöfnuði.²⁴⁵

Áhugavert er að þegar á þessum tíma er litið svo á að umhverfis- og þróunarmál séu órofa tengd *fátækt sem siðferðilegu vandamáli*. Almenn viðurkenning á því sjónarmiði var þó enn langt undan. Eins er mikilvægt að nefna að enn var hugtakið *sjálfbær þróun* ekki komið til sögunnar, en inntak þess blasir hér við. Sjónarmið Founex-skýrslunnar lagði grunn að sameiginlegum markmiðum þróunar og umhverfisverndar sem gerði það að verkum að yfirvöld í þróunarríkjum urðu fús til að senda fulltrúa sína á Stokkhólmsráðstefnuna sem haldin var í júnímánuði 1972 að Sovétblokkinni undanskilinni, þ.m.t. Austur-Þýskalandi. Eini forsætisráðherrann sem kom til Stokkhólms var hin indverska Indira Gandhi, aðrar þátttökupjóðir SP sendu landbúnaðar- eða heilbrigðisráðherra sína,

245 [SP] „The Founex Report on Development and Environment 1971.“

Því fæstar höfðu þá umhverfismálaráðherra á að skipa. Borowy getur sér þess til að fjarvera „hinna stóru“ hafi e.t.v. verið málefninu holl þar eð fólk gat þá talað frjálslegar saman.²⁴⁶ Skýrsla ráðstefnunnar var gefin út á bók ásamt umsögnum fjölda sérfræðinga frá 58 löndum og bar heitið „Aðeins ein jörð“ (e. Only One Earth). Í bókarlok er dregin upp mynd af plánetunni jörð svífandi í geimnum.²⁴⁷

4.3 Frá aðstoð til samvinnu

Fimmtán árum síðar eða árið 1987 kom út önnur skýrsla á vegum SP sem einnig markaði tímamót í þróunar- og umhverfismálum, hin svonefnda Brundtlandskýrsla sem hefst á því að dregin er upp myndin af plánetunni jörð svífandi í geimnum.²⁴⁸ Á milli þessara tveggja texta, skýrslu Stokk-hólmsráðstefnunnar 1972 og Brundtlandskýrslunnar 1987, átti mikil málefnaleg þróun sér stað.

Stokke telur að ein meginbreytingin sem orðið hafi í þróunarmálum á áttunda áratugnum hafi speglast í orðræðunni þar sem áður hafði verið rætt um *aðstoð* hinna betur settu eða þróuðu ríkja við hin vanþróuðu en undir lok níunda áratugarins var frekar talað um *samvinnu* ríkja á sviði þróunar. Hann getur þess að árið 1970 hafi myndast samhljóðaálit hjá allsherjarþingi SP á sviði þróunarmála í þá veru að ríkisstjórn hvers lands sem tæki við styrkjum frá samtökunum bæri ábyrgð á því að móta eigin áætlanir í þróunarmálum og forgangsraða í samræmi við þær. Hlutverk SP væri að aðstoða viðkomandi ríkisvald þegar um væri beðið.²⁴⁹ Í þessu samhengi kom fram ákall frá þróunarríkjunum um *nýtt alþjóðahagskipulag*

246 Borowy, *Defining Sustainable Development for Our Common Future*, 31–33.

247 [SP] „Declaration of the United Nations Conference on the Human Environment.“

248 [SP] „Our Common Future.“

249 Stokke, *The UN and Development*, 205–206.

(e. New International Economic Order — NIEO) sem fékk góðar viðtökur og farveg innan stofnana SP, einkum á ráðstefnu SP um milliríkjarekstur og þróunarmál (UNCTAD) og var í raun útfærsla á fyrri hugmyndum um þróun og þróunararaðstoð. Meðfram þörfinni fyrir aðstoð var nú horft til ójafnra valdahlutfalla milli iðnvæddra ríkja í norðri og fátækra ríkja í suðri og þess krafist að samskiptin yrðu á grundvelli gagnkvæmrar virðingar og sjálfræðis allra aðila.²⁵⁰ Á sama tíma urðu þær breytingar í kjölfar sviptinga í efnahagskerfinu tengdum olúskorti sem fyrr var nefndur að Vesturlönd drógu úr styrkjum og samvinnu á sviði þróunarmála en fátækari ríki, sem tekið höfðu auðfengin lán á hagstæðum kjörum, sátu uppi með hækkandi skuldir og vexti. Efnahagsvandinn var orðinn að þróunarvanda.²⁵¹

Á sviði umhverfismála hafði það gerst í framhaldi af Stokkhólmsráðstefnunni 1972 að umhverfisstofnun SP (UNEP) hafði verið sett á laggir og staðsett í Nairobi, sem gerði það að verkum að mati Borowy, þótt staðarvalið væri táknrænt, að umhverfismál urðu lengi jaðarsett innan SP.²⁵² Þá kom fram á sviði vestrænna stjórn mála sterk og skipulögð andstaða á hægri vængnum gegn öllum áætlunum um umhverfisbætur. Þar kom m.a. við sögu Lewis Powell sem að sögn Borowy hafði reynst tóbaksfyrirtækjum vel í að véfengja upplýsingar um skaðsemi reykinga. Fullyrðir hún að með aðferðafræði í hans anda hafi umhverfismál kerfisbundið verið gerð tortryggileg með tilstyrk bandaríks athafnalífs þar sem tekist hafi að seinka almennri þekkingu á ókostum súrs regns og loftlagsbreytinga árum saman. Einkum hafi áherslu á umhverfismál, alþjóðasamvinnu og félagslegt réttlæti verið blandað saman við meintar árásir á persónufrelsi og amerískan lífsstíl.²⁵³ Undir lok áttunda áratugarins var nýfrjálshyggjan

250 Stokke, *The UN and Development*, 10.

251 Stokke, *The UN and Development*, 10–11.

252 Borowy, *Defining Sustainable Development for Our Common Future*, 36.

253 Borowy, *Defining Sustainable Development for Our Common Future*, 43–44.

komin til sögunnar og Margrét Thatcher og Ronald Reagan komin til valda hvort sínum megin Atlantshafsins með áherslu sinni á að draga úr ríkisafskiptum en láta hina huldu hönd markaðarins leiða samfélagið.²⁵⁴

Á þessum tíma var þó unnin ýtarleg skýrsla um hagkerfis- og umhverfismál á vegum SP. Formaður nefndarinnar var Willy Brandt fyrrverandi Þýskalandskanslari. Skýrslan bar heitið *World Conservation Strategy* og var gefin út árið 1980. Þar var hugtakið sjálfbær þróun (e. sustainable development) komið til sögunnar þótt enn ætti það eftir að mótast. Kröfu um 0,7% framlag iðnríkja til þróunarmála var þarna haldið á loft ásamt þörfinni fyrir siðareglur um viðskipti fyrirtækja á alþjóðamarkaði, auk áætlana um afvopnun samfara hagvexti og félagsauði með áherslu á heilsu, húsnæði og menntun. Lagt var til að tekið yrði gjald af alls kyns viðskiptum milli ríkja, af herkostnaði og orkusöfnun, myndun kolefnis og notkun óendurvinnanlegra steinefna, notkun alþjóðlegra sameigna, svo sem fiskimiða, olíu- og gasuppsprettna utan lögsögu o.s.frv.²⁵⁵ Allt var þetta í hróplegri mótsögn við ríkjandi stjórnarmálastefnu, enda var skýrslunni fálega tekið utan vébanda SP.²⁵⁶ Hægrimmenn sökuðu nefndina um að vera siðaboðandi og á móti framleiðslu og vinstrið sakaði hana um að vera á bandi hinna ríku í norðri. Helst voru það sósíaldemókratar sem kunnu að meta það sem fram var borið.²⁵⁷

4.4 Fæðing hugtaksins „sjálfbær þróun“

Við upphaf 9. áratugarins virtust hugmyndir manna um *nýtt alþjóðahagskipulag* (NIEO) hafa tapað í leiknum. Eftir sátu þróunarlönd í sárum en

254 Stokke, *The UN and Development*, 315–316.

255 Sjá: „World Conservation Strategy.“

256 Stokke, *The UN and Development*, 320.

257 Borowy, *Defining Sustainable Development for Our Common Future*, 40–45.

Vesturlönd ypptu öxlum upp til hópa. Vísindalegar staðreyndir og pólitískur ómöguleiki stönguðust á með flóknari hætti en fyrr. Hið sannanlega og hið geranlega fór ekki vel saman.²⁵⁸ Í stað þess að þróunarlönd leggðu áherslu á sjálfstæði sitt og yfirráð yfir eigin auðlindum voru þau nú orðin stórskuldug og þáðu með þökkum að fá erlenda aðila til að nýta hverskyns hráefni og önnur verðmæti gegn tilhliðrun afborgana.²⁵⁹

Borowy leggur áherslu á að þótt andrúmið á þessum tíma hafi verið neikvætt í garð náttúruverndar hafi hið jákvæða verið það að umræða liðinna ára var vel skráð þar sem eftirfarandi þáttum var m.a. haldið til haga:

- hugtakið sjálfbær þróun;
- vitneskjan um tengsl fátæktar og umhverfishnignunar (e. environmental degradation);
- hugmyndin um að viðhafa umhverfisvernd samfara hagvexti;
- vitundin um að hagvöxtur eða verg landsframleiðsla (GDP) væri ekki eini mælikvarðinn á hið æskilega og ábyrga;
- vitundin um efnisleg takmörk og burðarþol plánetunnar.

Þessu til viðbótar bendir hún á að fyrir hendi var heilmikið stofnanakerfi; Alþjóðabankinn, OECD, stofnanir SP af ýmsu tagi með her sérfræðinga og alls kyns pólitísk tengsl, auk þess sem sterk félagasamtök voru komin til sögunnar sem létu sig mannréttindi og náttúruvernd varða. Þetta þýddi að hægt var að veita upplýsingum og orðræðu inn í eitthvert rými og einhverja farvegi þar sem unnt var að byrja á því að brúa bilið milli ólíkra heimsmynnda hagfræðinga og umhverfisverndarsinna, norðurs og suðurs,

258 Borowy, *Defining Sustainable Development for Our Common Future*, 46.

259 Stokke, *The UN and Development*, 318.

nútíðar og framtíðar, hins vísindalega sannanlega og hins pólitíska gerlega.²⁶⁰

Stokke lýsir því að á áttunda áratugnum hafi ríkisvaldið verið álitnið í aðalhlutverki í þróunarmálum á hverjum stað, en á níunda áratugnum hafi mörg vestræn ríki tekið að líta á ríkisvald sem hindrun í vegi þróunar. Telur hann að í pólitísku andrúmi nýfrjálshyggjunnar, sem þá var orðin ríkjandi hugmyndafræði á Vesturlöndum, hafi þróunaraðstoð verið orðin að tæki til þess að koma á breyttri efnahagsstefnu í þróunarlöndum sem birtist í því að iðulega voru styrkir háðir því skilyrði að viðtökulandið samþykkti efnahagsstefnu í anda nýfrjálshyggjunnar. Aðalgerendur í þessari framkvæmd voru Bretton Woods-stofnanirnar, Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, og fullyrðir Stokke að á þessu tímabili hafi þróunaraðstoð í auknum mæli beinst að því að koma á kerfislægri aðlögun hjá skuldugum þróunarlöndum í því skyni leynt og ljóst að gera þeim kleift að greiða niður erlendar skuldir. Þannig hafi þjóðhagfræðilegar áherslur verið þungamiðja þróunaraðstoðar á níunda áratugnum en félagsleg þróun og umhverfismál verið látin víkja. Markaðurinn skyldi vinna verkið.²⁶¹

Á hátíðarfundum sem haldinn var í höfuðstöðvum Umhverfisstofnunar SP í Nairobi í maímánuði 1982, í tilefni af því að 10 ár voru liðin frá Stokkhólmsráðstefnunni, kom fram tillaga að nýrri sjálfstæðri nefnd skipaðri valinkunnum fulltrúum styrktri með frjálsum opinberum framlögum sem hefði það hlutverk að safna saman ólíkum sjónarmiðum til náttúruverndar á heimsvísu frá háskólasamfélaginu, umhverfisverndarsinum, almenningi, ríkisstjórnnum og alþjóðastofnunum innan og utan SP.²⁶² Rúmlega fertugur norskur stjórnsmálaleiðtogi á vinstri vængnum, Gro Harlem Brundtland að nafni, var fengin til að fá í lið með sér hæft fólk og leiða starf

260 Borowy, *Defining Sustainable Development for Our Common Future*, 48.

261 Stokke, *The UN and Development*, 318–320.

262 Borowy, *Defining Sustainable Development for Our Common Future*, 50.

Alþjóðanefndar um náttúru og þróun (World Commission on Environment and Development — WCED). Nefndarmenn urðu alls 22, konur og karlar á ýmsum aldri frá ólíkum menningarheimum og öllum heimsálfum. Fólkið var valið með tilliti til þekkingar á umhverfismálum og virðingargstöðu og viðtæks tengslanets innan og utan landa sinna.²⁶³ Meginverkefni nefndarinnar sem stofnuð var árið 1983 var, að áliti Brundtland og samstarfsfólks hennar, að sigrast á því hefðbundna viðhorfi að unnt væri að ná tökum á umhverfismálum óháð félags- og efnahagskerfum heimsins. Þessu fylgdi að þeirra áliti það viðhorf að hagþróun og umhverfismál væru tvö hagsmunasvið sem útilokuðu hvort annað og væru í raun andstæður þannig að almenningur og stjórnámamenn yrðu að velja á milli. Einsettu nefndarmenn sér í fyrsta lagi að komast að sameiginlegri niðurstöðu um þær ógnanir sem veröldin stæði frammi fyrir í umhverfismálum. Í öðru lagi yrðu þau að koma sér saman um aðferðir til að mæta þeim. Loks yrði þeim að takast að sannfæra mjög margt fólk í heiminum um gildi þess sem þau væru að segja.²⁶⁴

Árið 1987 bar starfið ávöxt með áðurnefndri Brundtlandskýrslu sem bar heitið *Sameiginleg framtíð vor*.²⁶⁵ Áhrif þessarar skýrslu urðu meiri en áður hafði þekkt á heimsvísu. Kjarnaskilaboðin voru áhersla á *sjálfbæra þróun* sem lykil að framtíðinni og um þessar mundir er hennar ekki síst minnst fyrir það að hafa fest í sessi viðtekna skilgreiningu á hugtakinu sjálfbær þróun: „Að geta mætt þörfum líðandi stundar án þess að fórna getu komandi kynslóða til að mæta eigin þörfum.“²⁶⁶ Ein forsenda sjálfbærrar

263 Borowy, *Defining Sustainable Development for Our Common Future*, 58.

264 Borowy, *Defining Sustainable Development for Our Common Future*, 56–57.

265 [SP] „Our Common Future.“

266 „Meeting the needs of the present without compromising the ability of future generations to meet their own needs.“ Borowy, *Defining Sustainable Development for Our Common Future*, 5.

Þróunar var að mati skýrsluhöfunda að ríkisvald hefði getu á hverjum stað til markvissra inngripa í samvinnu við virka alþjóðlega stjórnsýslu.²⁶⁷

Borowy segir áhugavert hve vel skýrslan hafi skilist strax frá fyrstu kynningu; þ.e.a.s. fólk virtist almennt átta sig á þeim skilaboðum skýrsluhöfunda að innbyrðis tengsl væru á milli fátæktar, ófriðar og náttúruhnignunar og að til að bregðast við væri þörf fyrir pólitíska ákvörðun. Rajiv Gandhi forsætisráðherra Indlands mælti í þessu samhengi: „Allt sköpunarverkið (e. creation) er innbyrðis háð. Kjarni Brundtlandskýrslunnar er viðurkenning á því gagnhæði.“²⁶⁸

Ljóst er að áherslur skýrslunnar voru á skjön við hugmyndafræðilegt andrúm níunda áratugarins. Eigi að síður tóku Umhverfisstofnun SP og Þróunarstofnunin strax vel í skýrsluna²⁶⁹ og á haustdögum 1988 höfðu hreinlega allar stofnanir SP ásamt Bretton Woods-stofnunum, stjórn ESB, NATO, Suðaustur-Asíubandalagið ASEAN tekið Brundtlandskýrsluna til handargagns í því skyni að bregðast við henni með einhverjum hætti. Ýmsar ríkisstjórnir voru líka jákvæðar í garð skýrslunnar, þar á meðal ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands og Kanada. Jafnvel Bush Bandaríkjaforseti lýsti yfir áætlun sinni um að hafa umhverfismál með í öllum áætlanagerðum hins opinbera. Fleiri ríki bættust í hópinn, auk frjálsra félagasamtaka og fulltrúa akademíunnar vítt um veröldina. Jafnvel iðnaðargeirinn sýndi málefninu áhuga.²⁷⁰

Í þessari gerjun allri var pakistanski hagfræðingurinn Mahbub ul Haq, sem fyrr var nefndur og verið hafði virkur þátttakandi í undirbúningi Stokkhólmsráðstefnunnar á sínum tíma í tengslum við Founex-fundinn, ráðinn til Þróunarstofnunar SP í því skyni að þróa hugtak fyrir breiðvirka

267 Stokke, *The UN and Development*, 354.

268 [SP] „Development and International Economic Co-operation“, 49–50.

269 Stokke, *The UN and Development*, 354.

270 Borowy, *Defining Sustainable Development for Our Common Future*, 168–172.

nálgun við þróun. Þetta var árið 1988. Hugmynd ul Haq hafði þróast á löngum tíma í samræðum við Barböru Ward og indverska hagfræðinginn Amartya Sen o.fl. Höfundar Brundtlandskýrslunnar höfðu lagt áherslu á að þróun væri meira en vöxtur, en áherslan hafði orðið mest á sjálfbærnis-hugtakið í tengslum við eðli vaxtar. Ul Haq lagði áhersluna á hinn þátt hugtaksins, sjálfa þróunina. Í samvinnu við Sen, með stuðningi Þróunarstofnunar SP, setti ul Haq á fót hina svonefndu *Þróunarskýrslu SP* sem komið hefur út árvisst allt frá árinu 1990. Í því samstarfi og hugmynda-vinnu sem þar er haldið á loft hefur þróunarhugtakið sjálft verið þróað með mælingum á margvíslegum fleiri þáttum en hagvextinum einum (GNP) og kaupgetunni (Real GDP). Þar er m.a. horft á mælingar á lífslíkum, menntun og tekjum og settur fram svonefndur þróunarvísir (e. Human Development Index — HDI).²⁷¹ Telur Borowy að nálgun Þróunarskýrslunnar hafi opnað hugtakinu *sjálfbær þróun* dyr inn í stofnanir og kerfi sem áður höfðu ekki skenkt því þanka, enda fylgist pólitískir stefnumótendur víða um heim með árvissum samanburðarmælingum skýrslunnar og standi ekki á sama um niðurstöðurnar.²⁷²

4.5 SP og Bretton Woods-stofnanir sameinast gegn fátækt

Þrátt fyrir framangreinda jákvæðni mættu hugmyndir Brundtlandskýrslunnar andstöðu. Þegar til kastanna kom höfnuðu fulltrúar Bandaríkjanna öllum hugmyndum um hægari vöxt og viðbrögð Alþjóðabankans voru í þá veru að markaðskerfið þyrfti ekki að breytast nema e.t.v. í þá veru að þróa sína útreikninga betur. Þegar allt kom til alls var ekki vilji hjá iðnríkjum til þess að styðja fátækari ríki með þeim hætti sem lagt var til í skýrslunni og sjálfbær þróun náði því aldrei alla leið inn í áætlanar-

271 Heimsíða Þróunarstofnunar SP: www.undp.org/.

272 Borowy, *Defining Sustainable Development for Our Common Future*, 167–168.

gerðir stjórnvalda sem skiljanlega áttu bággt með að ganga gegn pólitískum skammtímahagsmunum sínum og grípa til óvinsælla aðgerða með fram-tíðarhagsmunum að leiðarljósi.²⁷³

Skýrsluhöfundar höfðu lagt mikið á sig í því skyni að forðast þessa niðurstöðu og fá stjórnvöld og almenning til að líta á hagkerfið, umhverfið og samfélög manna sem samþætt fyrirbæri sem krefðust sameiginlegrar áætlanagerðar, en er til kom varð tilhneigingin sú að mati Borowy að horfa fram hjá skóginum og einbeita sér að trjánum.²⁷⁴

Alþjóðabankinn vann skýrslu um málið og komst að þeirri niðurstöðu að góð umhverfisstefna væri jafnframt góð stefna í hagstjórn og öfugt. En öfugt við áherslur Brundtlandskýrslunnar vildi bankinn vinna að málum í anda frjálslyndrar markaðsstefnu þar sem efnisleg úrræði ásamt viðskiptum og *þjónustu vistkerfa* (e. ecological services) fengi verðmiða. Verð á steinefnum, málmum og jarðefniseldsneyti væri til vitnis um fágæti slíkra þátta og hvatt var til þess að bæði vatn og loft yrði verðlagt og einkavætt svo sóun og sóðaskapur heyrðu sögunni til í anda reglunnar *sóðann sviði* (e. polluter pays). Rökstuðningurinn var m.a. sá að almenningur ætti að fá að vita hvað að honum sneri og hafa jafnvel val um bætt umhverfi með auknum fjárfestunum eða rýrara umhverfi með meiri audi.²⁷⁵

Tvenns konar breytingar unnu gegn hugmyndum um sjálfbæra þróun að mati Borowy. Annars vegar var það fall Berlínarmúrsins undir lok níunda áratugarins sem olli því að yfirburðir frjálsa markaðarins samantborið við ríkisafskipti þóttu blasa við, en Brundtlandskýrslan gerði ráð fyrir kerfisbreytingum og pólitískum inngrípum í þágu sjálfbærrar þróunar. Þá bætti hnattvæðingin ekki úr skák með þverrandi áhrifum hefðbundins

273 Borowy, *Defining Sustainable Development for Our Common Future*, 172–174.

274 Borowy, *Defining Sustainable Development for Our Common Future*, 177.

275 Borowy, *Defining Sustainable Development for Our Common Future*, 181–183.

ríkisvalds en að sama skapi auknum áhrifum alþjóðlegra stórfyrirtækja sem ýttu undir ósjálfbæran hagvöxt og auðlindamiskun.²⁷⁶

Er á leið níunda áratuginn fékk andóf við nýfrjálshyggjulegum rétttrúnaði þó einnig byr undir vængi að mati Stokke er í ljós kom að lyfseðill hans var ekki alls kostar að virka. Í mörgum þróunarlöndum hafði efnahagsvandinn orðið að þróunarvanda er framfarir sem náðst höfðu á sjöunda og áttunda áratugnum á mikilvægum sviðum, svo sem í menntunar- og heilbrigðismálum, gengu til baka. Telur hann að rannsókn unnin á vegum UNICEF sem út kom árið 1987 hafi m.a. haft mikil skoðanamótandi áhrif í þessu sambandi.²⁷⁷ Þar var hugmyndum Bretton Woods-stofnananna um gildi bættrar hagstjórnar og kerfislegrar aðlögunar (e. economic reform and structural adjustment) ekki andmælt en kröftuglega haldið á loft mikilvægi hinnar félagslegu víddar þróunarmála svo sem titill rannsóknarinnar ber með sér: *Aðlögun með mennskri ásýnd* (e. adjustment with a human face).²⁷⁸ Má segja að hér blasi við átökin milli hægri og vinstri vængs í alþjóðastjórnarmálum sem aftur kristallast í Bretton Woods-stofnununum annars vegar og SP hins vegar.

Við þetta má bæta þeirri greiningu Stokke að málefni þróunar og umhverfis hafi í raun alltaf rekist hvað á annað jafnvel þótt reynt hafi verið í orðræðunni, einkum innan stofnana SP, að líta á þessi málefni sem sitt hvora hliðina á sama peningi. Þó telur hann að undir lok níunda áratugarins og við upphaf þess tíunda hafi formælendur beggja sviða, þróunar og umhverfis, verið farnir að líta á *fátækt* sem sinn helsta óvin. Útrýming fátæktar var orðin að meginverkfæri í því skyni að bæta um-

276 Borowy, *Defining Sustainable Development for Our Common Future*, 184.

277 Stokke, *The UN and Development*, 320.

278 Cornia, Jolly og Stewart, ritstj., *Adjustment with a Human Face*.

hverfi og styðja við félagslega og efnahagslega þróun, verandi á sama tíma sjálfstætt málefni.²⁷⁹

4.6 Ný róttækni og óvæntur árangur

Sumarið 1992, er tuttugu ár voru liðin frá Stokkhólmsráðstefnunni, efndu SP til ráðstefnu um umhverfi og þróun sem haldin var í borginni Rio de Janeiro í Brasilíu. Ráðstefnan stóð í tíu daga, 175 lönd áttu fulltrúa, og þar af sendu 110 ríki æðsta valdhafa til fundarins. Auk þess áttu 1500 frjáls félagasamtök sína fulltrúa og ekki færri en 7000 fréttamenn skráðu það sem fyrir augu og eyru þar. Formleg afurð heimsráðstefnunnar í Ríó (e. Earth Summit) birtist í samþykktu þlaggi sem þar heitið *Agenda 21* eða Staðardagskrá 21 og var í raun enn róttækara en Brundtlandskýrslan.²⁸⁰ Þar segir:

Fátækt og umhverfishnignun eru nátengd fyrirbæri. Á meðan fátækt viðheldur vissum tegundum umhverfisálags eru meginástæður áframhaldandi hnignunar umhverfis á heimsvísu hin ósjálfbæru neyslu- og framleiðslumynstur, einkum meðal iðnríkja, sem auka á fátækt og ójafnvægi og eru tilefni þungra áhyggna.²⁸¹

279 Stokke, *The UN and Development*, 356.

280 Borowy, *Defining Sustainable Development for Our Common Future*, 185–187.

281 „Poverty and environmental degradation are closely interrelated. While poverty results in certain kinds of environmental stress, the major cause of the continued deterioration of the global environment is the unsustainable pattern of consumption and production, particularly in industrialized countries, which is a matter of grave concern, aggravating poverty and imbalances.“ [SP] „Agenda 21“, kafli 4.3.

Róttæknin í texta Staðardagskrár 21 er í því fólgin að fulltrúar heimssamfélagsins viðurkenna að sjálf tilvist þeirra, að lífsstíl þeirra meðtöldum, landinu, auðlindum, peningum og þekkingu, sé ekki þeirra einna, heldur eigi aðrir réttmæta kröfu til hlutdeildar í sömu gæðum. Hér er augljóslega sleginn sá tónn að lýsa fátækt sem siðferðilegu vandamáli en ekki einvörðungu sem skorti á þróun og góðu pólitísku skipulagi.

Evrópumenn, og ekki síður Bandaríkjamenn eigandi sína hefð rótfesta í einstaklingshyggju og stöðugri leit að aukinni efnislegri framþróun, áttu bágt með þetta. Og þróunarlönd hefðu orðið að leggja frá sér viðteknar hugmyndir um að ráða sínum ráðum sjálf og láta ekki utanaðkomandi raskast í sínum jarðvegi, þar á meðal regnskógunum. Staðardagskrá 21 var í beinni mótsögn við stefnumótun allra ríkjanna sem þarna voru saman komin með sína fulltrúa og mörgum þótti hreint undur að þessi texti yrði að opinberri yfirlýsingu. Það hefði hann líklega aldrei orðið nema sökum þess að hann var ekki bindandi, heldur einungis ráðgefandi.²⁸²

Ríoráðstefnan og Staðardagskrá 21 tóku eigi að síður við hlutverki Brundtlandskýrslunnar í málefnaorðræðunni.²⁸³ Allsherjarþing SP tók textann áfram og gerði áherslur hans að sínum, þótt deilt væri um hvernig skipta ætti kostnaði af slíkri stefnumótun. Þróunarlöndin héldu fast við það að iðnríkin hlytu að borga umhverfisspjöllin sem þau væru ábyrg fyrir að langmestu leyti, auk þess sem þessar nýju tillögur hlytu að koma sem viðbót við 0,7% viðmið um þróunarstyrki. Iðnríkin lögðu almennt áherslu á að fjárveitingar til þróunarmála hlytu því að falla undir 0,7% viðmiðið.²⁸⁴

Þá urðu tíðindi í júnímánuði 1995 er hin alþjóðlega orðræða um umhverfi og þróun breytti um áherslur þegar hin svonefndu G7-ríki lýstu yfir samstöðu með sjálfbærri þróun á fundi sem haldinn var í Halifax í

282 Borowy, *Defining Sustainable Development for Our Common Future*, 188.

283 Stokke, *The UN and Development*, 355.

284 Borowy, *Defining Sustainable Development for Our Common Future*, 190–193.

Kanada og skilgreindu markmið sín mjög almennt sem „aukin lífsgæði fyrir allt fólk á grundvelli lýðræðis, mannréttinda, gagnsæis og áreiðanlegrar stjórnunar“.²⁸⁵

Ári síðar tengdi OECD þessa yfirlýsingu G7-ríkjanna við önnur þróunar-markmið sem höfðu verið rædd á nokkrum fundum SP þar sem áhersla var lögð á félagslega þróun m.t.t. menntunar, stöðu kvenna og barna og mannfjöldaþróun. Út komu sex markmið sem OECD setti á stefnuskrá sína:

1. Að útrýma fátækt;
2. að tryggja aðgengi allra að grunnmenntun;
3. að auka kynjajöfnuð;
4. að draga úr ungbarnadauða og lækka dánartíðni kvenna á barnsburðaraldri;
5. að bæta aðgengi alls fólks að grunnheilsugæslu einkum á sviði kynheilbrigðis (e. reproductive health services);
6. að bæta sjálfbærni umhverfis.²⁸⁶

Kofi Annan aðalritari SP lagði þessi markmið OECD fram á sínum vettvangi að viðbættum tveimur markmiðum:

7. Að vinna gegn völdum sjúkdómum;
8. að vinna að hnattrænni samstöðu um þróun.

Þessi átta atriði voru síðan gerð að þúsaldarmarkmiðum sem teft var fram á Allsherjarþingi SP sem haldið var 6.–8. september árið 2000. Aldrei í sögunni hafði annað eins átt sér stað, að mati Stokke, er fulltrúar IGI ríkis í

285 „Halifax Summit Communiqué.“

286 [OECD] „Shaping the 21st Century: The Contribution of Development Co-operation“,

2.

veröldinni urðu ásáttir um svo háleit markmið í þágu almannahags ásamt ítarlegum útfærslum og áætlunum um eftirfylgd.²⁸⁷ Með þúsaldarmarkmiðunum þóttu allir helstu áhrifafarvegir veraldar nú hafa verið virkjaðir í samhentu átaki undir merkjum SP.²⁸⁸

Árið 2002 var haldin alþjóðleg ráðstefna um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg og afrakstur hennar var yfirlýsing um sjálfbæra þróun kennd við Jóhannesarborg, byggð á Stokkhólmsráðstefnunni frá 1972 og Ríóráðstefnunni frá 1992 þar sem SP tileinkuðu áratuginn 2002–2012 sjálfbærri þróun.²⁸⁹

Í októbermánuði 2005 var svo haldinn leiðtogafundur í höfuðstöðvum SP í New York í því skyni að fylgja eftir þúsaldaryfirlýsingunni²⁹⁰ og á leiðtogafundi um sjálfbær þróunarmarkmið SP í Ríó de Janeiro 2012, þar sem farið var yfir framgang þúsaldarmarkmiðanna á heimsvísu, voru jafnframt lagðar fram og samþykktar tillögur að 17 sjálfbærum þróunarmarkmiðum SP sem öðlast skyldu gildi í framhaldi af þúsaldarmarkmiðunum sem sett höfðu verið til ársins 2015. Allsherjarþing SP samþykkti loks þróunarmarkmiðin 17 hinn 25. september 2015.²⁹¹

Yfirskriftir markmiðanna eru eftirfarandi í íslenskri þýðingu Þróunarsamvinnustofnunar SP:

1. Útrýma fátækt í allri sinni mynd alls staðar.
2. Útrýma hungri, tryggja fæðuöryggi og bættu næringu og stuðla að sjálfbærum landbúnaði.
3. Stuðla að heilbrigðu lífernri og vellíðan fyrir alla á öllum aldri.

287 [SP] „United Nations Millennium Declaration.“

288 Stokke, *The UN and Development*, 442–457.

289 [SP] „Johannesburg Declaration on Sustainable Development.“

290 [SP] „2005 World Summit Outcome.“

291 [SP] „Transforming our world: the 2030 Agenda for Sustainable Development.“

4. Tryggja jafnan aðgang allra að góðri menntun og stuðla að símenntun fyrir alla.
5. Tryggja jafnrétti kynjanna og styrkja frumkvæðisrétt allra kvenna og stúlkna.
6. Tryggja aðgengi, og sjálfbæra nýtingu, allra á hreinu vatni og salernisaðstöðu.
7. Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði.
8. Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla.
9. Byggja upp sterka innviði, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu fyrir alla og hlúa að nýsköpun.
10. Draga úr ójöfnuði innan og á milli landa.
11. Gera borgir og aðra búsetu manna örugga og sjálfbæra fyrir alla.
12. Tryggja sjálfbæra neyslu og framleiðslumynstur.
13. Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.
14. Vernda og nýta hafið og auðlindir sjávar á sjálfbæran hátt til að styðja við sjálfbæra þróun.
15. Vernda, endurheimta og stuðla að sjálfbærri nýtingu landvistkerfa, sjálfbærri stjórnun skóga, berjast gegn eyðimerkurmyndun, stöðva og snúa við jarðvegseyðingu og sporna við hnignun líffræðilegs fjölbreytileika.
16. Stuðla að friðsælum og sjálfbærum samfélögum fyrir alla, tryggja jafnan aðgang að réttarkerfi og koma á fót skilvirkum og ábyrgum stofnunum fyrir alla á öllum stigum.
17. Styrkja framkvæmd og blása lífi í hnattrænna samvinnu um sjálfbæra þróun.²⁹²

292 [SP] „17 sjálfbær þróunarmarkmið.“

Miklar breytingar hafa orðið á opinberri orðræðu á þeim tæplega 50 árum sem liðin eru frá Stokkhólmsráðstefnunni 1972 þegar samtenging þróunar við náttúruvernd var enn tortryggð og hugtakið sjálfbær þróun ekki komið til skjalanna. Með Brundtlandskýrslunni fékk sjálfbær þróun byr undir báða vængi í alþjóðasamfélaginu og varð jafnframt suðupottur margvíslegrar hugmyndavinnu og hagsmunaátaka, líkt og fram er komið, milli hægri og vinstri, hagfræðinga og umhverfisverndarsinna, norðurs og suðurs, nútíðar og framtíðar, hins vísindalega sannanlega og hins pólitíska gerlega.

Það vekur vissulega athygli að öll 17 áhersluatriðin sem listuð eru upp sem sjálfbær þróunarmarkmið eru, að frátöldu því sem snýr að umgengni við vatn, málefni sem höfðu verið tekin fyrir í Brundtlandskýrslunni á sínum tíma. Þá hafði hugmyndin um yfirþjóðlegar eftirlitsstofnanir verið mörgum þyrnir í augum en nú, 25 árum síðar, hafa menn lyft fram mikilvægi þess að viðhafa stofnanalegt eftirlit á jafningjagrunni og sameinast um gildi þess að samþætta sjálfbærnina þróuninni.²⁹³

4.7 Val á textum til rannsóknar

Í ljósi framangreindrar umfjöllunar virðast mér þrír textar áhugaverðastir í því skyni að varpa ljósi á þróun heimsmyndar, mannskilnings og fátæktarhugtaks í orðræðu Sameinuðu þjóðanna. Ég tel rökrétt að byrja á yfirlýsingunni um umhverfi mannsins frá ráðstefnunni í Stokkhólmi 1972 og enda á því að greina orðræðuna um hin 17 markmið sjálfbærrar þróunar frá 2015. Sá texti sem klárlega stendur á milli þessara tveggja póla er Brundtlandskýrslan frá 1987, eigandi sinn aðdraganda m.a. í skýrslunni sem kennd er við Willy Brandt frá 1980 og mikilvægt framhald í afurð Ríóráðstefnunnar frá 1992, Staðardagskrá 21. Eins eiga þróunarmarkmiðin

²⁹³ Borowy, *Defining Sustainable Development for Our Common Future*, 203.

17 sinn aðdraganda þar sem hæst ber sjálf þúsaldarmarkmiðin frá aldamótum, en með því að fylgja eftir þróun hugmyndarinnar um sjálfbæra þróun í orðræðu SP í þessum þremur lykiltextum vonast ég til að varpa ljósi á þá heimsmynd, mannskilning og fátæktarhugtak sem mótast hefur á vettvangi SP.²⁹⁴

Svo sem að framan greinir hyggst ég annars vegar skoða fyrrnefnda þrjá texta úr smiðju SP,²⁹⁵ hins vegar mun ég rannsaka umburðarbréf Frans páfa frá árinu 2015. Þessar tvær heimildir hafa ekki orðið til í tómarúmi, heldur eru þær hvor með sínum hætti afrakstur langþróaðs samtals. Þær eiga það sameiginlegt að vera ætlaðar almenningi og varða almannahag. Orðræða SP á sviði þróunarmála birtist einkum í margvíslegri opinberri skýrslugerð og kynningu samtakanna í kjölfar reglubundinna funda og ráðstefnuhalda sem síðustu ár hefur einkum tengst umfjöllun um þúsaldarmarkmiðin frá árinu 2000 og hinum 17 sjálfbæru þróunarmarkmiðum sem fram eru sett í heimsmarkmiðum SP frá 2015. Í textum SP um þróunar- og umhverfismál jafnt sem umburðarbréfi Frans páfa frá sumrinu 2015 er leitast við að ávarpa mannkyn í heild og ræða þá þætti sem helst ögra almannahag og vistkerfi, um leið og höfðað er til stjórnvalda og ráðamanna að hrinda nauðsynlegum breytingum í framkvæmd, auk þess sem almenningur er hvattur til vitundarvakningar og höfðað til skynsemi og siðvits allra manna.

294 Áhugavert ítarefni: [SP] „We the Peoples: The Role of the United Nations in the 21st Century.“

295 Skýrslu Stokkhólmsráðstefnunnar frá 1972: [SP] „Report of the United Nations Conference on the Human Environment“; Brundtlandskýrsluna frá 1987: [SP] „Our Common Future“; Heimsmarkmið SP frá 2015: [SP] „17 sjálfbær þróunarmarkmið.“

5. Skýrsla frá ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi mannsins

STOKKHÓLMI 5.–16. JÚNÍ 1972

Nú hefst samanburðarrannsóknin undir formerkjum fyrri rannsóknarspurningarinnar. Spurt er um birtingarmyndir fátæktar á ríflega fjörutíu ára tímabili í alþjóðlegum, stefnumarkandi skjölum og hvernig þær tengist hugmyndum um stöðu mannsins í síbreytilegum heimi. Markmið þessa kafla er skilgreint í fyrstu greiningarspurningunni af fjórum: *Hvaða heimsmynd, mannskilning og fátæktarhugtak má greina í skýrslu frá ráðstefnu SP um umhverfi mannsins sem haldin var í Stokkhólmi 1972?*

Í því skyni að gera framvinduna skýrari smíða ég fullyrðingar úr textanum sem lýsa þeim viðhorfum sem hann felur í sér með hnitmiðuðum hætti. Í niðurstöðukafla mun ég síðan horfa á fullyrðingarnar í samhengi og gera grein fyrir heimsmynd, mannskilningi og fátæktarhugtaki textans.

Skýrsla Stokkhólmsráðstefnunnar frá 1972 er 77 síður.²⁹⁶ Hún hefst á þriggja blaðsíðna *yfirlýsingu um umhverfi mannsins* (e. declaration of the United Nations conference on the human environment). Þá tekur við *aðgerðaáætlun fyrir umhverfi mannsins* (e. action plan for the human

296 [SP] „Report of the United Nations Conference on the Human Environment.“

environment) á 23 síðum þar sem mest fer fyrir *tilmælum um aðgerðir á alþjóðasviði* (e. recommendations for action at the international level).

Tilmælin sem lögð eru fram í aðgerðaáætluninni varða fjölmarga þætti, svo sem skipulag, úrbætur og stjórn (e. management) umhverfis, hvort heldur það er manngert eða náttúrulegt. Rætt er um vatnspörf manna, mannfjölgunarvandann, hávaðamengun, hamfarahjálp, þekkingu á jarðvegi, varðveislu hans og endurbótum. Eins um gildi þess að koma böndum á sóun í landbúnaði og efla rannsóknir og ræktun á búpeningi í sátt við vistkerfið. Vöxtur eyðimarka og rýrnun skóga á heimsvísu eru til umræðu. Einnig er fjallað um skógarelda, meindýr og smitsjúkdóma, áhrif mengunar á villtar dýrategundir og vernd villtra stofna í höfum. Rætt er um þjóðgarða og verndarsvæði, meðvitundina um að vernda genamengi veraldar, um sjóveiðar og skipulag þeirra, vatnsbúskap jarðar og vatnssuppsprettur, námuvinnslu og gröft, orkunýtingu og þróun auðlindanotkunar, hnattræna mengun í lofti, láði og legi, og loks um gildi þess að þróunarverkefni séu skoðuð í ljósi umhverfisáhrifa.

Í framhaldi af ýtarlegri tillögugerð um framangreind málefni og nokkur fleiri kemur beinskeytt aðgerðaáætlun á tveimur síðum (s. 27–28) þar sem öllum tilmælum er raðað í þrjá meginflokka innan svonefnds *aðgerðaramma í umhverfismálum* (e. framework for environmental action). Innan aðgerðarammans falla flestar aðgerðir í umhverfismálum annað hvort undir *umhverfismat* eða *umhverfisstjórnun*. Þriðji flokkurinn er síðan ýmsir *styðjandi þættir*, svo sem menntun og þjálfun starfsfólks, upplýsingagjöf, skipulag, fjármögnun o.fl.²⁹⁷

297 Umhverfismat; rannsóknir; mælingar og vöktun; miðlun upplýsinga; umhverfisstjórnun; styðjandi þættir; menntun og þjálfun; upplýsingagjöf til almennings; skipulag; fjármögnun og önnur aðstoð.

Í þriðja kafla skýrslunnar (s. 29–31) eru lagðar fram *ályktanir um stofnanalegar og efnahagslegar ráðstafanir*. Að slegnum margvíslegum varnögglum sem einkum varða sjálfræði þjóða og ábyrgð ríkisvalds á hverjum stað er lagt til að sett verði á fót *stjórnunarráð framkvæmdaáætlana í þágu umhverfismála* (e. Governing Council for Environmental Programmes). Eins er lagt til að sett verði á stofn *lítill embættisskrifstofa umhverfismála* hjá SP (e. Environment secretariat) í því skyni að skerpa áherslur og tryggja markvissa stjórnun. Loks er kveðið á um *stofnun umhverfissjóðs* auk fleiri fjárhagslegra ráðstafana og skipulagsþátta.

Í fjórða kafla (s. 32), undir öðrum *ályktunum ráðstefnunnar*, er m.a. alvarlega varað við hvers kyns tilraunum með kjarnorkuvopn, einkum þær sem fram fari ofan jarðar. Að loknu ávarpi til ríkisstjórna heimsins (s. 34) og stuttu sögulegu yfirliti yfir aðdragandann að tilurð ráðstefnunnar (s. 37) koma loks fundargerðir ráðstefnunnar (s. 43) þar sem andrúm og orðræða hjá fulltrúum þjóðanna er tíunduð á rúmum 20 blaðsíðum.

Sá hluti skýrslunnar sem skiptir mestu máli fyrir greiningu mína er yfirlýsingin sjálf sem finna má á fyrstu þremur síðum skýrslunnar og hyggst ég beina sjónum að þeim hluta textans hér. Yfirlýsingin skiptist í tvennt. Fyrri hlutinn er sjö stuttir *kaflar* sem skilgreina stöðu mála á jarðarkringlunni en sá seinni felur í sér 26 *meginreglur* (e. principles) sem fylgja skuli í leit að jafnvægi í sambúð manns og náttúru.

5.1 Heimsmynd yfirlýsingar SP frá 1972

Fyrstu tvær fullyrðingar mínar um heimsmynd textans eru eftirfarandi:

(1) *Umhverfið er umhverfi mannsins og skiptist í náttúrulegt umhverfi og manngert umhverfi.* (2) *Litið er á umhverfið í því ljósi að það gefi mannum færi á að ná markmiðum sínum og sé undirstaða velferðar hans og getu til að njóta réttar síns til lífs.*

Fyrsti kafli yfirlýsingarinnar hljóðar svo:

Maðurinn er hvort tveggja sköpunarverk [e. creature] og mótandi umhverfis síns, sem gefur honum líkamlegt viðurværi og ljær honum tækifæri til vitsmunalegs, siðferðilegs, félagslegs og andlegs vaxtar. Á hinni löngu og flóknu þróunarleið mannkyns á jörðinni hefur því stigi verið náð með hröðum vexti vísinda og tækni að maðurinn hefur öðlast vald til að umbreyta umhverfi sínu á ótal vegu og áður óþekktu umfangi. Báðar hliðar umhverfis hans; hin náttúrulega og hin manngerða eru forsendur farsældar hans og getu til að njóta frumréttinda sinna; réttarins til sjálfs lífsins.²⁹⁸

Hér er ýmsu slegið föstu sem m.a. varðar heimsmynd. Í vestrænni menningu má segja að búið sé að gera upp við hina gömlu lagskiptu heimsmynd miðalda þar sem mannlífið hrærist með guðs himin yfir sér og helvíti í neðra. Heimsmynd nútímans varðar engin máttarvöld önnur en mann og náttúru. Enda þótt þarna sé vísað til mannsins sem sköpunarverks sem skilja megji sem viðurkenningu á tilvist skapara að baki sköpun, þá er andi textans í heild ekki í þá veru. Þrisvar sinnum er vísað til umhverfisins í textanum og í öllum tilvikum er rætt um það sem *umhverfi mannsins*. Umhverfi mannsins skiptist í tvennt; náttúru annars vegar og manngert

298 1. kafli yfirlýsingarinnar: „Man is both creature and moulder of his own environment, which gives him physical sustenance and affords him the opportunity for intellectual, moral, social and spiritual growth. In the long and tortuous evolution of the human race on this planet a stage has been reached when, through the rapid acceleration of science and technology, man has acquired the power to transform his environment in countless ways and on an unprecedented scale. Both aspects of man's environment, the natural and the man-made, are essential to his well-being and to the enjoyment of basic human rights-even the right to life itself.“ [SP] „Report of the United Nations Conference on the Human Environment“, 3.

umhverfi hins vegar. Umhverfið, sem náttúra og manngert umhverfi, er skilgreint út frá manningum, það er handa manningum og er eign hans með einum eða öðrum hætti. Þá er kveðið á um að það sé maðurinn sem setji sér markmið og nýti umhverfi sitt sem viðspyrnu til að ná þeim. Vert er að taka fram að hugtakið *umhverfi* kemur oft en 70 sinnum fram á þeim þremur blaðsíðum sem yfirlýsingin í heild tekur og hugtakaparið *umhverfi mannsins* kemur níu sinnum fyrir, m.a. í sjálfum titlinum. Ekki er að sjá að neinn greinarmunur sé gerður á notkun hugtakanna; *umhverfið er umhverfi mannsins* og sem slíkt skiptist það í náttúrulegt umhverfi annars vegar og manngert umhverfi hins vegar. *Virgni umhverfisins er sú að það gefur manningum færni á að ná markmiðum sínum og er undirstaða að velferð hans og getu til að njóta réttar síns til lífs.*

Þriðja og síðasta fullyrðing mín um mannskilning skýrslunnar hljómar svo í samhengi: (3) *Jafnframt hefur náttúran sitt sjálfstæða gildi og ber maðurinn ábyrgð gagnvart henni í ljósi þess og þarf að eiga við hana samvinnu í eigin þágu.*

Segja má að fyrsti kafli yfirlýsingarinnar ásamt framsetningu textans í heild á hugtökunum *umhverfi* og *umhverfi mannsins* gefi mannmiðlægt sjónarhorn á heiminn þar sem einkum sé lögð áhersla á gildi veruleikans í þágu mannsins. Ólafur Páll Jónsson hefur gert greinarmun á hugtökunum *umhverfi* og *náttúra* sem vert er að staldra við í þessu samhengi. Að því leyti sem einhver staður er fyrir lifandi verur er hann umhverfi að áliti Ólafs. Umhverfi er alltaf umhverfi einhvers og þannig er það gildishlaðið: „Þegar við lýsum einhverju sem umhverfi, þá vísam við beint eða óbeint til ákveðinna hagsmuna.“²⁹⁹ Móðurkviðurinn er t.d. umhverfi fóstursins og hraunið getur verið umhverfi minksins. Ekki eru þó allir staðir umhverfi einhvers. Þótt barnshafandi kona starfi í frystihúsi á daginn er frystihúsið samt ekki umhverfi fóstursins og þótt sumarbústaður standi

299 Ólafur Páll Jónsson, „Staður, náttúra, umhverfi“, 156.

í hrauni minksins eru innanstokksmunir hans ekki hluti af umhverfi dýrsins, nema að því leyti sem þeir kynnu að varða hagsmuni þess, t.d. ef þar lægi hlaðin haglabysa í höndum veiðimanns sem hefði hug á að fella mink. Þannig verður staður að umhverfi ef hann hefur *tækisgildi* fyrir hagsmunaaðilann sem það hverfist um, að mati Ólafs.³⁰⁰

Ef einungis væri lesinn fyrsti kafinn í yfirlýsingu Stokkhólmsráðstefnunnar eða rannsóknin einskorðuð við hugtakanotkun sem varðar umhverfishugtak yfirlýsingarinnar mætti álykta að þar væri veruleikanum lýst og hann metinn sem einbert umhverfi í ljósi *tækisgildis* hans í þágu mannsins. Ólafur Páll tekur fram að náttúran hafi vissulega margvíslegt tækisgildi fyrir menn og dýr en fullyrðir jafnframt að það sem geri náttúru að náttúru sé óháð hagsmunum tiltekinna lífvera:

Íslenskar heiðar, sem sumar hverjar eru dæmi um lítt snortna náttúru, eru jafnframt beitarlönd, útivistarsvæði, veiðilendur og þáttur í sjálfsmynd Íslendinga sem þjóðar. Í slíkum tilvikum er náttúran gagnleg. En sá sem lítur á slíkar heiðar fyrst og fremst sem beitarland, útivistarsvæði eða veiðilendur, hann sér ekki náttúruna.³⁰¹

Telur Ólafur að með slíkri nytjasýn á náttúruna geri maður bæði náttúrunni og sjálfum sér rangt til; með því er sjálfstætt gildi náttúrunnar ekki virt og maður gerir sjálfan sig að miðju og meistara sköpunarverksins.³⁰²

Eins og nefnt var að framan skiptist yfirlýsingin í sjö kafla og tuttugu og sex meginreglur. Í fjórðu meginreglu yfirlýsingarinnar má finna visst mótvægi við mannmíðlægni fyrsta kafla þar sem staðhæft er að maðurinn beri sérstaka ábyrgð á því að tryggja og hafa umsjón með arfleifð dýralífs

300 Ólafur Páll Jónsson, „Staður, náttúra, umhverfi“, 155–157.

301 Ólafur Páll Jónsson, „Staður, náttúra, umhverfi“, 157–158.

302 Ólafur Páll Jónsson, „Staður, náttúra, umhverfi“, 158.

og heimkynna þess í veröldinni sem nú sé komið í alvarlega hættu vegna ýmissa ólíkra samverkandi þátta. Telja skýrsluhöfundar að náttúruvernd, og þar á meðal vernd villtra dýra, verði að hljóta sess í allri áætlanagerð tengdri hagþróun.³⁰³ Í sjötta kafla er auk þess lögð áhersla á að bætur á umhverfi í þágu manna verði að eiga sér stað „í samvinnu við náttúruna“ (e. collaboration).³⁰⁴ Því má segja að meðfram því að ljá umhverfi mannsins, að náttúrunni meðtalinni, augljóst *tækisgildi* séu í textanum a.m.k. tvær tilvísanir til *sjálfstæðs gildis* náttúrunnar og ábyrgðar mannsins gagnvart henni. Í annað skiptið er talað um samvinnu við náttúruna, en þó í því skyni að bæta umhverfi mannsins og auka frelsi hans.

5.2 Mannskilningur yfirlýsingar SP frá 1972

Fyrsta fullyrðing mín um mannskilning textans er þessi: (1) *Maðurinn er sköpunarverk og umhverfismótandi í senn, þungamiðja veruleikans og helsta dýrmæti heimsins.*

Enn skal horft á upphafsorð yfirlýsingarinnar: „Maðurinn er hvort tveggja sköpunarverk [e. creature] og mótandi umhverfis síns [...]“³⁰⁵

303 4. meginregla yfirlýsingarinnar: „Man has a special responsibility to safeguard and wisely manage the heritage of wildlife and its habitat, which are now gravely imperilled by a combination of adverse factors. Nature conservation, including wildlife, must therefore receive importance in planning for economic development.“ [SP] „Declaration of the United Nations Conference on the Human Environment“, 4.

304 Úr 6. kafla yfirlýsingar SP: „For the purpose of attaining freedom in the world of nature, man must use knowledge to build, in collaboration with nature, a better environment.“ [SP] „Declaration of the United Nations Conference on the Human Environment“, 3.

305 1. kafli yfirlýsingar SP: „Man is both creature and moulder of his environment.“ [SP] „Declaration of the United Nations Conference on the Human Environment“, 3.

Ég túlka hugtakið *sköpunarverk* í samhengi textans ekki sem frum-spekilega fullyrðingu (e. metaphysical statement), heldur fremur sem raunhæfingu (e. empirical statements) sbr. túlkunarramma Leslies Stevensons og Davids L. Habermans.³⁰⁶ Hér er um að ræða þann skilning að maðurinn sé í aðra röndina náttúrulegur en viti borinn í hina. Í sínu náttúrulega eðli er maðurinn þá berskjaldaður en á sama tíma sjálfstæður gerandi; sköpunarverk og umhverfismótandi í senn.

Í fimmta kafla yfirlýsingarinnar segir: „Af öllum þáttum heimsins er fólk dýrmætast.“³⁰⁷ Þessi fullyrðing er mjög skýr og tekur af allan vafa um þann mannmiðlæga mannskilning og heimsmynd sem höfundar textans hafa. Framhald og niðurlag fimmta kafla yfirlýsingarinnar skýrir þetta nánar:

Það er fólkið sem knýr fram félagslegar framfarir, skapar félagsauð, þróar vísindi og tækni og endurmótar með athafnasemi sinni umhverfi mannsins í sífellu. Samfara félagslegum framförum og aukinni framleiðni, vísindum og tækni hefur geta mannsins til að bæta umhverfið vaxið með degi hverjum.³⁰⁸

306 Stevenson og Haberman, *Ten Theories of Human Nature*, 15–21.

307 5. kafli yfirlýsingarinnar: „Of all things in the world, people are the most precious. It is the people that propel social progress, create social wealth, develop science and technology and, through their hard work, continuously transform the human environment. Along with social progress and the advance of production, science and technology, the capability of man to improve the environment increases with each passing day.“ [SP] „Declaration of the United Nations Conference on the Human Environment“, 3.

308 Úr 5. kafla yfirlýsingarinnar, bls. 3.

Hér er borinn fram sá skilningur á manninum að verðmæti hans standi í samhengi við getu hans til að skapa verðmæti og umbreyta umhverfi sínu til hins betra; vera sjálfráða og skapandi gerandi í heiminum.

Segja má að þessi mannskilningur rími vel við þá mynd af *núttíma-bandalagi hagkerfis, stjórnvalda og kirkju* sem McFague dregur upp og kynnt var í kafla 3.1.

Önnur fullyrðing mín um mannskilning textans er á þessa leið: (2) *Sjálfræði og skapandi frumkvæði er álitid grundvöllur að reisu mannsins og þeirri virðingu sem honum beri.*

Þriðji kafli yfirlýsingarinnar hefst á orðum sem lýsa verkefnum mannsins í veröldinni sem öll gera kröfu til vitsmuna hans og frumkvæðis: „Maðurinn verður sífellt að auka færni sína; safna reynslu, uppgötva, útfæra, skapa og þróa.“³⁰⁹ Jafnframt kemur fram í þriðja kafla vitneskjan um að færni mannsins geti bæði skaðað og bætt umhverfi hans. Lögð er áhersla á gildi þess að maðurinn beiti vitsmunum sínum þannig að gjörðir hans skaði ekki umhverfið, heldur verji það og bæti.

Þriðja fullyrðing mín varðar afleiðingar mannlegra gjörða: (3) *Náttúruleg fjölgun mannsins skapar óhjákvæmilegan umhverfisvanda.*

309 3. kafli yfirlýsingarinnar, bls. 3: „Man has constantly to sum up experience and go on discovering, inventing, creating and advancing. In our time, man’s capability to transform his surroundings, if used wisely, can bring to all peoples the benefits of development and the opportunity to enhance the quality of life. Wrongly or heedlessly applied, the same power can do incalculable harm to human beings and the human environment. We see around us growing evidence of man-made harm in many regions of the earth: dangerous levels of pollution in water, air, earth and living beings; major and undesirable disturbances to the ecological balance of the biosphere; destruction and depletion of irreplaceable resources; and gross deficiencies, harmful to the physical, mental and social health of man, in the man-made environment, particularly in the living and working environment.“

Vitund um skaðsemi mannsins gagnvart umhverfinu kemur fram í upphafsorðum fimmta kafla yfirlýsingarinnar:

Náttúruleg mannfölgun skapar sífelldan vanda í tengslum við vernd umhverfisins. Finna þarf viðeigandi stefnumörkun og viðmið í því skyni að takast á við þann vanda. Af öllum þáttum heimsins er fólk dýrmætast [...] ³¹⁰

Maðurinn, þetta sambland af sköpunarverki og skapaða, veldur samkvæmt þessu óhjákvæmilegri röskun á náttúrulegu umhverfi. Baksvið textans er sýnin á manninn andspænis náttúrunni og varðar jafnt mannskilning og heimsmynd.

Í fjórða og fimmta lagi er fullyrt: (4) *Maðurinn stendur andspænis náttúrunni.* (5) *Umhyggja mannsins fyrir náttúrunni tengist einkum þeim afleiðingum sem náttúruójafnvægi geti haft á kjör fólks.*

Sjötti kafli yfirlýsingarinnar hefst á svofelldum orðum:

Þeim stað hefur nú verið náð í sögunni þegar við verðum að móta gjörðir okkar á heimsvísu af meiri umhyggju og forsjálni í ljósi umhverfisáhrifa. Með vanþekkingu eða skeytingarleysi getum við unnið mikinn og óafturkræfan skaða á því jarðneska umhverfi sem líf okkar er háð. Hins vegar getum við með því að beita þekkingu og visku í verklegum eignum öðlast betra líf fyrir sjálf okkur og afkomendur í umhverfi sem fellur betur að mannlegum þörfum og vonum. ³¹¹

310 Úr 5. kafla yfirlýsingar SP, bls. 3: „The natural growth of population continuously presents problems for the preservation of the environment, and adequate policies and measures should be adopted, as appropriate, to face these problems.“

311 6. kafli yfirlýsingar SP, bls. 3: „A point has been reached in history when we must shape our actions throughout the world with a more prudent care for their envi-

Hér stendur maðurinn gagnvart náttúrunni sem afurð hennar og mótandi í senn. Náttúran er ekki óvinur mannsins, en hún er ögrun sem hann getur umbreytt í gæði ef hann nýtir vitsmuni sína og færni til að afla þekkingar. Sameiginlegt markmið mannkyns sem lýst er í sjötta kafla yfirlýsingarinnar er að „öðlast betra líf fyrir sjálf okkur og afkomendur í umhverfi sem er meira í samræmi við mannlegar þarfir og vonir“. Rökin fyrir því að móta gjörðir okkar sem mannkyn á heimsvísu lúta að þeirri ógn sem að okkur stæðjar ef við ekki semjum okkur út úr aðstæðunum með forsjálni. Hér má rifja upp að í skýringarmynd Hobbes af manninum í sinni upprunastöðu er náttúran og náttúrulegar aðstæður gefin stærð og mannskepnan sem hluti hennar versti óvinur mannsins sem valdið getur því að líf hans verði, með orðum Hobbes, „einmanalegt, fátækt, andstyggilegt, dýrslegt og stutt“ nema hann semji sig í átt að skárri lífi.³¹² Í textanum sem hér er til rannsóknar stendur maðurinn andspænis náttúrunni verandi í senn afurð hennar og áhrifavaldur og umhyggja hans fyrir náttúrunni tengist einkum þeim afleiðingum sem náttúruójafnvægi getur haft á kjör hans. Þessi mynd rímar við andrúmið í skýringarmynd Hobbes og eins við þann mannskilning sem bent var á í inngangi sem lítur á manninn sem herra jarðar; einyrkja frekar en félagsveru, hagsmunaðila fremur en þátttakanda í vistkerfi. Skilaboðin eru þau að nú sé skynsamlegast að semja, gera samfélagssáttmála í ljósi þess að annars muni illa fara. Spyrja má

ronmental consequences. Through ignorance or indifference we can do massive and irreversible harm to the earthly environment on which our life and well being depend. Conversely, through fuller knowledge and wiser action, we can achieve for ourselves and our posterity a better life in an environment more in keeping with human needs and hopes.“

312 „No arts; no letters; no society; and which is worst of all, continual fear, and danger of violent death: and the life of man, solitary, poor, nasty, brutish and short.“ Hobbes, *Leviathan*, 57.

hvort líta megi á stöðu náttúrunnar í textanum svipuðum augum og stöðu dýra, fatlaðs fólks og ýmissa annarra jaðarhópa samfélagsins? Náttúran er þarna og á sinn sjálfstæða tilverurétt, en hún situr ekki við borðið.³¹³

Síðasta staðhæfing mín sem varðar mannskilning Stokkhólmsráðstefnunnar er þessi: (6) *Náttúran sem ögrun og uppspretta gæða er sammannleg kjör og því þarf mannkyn að sameinast í ábyrgð gagnvart náttúrunni.*

Sjötta kafla yfirlýsingarinnar lýkur á þeirri áherslu að umhverfisvernd í þágu fæddra og ófæddra kynslóða hljóti að vera höfuðmarkmið mannkyns sem vinna þurfi að í raunhæfu jafnvægi við áherslur á efnahagslega og félagslega þróun auk friðarmála.³¹⁴ Þessi þráður er tekinn upp í sjöunda kafla en þar segir:

Eigi þetta markmið í umhverfismálum að nást mun það krefjast viðurkenningar á ábyrgð borgara og samfélaga sem og fyrirtækja og stofnana á öllum stigum þar sem allir eiga jafna hlutdeild í sameiginlegri viðleitni. Einstaklingar hvarvetna í mannflórunni jafnt sem samtök á öllum sviðum munu með þeim gildum sem þau hafa og þeim verkum sem þau sýna móta umhverfi framtíðar á heimsvísu.³¹⁵

313 Þó skal því haldið til haga að rætt er um samvinnu (e. collaboration) við náttúruna en sú samvinna er á forsendum mannsins sem jafnframt er það dýrmætasta í veröldinni, auk þess sem fyrirsjáanlegt er, að mati höfunda skýrslunnar, að sjálf tilvist mannsins í heiminum skapi röskun á náttúrulegu umhverfi.

314 Niðurlag 6. kafla yfirlýsingar SP, bls. 1: „To defend and improve the human environment for present and future generations has become an imperative goal for mankind—a goal to be pursued together with, and in harmony with, the established and fundamental goals of peace and of worldwide economic and social development.“

315 Upphaf 7. kafla yfirlýsingar SP, bls. 1: „To achieve this environmental goal will demand the acceptance of responsibility by citizens and communities and by enterprises and institutions at every level, all sharing equitably in common efforts. Individuals in

Með þessum orðum er hvatt til samstöðu allra manna og mælt fyrir allsherjar samfélagssáttmála mannkyns andspænis náttúru í ljósi þeirrar samningsstöðu sem upp sé komin í samskiptum manns við umhverfi sitt.

Það sem hér hefur fram komið má þá draga saman þannig að *mannskilningur textans lúti að manninum sem einyrkja og hagsmunaaðila* í þeim skilningi að félagsleg þátttaka hans og samningar á öllum sviðum byggjast á sjálfsbjargarviðleitni. Hér hef ég bent á skyldleika við mynd Hobbes af manninum í sínu náttúrulega ástandi um leið og almennt má segja að hér sé á ferð mannskilningur í anda sáttmálakenna, eins og þeirrar sem Rawls setti fram.³¹⁶

5.3 Fátæktarhugtak yfirlýsingar SP frá 1972

— Vandinn sem við er að etja

Með hliðsjón af fátæktarskilgreiningunum sex sem settar hafa verið fram í ritgerðinni³¹⁷ fullyrði ég að undirliggjandi fátæktarhugtak Stokkhólmsráðstefnunnar sé *fátækt sem félagsleg útilokun*. Ég mun í framhaldinu gefa nokkur dæmi sem eiga að styðja þá fullyrðingu.

Fjórði kafli yfirlýsingarinnar hefst með þessum orðum:

Í þróunarlöndunum stafa flest umhverfisvandamál af skorti á þróun. Milljónir lifa langt undir lágmarksviðmiðum um mannsæmandi tilveru vegna skorts á mat og klæðnaði, húsaskjóli og menntun, heilsu og hreinlæti.³¹⁸

all walks of life as well as organizations in many fields, by their values and the sum of their actions, will shape the world environment of the future.“

316 2. kafli.

317 Kafli 3.4 (bls. 83).

318 4. kafli yfirlýsingar SP, bls. 1: „In the developing countries most of the environmental

Þegar fullyrt er í fjórða kafla yfirlýsingarinnar, sem hér er til rannsóknar, að milljónir lifi „langt undir lágmarksviðmiðum um mannsæmandi tilveru vegna skorts á mat og klæðnaði, húsaskjóli og menntun, heilsu og hreinlæti“, þá er ljóst að fátæktarhugtakið er víðara en svo að það varði einfaldar frumþarfir. Meginregla nr. 1 vikkar fátæktarhugtak textans enn frekar:

Maðurinn á grundvallarrétt til frelsis, jöfnuðar og viðunandi lífsaðstæðna í umhverfi sem hefur þau gæði að fólk eigi kost á að lifa með reisu og njóta farsældar. Hann ber fulla ábyrgð á vernd og umbótum hverfis í þágu fæddra og ófæddra kynslóða. Í þessu ljósi hljóta stefnumótanir sem stuðla að eða viðhalda aðskilnaðarstefnu, kynþáttaeinangrun, mismunun og hvers kyns kúgun, svo sem nýlendukúgun og yfirráðum framandi þjóða, að vera fordæmdar og útilokaðar.³¹⁹

problems are caused by under-development. Millions continue to live far below the minimum levels required for a decent human existence, deprived of adequate food and clothing, shelter and education, health and sanitation. Therefore, the developing countries must direct their efforts to development, bearing in mind their priorities and the need to safeguard and improve the environment. For the same purpose, the industrialized countries should make efforts to reduce the gap between themselves and the developing countries. In the industrialized countries, environmental problems are generally related to industrialization and technological development.“

319 Meginregla yfirlýsingar SP nr. 1, bls. 2: „Man has the fundamental right to freedom, equality and adequate conditions of life, in an environment of a quality that permits a life of dignity and well-being, and he bears a solemn responsibility to protect and improve the environment for present and future generations. In this respect, policies promoting or perpetuating apartheid, racial segregation, discrimination, colonial and other forms of oppression and foreign domination stand condemned and must be eliminated.“

Þess var getið í inngangi að þegar rætt er um fátækt sem félagslega útilokun sé fátækt sem efnislegur skortur og fátækt sem skortur í samanburði við aðra í raun innifalin í hugtakinu, en því til viðbótar sé horft til félagslegs veruleika og reynt að meta hvernig fátækt horfi í raun við lifandi fólki.³²⁰ Þá var það einnig orðað svo að hugtakið fátækt sem félagsleg útilokun fjalli um fjölbætta hagsmuni fólks þar sem horft er til tengsla manna í millum, alls kyns ferla sem taka tíma og einnig umhverfisins sem lifað er í.³²¹ Í stuttu máli leyfði ég mér að segja að *hugtakið félagsleg útilokun fjalli um fjölbætta hagsmuni fólks sem skoðaðir séu með hliðsjón af tengslum í tíma og rúmi.*

Fyrsta meginregla yfirlýsingarinnar sem hér er til skoðunar fjallar um rétt fólks til að lifa með reisn og njóta farsældar. Í því skyni er þrennt dregið fram sem mestu skiptir: Í fyrsta lagi ber maðurinn ábyrgð á *umhverfi* sínu. Í öðru lagi lýtur ábyrgð hans að fæddum og ófæddum kynslóðum, svo að hér er horft til ferla sem taka *tíma*. Loks er gildi góðra félagslegra *tengsla* áréttað og hverskyns aðskilnaði, mismunun, kúgun og yfirráðum hafnað.

Fátæktarhugtak textans, að því leyti sem það snýr að þeim vanda sem við er að etja, fellur vel að hugtakinu *félagsleg útilokun* og samkvæmt því birtist fátækt m.a. í því þegar fólk fer á mis við almenn mannréttindi og eins þegar niðurníðsla umhverfis skaðar farsæld almennings í nútíð og framtíð. Hugtakið felur í sér fátækt sem efnislegan skort og skort í samanburði við aðra en fjallar auk þess um fjölbætta hagsmuni fólks sem varða tengsl í tíma og rúmi, félagslegt samhengi jafnt sem umhverfisþætti. Hér er ekki fjallað um fátækt sem siðferðis- eða vistkerfisvanda, heldur er fátækt miklu frekar vanþróun sem á að mæta með mannþróun. Umhverfishnignun og vanþróun er ekki fátækt en getur leitt til fátæktar í þeim skilningi að um sé að ræða félagslega útilokun.

320 Nolan og Whelan, *Poverty and Deprivation in Europe*, 17.

321 Hills, Le Grand og Piachaud, *Understanding Social Exclusion*, 5–6.

5.3.1 Fátæktarhugtak yfirlýsingar SP frá 1972

— Úrræðin sem á er bent

Sjö meginatriði má draga fram sem lýsa þeim úrræðum sem lögð eru til í textanum og skulu þau öll lögð hér fram í upphafi svo að samhengi þeirra sé ljósara:

1. Með skipulagi og stjórnun má varðveita vistkerfið í þágu fæddra og ófæddra kynslóða.
2. Vernd og endurbætur umhverfis mannsins er öllum þjóðum í hag og ábyrgð umhverfismála liggur hjá öllum þjóðum og yfirvöldum heimsins.
3. Náttúran er í senn ögrun og uppspretta gæða þar sem maðurinn öðlast frelsi með því að beita þekkingu og skynsemi.
4. Mannkyn á að sameinast gagnvart náttúrulegum aðstæðum með því að afla þekkingar og skiptast á henni.
5. Tryggja skal að þróun sé skipulögð og samþætt umhverfinu þannig að umhverfið varðveitist og styrkist í þágu manna.
6. Markmið mannsins í umhverfinu nást best í samvinnu og gagnkvæmu samráði einstaklinga, stofnana og sjálfstæðra ríkja.
7. Lausn fátæktarvandans liggur m.a. í því að þróuð ríki styðji þau fátækari til þróunar á eigin forsendum.

Viðmiðunarregla yfirlýsingar nr. 2 hljóðar svo:

Náttúruauðlindir jarðar, þar á meðal loft, vatn, land, plöntu- og dýraráki, með áherslu á fjölbreytileika vistkerfisins, þarfnast verndar í þágu fæddra og ófæddra með vönduðu skipulagi og viðeigandi stjórnun.³²²

322 Viðmiðunarregla yfirlýsingar SP nr. 2, bls. 4: „The natural resources of the earth, including the air, water, land, flora and fauna and especially representative samples

Í þessari einu setningu birtist hefðbundin nútímaheimsmynd þar sem vistkerfið í nútíð og framtíð er í þágu mannsins og hann stendur andspænis vistkerfinu sem afurð þess og mótandi. Umhyggja hans fyrir náttúrunni tengist þeim afleiðingum sem náttúruójafnvægi getur haft á kjör fólks. Þessir þættir eru þegar orðnir kunnuglegir, en með augun á fátæktarhugtakinu og skimandi eftir úrræðum í því sambandi má hér greina þann skilning að besta andsvar mannsins við eigin framfærsluvanda í vistkerfinu sé „vandað skipulag og viðeigandi stjórnun“.

Athygli vekur að vandinn sem hér er lýst er ekki siðferðilegur í grunninn. Áherslan er á getu mannsins til þess að forðast vandann með skynsamlegu skipulagi og með pólitískum ákvörðunum, markvissum stjórnunaraðgerðum og samvinnu. En hver ber ábyrgð á því mikla verki? Því svarar annar kafli yfirlýsingarinnar svo:

Vernd og endurbætur á umhverfi mannsins er stórt málefni sem varðar farsæld þjóða og hagræna þróun á heimsvísu. Það er brýnn vilji allra þjóða og skylda yfirvalda.³²³

Ljóst er að höfundar textans líta svo á að ábyrgðin á skipulagi og stjórn umhverfismála í þágu fæddra og ófæddra kynslóða gagnvart náttúrunni sé deild og varði þjóðir og yfirvöld þeirra.

Þá er næst að spyrja hvernig þjóðir og yfirvöld geti náð árangri í umhverfismálum? Sjötti kafli yfirlýsingarinnar lýsir því:

of natural ecosystems, must be safeguarded for the benefit of present and future generations through careful planning or management, as appropriate.“

323 2. kafli yfirlýsingar SP, bls. 3: „The protection and improvement of the human environment is a major issue which affects the well-being of peoples and economic development throughout the world; it is the urgent desire of the peoples of the whole world and the duty of all Governments.“

Við blasir möguleikinn á að auka umhverfsgæði og skapa gott líf. Það sem þarf er ákaft en yfirvegað hugarástand og einbeitt en skipu- lagt verklag. Í því skyni að öðlast frelsi í náttúrulegum heimi verður maðurinn að nota þekkingu til að byggja upp betra umhverfi í sam- vinnu við náttúruna.³²⁴

Frelsi frá náttúru í heimi náttúru fæst með þekkingu og samvinnu við náttúruna. Náttúran er í senn ögrun og uppspretta gæða þar sem maðurinn öðlast frelsi með því að beita þekkingu og skynsemi.

Í tuttugustu viðmiðunarreglu er lagt til að stutt verði við vísindarann- sóknir og þróun á sviði umhverfsvandamála á þjóðlegum og fjölþjóðlegum grundvelli í öllum ríkjum, einkum þróunarríkjum. Í því sambandi er lögð áhersla á frjálst flæði vísindabekkingar og reynslu. Þá er í þeirri átjándu kveðið á um að tækni og vísindi eigi að upplýsa mannkyn í hagrænni og félagslegri þróun þess. Það geti þau með því að „greina, forða og stýra um- hverfisáhættu og umhverfisvá í þágu almannaheilla“ (e. common good).³²⁵

324 Úr 6. kafla yfirlýsingar SP, bls. 3: „There are broad vistas for the enhancement of envi- ronmental quality and the creation of a good life. What is needed is an enthusiastic but calm state of mind and intense but orderly work. For the purpose of attaining freedom in the world of nature, man must use knowledge to build, in collaboration with nature, a better environment.“

325 Fyrri hluti viðmiðunarreglu 20, bls. 5: „Scientific research and development in the context of environmental problems, both national and multinational, must be promoted in all countries, especially the developing countries. In this connection, the free flow of up-to-date scientific information and transfer of experience must be supported and assisted, to facilitate the solution of environmental problems [...]“ Viðmiðunarregla 18, bls. 5: „Science and technology, as part of their contribution to economic and social development, must be applied to the identification, avoidance and control of environmental risks and the solution of environmental problems and for the common good of mankind.“

Mannkyn á samkvæmt þessu að sameinast gagnvart náttúrulegum aðstæðum með því að afla þekkingar og skiptast á henni.

Saman við mannmiðlæga heimsmynd og mannskilning, sem lítur á manninn fremur sem einyrkja og hagsmunaaðila andspænis náttúrunni en síður sem félagsveru og þátttakanda í vistkerfi, fer hér sá skilningur á mannlegum lífskjaravanda að best sé að nálgast hann með skipulagi og stjórnun út frá deildri ábyrgð með þekkingu og skynsemi að vopni.

Annað atriði sem mikilvægt er að sjá og varðar þær vinnutilgátur sem lagðar eru til í textanum að lausn lífskjaravandans í heiminum er vitundin um að þróun geti skapað ójafnvægi í umhverfismálum og að við því verði að bregðast.

Í öðrum kafla segir svo:

Vernd og umbætur á umhverfi mannsins er meginmálefni sem varðar farsæld alls fólks og hagþróun í heiminum, þetta er knýjandi keppikefli alls fólks um allan heim og skylda allra stjórnvalda.³²⁶

Þrettánda viðmiðunarreglan varðar líka þetta atriði og hljóðar svona:

Í því skyni að ná að viðhalda skynsamlegri stjórnun auðlinda og bæta þannig umhverfið ættu ríki að tileinka sér samþætta og samræmda nálgun í þróunaráætlunum þannig að þróun samrýmist þörfinni að vernda og bæta umhverfi í þágu íbúanna.³²⁷

326 2. kafli yfirlýsingarinnar, bls. 3: „The protection and improvement of the human environment is a major issue which affects the well-being of peoples and economic development throughout the world; it is the urgent desire of the peoples of the whole world and the duty of all Governments.“

327 13. viðmiðunarregla yfirlýsingar SP, bls. 5: „In order to achieve a more rational management of resources and thus to improve the environment, States should adopt an

Sú hugsun sem hér er undirliggjandi er sú sem síðar átti eftir að fæðast í hugtakiinu *sjálfbær þróun*. Er áhugavert að sjá útlínur þessa miðlæga hugtaks, sem Brundtlandskýrslan mótaði varanlega árið 1987 og birtist í þúsaldarmarkmiðum árið 2000 og heimsmarkmiðum SP um sjálfbæra þróun frá 2015, koma hér fram í orðræðu og áherslum árið 1972.

Að mati Iris Borowy átti þessi áhersla rætur í Founex-hópnum sem fyrr var nefndur og hafði ekki síst því hlutverki að gegna að tryggja aðkomu þróunarlanda að ráðstefnunni á sínum tíma.³²⁸ Einkum telur hún tvennskonar pólitísk sjónarmið, sem runnin eru undan rifjum Founex-hópsins, hafa valdið því að stjórnámálameðmönnum úr suðrinu fengust til þátttöku. Þau fyrri birtast m.a. í sjöunda kafla yfirlýsingarinnar sem fyrr var skoðaður í samhengi við mannskilning textans en gefur líka vissa pólitíska sýn á fátæktarhugtakið með tilliti til úrræða. Þar er staðhæft að eigi markmið í umhverfismálum að nást muni það krefjast viðurkenningar á „ábyrgð borgara og samfélaga sem og fyrirtækja og stofnana á öllum stigum þar sem allir eiga jafna hlutdeild í sameiginlegri viðleitni“. Einstaklingar hvarvetna í mannflórinni jafnt sem samtök á öllum sviðum muni með þeim gildum sem þau hafa og þeim verkum sem þau sýna móta umhverfi framtíðar á heimsvísu.³²⁹ Auk þess kemur fram í viðmiðunarreglu sautján sú afstaða að leggja skuli áherslu á samvinnu milli ríkja en ekki á

integrated and coordinated approach to their development planning so as to ensure that development is compatible with the need to protect and improve environment for the benefit of their population.“

328 Borowy, *Defining Sustainable Development for Our Common Future*, 31–33.

329 7. kafli yfirlýsingar SP, bls. 3: „To achieve this environmental goal will demand the acceptance of responsibility by citizens and communities and by enterprises and institutions at every level, all sharing equitably in common efforts. Individuals in all walks of life as well as organizations in many fields, by their values and the sum of their actions, will shape the world environment of the future.“

yfirþjóðlegar stofnanir.³³⁰ Hér er með öðrum orðum hvers kyns forræðis-
hyggju hafnað í umhverfis- og þróunarmálum en mælt með lýðræðislegum
vinnubrögðum þar sem sjálfsforræði hvers ríkis sé tryggt í öllu ferlinu.

Síðari pólitíska áherslan úr smiðju Founex-hópsins kemur fram í
niðurlagi tuttugustu viðmiðunarreglu og varðar málefni sem verið hefur
bitbein í öllu umhverfis- og þróunarstarfi; spennan milli norðurs og suðurs.
Hvatt er til þess að þróuð ríki styðji fátækari ríki til þróunar, m.a. með
því að veita þróunarríkjum aðgengi að umhverfistækni (e. environmental
technologies) með raunhæfum skilmálum svo nýting hennar verði ekki að
byrði.³³¹ Eins eru þróunarlönd hvött til þess í fjórða kafla yfirlýsingarinnar
að beina viðleitni sinni að þróun, hafandi í huga eigin forgangsörðun og
mikilvægi þess að tryggja og bæta umhverfið. Í sama tilgangi ættu iðn-
ríkin að mati höfunda að leggja sig fram um að draga úr bilinu milli þeirra
sjálfra og þróunarríkjanna.³³²

Þegar skýrsla SP frá 1972 veðjar á mannlega vitsmuni og stjórnunar-
getu sem úrræði við lausn fátækta vandans (fullyrðingar 1, 3 og 4), leggur
áherslu á hagsmuni og ábyrgð almennings (fullyrðingar 2 og 6) og lítur
til ríkisvaldsins sem forræðisaðila sem starfa skuli í gagnkvæmu ríkja-
samráði (fullyrðing 6), þá eru þar á ferð nálganir sem falla ágætlega að

330 17. viðmiðunarregla yfirlýsingar SP, bls. 5: „Appropriate national institutions must be entrusted with the task of planning, managing or controlling the 9 environmental resources of States with a view to enhancing environmental quality.“

331 Niðurlag 20. viðmiðunarreglu SP, bls. 5: „Environmental technologies should be made available to developing countries on terms which would encourage their wide dissemination without constituting an economic burden on the developing countries.“

332 Seinni hluti 4. kafla, bls. 3: „Therefore, the developing countries must direct their efforts to development, bearing in mind their priorities and the need to safeguard and improve the environment. For the same purpose, the industrialized countries should make efforts to reduce the gap between themselves and the developing countries.“

almennum hugmyndum um einfalt skiptaréttlæti nýklassískrar hagfræði sem rætt var um í kafla 3.4. En þegar loks er lögð áhersla á samþættingu þróunar- og umhverfismála í veröldinni með tilliti til hagsmuna fæddra jafnt sem ófæddra kynslóða (fullyrðingar 5 og 1) er ljóst að sá rammi er sprunginn og einhvers konar getunálgun að hætti Amartya Sen tekin við. Mikilvægir þættir mannlegrar farsældar byggjast á aðstæðum í umhverfinu. Sjálf hugmyndin um mikilvægi þess að þróun skaði ekki umhverfið og skerði lífsgæði almennings, að ófæddum kynslóðum meðtöldum, byggist á vitneskjunni um að úrræði séu ekki markmið í sjálfu sér, heldur þurfi þau að hafa sanngjarnt gildi svo að fólk hafi getu til að breyta úrræðum í gæði. Getan til að eiga gott líf og forðast fátækt er ekki einungis persónuleg, heldur ræðst hún ekki síður af félagslegum kringumstæðum, menningu og umhverfisþáttum.³³³

Mikilvægt er að halda því til haga að hvergi í skýrslutextanum er vísað beint til siðferðilegs ranglætis eða ójöfnuðar. Fátækt er til komin vegna skorts á þróun og aðsteðjandi umhverfisvanda sem leysa skal með aðgerðum á sviði umhverfisverndar og áherslu á mannþróun, en viðurkenningin á hinu margvíslega hagræði manna í tengslum, tíma og rúmi er samt fyrir hendi. Vitundin um fátækt sem félagslega útilokun er vissulega tiltæk, en sú siðferðilega áhersla sem gjarnan fylgir henni (fátæktarskilgreining fimm) með kröfunni um réttlæti er ekki í textanum.³³⁴

333 Ólafur Páll Jónsson, „Skiptaréttlæti“, 127–129.

334 Viðmiðunarregla nr. 8 hljóðar svo á frummálinu: „Economic and social development is essential for ensuring a favorable living and working environment for man and for creating conditions on earth that are necessary for the improvement of the quality of life.“ Hér er alveg klárt að það er hagræn og félagsleg þróun sem öllu varðar í því skyni að tryggja mannum ákjósanlegt umhverfi til lífs og starfa og skapa þær aðstæður á jörðinni sem nauðsynlegar eru til þess að bæta lífsgæði manna. Viðmiðunarregla nr. 10 er þessi: „For the developing countries, stability of prices and adequate earnings for primary commodities and raw materials are essential to

5.4 Samantekt

Fyrsta greiningarspurning spyr m.a. að útlínum heimsmyndar í textanum. Fram er komið að skýrsla SP frá 1972 ber sterk einkenni þess sem hér hefur verið nefnt nútímaheimsmynd sem lýsir sér í mannmiðlægni þótt einnig sé kveðið á um sjálfstætt gildi náttúrunnar. Í annan stað er spurt um mannskilning textans. Niðurstaða mín er sú að hann varði manninn sem einyrkja og hagsmunaaðila fremur en félagsveru og þátttakanda. Í þriðja lagi er spurt um fátæktarhugtak textans. Hér eru færð rök fyrir því að fátæktarhugtak skýrslunnar sé býsna vítt og falli vel að hugtakinu félagsleg útilokun en varði hvorki siðferði né vistkerfi. Þegar loks er hugað að úrræðum eða vinnutilgátum að lausn fátæktarvandans má segja að þar sé á ferð nytja- og úrræðanálagn í anda hefðbundins skiptaréttlætis og þó örli á þeirri vitund sem býr að baki hugmyndinni um getunálgun sem síðar átti eftir að koma fram sem áhrifarík kenning um réttlæti í skrifum Amartya Sen og Mörthu Nussbaum.

environmental management, since economic factors as well as ecological processes must be taken into account.“ Hér er valdamuninum milli norðurs og suðurs lýst, þótt hann skapi enga siðferðilega sérstöðu aðra en þá að menn verða að vinna saman á jöfnum forsendum. Ríku þjóðirnar í norðri verða að rétta þróunarlöndum í suðri hjálparhönd, af hagnýtum en ekki siðferðilegum ástæðum.

6. Brundtlandskýrslan *Sameiginleg framtíð okkar* frá 1987

Í þessum kafla leitast ég við að svara annarri greiningarspurningu sem hljóðar svo: *Hvaða heimsmynd, mannskilning og fátæktarhugtak má greina í skýrslu SP „Sameiginleg framtíð okkar“ frá árinu 1987?*

Hér verður notuð sama aðferð og í síðasta kafla við að lýsa og greina textann. Ég byrja á því að lýsa textanum, uppbyggingu hans og innihaldi. Greiningin felst svo í því að dregnar eru fram fullyrðingar byggðar á túlkun minni á heimsmynd, mannskilningi og fátæktarhugtaki textans og þær túlkaðar í samhengi rannsóknarspurningarinnar.³³⁵

Skýrsla alþjóðlegrar nefndar SP um umhverfi og þróun sem kennd er við Gro Harlem Brundtland og ber heitið *Sameiginleg framtíð okkar* (e. *Our Common Future*) og kom út árið 1987 er allefnismikil.³³⁶ Á 290 síðum er fyrst fjögurra síðna formáli nefndarformannsins og 16 blaðsíðna yfirlit yfir helstu áherslur skýrslunnar áður en megintextinn er lagður fram í þremur hlutum.

335 Sá munur er á Brundtlandskýrslunni og skýrslu SP frá 1972 að enginn einn þáttur hennar er öðrum veigameiri og liggur því allur textinn undir að frátalinni viðbótinni í lokin.

336 [SP] „Our Common Future.“

Fyrsti hlutinn ber heitið „Sameiginleg áhyggjuefni“ (e. Common Concerns) þar sem (1) þær framtíðarógnanir sem nefndarmenn álíta að ögri mannkyni í vistrænu og félagslegu tilliti eru viðraðar um leið og (2) vísað er í átt að sjálfbærri þróun og (3) bent á hlutverk alþjóðahagkerfisins í því sambandi.

Annar hlutinn ber yfirskriftina „Sameiginlegar áskoranir“ (e. Common Challenges). Þar er í sex köflum og á rúmum hundrað síðum fjallað um fólksfjölgun, fæðuöryggi, líffræðilegan fjölbreytileika og vistkerfi, orkumál, iðnað og þéttbýlismyndun.

Þriðji hlutinn ber titilinn „Sameiginleg viðleitni“ (e. Common Endeavours) og er samsettur úr þremur köflum þar sem fyrst er rætt um stjórnun almenninga (e. Managing The Commons), þ.e.a.s. þeirra svæða á jarðarkringlunni sem ekki eru undir stjórn tiltekinna ríkja; heimskautin og opin hafsvæði auk himingeimsins þar sem gervitungl á sporbaug um jörðu gegna t.d. síauknu hlutverki í fjarskiptum og upplýsingasöfnun. Í öðrum kafla er rætt um frið, öryggi, þróun og umhverfi (e. Peace, Security, Development, and the Environment), en í þeim þriðja um leiðir í átt að sameiginlegum aðgerðum og lagðar fram tillögur að stofnanalegum og lagalegum breytingum í því samhengi (e. Towards Common Action: Proposals For Institutional and Legal Change).

Skýrslunni lýkur á stuttum viðbótarþætti í tveimur köflum þar sem fyrst eru lagðar fram tillögur að grunnviðmiðum í lagagerð tengdri sjálfbærri þróun á heimsvísu og síðan gerð grein fyrir skipulagi sjálfrar nefndarvinnunnar.

6.1 Heimsmynd Brundtlandskýrslunnar

Sjö megináherslur má draga fram sem varða heimsmynd textans. Í fyrsta lagi er litið svo á að (1) jörðin sé ekki miðja alheimsins og maðurinn ekki miðja jarðar. (2) Meginkraftar jarðar eru vistkerfisleg ferli í opnum gagn-

virikum tengslum þar sem maðurinn er víkjandi þáttur en hefur gert sig ríkjandi fyrir misskilning. (3) Litið er á heiminn sem samansafn opinna gagnvirkra kerfa þar sem allt er innbyrðis tengt og hvað öðru háð en lögð áhersla á að (4) burðarþoli vistkerfisins séu takmörk sett. Enda þótt höfundar textans líti ekki á manninn sem miðju veruleikans eða herra jarðar gefa þeir honum frelsi til að skilgreina sjálfan sig og taka sér stöðu sem hagsmunaaðili í vistkerfinu: (5) Umhverfið er skilgreint sem bústaður manna og (6) horft á auðlindir jarðar, að tegundaauðgi hennar og genamengi meðtöldu, sem eign sem skuli varðveita og stýra. (7) Uppfylling mannlegra þarfa og væntinga er meginviðfang þróunar að mati skýrsluhöfunda.

Framar var þess getið að í upphafsorðum Brundtlandskýrslunnar mætti greina tilvísun í lokaorð skýrslu SP frá 1972 þar sem dregin er upp mynd af jarðkúlunni svífandi í geimnum:

Jörðin er ekki miðdepill alheimsins. Utan úr geimnum sjáum við lítinn viðkvæman bolta sem ekki einkennist af athöfnum manna, heldur af ferlum skýja, sjávar, gróðurs og jarðvegs. Vangeta mannkyns til að laga gjörðir sínar að ferlum jarðar er að breyta kerfum plánetunnar í grundvallaratriðum.³³⁷

Undir lok skýrslunnar er slegið á sömu strengi og þess getið að um miðja 20. öldina hafi mannkyn séð jörðina úr geimnum í fyrsta sinn og að líkindum muni sagnfræðingar framtíðar líta svo á að sú sýn hafi haft meiri áhrif á hugsun okkar en bylting Kópernikusar á 16. öldinni þegar jörðinni var

337 „[T]he Earth is not the centre of the universe. From space, we see a small and fragile ball dominated not by human activity and edifice but by a pattern of clouds, oceans, greenery, and soils. Humanity’s inability to fit its activities into that pattern is changing planetary systems, fundamentally.“ [SP] „Our Common Future“, 11.

velt af stalli sem miðpunkti alheimsins. Misskilningur mannsins á stöðu sinni í heiminum er dýrkeyptur að mati skýrsluhöfunda þar eð hann er við það að raska kerfum jarðar með varanlegum hætti sem birtist í ýmsum myndum, allt frá vægri umhverfishnignun yfir í kjarnorkuvá.³³⁸

Í yfirlitskaflanum er því lýst að þar til nýlega hafi menn horft á veruleika jarðarinnar af sjónarhóli aðgreindra þátta. Gengið hafi verið út frá því að mannleg virkni varðaði einkum viðkomandi þjóðlönd en ekki hnöttinn í heild, og að áhrif hennar tengdust ólíkum sviðum eins og orkumálum, landbúnaði og viðskiptum og flokkuðust undir aðgreind málefni, svo sem umhverfismál, viðskiptalíf eða félagsmál. Nú sé svo komið að skil milli svæða, sviða og málaflokka haldi ekki lengur. Benda höfundar á ýmis áföll sem orðið hafi umliðinn áratug, bæði á sviði umhverfismála (Chernobyl-slysið o.fl.) og þróunarmála, og fullyrða að allar þessar krísur hafi í raun verið ein og sama krísan.³³⁹ Til marks um gagnvirkni ólíkra þátta er því lýst hvernig ný tækni á öllum sviðum gefi vissulega nýjar vonir um að hægja megi á nýtingu óendurnýjanlegra auðlinda, en um leið valdi tæknin aukinni mengun og feli í sér hættuna á því að breyta lífsformum jarðarinnar og hafa bein áhrif á þróunarferli vistkerfisins með óafturkræfum hætti. Á sama tíma vex iðnaðurinn sem bæði er háðastur náttúruauðlindum og er mest mengandi, hraðast í þróunarlöndunum þar sem einmitt er brýnust þörf á hagvexti en getan til að lágmarka umhverfisskaðann minnst!³⁴⁰ Í kaflanum þar sem sérstaklega er fjallað um iðnað er m.a. bent á þá vitneskju að orsakir og afleiðingar mengunar eru ekki staðbundnar, heldur séu þær víðtækar, þrálátar — jafnvel hnattrænar.

338 [SP] „Our Common Future“, 255.

339 [SP] „Our Common Future“, 13.

340 [SP] „Our Common Future“, 14.

Fullyrt er að jarðvegur, grunnvatn og fólk sé undirlagt af eiturefnum frá landbúnaði og að efnamengun nái um alla jörð.³⁴¹

Ótal myndir eru dregnar upp sem varða fólksfölgun, fæðuöryggi, líf-fræðilegan fjölbreytileika, orku, iðnað og þéttbýlismyndun, og sýnt fram á hvernig umhverfis-, efnahags- og félagsmál eru í stöðugri gagnvirkni sem m.a. leiðir til þess að bæði umhverfi og hagkerfi tapi á fátækt. Tapið birtist m.a. í formi landeyðingar og mengunar, og vangetu til að styðja við almannahagsmuni með sjálfbærri þróun.³⁴²

Með fjölda tilvísana benda höfundar á það sem þeir telja blasa við og hefur verið staðfest rækilega með síðari tíma rannsóknum; að jörðin sé eitt samofið lífkerfi og að allt sé innbyrðis tengt og háð. Áður var skynjun okkar á umhverfinu brotakenndari, menn tilheyrðu sinni þjóð, efnahagsmál snerust um efnahag ríkja og umhverfismál um umhverfi mannsins. Þá var hægt að hafa staðbundnar áhyggjur af áhrifum hagvaxtar á umhverfið, en nú er svo komið að við höfum áhyggjur af álaginu á vistkerfin og áhrifum þess á sjálfa afkomumöguleika okkar á jörðinni. Vistfræðileg, hagræn og félagsleg málefni eru þannig, að mati skýrsluhöfunda, samofin í æ ríkari mæli í eitt stórt net orsaka og afleiðinga í nærumhverfi, innan svæða, meðal þjóða og hnattrænt.³⁴³

Hér má strax greina eftirnútímalega heimsmynd. Jörðin er ekki miðja alheimsins og maðurinn ekki miðja jarðar. Meginkraftar jarðar eru vistkerfisleg ferli þar sem maðurinn er víkjandi þáttur. Heimurinn er samansafn opinna gagnvirkra kerfa þar sem allt er innbyrðis tengt og hvað öðru háð. Nútíminn hverfist um manninn og umhverfi hans, heiminn hans. Hér kveður við annan tón sem rímar við eftirnútímalegan skilning James M. Gustafsons á manni og heimi og fyrr hefur verið nefndur, þar

341 [SP] „Our Common Future“, 177.

342 [SP] „Our Common Future“, 37; 45.

343 [SP] „Our Common Future“, 14; 258.

sem „maðurinn (sem einstaklingur, samfélag og tegund) er þátttakandi í formum og ferlum lífs á jörð þar sem allt er tengt og hvað öðru háð“.³⁴⁴

„Utan úr geimnum sjáum við lítinn viðkvæman bolta.“³⁴⁵ Hér er horft á jörðina með mörk hennar og burðarþol vistkerfisins í huga. Í skýrslunni er áhyggjum lýst varðandi gróðurhúsaáhrif, eyðingu ósonlagsins, súrnun regns og margvísleg eiturefni, auk geislavirks úrgangs. Fjallað er um eyðingu skóga, vöxt eyðimarka, rýrnun líffræðilegs fjölbreytileika og það sem e.t.v. er ógnvænlegast, kjarnorkuvána sem yfir öllu vofir.³⁴⁶

Í formála Brundtland segir orðrétt: „Umhverfi er þar sem við öll lifum, og þróun er það sem við öll gerum í því skyni að bæta kjör okkar í eigin kringumstæðum. Þetta tvennt er óaðskiljanlegt.“³⁴⁷

Andi skýrslunnar er ekki í þá veru að mannkyni sé á einhvern hátt ofaukið í vistkerfinu. Vistkerfið hefur sín takmörk sem virða skal, en maðurinn hefur líka sínar þarfir sem ekki skal blygðast sín fyrir. Þetta tvennt, mörk jarðar og mannlegar þarfir, er sett hlið við hlið í hinni þekktu skilgreiningu á hugtakinu sjálfbærri þróun: „Sjálfbær þróun er þróun sem fullnægir þörfum samtíðarinnar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta sínum þörfum.“³⁴⁸

Hér er horft til burðarþols vistkerfisins í ljósi mannlegra þarfa með nýtingu í huga og áskorunin, sem mannkyn stendur frammi fyrir, er að

344 „Man (individual persons, communities, and species) is a participant in the patterns and processes of interdependence of life in the world.“ Gustafson, *Ethics from a Theocentric Perspective*, 145.

345 [SP] „Our Common Future“, 11.

346 [SP] „Our Common Future“, 33–35.

347 [SP] „Our Common Future“, 7.

348 „Sustainable development is development that meets the needs of the present without compromising the ability of future generations to meet their own needs.“ [SP] „Our Common Future“, 41.

fullnægja mannlegum þörfum og væntingum.³⁴⁹ Og þegar rætt er um líffræðilegan fjölbreytileika jarðarinnar og vistkerfi hennar er þess getið að brátt muni sjálf tegundaauðgin og genamengið „verða álitnið eign sem skuli varðveita og stýra í þágu mannkyns“. Það muni óhjákvæmilega gera tegundavernd að alþjóðlegu pólitísku hagsmunamáli.³⁵⁰

Undir lok skýrslunnar er fjallað um umhverfisumbætur af sjónarhóli efnahagslegrar hagkvæmni einstakra ríkja og fullyrt að geri þjóðir ekkert í þessum efnum muni „grundvallareign þeirra, uppsprettur í umhverfinu, halda áfram að þverra“.³⁵¹ Hér ber heimsmyndin augljós merki mannmíðlægni, því enda þótt maðurinn sé ekki miðja heimsins eru mannlegir hagsmunir frumforsendan sem miðað er við: maðurinn tekur pláss með því að leita sér að atvinnu, fæðu, orku, húsnæði, vatni o.fl. í því skyni að halda heilsu og kröftum og þróunarverkefnið er að fullnægja þessum þörfum á takmarkaðri jörð:

Sjálfbær þróun er ferli breytinga þar sem notkun auðlinda, fjárfestingastefna, tækniþróun og breytingar stofnana eru í jafnvægi og styðja jafnt við nútíma- sem framtíðarnytjar.³⁵²

349 [SB] „Our Common Future“, 8; 49–50.

350 [SB] „Our Common Future“, 133: „The Earth’s endowment of species and natural ecosystems will soon be seen as assets to be conserved and managed for the benefit of all humanity. This will necessarily add the challenge of species conservation to the international political agenda.“

351 [SB] „Our Common Future“, 276.

352 [SB] „Our Common Future“, 41–43. Orðrétt af síðu 43: „In essence, sustainable development is a process of change in which the exploitation of resources, the direction of investments, the orientation of technological development; and institutional change are all in harmony and enhance both current and future potential to meet human needs and aspirations.“

Í skýrslunni er varpað fram þeirri staðhæfingu að raunheimur samtengdra hagrænna og vistrænna kerfa muni ekki breytast og því þurfi áætlanagerð og virkni stofnana að aðlagast veruleikanum.³⁵³ Í framhaldinu er þeirri spurningu beint til ráðamanna veraldar hvort þeir séu þess umkomnir að gera áætlanir og skapa þær forsendur sem þurfi svo að plánetan verði fær um að „styðja mennskan og hagrænan vöxt og breytingar inn í komandi öld?“³⁵⁴

Mikilvægt er að sjá að þótt umhverfið sé ekki til orðið handa manningum er það samt skilgreint sem bústaður manna og auðlindir jarðar ásamt tegundaauðgi hennar og genamengi eru í einhverjum skilningi eign mannkyns sem skuli varðveita og stýra. Og eftir sem áður er meginviðfangsefni allrar þróunar það að uppfylla mannlegar þarfir og væntingar. Heimurinn sem við blasir er viðkvæmur og máttugur í senn og kraftar hans eru vistkerfisleg ferli æðri manningum. Eigi að síður er maðurinn í Brundtlandskýrslunni skilgreindur sem hagsmunaaðili í vistkerfinu.

Segja má að heimsmynd Brundtlandskýrslunnar sé spennuhlaðin í þeim skilningi að hún ber með sér hvort tveggja í senn útlínur nútímalegrar og eftirnútímalegrar heimsmyndar. Að því leyti sem allt er innbyrðis tengt og háð og meginkraftar jarðar eru vistkerfisleg ferli þar sem maðurinn er ekki miðlægur er heimsmyndin eftirnútímaleg. En að því leyti sem gæði jarðar eru eign mannsins sem hann virkjar í eigin þágu er myndin af heiminum nútímaleg.

353 „The real world of interlocked economic and ecological systems will not change; the policies and institutions concerned must.“ [SB] „Our Common Future“, 257.

354 „[W]hether the environmental resource base is enhanced or degraded and whether the planet will be able to support human and economic growth and change into the next century.“ [SB] „Our Common Future“, 258.

6.2 Mannskilningur Brundtlandskýrslunnar

Í skýrslunni er (1) litið á mannkyn sem fjölbreytt kyn sem hafi getu til að mætast í gagnkvæmum skilningi og samvinnu á forsendum sameiginlegrar mennsku. Fullyrt er að þegar (2) maðurinn býi við viðunandi aðstæður sé hann uppspretta gæða, úrræðagóður og skapandi. (3) Maðurinn er *ásamt* náttúrunni en ekki andspænis henni og (4) umhyggja hans fyrir náttúrulegu umhverfi sínu er, að mati skýrsluhöfunda, einkum tengd vilja hans til þess að lifa í raunhæfu samspili við veruleikann.

Í inngangskafli sínum greinir Brundtland frá tilurð nefndarinnar sem var skipuð áhrifafólki úr öllum heimsálfum, eins og framfar var vikið að, fólki með víðtæka reynslu á ólíkum sviðum sem sökum fjölbreytts uppruna þótti endurspegla allvel hinn hnattræna veruleika. Stærri hluti hópsins kom frá hinum svonefndu þróunarlöndum þar eð flestir heimsbúar lifa í þeim löndum. Þarna voru fulltrúar austurs og vesturs — og rétt er að muna að Berlínarmúrinn var ekki enn fallinn.³⁵⁵ Í inngangsorðum birtist eindregin viðleitni til þess að gleyma engum og skilja engan eftir, heldur

355 Brundtland fullyrðir að reynslan hafi síðan orðið sú að þrátt fyrir menningarmun og ólíka hagsmuni heima fyrir hafi samvinnan þróast þannig að á endanum voru nefndarmenn fyrst og fremst manneskjur af holdi og blóði sem deildu sameiginlegum áhyggjum af jörðinni og þeim samþættu vistkerfislegu og hagrænu ógnunum sem nú steðja að mannfólki, stofnunum og ríkisstjórnnum um allan heim. Samhliða þessari breiðu samsetningu hópsins áttu sér stað opinberir áheyrnarfundir í fimm heimsálfum þar sem nefndarfólk lagði sig fram um að fá upplýsingar og heyra raddir úr sem flestum heimshornum. Og loks, eftir þriggja ára óvissuferli þar sem ólíkt fólk með ólíkan bakgrunn í menningu og trú og gerólíka reynslu og innsæi átti samtal, varð til niðurstaða sem allir nefndarmenn stóðu á bak við. Fyrir vikið telur formaðurinn að textinn sé hnattrænni, raunhæfari og framsýnni en ella hefði orðið. Enginn nefndarmaður hefði komist þetta án hinna og eftir stendur að hennar mati raunsæ bjartsýni á getuna til þess að ræða saman á forsendum sameiginlegrar mennsku.

kalla allt fólk, einstaklinga, samfélög og stofnanir, að borðinu til þess að eiga samtal á sömu forsendum. Er skýrslan ekki síst talin vera lærdómsferli sem nefndin deili með öllum heimsbúum:

Nefndin hefur þegið handleiðslu frá fólki úr öllum áttum og snýr nú máli sínu að því sama fólki, öllum sem jörðina byggja. Við ávörpum einstaklingana sem slíka og jafnframt stofnanirnar sem þeir hafa sett á fót.³⁵⁶

Má spegla þetta í hugtökunum *deilt frelsi og túlkunarfræðileg gestrisni* sem um var fjallað í kafla 3.2.1. Samsvarandi tiltrú á getu mannkyns birtist í Brundtlandskýrslunni í kaflanum um mannfjölgunarvandann, en þar er fullyrt að vandinn snúist ekki fyrst og fremst um tölur, heldur lífsgæði fólks. Fólk er „skapandi uppspretta“ að áliti nefndarinnar³⁵⁷ og ef menntun er bætt og líka heilsa og næring gefist fólki kostur á að nýta betur bjargráð sín og víkka þau. Fullyrt er að ef fólk búi við sanngirni og frið og hafi aðstæður til þess að sjá eðlilega fyrir sér muni það ekki fjölga sér umfram burðarþol vistkerfisins, og því sé besta leiðin andspænis offjölgunarvandannum sú að auka jöfnuð, heilsugæslu og menntun allra, einkum kvenna.³⁵⁸ Hér er horft til mannsins með eftirvæntingu í ljósi þess að hann sé skapandi uppspretta gæða, forræðishyggju er hafnað en sjálfsákvörðunarrétti fólks, ekki síst kvenna, haldið á loft sem mikilvægum þætti í þróun hvernar þjóðar. Orðrétt segir: „Það að ljá fólki getu og valfrelsi almennt eykur ekki aðeins á þróun þjóðar, heldur tryggir öllum rétt til að lifa fullnægjandi lífi með reisn.“³⁵⁹

356 [SP] „Our Common Future“, 8

357 [SP] „Our Common Future“, 84.

358 [SP] „Our Common Future“, 84; 88.

359 [SP] „Our Common Future“, 82.

Í Brundtlandskýrslunni er dregin upp mynd af manningum sem þátttakandi í vistkerfi³⁶⁰ sem vissulega hefur sína hagsmuni og horfir skammlaust á gæði jarðar í ljósi þess gagns sem hann hefur af þeim.³⁶¹ Umhverfið er ekki handa honum. Hann er ekki herra þess, en hann nýtir það sér til hagsbóta og framdráttar vitandi það að virði hann ekki lögmál náttúrunnar muni hann ekki njóta þeirra gæða sem hún hefur yfir að ráða.³⁶² Auk nytjasjónarmiða eru m.a. færð fram siðferðileg, menningarleg, fagurfræðileg og hrein náttúruvísindaleg rök fyrir því að vernda villtar lífverur.³⁶³ Lögmál vistkerfisins eru eldri og æðri en lög manna.³⁶⁴

6.3 Fátæktarhugtak Brundtlandskýrslunnar — Vandinn

Fimm meginsjónarmið virðast liggja undir þegar fátæktarhugtak textans er rýnt: (1) Mannleg farsæld byggist á tengslum og gagnhæði allra hluta. (2) Fátækt á rætur í hugarfari aðgreiningar sem er veruleikafirring og (3) varðar sem slík alfarið mannleg kjör og reynslu; einungis fólk getur verið fátækt. (4) Fátækt er félagsleg útilokun og siðferðisvandi. (5) Öfgafyllsta form hennar eru hernaðarumsvif og þar ber gjöreyðingavopn hæst.

Upphafsorð fyrsta meginkafla skýrslunnar eru þessi:

Jörðin er ein en veröldin ekki. Við treystum öll á sama lífhvolfið til viðhalds lífi okkar. Eigi að síður berst hvert samfélag og ríki fyrir eigin afkomu og framgangi án mikils tillits til áhrifa þess á aðra.³⁶⁵

360 [SP] „Our Common Future“, 255.

361 [SP] „Our Common Future“, 43.

362 [SP] „Our Common Future“, 43; 125.

363 [SP] „Our Common Future“, 20.

364 [SP] „Our Common Future“, 272.

365 „The Earth is one but the world is not. We all depend on one biosphere for sustaining

Skýrsluhöfundar vilja vekja athygli á neikvæðri hringrás af tvennu tagi sem leiði til umhverfisójafnvægis. Önnur hringrásin felst í því þegar framleiðsla í ríkum löndum, jafnt í iðnaði og landbúnaði, aflar skjótfengins gróða sem ekki er sjálfbær. Hin hringrásin verður þegar fátækt fólk neyðist til að ofnýta náttúruauðlindir í því skyni að bjarga sér frá degi til dags. En með því að umhverfið er rænt mætti sínum eykst berskjöldun hinna fátæku og allir tapa.

Í fyrra tilvikinu ýta verndartollar á framleiðslu iðnríkja undir offramleiðslu, mengun og sóun um leið og minni framleiðendum, einkum í þróunarríkjum, er haldið utan við markaðinn. Þannig verður hringrásin að einum fátæktarsvelg þegar verndartollar á framleiðslu og ríkisstyrkir í landbúnaði iðnríkja útiloka landbúnaðar- og iðnframleiðslu þróunarlanda á markaði og auka þannig á bjargarleysi og fátækt sem aftur rekur fátækari þjóðir til ofnýtingar á jarðvegi og náttúruauðlindum af ýmsu tagi sem þegar hafa jafnvel skaðast af mengun eða ofnýtingu tengdri offramleiðslu iðnríkjanna! Ofan á þetta bætast svo skuldir þróunarríkja við iðnríkin sem gera menn og náttúru enn berskjaldaðri fyrir misnotkun.³⁶⁶

Veruleikinn sem höfundar vilja benda á er sá að *mannleg farsæld byggist á vistkerfistengslum* og þegar þau eru rofin, hvort heldur af neyð hinna fátæku eða gróðavon hinna stórtæku, skapast meiri fátækt.³⁶⁷ Hluti vandans er sá, eins og áður hefur verið nefnt, að við höfum vanist því að líta á veruleikann í aðskildum brotum; hvert ríki sem sjálfstæða heild og þróunarmál, umhverfismál og félagsleg málefni sem aðgreind viðfangsefni.³⁶⁸ Í kafla 3.1 var í því sambandi rætt um mannmíðlæga heimsmynd og mannskilning

our lives. Yet each community, each country, strives for survival and prosperity with little regard for its impact on others.“ [SP] „Our Common Future“, 28.

366 [SP] „Our Common Future“, 13–16.

367 [SP] „Our Common Future“, 28; 240.

368 [SP] „Our Common Future“, 14; 258.

nútímans sem sjái efnisheiminn sem hráefni og styðst við einstaklings- og eindahyggju.

Í textanum er lögð rík áhersla á að þessi þrönga og sviðsbundna ábyrgðarvitund verði að víkja í ljósi þeirrar vitneskju að við séum öll að lifa og starfa í stóru samhengi sem ekki sé lengur hægt að þræta fyrir eða horfa fram hjá.

Skýrslan er yfirgripsmikil, því auk þess að ávarpa alla menn er leitast við að horfa á heiminn í heild með mannlega farsælda í huga. Hér er því stiklað á stóru. Málefnið sem valin eru til sérstakrar umfjöllunar í skýrslunni; mannfjölgunarvandinn, fæðuöryggismál (þ.m.t. landbúnaður), líffræðilegur fjölbreytileiki, orkumál, iðnaður og þéttbýlismyndun, auk friðar- og öryggismála, lúta að mati skýrsluhöfunda öll sömu lögmálum að því leyti að eigi sjálfbær þróun að verða að veruleika verði jarðarbúar að snúa frá hugarfari aðgreiningar og tileinka sér heildrænan skilning.³⁶⁹

Raunhæf umhverfisstjórnsmál krefjast að mati nefndarmanna hagrænnar langtímavitundar. Kostnaður getur verið ærinn til skamms tíma og þróunarlönd munu þurfa mikinn stuðning í þessu skyni. Sá stuðningur borgi sig hins vegar fyrir alla.³⁷⁰

Þjóðir sem ekki hafa fjárfest í umhverfisumbótum hafa greitt meira í formi versnandi lýðheilsu, eignaskaða, tjóni á náttúruauðlindum og umhverfi. Þjóðir sem ekki hafa þegar gripið til aðgerða standa frammi fyrir uppsöfnuðum kostnaði sem á enn eftir að vaxa. Geri þær ekkert mun grundvallareign þeirra, uppspretturarnar í umhverfinu, halda áfram að þverra.³⁷¹

369 [SP] „Our Common Future“, 56; 257.

370 [SP] „Our Common Future“, 275.

371 [SP] „Our Common Future“, 276.

Samfara vitundinni um manninn sem þátttakanda í vistkerfi má finna í textanum þá afstöðu, sem fyrr hefur verið rædd, að líta megi á auðlindir sem eign að tegundaauðgi og genamengi veraldar meðtölu.³⁷² Hér er horft á samhengi mannsins í vistkerfinu af sjónarhóli hans sem þátttakanda og hagsmunaaðila í gagnvirkum tengslum, ekki *andspænis* náttúrunni, heldur *ásamt* henni, en þó vandlega aðgreindum frá henni.³⁷³

Vakin er athygli á því að hagrænt skoðað græði þjóðir á virkri umhverfisstefnu og fyrirtæki sem aðlagi sig umhverfisviðmiðum hafi orðið í fararbroddi nýrra uppfinninga nýtandi vatn, orku og annað betur og hagkvæmar svo að samkeppnishæfni ríkja þeirra hefur vaxið. Íhlutun í umhverfismálum minnki því kostnað til framtíðar.³⁷⁴ Hvatinn sem hér er í gangi er annar en í skýrslu SP frá 1972. Í stað óttastjórnunar og aðgreiningar sem þar er á ferð birtist meiri hagkvæmnisstjórnun og þátttökusjónarmið. Segja má að verið sé að hvetja til vistfræðilegrar vakningar í ljósi almannahagsmuna en ekki beinlínis til vistfræðilegra sinnaskipta í þeim skilningi að maðurinn sjái sig sem hluta af vistkerfinu. Segja má að hér sé fátæktarhugtak sem taki til vistkerfisins út frá mannmiðlægum forsendum. Fátæktin snýr að manninum en ekki að vistkerfinu. Einungis fólk getur verið fátækt. Hagsmunir mannsins eru í því fólgnir að gera sér grein fyrir stöðu sinni í veruleikanum og bregðast rétt við í samspili við náttúruleg ferli og krafta sem eru honum ofviða um leið og hann er hluti af þeim. Í þeim skilningi er maðurinn ásamt náttúrunni í lífsbaráttu sinni

372 [SP] „Our Common Future“, 133.

373 Fátæktar- og farsældarhugtakið er hér sannarlega komið í skýrara samhengi við vistkerfisvandann heldur en verið hafði í skýrslu Stokkhólmsráðstefnunnar frá 1972, en þó ekki í þeim skilningi sem síðar átti eftir að koma til skjalanna, að vistkerfið sjálft eða jörðin sé hinn fátæki eða farsæli.

374 [SP] „Our Common Future“, 276.

og fátæktafvandinn varðar félagslega útilokun í samhengi við vistkerfisvanda en fátæktin sjálf varðar alfarið mannleg kjör og reynslu.

Framar hafa sex ólík fátæktafhugtök verið kynnt til sögunnar. Í Brundtlandskýrslunni tengist fátæktafhugtakið ríkri áherslu á vistkerfisvandann. Þar er ítrekað með miklum þunga að við lífum í tengslaneti sem virði engin landamæri³⁷⁵ og í veröld þar sem fátækt sé landlæg (e. endemic) megi jafnan búast við vistkerfiskreppum og álíka þrengingum.³⁷⁶ Umhverfis- og efnahagsmál eru að mati höfunda í gagnvirkum tengslum við samfélagsþróun og eigi sjálfbær mannleg farsæld að ávinnast krefjist það sýnar á mannlegar þarfir og velferð sem feli í sér alla þætti, allt frá frumþörfum fólks varðandi fæði, klæði, húsnæði og atvinnu, yfir í menntun og heilsu, mannréttindi og valdeflingu jaðarsettra hópa, auk aðgangs að hreinu lofti og vatni og verndunar náttúrulegrar fegurðar sem uppsprettu fagurfræðilegra gæða.³⁷⁷ Gæði hagvaxtar eiga því að byggjast á breyttri nálgun sem felst í því að taka öll áhrif hans með í reikninginn.³⁷⁸ Hagvöxtur er þá ekki einungis metinn meiri eða minni út frá magni,³⁷⁹ heldur er hann betri eða verri í ljósi siðferðisgilda, sem rædd voru í 2. kafla,³⁸⁰ og kröfunnar um að greina samhengi hluta, sem fjallað var um í 3. kafla. Þegar Brundtland-

375 [SP] „Our Common Future“, 257.

376 „The Commission believes that widespread poverty is no longer inevitable. Poverty is not only an evil in itself, but sustainable development requires meeting the basic needs of all and extending to all the opportunity to fulfil their aspirations for a better life. A world in which poverty is endemic will always be prone to ecological and other catastrophes.“ [SP] „Our Common Future“, 16.

377 [SP] „Our Common Future“, 36–37; 45; 49.

378 Tekið er dæmi af vatnsaflsstöð sem fyrirhugað er að byggja og ekki talið rétt að meta gagn hennar einvörðungu með framleiðslu á rafmagni í huga, heldur einnig áhrif hennar á mannlíf og náttúru. [SP] „Our Common Future“, 49.

379 Sbr. hið þrönga hagvaxtafhugtak nýklassískrar hagfræði sem rætt var í kafla 3.4.

380 Með tilvísun í Sen og Nussbaum.

skýrslan tengir sjálfbærnishugtakið beint við fátæktarhugtakið er það gert í ljósi þess sem í þessari rannsókn er nefnt útvíkkað hagvaxtarhugtak³⁸¹ og ljóst að ekki er lengur einvörðungu um að ræða fátækt sem félagslega útilokun, heldur er jafnframt verið að horfa á fátækt sem siðferðisvanda. Útvíkkað hagvaxtarhugtak rúmar bæði magn og merkingu vaxtarins; hið opinbera og einkalega, hinn almenna og sértæka annan, eða þörfina fyrir að gera og vera, hafa sjálfsforræði og tengsl.³⁸²

Niðurstaðan er því sú að í texta skýrslunnar er fátækt ekki einungis efnisleg og félagsleg, heldur varðar hún spurninguna um merkingu veruleikans þar sem maðurinn er þátttakandi og hagsmunaaðili. Segja má að fátæktarhugtak textans sé fátækt sem *félagsleg útilokun og siðferðisvandi* í beinu samhengi við vistkerfisvanda, en textinn gengur ekki svo langt að líta á fátækt beinlínis sem vistkerfisvanda. Horft er á vistkerfið sem hluta af umhverfi mannsins, því enda þótt hann viti að hann sé hluti af vistkerfinu tekur hann sér stöðu sem hagsmunaaðili í náttúrunni — einungis fólk getur verið fátækt. Þess vegna er fátæktarhugtak textans félagsleg útilokun og siðferðisvandi jafnvel þótt stöðunni sé lýst með ríkri þekkingu og viðurkenningu á vistkerfistengslum mannsins. Og þótt fjöldi upplýsinga og undirliggjandi áherslur textans lýsi þeirri staðreynd að jörðin er fátæk, þá er ekki kveðið upp úr með það.

Loks fjallar skýrslan um hernaðarmenningu heimsins og þá firringu sem í henni er fólgin. Sú umfjöllun varpar skýru ljósi á það viðhorf að fátækt sé siðferðisvandi. Telja skýrsluhöfundar að hernaðarumsvif, með öllum þeim fjáraustri sem þeim er samfara, auk sóunar á mannauði, feli í sér ójöfnuð sem hamli allri sjálfbærri þróun og sé bein móðgun við

381 Sbr. útvíkkað hagvaxtarhugtak lífmíðlægrar heimsmýndar og mannskilnings sem rætt var í kafla 3.4.1.

382 Sjá mynd 1 á bls. 82.

hina fátæku.³⁸³ Allrækilega er fjallað um það hvernig fátækt og annað óréttlæti, umhverfshnignun og átök þrífist í flókinni gagnvirkni í veröldinni.³⁸⁴ Loks er kröftuglega áréttað að mesta umhverfisógnin í tengslum við hernað sé þó tilvist og hugsanleg notkun gjöreyðingarvopna. Er fullyrt að ein kjarnorkusprengr geti leyst úr læðingi orku sem sé meiri en allar samanlagðar sprengingar frá því púðrið var fundið upp. Að ekki sé talað um langtímaafleiðingar; kjarnorkuvetur og geislunaráhrif.³⁸⁵

6.3.1 Fátæktarhugtak Brundtlandskýrslunnar — Úrræðin

Ef heimurinn er samansafn opinna gagnvirkra kerfa þar sem allt er innbyrðis tengt og hvað öðru háð,³⁸⁶ ef mannleg farsæld byggist á tengslum og gagnhæði allra hluta,³⁸⁷ og ef fátækt á rætur í hugarfari aðgreiningar sem sé veruleikafirring,³⁸⁸ þá hljóta úrræðin gagnvart fátæktarvandanum að byggjast á að greina samhengi, mynda og iðka tengsl.³⁸⁹ Fjórar megináherslur textans snúast enda allar um það að greina og virða samhengi: Lögð er áhersla á að (1) öll pólitísk stefnumótun sé umhverfismeðvitúð. Fullyrt er að (2) sjálfbær farsæld sé best tryggð með virku lýðræði. Farið er fram á að (3) hagvaxtarhugtakið sé endurskilgreint í ljósi nýrra hugmynda um sjálfbærni og að (4) beita skuli öllum ráðum og sameina alla krafta í þágu sjálfbærrar framtíðar.

383 [SB] „Our Common Future“, 244.

384 [SB] „Our Common Future“, 239–245.

385 [SB] „Our Common Future“, 239; 243.

386 3. fullyrðing um heimsmynd.

387 1. fullyrðing um fátæktarhugtakið.

388 2. fullyrðing um fátæktarhugtakið.

389 Sbr. umkvörtun um vangetu nútímahugsunar til að greina samhengi sem lýst er í kafla 3.

Í ljósi þess að efnahagsleg og vistræn málefni eru samþætt leggur nefndin til að umfjöllun um þessi svið sé samþætt í allri stefnumótun og öllum ákvörðunum. Þetta muni kalla á breytt viðhorf og skipulag stofnana á öllum sviðum þar sem ákvarðanir um skipulagsmál, iðnað og alla starfsemi sem hefur áhrif á umhverfi þurfi þeir sömu að taka sem hafi formlega ábyrgð í umhverfismálum.³⁹⁰ Þessi áhersla birtist m.a. í kröfu um að sjálfbærnishugsunin sé samþætt í öllu starfi alþjóðlegra fjármálastofnana.³⁹¹

Annað atriði sem nefndin leggur til í þessu sambandi varðar aðkomu almennings að ákvörðunum um umhverfismál. Tryggja þurfi vandaða yfirsýn og aðkomu sem flestra málsaðila, einkum þeirra sem best þekkja umhverfið á hverjum vettvangi. Það telja þau best gert með því að færa ákvarðanirnar nær þeim samfélögum sem lifa í grennd og tengslum við þær auðlindir sem um ræðir hverju sinni. Þannig vill nefndin hvetja til borgaralegs frumkvæðis, efla almennasamtök og styrkja grenndarlýðræði.³⁹²

Þegar um er að ræða stórframkvæmdir sem ekki varða eitt eða fá samfélög heldur víð svæði krefst stefnumótunin hins vegar þátttöku á víðari

390 [SP] „Our Common Future“, 55.

391 [SP] „Our Common Future“, 69. Benda skýrsluhöfundar sérstaklega á Heimsbankann og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og telja þá miðlæga í þessum efnum þar sem lánaforsendur þeirra séu ráðandi í öllum ákvörðunum. Borin er fram sú gagnrýni að aðlögun fátækra ríkja, einkum undir verndarvæng Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, hafi oftan ekki rýrt lífsgæði í þágu fjárhagslegs stöðugleika. Aðgerðir í tengslum við skuldavanda þurfa vissulega að vera hagvaxtarmiðaðar að mati nefndarmanna, en þær þurfa líka að vera umhverfismeðvitaðar.

392 [SP] „Our Common Future“, 55–56. M.a. eru málefni frumbyggja rædd í þessu samhengi (bls. 98) og bent á þá nöpru staðreynd að það sem við köllum þróun veldur því iðulega að lífsstíll og þekking, sem gert hefur fólki kleift að lifa í sjálfbærri sátt við vistkerfi stórra landsvæða, þurrkast út þar eð lítill gaumur er gefinn að reynslu frumbyggja.

grundvelli að mati nefndarmanna. Tekið er fram að þegar umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda eru sérlega mikil ætti opinbert umhverfismat að vera skylda og sé það gerlegt ætti ákvörðunin að lúta almannavilja með hugsanlegri allsherjaratkvæðagreiðslu. Samhliða er lögð áhersla á aðgang að upplýsingum og sérfræðipækkingu og gildi opinna áheyrnarfunda sem tryggi að sem flest sjónarmið séu hluti af ákvarðanaferlinu.³⁹³ Að baki býr krafan um rétt allra til frelsis, jöfnuðar og ásættanlegra lífsaðstæðna í umhverfi sem hefur þau gæði að núverandi sem komandi kynslóðir eigi kost á lífi með reisn og velferð. Almennt leggur skýrslan áherslu á að sjálfbærni byggji á sanngirni milli manna og virkri vistkerfisvernd. Mikilvæg hjálp í þeim efnum væru pólitísk kerfi sem tryggðu virka þátttöku almennings í stefnumótun og aukið lýðræði í alþjóðlegri ákvarðanatöku.³⁹⁴ Má vel spegla þetta í töflu 1 (bls. 87) um viðfangsefni og útlínur nýrrar hugsunar þar sem annars vegar er lögð áhersla á hagsmuni og þröngt hagvaxtarhugtak en hins vegar á almannahag og sjálfbæra þróun.

Fyrir var minnst á neikvæðar hringrásir eða svelgi í mannlífinu þar sem viðskipti og lífshættir beinlínis leiða til fátæktar og umhverfishnignunar að mati skýrsluhöfunda.³⁹⁵ En jafnframt eru nefnd dæmi um jákvæðar hringrásir sem unnt sé að koma á og viðhalda ef pólitískur vilji sé til staðar. Sem dæmi er nefnt þegar iðnríkin taka að framleiða minna og eyða minni orku og hráefnum, en þá minnkar ekki einungis mengun og sóun, heldur vaknar eftirspurn heima fyrir hjá þróunarlöndunum, einkum ef þau beina pólitískri viðleitni sinni að því að útrýma fátækt og uppfylla grunnþarfir fólks. Afurðir smáframleiðenda komast á markað, fólk fær atvinnu við framleiðslu sem er mannaflsfræk en hógvær á orku um leið og hráefni

393 [SB] „Our Common Future“, 57.

394 [SB] „Our Common Future“, 16.

395 Kaffi 6.3.

nýtist heimavið, en það merkir í heildina að sjálfbærni vex og sömuleiðis raunverulegur hagvöxtur enda þótt minna sé framleitt á heimsvísu.³⁹⁶

Sjálfbær þróun er ferli og hringrás af þessu tagi að mati skýrsluhöfunda og hún krefst endurskilgreiningar á inntaki hagvaxtar í því augnamiði að hann verði minna efnis- og orkumiðaður og almennt sanngjarnari. Með þessum hætti má segja að *hugmyndin um fátækt sem siðferðisvanda*, sem tilgreind var að framan sem ein af sex mögulegum skilgreiningum á fátækt, sé sett í forgrunn í texta hópsins. Sjálf hugmyndin um sjálfbærni er siðferðileg, því að hún lýtur að skyldu núlifandi fólks gagnvart ófæddum kynslóðum. Eins er það skýr siðferðiskrafa að ætlast til þess að hagvöxtur sé sanngjarn. Telja skýrsluhöfundar að þessar breytingar þurfi að eiga sér stað í öllum löndum í því skyni að viðhalda vistauði (e. ecological capital), auka skiptaréttlæti og draga úr berskjöldun vegna hagsveiflna.³⁹⁷

Í kaflanum um fæðuöryggi er hnykktt á þeirri staðreynd að fólki fjölgar í veröldinni og að þess vegna þurfi að framleiða meiri mat. Það að auka matvælaframleiðslu til að svara vaxandi þörf og varðveita á sama tíma vistfræðilega heilsu og virkni framleiðslukerfanna er vissulega risavaxið og flókið verkefni að áliti nefndarmanna. En jafnframt er fullyrt að við höfum þekkinguna til að varðveita land og vatnssuppsprettur og tæknina til að skapa tækifæri til aukinnar framleiðslu um leið og við drögum úr

396 [SP] „Our Common Future“, 109. T.d. er bent á að þegar bændasamfélögum í þróunarlöndum gefist kostur á að lifa af landinu og njóta öryggis gerist margt: Trygg úrræði og lífsskilyrði leiða til góðrar ráðsmennsku og sjálfbærrar stjórnunar sem jafnframt hægir á þéttbýlismyndun. Landbúnaðarframleiðsla sem ella hefði ekki átt sér stað örvast, sem aftur gerir það að verkum að ekki þarf að framleiða mat annars staðar og flytja hann á milli staða. Þannig dregur úr mengun. Aukið öryggi almennings dregur úr offjölgun. Loks dregur heimaræktun smábænda í fæðurýrum löndum úr þrýstingnum á landbúnaðinn í iðnríkjunum sem aftur gefur þar færi á að snúa frá ósjálfbærum framleiðsluáferðum en fara betur með jarðveg og vatnsgæði.

397 [SP] „Our Common Future“, 48.

þrýstingi á auðlindirnar. Með þessi úrræði í höndum getum við mætt matvælaþörf heimsfjölskyldunnar að mati nefndarmanna, en það sem stendur í veginum er þröngsýnt skipulag og áætlanagerð á sviði landbúnaðar.³⁹⁸

Þegar alls er gætt verður fæðuöryggi veraldar aukið með því að draga úr inngrípum sem valda umframframleiðslu og skorti á samkeppni hjá ríku löndunum en fjölga inngrípum sem hvetja til matvælaframleiðslu í þróunarlöndum. Á sama tíma þarf að huga að náttúrulegum uppsprettum landbúnaðarins, þ.e. sjálfbærninni.³⁹⁹ Og siðferðilega áherslan leynir sér ekki í eftirfarandi texta:

Nú þurfum við landbúnaðarkerfi sem ljá fólki jafnmikla athygli og tækninni, sem horfa ekki síður á auðlindirnar en framleiðsluna og viðhafa langtímasjónarmið um leið og litið er á aðsteðjandi verkefni. Einungis slík kerfi geta svarað áskorunum framtíðarinnar.⁴⁰⁰

Í sama anda er fjallað um offjölgunarvanda heimsins. Lögð er áhersla á að mannfjölgunarvandinn í veröldinni varði líf fólks um allan heim en ekki höfðatölur. Velferð fólks og öryggi á efri árum, lækkandi tíðni barnadauða, heilsugæsla og annað í þá veru er markmið þróunar. Fullyrt er að

398 [SP] „Our Common Future“, 120. Dæmi um slíkt er þegar iðnríkin mynda fátæktarsvelgi með því að vernda eigin landbúnað með styrkjum og verndartollum, sem leiða til offramleiðslu heima fyrir um leið og fátækum þjóðum er haldið utan við viðskiptalífið en afhentar matargjafir í staðinn sem einungis dregur úr fæðuöryggi viðtökulandanna og sjálfbærni mannkyns til lengri tíma litið. Þess í stað er mælt með því að ríku löndin setji fé í umhverfisvernd.

399 [SP] „Our Common Future“, 111–112.

400 „[R]equire agricultural systems that focus as much attention on people as they do on technology, as much on resources as on production, as much on the long term as on the short term. Only such systems can meet the challenge of the future.“ [SP] „Our Common Future“, 121.

nær hvað sem gert sé í þá veru að auka velferð og öryggi dragi úr þrá fólks eftir því að eiga fleiri börn en vistkerfi viðkomandi þjóðfélags geti borið. Þannig hafi hagþróun óbein áhrif á félagslega og menningarlega þætti sem valdi lækkandi fæðingartíðni. Ályktað er í skýrslunni að milliríkja-polítík sem láti sig varða hagþróun hafi áhrif á getu þróunarlanda til þess að stýra sinni eigin mannfjölgun. Með þessum rökum hafna höfundar allri forsjárhyggju í mannfjölgunarmálum en mæla með því að áhyggjur af mannfjölgun séu samhæfðar því verkefni að hraða hagrænni og félagslegri þróun meðal fátækari þjóða.⁴⁰¹

Megintillagan í skýrslunni er sú sama hvort heldur rætt er um mannfjölgun, fæðuöryggi, líffræðilegan fjölbreytileika, orkumál, iðnað, þéttbýlisvandann eða hvaða aðrar áskoranir sem mannkyn stendur frammi fyrir: Öll áhersla er lögð á sjálfbærni sem m.a. þurfi að birtast í endurskilgreiningu á sjálfu hagvaxtarhugtakinu. Því er treyst að fyrir hendi sé undirliggjandi tilhneiging til jafnvægis sem laða megi fram með sanngirni manna í millum og háttvísu innsæi gagnvart vistkerfinu. Þess vegna er, eins og fram er komið, lögð megináhersla á að öll stefnumótun sé umhverfismeðvituð⁴⁰² og að lýðræðislegt samtal í sem flestum myndum sé eftt og tryggt⁴⁰³ um leið og sjálft hagvaxtarhugtakið sé endurskilgreint í ljósi nýrra hugmynda um sjálfbærni.

Í skýrslunni er bent á ýmsar hagnýtar leiðir að sjálfbærum lífsháttum mannkyns; fólk og stofnanir verði að gera það upp við sig hvort halda eigi áfram að horfa á einkenni ósjálfbærs mannlífs og reyna að plástra sárin eða leitast við að greina orsakirnar sjálfar og takast á við þær.⁴⁰⁴

401 [SP] „Our Common Future“, 82–96.

402 Fullyrðing um úrræði nr. 1.

403 Fullyrðing um úrræði nr. 2.

404 [SP] „Our Common Future“, 257.

Meðal verkfæra sem bent er á í viðleitni þjóða og samfélaga til að takast á við orsakir og auka sjálfbærni má nefna (a) nýja samskiptatækni sem undir lok níunda áratugarins var komin á reksþöl. Samskiptatæknin dregur úr kolvetnisspori þar sem unnt er að sinna margháttuðum störfum óháð landfræðilegri staðsetningu.⁴⁰⁵ Þá er nefnd (b) minnkandi notkun hráefnis í iðnaði vegna tækniframfara sem dregið geti úr ágangi á óendurnýjanlegar auðlindir og orkunotkun.⁴⁰⁶ Því er einnig lýst að með (c) hnattrænni þekkingaröflun og miðlun upplýsinga muni vakna aukinn vilji til jöfnuðar milli hópa, þjóða og heimsálfa.⁴⁰⁷ Fullyrt er að yfirvöld séu í vaxandi mæli að sjá (d) gildi þess að þrengja ekki að svarta markaðnum í samfélögum fátækra ríkja, þar sem „hinn óformlegi hluti atvinnulífsins“ sé iðulega undirstaðan undir afkomu þeirra sem höllustum fæti standa. Kostir svartrar atvinnustarfsemi í byggingariðnaði og allskyns þjónustu eru m.a. þeir að starfsemin er í nærumhverfi fólks, hún er iðulega mannaflsfrek en ekki orkufrek um leið og hún er færanleg og sveigjanleg, dregur yfirleitt ekki úr útflutningi og hefur því ekki neikvæð áhrif á viðskiptajöfnuð.⁴⁰⁸ Ítrekað er hnykkt á (e) gildi menntunar í margvíslegu samhengi og henni lýst sem einni tryggustu leiðinni til þess að valdefla almenning og auka þjargráð hans og sjálfbærni á öllum sviðum.⁴⁰⁹ Loks skal nefna þá áherslu sem lögð er í skýrslunni á (f) endurskoðun laga í öllum löndum heims í því skyni að ýta undir og styðja við sjálfbæra þróun: „Löggjöf manna þarf

405 [SB] „Our Common Future“, 180–181.

406 [SB] „Our Common Future“, 182.

407 [SB] „Our Common Future“, 19.

408 [SB] „Our Common Future“, 208.

409 [SB] „Our Common Future“, 18; 48–49; 81; 88–89; 93; 96; 120.

að hugsa upp á nýtt í því skyni að halda mannlegri virkni í jafnvægi og samspili við óbreytanleg og alþjóðleg lög náttúrunnar.⁴¹⁰

Í skýrslunni eru ýmis áhrifaöfl nefnd til sögunnar og þau krafín um að vinna saman í anda sjálfbærni. Trúarbrögð heimsins eða (a) stofnanir þeirra eru m.a. kallaðar til ábyrgðar til þess að þær veiti leiðsögn í ljósi hefða sinna og þekkingar með því að hvetja til samábyrgðar gagnvart umhverfinu og leiða í átt að nærandi jafnvægi milli manns og umhverfis.⁴¹¹ Er sú áhersla í samræmi við tillögu Volfs sem sett var fram í kafla 3.2.1 undir heitinu *túlkunarfræðileg gestrisni* með þeirri skýringu að mikilvægt sé að fólk komi með hefðir sínar inn í samtalið og ræði saman með stuðningi þekktra aðferða og venja sem ljái samræðunni aukið innsæi. Þá er hvatt til (b) markvissrar samvinnu iðnaðar og stjórnvalda og staðhæft að iðnaðurinn í heiminum leiði saman fólk og umhverfi og sé líklega aðalverkfærið til að knýja fram breytingar með þeim úrræðum sem úr sé að móða í umhverfismálum hvort heldur í jákvæðum eða neikvæðum skilningi. Iðnaður og stjórnvöld muni því hagnast á nánari samvinnu.⁴¹² Minnir sú hvatning um margt á hugtak Hollenbachs, *deilt frelsi*, sem einnig var til umræðu í kafla 3.2.1 með áherslu á gildi þess að móta lýðræðismenningu og efla þann almannahag sem fólgin sé í þjóðfélagsþátttöku. Í sama anda eru stjórnvöld hvött til þess að (c) sýna frjálsum félagasamtökum traust og skapa rými á ýmsum sviðum varðandi þróunarmál og náttúruvernd og jafnvel sáttamiðlun í flóknum deilum, um leið og mælt er með því að (d) fræðasamfélagið sé kallað að borðinu í ríkari mæli, m.a. í tengslum við áhættumat af ýmsu tagi, umhverfismat vegna framkvæmda, leiðir til að

410 „Human laws must be reformulated to keep human activities in harmony with the unchanging and universal laws of nature.“ [SP] „Our Common Future“, 271.

411 [SP] „Our Common Future“, 95.

412 [SP] „Our Common Future“, 271.

draga úr neikvæðum áhrifum og almennt að halda augum almennings og stjórnvalda vökulum í þróunar- og umhverfismálum.⁴¹³

6.4 Samantekt

Ég hef nú greint heimsmynd, mannskilning og fátæktafhugtak í texta Brundtlandskýrslunnar. Maðurinn í Brundtlandskýrslunni er ekki mark og mið veruleikans frekar en að jörðin sé miðja alheimsins. Veröldin er samansafn opinna gagnvirkra kerfa þar sem allt er innbyrðis tengt og hvað öðru háð og meginkraftar jarðar eru vistkerfisleg ferli þar sem maðurinn er ekki miðlægur, heldur víkjandi þáttur. Að því leyti er heimsmynd skýrslunnar eftirnútímaleg. En að því leyti sem gæði jarðar eru eigi að síður álitin eign mannsins er myndin af heiminum nútímaleg.

Litið er á mannkyn sem fjölbreytt kyn og höfðað til sanngirni þess á forsendum sameiginlegrar mennsku. Maðurinn er samferða náttúrunni og lýtur lögmálum hennar sem þátttakandi án þess þó að vera eitt með henni. Í skýrslunni er litið á manninn sem skapandi uppsprettu gæða sem birtist ekki síst í getu hans til þess að eiga samtal og samvinnu í því skyni að aðlaga gjörðir sínar að ferlum jarðar og bæta þannig umhverfi sitt og líf. Umhyggja mannsins í garð vistkerfisins stafar af vilja hans til þess að lifa í raunhæfu samspili við veruleikann. En þótt maðurinn í veröld Brundtlandskýrslunnar sé þátttakandi í vistkerfi, þá er hann eigi að síður skilgreindur sem hagsmunaaðili. Hann lítur á auðlindir jarðar sem eign sína með þeim fyrirvara að hann veit að þær eru það ekki í stóra samhenginu. Fremur en að horfa á manninn sem einyrkja og hagsmunaaðila horfir Brundtlandskýrslan á manninn meira sem félagsveru og þátttakanda, en þó undir þeim formerkjum að hann hefur skilgreinda hagsmuni sem hann blygðast sín ekki fyrir. Að því leyti sem einyrkinn víkur fyrir þátttakandanum og forsendur samninga hans eru síður tengdar nauð, en varða

413 [SB] „Our Common Future“, 269–270; 274.

fremur löngun hans til að lifa í raunhæfu samspili við veruleikann, þá má segja að sviðsmynd Hobbes ásamt hugmyndinni um samfélagssáttmála, sem fyrr var til umfjöllunar, sé víkjandi þáttur í Brundtlandskýrslunni.

Brundtlandskýrslan ber fram hnausþykkt fátæktarhugtak sem þó er í grunninn samskonar og í skýrslu Stokkhólmsráðstefnunnar frá 1972; fátækt sem félagsleg útilokun um leið og opnað er á hið siðferðislega sjónarhorn og fátækt skoðuð sem siðferðisvandi með tilvísun til kröfunnar um sjálfbærni. Dregin er upp mynd af veröldinni sem flóknu samhengi opinna, gagnvirkra kerfa og mannleg fátækt í raun skilgreind sem skortur á flæði sem eigi sér að drýgstum hluta rætur í misskilningi þegar menn túlka veruleikann og flokka hann niður í aðgreind hólfa á öllum sviðum. Sú fátækt sem rætt er um í skýrslunni varðar þó alfarið mannleg kjör og reynslu þótt um hana sé fjallað og skýringar dregnar fram með ýtarlegum tilvísunum til vistkerfisins.

Meginboðskapur Brundtlandskýrslunnar um lausn á framfærsluvanda mannkyns er vissan um að í veruleikanum sé eðlislæg tilhneiging til jafnvægis á öllum sviðum sem laða megi fram með sanngirni manna í millum og háttvísu innsæi gagnvart vistkerfinu. Sjálfbær þróun er gagnvirk ferli eða hringrás sem krefst þess að hagvöxtur sé endurskilgreindur þannig að hann verði minna efnis- og orkumiðaður og almennt sanngjarnari. Athygli vekur sá skýri siðferðilegi tónn sem þarna er sleginn með því að draga fram réttlætishugtakið og spyrja um *merkingu* hagvaxtar. Það er gildis-hlaðin siðferðileg spurning. Telja skýrsluhöfundar að þessar breytingar þurfi að eiga sér stað í öllum löndum til þess að viðhalda vistfræðilegum safngæðum, auka skiptaréttlæti og aftra því að þjóðir séu berskjaldaðar fyrir hagsveiflum. Þess vegna er lögð megináhersla á að öll stefnumótun taki mið af umhverfinu og að lýðræðislegt samtal í sem flestum myndum sé eftt og tryggt. Loks er þess krafist að ekkert sé til sparað, heldur öllum ráðum beitt og allir kraftar samþættir í þágu sjálfbærrar framtíðar á

jörðinni. Skýrast birtist mannlegur misskilningur í hernaðarmenningu af því að hernaður er það ósjálfbærasta sem hægt er að taka sér fyrir hendur.

Niðurstaðan er sú að fátæktarhugtak Brundtlandskýrslunnar er *fátækt sem félagsleg útilokun og siðferðisvandi*. Enda þótt áherslan á vistkerfisvandann sé ráðandi og allar upplýsingar fyrir hendi til þess að kveða upp úr með það að jörðin sé fátæk, þá er það ekki sagt berum orðum.

7. Sautján sjálfbær þróunarmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Markmið þessa kafla er að svara þriðju greiningarspurningunni: *Hvaða heimsmynd, mannskilning og fátæktarhugtak má greina í heimsmarkmiðum SP frá 2015 og má sjá hugmyndalega þróun í orðræðu SP í ljósi tveggja fyrri skýrslanna?*

Fyrst skal þó stuttlega lýsa byggingu skýrslunnar.

Samþykkt allsherjarráðs Sameinuðu þjóðanna frá 25. september 2015 er 35 síðna plagg sem ber heitið *Að umbreyta heimi okkar: Heimsmarkmiðin 2030 í þágu sjálfbærrar þróunar* (e. Transforming our World: The 2030 Agenda for Sustainable Development). Meginefni samþykktarinnar er 91 númeruð málsgrein sem rammur inn þróunarmarkmiðin 17 og undirmarkmið þeirra sem alls eru 169 talsins. Í tveggja blaðsíðna formála er þess getið að hin nýju heimsmarkmið varði fólk, jörðina og farsæld manns og náttúru með áherslu á frið og félagslega samstöðu allra manna.

Yfirlýsingin sjálf hefst með átta inngangsköflum á 10 síðum þar sem undirritaðir þjóðarleiðtogar ávarpa lesendur, lýsa megindráttum í verklagi sínu með áherslu á lýðræði og aðild allra jarðarbúa að þeim texta sem fyrir liggir, fjalla um sameiginlegar hugsjónir, rifja upp fyrri samþykktir og viðmið á vettvangi SP. Varpað er upp mynd af stöðu manns og náttúru með hliðsjón af styrkleikum og veikleikum, ógnunum og tækifærum, sem við blasa í ljósi nýjustu þekkingar.

Í fimmta kafla í þessum þætti sem ber heitið *nýju heimsmarkmiðin* (e. the new agenda) eru síðan helstu sjónarmiðin að baki sjálfbæru þróunar- markmiðunum viðruð með áherslu á að öll markmiðin 17 ásamt undir- markmiðunum 165 séu samþætt og óaðskiljanleg. Rætt er um sjálfræði þjóðríkja, virðingu fyrir sérleika hvers um sig og yfirráð þeirra yfir eigin auðlindum. Jafnframt er horft á mannkyn í heild, núlifandi sem ófæddar kynslóðir, og hnykkt á gildi mannréttinda og alþjóðalaga og áréttað að kynjað sjónarhorn verði innbyggt í öll markmiðin 17 með áherslu á bættan hag kvenna og stúlkna.⁴¹⁴ Rætt er um stuðning við berskjölduð ríki, einkum Afríkulönd, ríki sem styst eru komin á vegi þróunar, þróunarlönd sem ekki eiga aðgang að hafi, lítil eyríki í þróun ásamt löndum þar sem ófriður ríkir eða er nýafstaðinn.⁴¹⁵ Þá er talað um valdeflingu hinna berskjölduðu en þar er sérstaklega átt við börn, æskufólk, HIV- og eyðnismitaða, aldraða, frumbyggja, flóttamenn og fólk sem orðið hefur að færa sig innan eigin landamæra, auk innflytjenda og fólks sem býr á aðþrengdum svæðum og svæðum þar sem hryðjuverk eru tíð. Eins er rætt um fátæktarvandann og mataröryggi sett þar á oddinn með því að aðstoða sérstaklega dreifbýli í þróunarlöndum, sjálfbæran landbúnað og fiskveiðar, smábændur (einkum konur í þeirri stétt), hirða og fiskimenn í þróunarlöndum. Bent er á gildi jafnra menntunartækifæra frá barnsaldri svo að allt fólk fái notið réttinda sinna og getu og löndin fái uppskeru af lýðfræðilegum fjölbreytileika sínum.⁴¹⁶ Hnykkt er á mikilvægi heilsuverndar fyrir farsæld almennings, allt frá ungbarna- og mæðravernd yfir í menntun heilbrigðisstarfsfólks. Þá er áhersla á hagstoðir og innviði atvinnulífs í hverju landi og því lýst að

414 Hugtakaparið „konur og stúlkur“ kemur alls 11 sinnum fyrir í textanum.

415 Þessi upptalning á berskjölduðum ríkjum kemur líkt og viðlag á alls 11 stöðum í textanum.

416 „[H]elping our countries to reap the demographic dividend.“ [SP] „Transforming our world“, 7.

varanlegur sjálfbær hagvöxtur þar sem gert sé ráð fyrir öllum (e. inclusive) sé forsenda farsældar. Í samræmi við það er talað um að deila þurfi gæðum og draga úr ójöfnuði með því að byggja upp öflug, sjálfbær, skapandi og mannmiðlæg hagkerfi sem valdefli ungt fólk og konur sérstaklega og bjóði öllum mannsæmandi atvinnu, svo að fólk njóti starfa sinna sem fullir þátttakendur í þjóðfélagi en ekki þrælar. Lýst er markmiðum á sviði framleiðslu, fjármögnunar, landbúnaðar, hirðingjalífs, fiskveiða og iðnaðar og m.a. talað um aðgang að orku, greiðar samgöngur og sterka innviði sem allt skuli vera á viðráðanlegu verði, áreiðanlegt og sjálfbært svo að neyslu og framleiðsluferli verði sjálfbær á heimsvísu. Rætt eru um innflytjendur sem jákvæða samfélagsviðbót á hverju svæði ef vel sé á spöðum haldið. Þá er vikið að loftslagsmálum og kallað eftir samvinnu allra heimsbúa í anda þeirra samþykktu sem eru fyrir hendi um leið og vísað er fram til Parísarráðstefnunnar 2015 sem þá hafði enn ekki verið haldin. Lögð er áhersla á að félagsleg þróun og hagþróun eigi allt undir sjálfbærri stjórnun náttúruauðlinda plánetunnar og margir áhersluþættir og verkefni talin upp í því sambandi sem m.a. varða höf og vötn, ferskvatnssuppsprettur, eyðimerkur og fjöll, líffræðilegan fjölbreytileika, ýmis vistkerfi og villt dýralíf, sjálfbæra ferðmennsku og mikilvægi nægs og góðs vatns. Jafnframt er rætt um sjálfbæra borgarþróun og staðhæft að friður og réttlæti í samskiptum án aðgreiningar séu lykilatriði í þeim efnunum. Varað er við ójöfnuði, spillingu, óstjórn og ólöglegu flæði fjármagns og vopna og í því samhengi hvatt til þess að efla hlutverk kvenna í friðarstarfi og uppbyggingu ríkisstjórna og efla sjálfsákvörðunarrétt kúgaðra hópa. Menningarleg fjölbreytni skal viðurkennd og henni fagnað og hvatt til gagnkvæmni þar sem siðferði byggist á hnattrænni borgaravitund (e. global citizenship) og deildri ábyrgð jarðarbúa. Loks er bent á gildi íþróttahreyfingarinnar í þágu hnattrænnar vitundar og samstöðu.

Þrír síðustu inngangskafarnir fjalla um úrræðin sem fyrir hendi eru í því skyni að framfylgja hinum nýju heimsmarkmiðum (e. means of imple-

mentation) og hvernig fylgja skuli málum eftir, tímasetja verkefni og meta árangur (e. follow-up and review). Loks er borið fram ákall um að ganga til verka í því skyni að breyta heiminum (e. a call for action to change our world) og áréttuð sú sögulega ábyrgð sem okkar kynslóð standi frammi fyrir í ljósi vitneskju sinnar um ástand vistkerfisins af hennar völdum.

Þróunarmarkmiðin 17 eru kynnt ásamt 169 undirmarkmiðum í hnitmiðuðum texta sem speglast vel í þeirri umfjöllun sem að framan greinir:

1. Útrýma fátækt í allri sinni mynd alls staðar
2. Útrýma hungri, tryggja fæðuöryggi og bættu næringu og stuðla að sjálfbærum landbúnaði
3. Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla á öllum aldri
4. Tryggja jafnan aðgang allra að góðri menntun og stuðla að símenntun fyrir alla
5. Tryggja jafnrétti kynjanna og styrkja frumkvæðisrétt allra kvenna og stúlkna
6. Tryggja aðgengi, og sjálfbæra nýtingu, allra á hreinu vatni og salernisaðstöðu
7. Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði
8. Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla
9. Byggja upp sterka innviði, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu fyrir alla og hlúa að nýsköpun
10. Draga úr ójöfnuði innan og á milli landa
11. Gera borgir og aðra búsetu manna örugga og sjálfbæra fyrir alla
12. Tryggja sjálfbæra neyslu og framleiðslumynstur
13. Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra
14. Vernda og nýta hafið og auðlindir sjávar á sjálfbæran hátt til að styðja við sjálfbæra þróun

15. Vernda, endurheimta og stuðla að sjálfbærri nýtingu landvistkerfa, sjálfbærri stjórnun skóga, berjast gegn eyðimerkurmyndun, stöðva og snúa við jarðvegseyðingu og sporna við hnignun líffræðilegs fjölbreytileika
16. Stuðla að friðsælum og sjálfbærum samfélögum fyrir alla, tryggja jafnan aðgang að réttarkerfi og koma á fót skilvirkum og ábyrgum stofnunum fyrir alla á öllum stigum
17. Styrkja framkvæmd og blása lífi í hnattrænna samvinnu um sjálfbæra þróun.⁴¹⁷

Síðustu átta blaðsíður yfirlýsingarinnar fjalla að meginefni um mögulegar leiðir til að hrinda markmiðunum í framkvæmd. Fyrst er lýst þeim úrræðum sem alþjóðasamfélagið ræður yfir til að koma markmiðum sínum í framkvæmd í samvinnu við ríkisstjórnir, einkaframtakið og þriðja geirann. Lögð er áhersla á að hjól atvinnulífsins verði að fá að snúast og því lýst að einkaframtakið, fjárfestingar og tækniþróun séu drifkraftar framleiðslu, hagvaxtar og atvinnusköpunar. En jafnframt er áréttað að hagvöxtur skuli vera með þeim hætti að hann geri ráð fyrir öllum (e. inclusive economic growth), áhersla sé lögð á rétt verkamanna og umhverfis- og heilbrigðisviðmið í heiðri höfð. Vísað er til þekktra samþykka SP í þeim efnum. Jafnframt skuli milliríkjavíðskipti vera reglugrunduð, opin, gagnsæ, fyrirsjáanleg (e. predictable), án aðgreiningar (e. inclusive), laus við mismunun og nota víðskiptakerfi sem mæti öllum jafnt og á mörgum tungumálum. Í því sambandi er vísað til Alþjóðavíðskiptastofnunarinnar um stuðning og eftirlit.

Loks er fjallað um aðferðir til að fylgja verkinu eftir. Er þá m.a. lögð áhersla á sjálfræði þjóða í öllu ferlinu, að virðing verði borin fyrir forgangs-

417 [SP] „Heimsmarkmið um Sjálfbæra þróun.“ (Ísl. þýðing: Þróunarsamvinnustofnun Íslands.)

röðun og áætlunum í hverju ríki og ólíkum innri og ytri aðstæðum, um leið og þess verði gætt að greina megi og rekja framgang mála á hverjum stað í því skyni að enginn verði skilinn eftir. Ferlin verði opin, gert verði ráð fyrir öllum til þátttöku í gagnsæjum ferlum sem skulu miða að fólkinu sjálfu, hafa innbyggð kynjasjónarmið og virða mannréttindi með þau fátækustu og berskjölduðustu sérstaklega í huga. Gögnin sem unnið verður með skulu vera nákvæm og byggð á hágæða (e. high-quality) upplýsingum frá hverju ríki, þau skuli vera aðgengileg, ný, áreiðanleg án tillits til innkomu, kyns, aldurs, uppruna, þjóðernis, þjóðréttarstöðu, fötlunar, búsetu og annarra viðlíka þátta.

7.1 Heimsmynd

Þrjár fullyrðingar ramma inn heimsmynd textans. Sú fyrsta er endurtekning, önnur kunnugleg, en sú þriðja ný af nálinni: (1) *Heimurinn er samansafn opinna gagnvirkra kerfa þar sem allt er innbyrðis tengt og háð hvað öðru.* (2) *Heilsa vistkerfisins er forsenda mannlegrar farsældar.* (3) *Jörðin er lífvera sem hefur líðan og hagsmuni.*

Fyrsta setning skýrslunnar hljóðar svo: „Þessi verkefnaskrá er aðgerða-áætlun sem varðar fólk, jörð og farsæld.“⁴¹⁸ Af þessari fyrstu setningu má draga þá ályktun að sjónarhornin þrjú sem hér er leitast við að skerpa — heimsmynd, mannskilningur og fátæktarhugtak — séu við hæfi þar sem yfirlýst erindi textans er einmitt að ávarpa málefni jarðarinnar, fólksins sem þar býr og huga að farsæld og fátækt í því stóra samhengi.

Í niðurlagi inngangsins að yfirlýsingunni segir á þessa leið:

418 „This Agenda is a plan of action for people, planet and prosperity.“ [SD] „Transforming our world“, 1.

Innri tengsl og samþætt eðli hinna sjálfbæru þróunarmarkmiða hafa úrslitavægi eigi markmið þessarar nýju verkefnaskrár að nást. Ef við raungerum metnað okkar í öllum liðum dagskrárinnar mun líf allra bætast verulega og heimur okkar batna.⁴¹⁹

Sá texti sem hér liggur fyrir á 35 síðum er að því leyti ólíkur 300 síðna texta Brundtlandskýrslunnar frá 1987 að hann er mun knappari og ber ekki fram miklar heimspekilegar útskýringar, en lætur duga að vísa í fyrri samþykktir SÞ um flesta gildishlaðna þætti. Hér má þó skynja að myndin af heiminum sem við blasir er heimur samþættra ferla þar sem allt er innbyrðis tengt og háð. Hugsanlega er það ekki tilviljun að áherslan á innri tengsl og samþætt eðli veruleikans er tekin upp annars vegar í lokaorðum formálans og svo einnig í síðustu setningunni áður en hin eiginlegu sjálfbæru þróunarmarkmið eru lögð fram. Þar segir á 13. síðu: „[V]ið ítrekum að plánetan jörð og vistkerfi hennar eru okkar sameiginlegu heimkynni [...]“⁴²⁰

Í yfirlýsingunni er lögð áhersla á það að sjálfbær þróun varði þrjú svið: efnahagsmál, félagsmál og vistkerfi heimsins. Þróunarmarkmiðin og öll undirmarkmið þeirra eru sögð samþætt og óaðskiljanleg, hnattræn í eðli sínu og að þau gildi hvarvetna á byggðu bóli þar sem tekið sé tilliti til ólíkra aðstæðna meðal þjóða.⁴²¹

419 „The interlinkages and integrated nature of the Sustainable Development Goals are of crucial importance in ensuring that the purpose of the new Agenda is realized. If we realize our ambitions across the full extent of the Agenda, the lives of all will be profoundly improved and our world will be transformed for the better.“ [SÞ] „Transforming our world“, 2.

420 „[...] and we reaffirm that planet Earth and its ecosystems are our common home [...].“ [SÞ] „Transforming our world“, 13 (59. gr.).

421 Um hin sautján sjálfbæru þróunarmarkmið og undirmarkmiðin 169 segir orðrétt: „They are integrated and indivisible and balance the three dimensions of sustainable

Í Brundtlandskýrslunni var fjallað um hina nútímalegu heimsmynd sem áður ríkti þar sem ólík svið voru aðgreind, félagsmál komu ekki umhverfismálum við og efnahagsmál voru líka ósnert af öðrum þáttum. Hvert þjóðríki annaðist sín málefni og bar ekki ábyrgð út fyrir eigin landamæri. Þar var lögð áhersla á að nú væri svo komið að svæði, svið og málaflokkar væru ekki lengur aðgreinanlegir þættir.⁴²² Munurinn á textanum frá 2015, sem nú er til skoðunar, er sá að ekkert rými er notað til að útskýra slíka hluti, heldur er gengið út frá hinni eftirnútímalegu heimsmynd af *saman-safni opinna gagnvirkra kerfa þar sem allt er innbyrðis tengt og háð hvað öðru*. Þessi sviðsmynd gildir fyrir öll efnisatriði hinna sjálfbæru þróunarmarkmiða, hvort heldur rætt er um fátækt, fæðuöryggi, heilbrigði, menntun, kynjajafnrétti, aðgengi að vatni og orku, hagvöxt, innviði, félagslegan jöfnuð, öryggi á búsvæðum manna, neyslu- og framleiðslumynstur, loftslagsbreytingar, vistkerfi hafsins, landvistkerfi eða stofnanir. Sautjándi og síðasta markmiðið klykkir út með því að kalla eftir hnattrænni samvinnu um sjálfbæra þróun á öllum þessum sviðum.⁴²³

Í stuttum inngangskafli þar sem vikið er að málefnum jarðarinnar segir:

Við erum staðráðin í að vernda jörðina gegn hnignun, m.a. með sjálfbærum neyslu- og framleiðsluháttum, sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og skjótum aðgerðum í loftslagsmálum, svo hún geti staðið undir þörfum núlifandi og ófæddra kynslóða.⁴²⁴

development: the economic, social and environmental.“ [SP] „Transforming our world“, 3 (6. gr.); 13 (55. gr.); 1.

422 Sjá kafla 6.1.

423 [SP] „Transforming our world“, 14.

424 „We are determined to protect the planet from degradation, including through sustainable consumption and production, sustainably managing its natural resources

Samvinna mannkyns við náttúruna er samkvæmt þessu til þess að m.a. vistkerfi veraldar sé áfram fært um að bera mannkynið, núlifandi kynslóðir og þær sem eftir koma. Ekkert í orðalagi skýrslunnar gefur í skyn að heimurinn sé eign mannsins eða að hann sé handa mannum. Þó á maðurinn hvergi heima nema í vistkerfinu og heilsa þess er forsenda fyrir heilsu mannkyns, hvort heldur rætt er um heilsu hafsins,⁴²⁵ vatnsbúskapar hnattarins,⁴²⁶ landvistkerfa⁴²⁷ eða lofthjúps.⁴²⁸ Við nýtingu auðlinda skal fyrst hugað að sjálfbæru jafnvægi vegna þess að annað er óskynsamlegt.⁴²⁹ Hagsmunir mannkynsins falla að hagsmunum jarðarinnar vegna þess að heilsa vistkerfisins er forsenda mannglegrar farsældar.

Í kynningarformála á fyrstu síðu segja leiðtogar þjóðanna:

Öll ríki og allir hagsmunaaðilar munu hrinda þessari áætlun í framkvæmd með samtakamætti. Við erum staðráðin í að frelsa mannkyn undan harðstjórn fátæktar og við viljum lækna jörðina okkar og tryggja öryggi hennar.⁴³⁰

and taking urgent action on climate change, so that it can support the needs of the present and future generations.“ [SB] „Transforming our world“, 2.

425 [SB] „Transforming our world“, 24 (markm. 14.a).

426 [SB] „Transforming our world“, 18 (markm. 6).

427 [SB] „Transforming our world“, 24 (markm. 15).

428 [SB] „Transforming our world“, 23 (markm. 13).

429 [SB] „Transforming our world“, 18 (markm. 6); 19 (markm. 7); 20 (markm. 9); 24 (markm. 14); 24 (markm. 15).

430 „All countries and all stakeholders, acting in collaborative partnership, will implement this plan. We are resolved to free the human race from the tyranny of poverty and want and to heal and secure our planet.“ [SB] „Transforming our world“, 1.

Myndin sem dregin er upp af jörðinni og mannkyninu sem á henni býr er sú að jörðin er sjúk og býr við óöryggi og maðurinn er fangi sem þarfnast frelsunar undan harðstjórn.

Á meðan maðurinn í Brundtlandskýrslunni er vandlega aðgreindur frá vistkerfinu, þá er sú breyting orðin á í skýrslunni frá 2015 að jörðinni sjálfri er eignuð þjáning; höfin hafa heilsu,⁴³¹ jörðin þarfnast verndar⁴³² og kjör manns og vistkerfis eru til umfjöllunar í sama orðinu:

Með þessum markmiðum og undirmarkmiðum þeirra berum við fram yfirmáta metnaðarfulla og umbreytandi hugsjón. Við sjáum fyrir okkur heim sem er laus við fátækt, hungur, sjúkdóma og skort þar sem allt líf fær þrifist.⁴³³

Jörðin í skýrslu SP frá 2015 er beinni málsaðili en í skýrslunni frá 1987. Og enda þótt tilgangurinn með hinum nýju heimsmarkmiðum sé að jörðin fái „staðið undir þörfum núlifandi og ófæddra kynslóða“, þá er titið á jörðina sem lífveru sem hefur líðan og hagsmuni.

7.2 Mannskilningur

Þótt textinn sé knappur og bjóði ekki upp á miklar gildishlaðnar vangaveltur má þar greina skýrar útlínur að mannskilningi. (1) Maðurinn er heimsbúi sem hefur til að bera sköpunargetu og reisu. Hann er (2) fangi fátæktar og það sæmir honum ekki. (3) Maðurinn er hluti af vistkerfi sem

431 [SP] „Transforming our world“, 23 (markm. 14.2); 24 (markm. 14.a).

432 [SP] „Transforming our world“, 2 og 3 (3. gr.).

433 „In these Goals and targets, we are setting out a supremely ambitious and transformational vision. We envisage a world free of poverty, hunger, disease and want, where all life can thrive.“ [SP] „Transforming our world“, 3 (7. gr.).

hann er í þann mund að valda óbætanlegum skaða. Og loks blasir við sýn á manninn sem ekki verður betur orðuð en guðfræðingurinn Gustafson gerir og fyrr var vikið að: (4) „Maðurinn (sem einstaklingur, samfélag og tegund) er þátttakandi í formum og ferlum lífs á jörð þar sem allt er tengt og hvað öðru háð.“⁴³⁴

Í formála að yfirlýsingunni er rætt um fólk, jörð og farsæld og um erindi verkefnaskrárinnar við fólk er þetta sagt:

Við erum staðráðin í að binda enda á fátækt og hungur í öllum sínum myndum og víddum og tryggja að allar mannverur geti þróað getu sína með reisu, í jöfnuði og heilbrigðu umhverfi.⁴³⁵

Með þessari setningu eru slegnir tónar sem óma í gegnum allan textann. Í fyrsta lagi er rætt um fátækt og skæðustu birtingarmynd hennar, hungrið, sem skuli afnema. Talað er um allar mannverur, um færni þeirra til að þróa getu sína og um mannlega reisu (e. dignity). Loks er jöfnuður nefndur á nafn ásamt hugtakinu *heilbrigt umhverfi*.

Þrennt blasir við: Maðurinn í textanum er *heimsbúi*, þar sem hægt er að tala um allar mannverur í einu og ætla þeim eitthvað vissst. Maðurinn í textanum er í öðru lagi *skapari*, hann hefur færni til að þróa getu sína og gera að veruleika þá möguleika sem í honum búa. Í þriðja lagi hefur hann *reisu* til að bera. Ítrekað koma þessir þrír gildisþættir fyrir í textanum.⁴³⁶

434 „Man (individual persons, communities, and species) is a participant in the patterns and processes of interdependence of life in the world.“ Gustafson, *Ethics from a Theocentric Perspective*, 145.

435 „We are determined to end poverty and hunger, in all their forms and dimensions, and to ensure that all human beings can fulfil their potential in dignity and equality and in a healthy environment.“ [SP] „Transforming our world“, 2.

436 Fimmtán sinnum er talað um manninn sem heimsbúa, um hnattræna samstöðu

Virðast þessar þrjár eigindir mannsins, staða hans sem heimsbúa, sköpunargetan og reisin, liggja til grundvallar þeirri sýn sem birtist í textanum í viðleitni til að skilgreina mannlegan lífskjaravanda og þau úrræði sem fyrir hendi eru þegar kemur að því að skapa jöfnuð og heilbriggt umhverfi.

En maðurinn í textanum er líka *fangi* sem þarfnast frelsunar undan harðstjórn fátæktar.⁴³⁷ Og vegna gildisþáttanna þriggja; stöðu mannsins sem heimsbúa, sköpunargáfu hans og reisar, er fátæktin í öllum sínum myndum ekki mannsæmandi (e. decent). Markmiðið er að allt fólk fái lífað

mannsæmandi og fullnægjandi lífi með reisin og náí að þróa möguleika sína til fullnustu. Við getum orðið fyrsta kynslóðin sem tekst að binda enda á fátækt; rétt eins og við kunnum að vera sú síðasta sem á möguleika á að bjarga jörðinni.⁴³⁸

eða félagsskap allra manna: s. 1, s. 2, s. 5 (14. gr.), s. 9 (36. gr.), s. 6 (18. gr.), s. 10 (39. gr.), s. 10 (40. gr.), s. 12 (51. gr.), s. 14 (markm. 17), s. 17 (markm. 4.7), s. 26 (markm. 17), s. 27 (markm. 17.16), s. 27 (60. gr.). Jafnoft er vísað til sköpunargetu mannsins í tengslum við efnahagsframfarir, betri heim, stefnumótun, nýsköpun, atvinnu, þróun eða almenna lífsfyllingu: s. 2, s. 4 (8. gr.), s. 5 (13. og 15. gr.), s. 6 (20. gr.), s. 12 (49., 50. og 51. gr.), s. 15 (markm. 1.b), s. 19 (markm. 8.9), s. 22 (markm. 12.b), s. 28 (67. gr.). Alls þrettán sinnum er rætt um mannlega reisin, iðulega í tengslum við mannsæmandi atvinnu eða aðrar aðstæður: s. 2, s. 3 (3. og 4. gr.), s. 4 (8. og 9. gr.), s. 5 (14. gr.), s. 8 (27. gr.), s. 12 (50. gr.), s. 14 (markm. 8), s. 17 (markm. 4.4), s. 19 (markm. 8, 8.3 og 8.5).

437 „We are resolved to free the human race from the tyranny of poverty and want and to heal and secure our planet.“ [SP] „Transforming our world“, 1.

438 „We resolve to build a better future for all people, including the millions who have been denied the chance to lead decent, dignified and rewarding lives and to achieve their full human potential. We can be the first generation to succeed in ending poverty; just as we may be the last to have a chance of saving the planet.“ [SP] „Transforming our world“, 12 (50. gr.).

Athygli vekur að hvergi örlar á yfirburðatali um manninn sem skynsemisveru eða tæknitröll og fögnuður yfir afrekum mannsandans í veröldinni er hvergi á dagskrá. Sköpunargeta og reisin heimsbúans er ekki sett fram sem hrósunarefni, heldur sem siðferðisviðmið. Myndinni af mannum sem einyrkja og sérhagsmunaveru sér engan stað, heldur er markmið mannsins fyrst og síðast að lifa í jafnvægi við vistkerfislegan veruleika sinn. Að baki þeirri hógværu nálgun býr vitundin um það að allt fólk deili kjörum hvert með öðru og vistkerfinu í heild:

Við skuldbindum okkur til að hlúa að þvermenningarlegum skilningi, umburðarlyndi, gagnkvæmri virðingu og siðfræði sem byggist á vitund um hnattrænan þegnskap og deilda ábyrgð. Við viðurkennum náttúrulegan og menningarlegan fjölbreytileika heimsins og sjáum að allir menningarheimar geta stuðlað að og eru hver um sig ómissandi við að raungera sjálfbæra þróun.⁴³⁹

Náttúruleg fjölbreytni vistkerfisins og menningarleg fjölbreytni mannkyns er hér nefnd í sömu andrá sem hluti af sama veruleika um leið og kveðið er á um hnattræn borgaravitund (e. global citizenship) og deilda ábyrgð allra á sjálfbærri þróun heimsins.

Maðurinn í skýrslunni frá 2015 er nálægt því að vera hluti af náttúrunni að því leyti að afdrif hans eru alfarið háð heilsu hennar og honum verður ljósara og ljósara eftir því sem þekking hans vex að allt er innbyrðis tengt og þess vegna eru allir þættir veruleikans í einhverjum skilningi hluti af

439 „We pledge to foster intercultural understanding, tolerance, mutual respect and an ethic of global citizenship and shared responsibility. We acknowledge the natural and cultural diversity of the world and recognize that all cultures and civilizations can contribute to, and are crucial enablers of, sustainable development.“ [SP] „Transforming our world“, 9 (36. gr.).

umhverfi hans, ef notuð er skilgreining Ólafs Páls Jónssonar sem fyrr var nefnd í tengslum við heimsmynd skýrslunnar frá 1972. Að mati Ólafs Páls verður staður að umhverfi ef hann hefur *tækisgildi* fyrir hagsmunaaðilann sem það hverfist um. Um leið og Ólafur viðurkennir að staðir geti með réttu haft tækisgildi fyrir menn og dýr, þá varar hann við einstrengingslegri nytjasýn á náttúruna sem geri bæði manni og náttúru rangt til. Mikilvægt sé að virða sjálfstætt gildi náttúrunnar og gera sjálfan sig ekki að miðju og meistara sköpunarverksins.⁴⁴⁰ Staða mannsins í skýrslu SD frá 2015 er sú að hann veit að hann er alls ekki miðja og meistari vistkerfisins. Öllu heldur er hann þar líkt og gestur á einhvers konar skilorði sem ofan í kaupíð er orðinn þess áskynja að tengslaeðli vistkerfisins er svo róttækt að allir þættir þess og víddir hafa tækisgildi fyrir manninn, samanber orðin: „Jörðin og vistkerfi hennar eru okkar sameiginlegu heimkynni.“⁴⁴¹

Eina raunhæfa svarið í stöðunni er það að maðurinn geri sitt besta til að ná samspili við vistkerfið, læri að haga sér í boðinu. Orðræða textans gengur aldrei út frá nýtingarrétti, eignarhaldi eða stjórnun, heldur er rætt um sjálfbæra notkun auðlinda⁴⁴² og andi textans er meira í þá veru að maðurinn sé líkt og gestur í húsi náttúrunnar. Auðnist honum að ná hinum sjálfbæru þróunarmarkmiðum verður hann kannski einhvern tímann heimilismaður, ella er hann bara gestur á förum. Myndin af manninum sem stjórnanda eða eiganda í vistkerfinu er horfin og sem samnings- eða hagsmunaaðili stendur hann tæpt: „Afkoma margra samfélaga og líffræðileg stuðningskerfi jarðarinnar eru í hættu.“⁴⁴³

440 Ólafur Páll Jónsson, „Staður, náttúra, umhverfi“, 155–157.

441 „[W]e reaffirm that planet Earth and its ecosystems are our common home.“ [SD] „Transforming our world“, 13 (59. gr.).

442 Dæmi um það: s. 24 (markm. 14.7).

443 „The survival of many societies, and of the biological support systems of the planet, is at risk.“ [SD] „Transforming our world“, 5 (14. gr.).

Enda þótt maðurinn sé hluti af vistkerfi sem hann er í þann mund að vinna óbætanlegan skaða er líka bjartsýni í textanum og trú á getu þjóðanna til að ná þeim sautján sjálfbæru þróunarmarkmiðum sem út- færð eru í 169 undirmarkmiðum. Vísað er til árangurs liðinna ára, ekki síst til þúsaldarmarkmiðanna á sviði fátæktar, menntunar o.fl. sviða.⁴⁴⁴ Helsti styrkur mannkyns liggur í getu þess til að sameinast í fjölbreyti- leika og reikna með öllum.⁴⁴⁵ Gildir þetta hvort heldur um er að ræða at- vinnulíf, þar sem fólk skynjar sig sem fulla þátttakendur í þjóðfélagi en ekki þræla,⁴⁴⁶ aðstæður innflytjenda sem komið geta sem jákvæð viðbót inn í samfélög,⁴⁴⁷ heilbrigðismál,⁴⁴⁸ aðgengi að neysluvatni⁴⁴⁹ og orku⁴⁵⁰ eða önnur málefni. Hvarvetna er áherslan á að afgangi mála sé sann- gjörn, valdeflandi fyrir fólk og án aðgreiningar. Þessi jákvæða afstaða til mannkyns og möguleika þess kemur m.a. skýrt fram þegar rætt er um mikilvægi jafnra menntunartækifæra og lögð áhersla á að gera skuli ráð fyrir öllum frá barnsaldri með það í huga að fólk verði fært um að nýta möguleika sína og tækifæri og taka fullan þátt í eigin þjóðfélagi. Staðhæft er að börn þurfi nærandi umhverfi til þess að raungera réttindi sín og getu svo að löndin fái uppskeru af lýðfræðilegum fjölbreytileika sínum.⁴⁵¹

444 „It is also, however, a time of immense opportunity. Significant progress has been made in meeting many development challenges.“ [SB] „Transforming our world“, 5 (15. gr.).

445 [SB] „Transforming our world“, 9 (36. gr.).

446 [SB] „Transforming our world“, 19 (markm. 8.5).

447 [SB] „Transforming our world“, 8 (29. gr.).

448 [SB] „Transforming our world“, 16; 17 (markm. 3).

449 [SB] „Transforming our world“, 18 (markm. 6).

450 [SB] „Transforming our world“, 19 (markm. 7).

451 „We will strive to provide children and youth with a nurturing environment for the full realization of their rights and capabilities, helping our countries to reap the demographic dividend [...]“ [SB] „Transforming our world“, 7 (25. gr.).

Fullyrða má að geta fólks og færni til að greina samhengi sitt, taka þátt í og efla samvinnu við menn og lífríki sé vonarljósið í mannskilningi textans. Síðustu tvær málsgreinarnar, áður en sjálfbæru þróunarmarkmiðin eru lögð fram, hljóða svo:

„Við, þjóðir heimsins“ eru hin kunnu upphafsorð stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Það erum „við, þjóðir heimsins“ sem hefjum gönguna í átt að 2030. Ríkisstjórnir og þjóðþing verða kölluð til þátttöku á ferðalaginu, kerfi Sameinuðu þjóðanna ásamt öðrum alþjóðastofnunum, sveitarstjórnnum, frumbyggjum, félagasamtökum, viðskipta- og einka-geiranum, vísinda og háskólasamfélaginu — og öllu fólki. Milljónir hafa þegar komið að málum og munu eiga þessi heimsmarkmið. Þetta eru heimsmarkmið fólksins, frá fólkinu og handa fólkinu — og við trúum því að sú staðreynd muni tryggja árangur.⁴⁵²

Framtíð mannkyns og jarðar liggur í okkar höndum. Hún liggur einnig í höndum yngri kynslóðarinnar sem mun færa kynslóðum framtíðarinnar kyndilinn. Við höfum kortlagt veginn í átt að sjálfbærri þróun; það mun verða ábyrgð okkar allra að tryggja að ferðin reynist árangursrík og áhrifin óafturkræf.⁴⁵³

452 „„We the peoples“ are the celebrated opening words of the Charter of the United Nations. It is „we the peoples“ who are embarking today on the road to 2030. Our journey will involve Governments as well as parliaments, the United Nations system and other international institutions, local authorities, indigenous peoples, civil society, business and the private sector, the scientific and academic community — and all people. Millions have already engaged with, and will own, this Agenda. It is an Agenda of the people, by the people and for the people — and this, we believe, will ensure its success.“ [SP] „Transforming our world“, 12 (52. gr.).

453 „The future of humanity and of our planet lies in our hands. It lies also in the hands of today's younger generation who will pass the torch to future generations. We have mapped the road to sustainable development; it will be for all of us to ensure that

Hin nýju heimsmarkmið sem hér eru til umræðu varða róttækar aðgerðir til þess að mannkyn breyti háttum sínum og heiminum um leið. Guðfræðingurinn Gustafson telur slíkt mögulegt og teflir fram skilgreiningu sinni á manninum sem þátttakanda. Hann áréttar að val okkar og gjörðir séu ekki óhjákvæmilega bundin fyrirfram gefnum lögmálum, en leggur um leið áherslu á að við skynjum takmarkanir okkar og gerum okkur grein fyrir því að öll okkar verk verða hrifin inn í ferli og form utan okkar áhrifavalds.⁴⁵⁴

Til þess að draga saman það sem hér hefur fram komið ber texti hinna nýju heimsmarkmiða SP með sér skýra vitund um hið gagnkvæma hæði okkar í samhengi allra hluta sem í raun útilokar mannmiðlægan þankgang.⁴⁵⁵ Sem þátttakandi í vistkerfi skilgreinir maðurinn sig sem siðveru, tekur sér stöðu og lætur um sig muna.⁴⁵⁶ Í þessu ljósi er fjórða og síðasta staðhæfingin um mannskilning hinna nýju heimsmarkmiða SP beint frá Gustafson komin: „Maðurinn (sem einstaklingur, samfélag og tegund) er þátttakandi í formum og ferlum lífs á jörð þar sem allt er tengt og hvað öðru háð.“⁴⁵⁷

the journey is successful and its gains irreversible.“ [SP] „Transforming our world“, 12 (53. gr.).

454 Gustafson, *Ethics from a Theocentric Perspective*, 284.

455 Sbr. töflu 1, lið 3.1 (bls. 89).

456 Sbr. töflu 1, lið 3.2 (bls. 89).

457 „Man (individual persons, communities, and species) is a participant in the patterns and processes of interdependence of life in the world.“ Gustafson, *Ethics from a Theocentric Perspective*, 145.

7.3 Fátæktarhugtak — Vandinn

Mikilvægustu skilaboð heimsmarkmiðanna frá 2015 virðast vera þau að fátæktin í heiminum standi í vegi fyrir sjálfbærri þróun. Staðhæft er að eigi árangur að nást verði að afnema fátækt í öllum sínum myndum og víddum, að sárri fátækt meðtalinni. Þannig er fátækt stillt upp sem stærstu hnattrænu áskorun mannkyns. Vanþróun og umhverfishnignun er afleiðing fátæktar, ekki öfugt.⁴⁵⁸

Fátæktarhugtak heimsmarkmiðanna felur í sér félagslega útilokun og siðferðisvanda. En segja má að það sé hlaðið mikilli spennu, því að andi textans vísar með svo skýrum hætti í átt að breyttu fátæktarhugtaki með lífmíðlægrri heimsmynd og siðferðilegum mannskilningi að stappar

458 „We recognize that eradicating poverty in all its forms and dimensions, including extreme poverty, is the greatest global challenge and an indispensable requirement for sustainable development.“ [SB] „Transforming our world“, 1. Í 14. gr. á bls. 5 er snarað fram helstu birtingarmyndum og afleiðingum fátæktar sem nú standa í vegi fyrir sjálfbærri þróun að mati höfunda: Fátækt rænir milljónir reisin sinni, vaxandi ójöfnuður ríkir innan og á milli landa, ójöfn tækifæri, misskiptur auður og völd auk kynjamismununar er viðvarandi. Atvinnuleysi hrjái mannkyn, ekki síst meðal ungmenna. Heilsu almennings er ógnað af margvíslegum ástæðum, náttúruhamfarir gerast tíðari, átök vinda uppá sig, ofbeldisfull öfgahygga er í uppgangi ásamt hryðjuverkum og öðrum krísum tengdum skorti á mannúð. Flóttamannavandinn er úr böndum og spillir þeim árangri sem náðst hefur í þróunarmálum umliðna áratugi. Náttúruauðlindir fara þverrandi og umhverfi drabbast niður sem veldur m.a. vexti eyðimarka, þurrkum, landeyðingu, vatnsskorti og minnkandi líffræðilegum fjölbreytileika sem enn eykur á þær áskoranir sem mannkyn stendur frammi fyrir. Loftslagsbreytingar eru ein stærsta ögrun okkar tíma og hin neikvæðu áhrif þeirra draga úr getu allra ríkja til að ná sjálfbærri þróun. Hækkandi hitastig og yfirborð sjávar, súrnun hafs o.fl., svo og áhrif loftslagsbreytinga hafa alvarleg áhrif á strand-svæði og lönd sem liggja lágt yfir sjávarmáli, þar á meðal mörg vanþróuð ríki og eyld. Loks er fullyrt að afkoma margra samfélaga og líffræðilegs stoðkerfis jarðar sé í hættu.

nærri að segja megi að fátækt sé skilgreind sem vistkerfisvandi eða a.m.k. skortur á sjálfbærri þróun.

Textinn birtir mynd af heimi þar sem allt er innbyrðis tengt og hvað öðru háð, fátækt mannkyns veldur vistkerfiskrísum og heilsuleysi í vatna-sviði og ójafnvægi í loftþjúpnum sem bitnar beint á fólki. Fullyrt er að félagsleg og efnahagsleg þróun náist ekki án sjálfbærni og sjálfbærni vistkerfisins verði ekki náð án félagslegrar og efnahagslegrar þróunar. Höf hafa heilsu, jörðin þarfnast öryggis og maðurinn er heimsbúi gæddur sköpunarmætti og reisu. Samt er ekki hægt að ganga svo langt að segja að fátæktarhugtak hinna nýju heimsmarkmiða sé eftirnútímalegt í þeim skilningi að maðurinn sé samofinn vistkerfinu og deili með því heilsu og öryggi. Jörðin er ekki sögð fátæk og í textanum er mannleg farsæld skilgreind með hefðbundnum hætti þar sem hún er sögð felast í því að „njóta árangursríks og fullnægjandi lífs og að hagrænar, félagslegar og tækni- legar framfarir eigi sér stað í jafnvægi og samspili við náttúruna“.⁴⁵⁹ Fellur sú skilgreining vel að hugmyndinni um fátækt sem félagslega útilokun.

Niðurstaðan er sú að fátæktarhugtak hinna nýju heimsmarkmiða SP frá 2015 felur í sér félagslega útilokun og siðferðisvanda. Mikilvægt er að sjá að siðferðisvandi fátæktarinnar í textanum byggist þó ekki einvörðungu á kröfunni um sjálfbærni með hliðsjón af ófæddum kynslóðum, líkt og um er að ræða í Brundtlandskýrslunni, heldur er hann einnig byggður á hugmyndinni um mannlega reisu og manninn sem fanga fátæktar.

7.3.1 Fátæktarhugtakið — Úrræðin

Áherslan í yfirlýsingu SP frá 2015 er ekki svo mjög á lýsandi og greinandi þætti tengda sjálfbærri þróun, heldur fer mest orka í að bera fram þróunar-

459 „We are determined to ensure that all human beings can enjoy prosperous and fulfilling lives and that economic, social and technological progress occurs in harmony with nature.“ [SP] „Transforming our world“, 2.

markmiðin sautján og undirmarkmiðin 169 annars vegar og hins vegar að lýsa því hvernig hrinda skuli öllu í framkvæmd og fylgja verkefnum eftir með virku samráði, skipulegu eftirliti og hnattrænni samstöðu á öllum sviðum. Eftirfarandi sex meginlínur má nota til að draga upp mynd af úrræðum höfunda:

Von mannkyns og vistkerfis byggist á sjálfbærri þróun (1) sem ná skal með áherslu á þrjú svið sem eru óaðskiljanleg og samþætt í gagnvirkum tengslum; félagsmál, efnahagsmál og umhverfismál (2). Fátækt skal útrýmt og barist gegn ójöfnuði í heiminum (3). Hagvöxtur og atvinnulíf skal vera í allra þágu (4). Sjálfbær samleið mannkyns með vistkerfinu er forsenda félagslegrar og efnahagslegrar þróunar (5). Sjálfbær þróun er háð því að enginn gleymist og öll séu með (6).

Textinn er markviss, knappur og skýr:

Við erum staðráðin í að taka djörf og umbreytandi skref sem brýnt er að ná í því skyni að snúa stefnu veraldar í átt að sjálfbærni og bata. Um leið og við hefjum þessa sameiginlegu vegferð heitum við því að enginn verði skilinn eftir.⁴⁶⁰

Áréttað er að þróunarmarkmiðin og undirmarkmið þeirra séu samþætt og óaðskiljanleg og feli í sér jafnvægi milli þriggja sviða sjálfbærrar þróunar, efnahagsmála, félagsmála og umhverfismála, á sama tíma og þau byggist á mannréttindasáttmála SP og þeirri meginstefnu sem sett

460 „We are determined to take the bold and transformative steps which are urgently needed to shift the world on to a sustainable and resilient path. As we embark on this collective journey, we pledge that no one will be left behind.“ [SP] „Transforming our world“, 1.

var með þúsaldarmarkmiðunum.⁴⁶¹ Vonin sem hin nýju heimsmarkmið boða er skilyrðum háð:

Hið samtengda og samþætta eðli sjálfbæru þróunarmarkmiðanna hefur úrslitavægi til þess að tryggja að markmið hinna nýju heimsmarkmiða náist. Ef við raungerum metnað okkar í öllum liðum verkefnaskrárinnar mun líf allra batna verulega og heimur okkar umbreytast til hins betra.⁴⁶²

Í kafla sem ber heitið „Sameiginleg grunnviðmið og skuldbindingar okkar“ (e. Our shared principles and commitments) er með almennu orðalagi vísað til stofnsáttmála SP, mannréttindayfirlýsingarinnar, þúsaldarmarkmiðanna og skýrslu SP frá 2005, auk þess sem ítrekaðar eru „ályktanir allra undangenginna ráðstefna og leiðtogafunda sem lagt hafi grunninn að sjálfbærri þróun eins og hún nú birtist í hinum nýju heimsmarkmiðum“. Einkum er hnykkst á gildi Ríóráðstefnunnar frá árinu 1992⁴⁶³ sem, líkt og fram kom í kafla fjögur, gaf frá sér skýrslu sem þótti taka enn skýrari afstöðu með vistkerfinu og fátækum jarðarbúum en Brundtlandskýrslan frá 1987.

Þær áskoranir og samþykktir sem birst hafa á þessum meginráðstefnum og leiðtogafundum eru innbyrðis tengdar og kalla á samþættar lausnir. Þörf er á nýrri nálgun eigi árangur að nást. Sjálfbær þróun felur í sér að ef takast á að afnema fátækt í öllum sínum myndum og víddum,

461 [SP] „Transforming our world“, 1.

462 „The interlinkages and integrated nature of the Sustainable Development Goals are of crucial importance in ensuring that the purpose of the new Agenda is realized. If we realize our ambitions across the full extent of the Agenda, the lives of all will be profoundly improved and our world will be transformed for the better.“ [SP] „Transforming our world“, 2.

463 [SP] „Transforming our world“, 4; 5.

berjast gegn ójöfnuði milli ríkja og innan þeirra, vernda jörðina, skapa varanlegan, sjálfbæran hagvöxt án aðgreiningar og hlúa að samfélagi sem gerir ráð fyrir öllum, þá þurfa þessir þættir allir að vera innbyrðis tengdir og háðir.⁴⁶⁴

Á sviði félagsmála er megináherslan sú að útrýma fátækt og ójöfnuði. Inn í þá umræðu kemur sterk áhersla á friðarmál, mannréttindi, kynjajöfnuð og valdeflingu kvenna og stúlkna.⁴⁶⁵ Ítrekað birtist áherslan á friðsöm og réttlát samfélög sem geri ráð fyrir öllum⁴⁶⁶ og ellefu sinnum kemur hugtakaparið „konur og stúlkur“ (e. women and girls) fram í textanum í tengslum við kröfuna um valdeflingu þeirra á ólíkum sviðum, m.a. í yfirskrift fimmta þróunarmarkmiðs.⁴⁶⁷ Fullyrt er að sjálfbær þróun sé óhugsandi ef helmingur mannkyns, konur og stúlkur, njóti ekki mannréttinda og tækifæra til jafns við karlmenn. Áhersla er lögð á menntunartækifæri, aðgang að fjármagni og þátttöku á atvinnumarkaði og í stjórnámálum.⁴⁶⁸

Á sviði efnahagsmála vekur athygli að hagvaxtarhugtakið er með markvissum hætti sett í boðandi samhengi þar sem minnst 11 sinnum er rætt um hagvöxt í tengslum við sjálfbærni eða að hann skuli vera í allra þágu (e. sustainable, inclusive), auk þess sem rík áhersla er lögð á það að at-

464 „The challenges and commitments identified at these major conferences and summits are interrelated and call for integrated solutions. To address them effectively, a new approach is needed. Sustainable development recognizes that eradicating poverty in all its forms and dimensions, combating inequality within and among countries, preserving the planet, creating sustained, inclusive and sustainable economic growth and fostering social inclusion are linked to each other and are interdependent.“ [SP] „Transforming our world“, 5 (13. gr.).

465 [SP] „Transforming our world“, 3 (3. gr.).

466 T.d. [SP] „Transforming our world“, 2; 3 (3. gr.); 9 (35. gr.).

467 [SP] „Transforming our world“, 17.

468 [SP] „Transforming our world“, 20.

vinna skuli vera mannsæmandi. Þess má geta að alls sex sinnum kemur hugtakaparið „mannsæmandi atvinna“ (e. decent work) fyrir í textanum og tvisvar er hagvöxtur í allra þágu og mannsæmandi atvinna nefnd í sömu setningu.⁴⁶⁹

Á sviði umhverfismála er áherslan sú að varðveita plánetuna varanlega. Sjálfbærnihugtakið sem slíkt snýr að vistkerfinu og viðhaldi þess: Þrettánda þróunarmarkmiðið varðar loftslag og loftslagsbreytingar. Það fjórtánda snýr að hafinu og auðlindum sjávarins. Fimmtánda markmiðið horfir á landvistkerfin á öllum sviðum. En öll varða þróunarmarkmiðin sjálfbærnina augljóslega þar sem: „Sjálfbær samleið mannkyns með vistkerfinu er forsenda félagslegrar og efnahagslegrar þróunar.“⁴⁷⁰

Þá er áhugavert að sjá að næst á eftir sjálfbærnihugtakinu, sem samantlagt er notað í 91 skipti á þessum 35 síðum, rís eitt hugtak hærra en önnur er kemur að því að lýsa aðferðafræði heimsmarkmiðanna. Alls 40 sinnum er gripið til hugtaksins *án aðgreiningar* (e. inclusive) og er þá í flestum tilvikum annað hvort verið að lýsa samfélagi manna eða hagvexti. Ítrekað er talað um að samfélagið skuli vera *friðsælt, réttlátt og án aðgreiningar*,⁴⁷¹ og jafnframt skal *hagvöxtur gera ráð fyrir öllum*.⁴⁷² Þegar listinn yfir þróunarmarkmiðin 17 er lesinn kemur í ljós, að alls sex sinnum er hugtakið notað í þeim knappa texta.⁴⁷³ Líkt og fyrr var getið hefur hugtakið *inclusion* verið þýtt með íslenska orðinu *inngilding* og segja má að það sé siðferðilegt hugtak

469 [SB] „Transforming our world“, 3 (3. gr.); 4 (9. gr.).

470 [SB] „Transforming our world“, 3 (2. gr.).

471 [SB] „Transforming our world“, 2, s. 3 (3. gr.), s. 6 (17. gr.), s. 9 (33. og 35. gr.).

472 [SB] „Transforming our world“, 3 (3. gr.), s. 4 (9. gr.), s. 5 (13. gr.), s. 6 (21. gr.), s. 8 (27. gr.).

473 Í 4. markmiði sem fjallar um gæði menntunar, 8. markmiðinu um hagvöxt og atvinnumál, 9. markmiðinu sem fjallar um sterka innviði og iðnað, 11. markmiðinu þar sem rætt er um borgir og búsetu manna, og svo tvisvar í því 16. um samfélög og stofnanir og gildi þess að gert sé ráð fyrir öllu fólki án aðgreiningar.

vegna þess að það lýtur að réttlæti og er notað til að bera fram kröfu um merkingu og tilgang. Þegar rýnt er í skýrslurnar frá 1972 og 1987 kemur í ljós að þetta hugtak er þar hvergi að finna. Er það skýrt merki um þá afgerandi breytingu sem orðin er í hugsun SP með afstöðunni til mannsins sem siðveru og til fátæktar sem siðferðisvanda.

Í þessu samhengi er líka vert að vekja athygli á samræmdu orðalagi sem alls 15 sinnum ber fyrir í heimsmarkmiðunum þar sem rætt er um „vanþróuðustu löndin, þróunarlönd sem ekki eiga aðgang að hafi og smá eyríki í þróun“.⁴⁷⁴ Gengur þessi upptalning í lítt breyttum myndum líkt og viðlag í gegnum allan textann og áréttar vel einarða viðleitni til að skilja engan eftir, gera ráð fyrir öllum og aðgreina ekki; *vera siðleg*.

7.4 Samantekt og niðurstöður

Ef borin er saman *heimsmýndin* eins og hún birtist í þessum þremur textum SP; fyrst í skýrslu Stokkhólmsráðstefnunnar frá 1972, síðan í Brundtlandskýrslunni 1987 og loks í hinum nýju heimsmarkmiðum árið 2015 kemur í ljós að skýrsla Stokkhólmsráðstefnunnar gengur út frá *mannmiðlægum veruleika* þannig að enda þótt náttúran hafi visst gildi í sjálfri sér, sem kalli á samvinnu manns við hana, þá er allt umhverfi, náttúrulegt sem manngert, einkum handa mannum og samvinna hans við náttúruna alltaf í eigin þágu. Heimsmýnd Brundtlandskýrslunnar er hins vegar ekki mannmiðlæg, heldur eru meginkraftar jarðar álitnir vistkerfisleg ferli þar sem allt er innbyrðis tengt og háð hvað öðru og í því stóra samhengi er maðurinn sem tegund víkjandi þáttur.

474 „The most vulnerable countries and, in particular, African countries, least developed countries, landlocked developing countries and small island developing States, deserve special attention [...]“ [SP] „Transforming our world“, 7 (22. gr.).

Í þessari rannsókn hefur heimsmynd Stokkhólmsráðstefnunnar frá 1972 verið skilgreind *nútímaleg* vegna mannmíðlægni sinnar, en heimsmynd Brundtlandskýrslunnar sögð *eftirnútímaleg*. Þó er bent á að myndin af heiminum sé að því leyti nútímaleg í skýrslunni frá 1987 að gæði jarðar eru þar talin eign mannsins sem hann virkjar í eigin þágu. Tuttugu og átta árum síðar kemur svo texti hinna nýju heimsmarkmiða og enda þótt látin sé í ljósi sú von að plánetan jörð muni geta staðið undir þörfum núlífandi sem og ófæddra kynslóða er ljóst að nútímaleg mannmíðlæg heimsmynd er hvergi til staðar en staðfestur sá skilningur að veruleikinn sé samansafn opinna gagnvirkra kerfa þar sem allt sé innbyrðis tengt og hvað öðru háð, líkt og Brundtlandskýrslan hermir. Enn fremur kemur fram sterk undirliggjandi áhersla á að heilsa vistkerfisins sé forsenda mannlegrar farsældar. Stærsta breytingin sem orðin er á heimsmyndinni frá texta Brundtlandskýrslunnar 1987 er fólgin í því að orðræðan um plánetuna jörð er á þeim nótum að hún sé lífvera sem hafi líðan og hagsmuni.

Mannskilningur skýrslunnar frá 1972 er líka nútímalegur og lýtur að manninum sem *einyrkja* og *hagsmunaaðila* í umhverfi sínu, eins og fram er komið. Þar stendur maðurinn *andspænis* náttúrunni sem þungamiðja veruleikans og helsta dýrmæti heimsins. Verðmæti hans stendur í samhengi við getu hans til að skapa verðmæti og umbreyta náttúrulegum kringumstæðum sínum í eigin þágu. Í því sambandi hefur hér verið rætt um nútímabandalag hagkerfis, ríkisvalds og kirkju. Umhyggja mannsins fyrir náttúrunni tengist þeim afleiðingum sem náttúruójafnvægi getur haft á kjör fólks. Náttúran sem ögrun og uppspretta gæða er sammannleg kjör og því þarf mannkyn að sameinast í ábyrgð gagnvart náttúrunni. Niðurstaðan er sú að *mannskilningur textans lúti að manninum sem einyrkja og hagsmunaaðila*, í þeim skilningi að félagsleg þátttaka hans og samningar á öllum sviðum byggist fyrst og síðast á sjálfsbjargarviðleitni líkt og við blasir í mynd Hobbes af manninum í sinni náttúrulegu stöðu.

Í Brundtlandskýrslunni stendur maðurinn ekki lengur *andspænis* náttúrunni með sama hætti, heldur er hann orðinn *ásamt* henni í þeim skilningi að hann er samferða henni, hann lýtur lögmálum hennar sem þátttakandi án þess þó að vera eitt með henni. Í stað þess að láta *gildi mannsins* standa í samhengi við getu hans til að skapa verðmæti og umbreyta umhverfi sínu í eigin þágu er fremur horft á manninn sem skapandi uppsprettu gæða, sem birtist ekki síst í getu hans til þess að eiga samtal og samvinnu í því skyni að aðlaga gjörðir sínar að ferlum jarðar og bæta þannig umhverfi sitt og líf. Í stað þess að samvinna mannsins og umhyggja fyrir náttúrunni stafi af ótta við afleiðingar ójafnvægis leggur skýrslan frá 1987 aukna áherslu á viljann til þess að lifa í raunhæfu samspili við veruleikann. En þótt maðurinn í veröld Brundtlandskýrslunnar sé orðinn að þátttakanda í vistkerfi, þá er hann eigi að síður skilgreindur sem hagsmunaaðili í eigin þágu. Hann lítur á auðlindir jarðar sem sínar en þó með því fororði að hann veit að þær eru það ekki í stóra samhenginu. Því má segja að á meðan skýrslan frá 1972 horfi fremur á manninn sem einyrkja og hagsmunaaðila horfi Brundtlandskýrslan á manninn meira sem félagsveru og þátttakanda, en þó undir þeim formerkjum að hann hefur skilgreinda hagsmuni sem hann blygðast sín ekki fyrir.

Hér hefur verið sýnt fram á að myndin af manninum og stöðu hans í heiminum hafi dökknad nokkuð er komi að heimsmarkmiðum SP frá 2015. Í öllum skýrslunum þremur er skýr sýn á manninn sem heimsbúa af fjölbreyttu kyni og í hinum nýju heimsmarkmiðum er sköpunargetu hans og reisin ekki síður gert hátt undir höfði en í þeim fyrri. Þó er sú breyting orðin á að nú blasir vansæmd mannsins einmitt við í ljósi sköpunargetu hans og þeirrar reisnar sem hann ber. Maðurinn í hinni nýju skýrslu er fangi fátæktar og það sæmir ekki reisin hans og færni.

Enn fremur er mynd dregin upp af manninum sem þátttakanda ekki ósvipað og um er ræða í Brundtlandskýrslunni. *Maðurinn sem einstaklingur, samfélag og tegund er þátttakandi í formum og ferlum lífs á jörð þar*

sem allt er tengt og hvað öðru háð. En vona fréttin er sú að þátttökuhlutverk mannsins stendur siðferðilega tæpt. Í raun er hann líkt og gestur í húsi náttúrunnar og framganga hans er með þeim hætti að húsráðendur eru farnir að lyfta brúnum. Maðurinn er hluti af vistkerfi sem hann er í þann mund að vinna óbætanlegan skaða.

Þegar *fátæktarhugtak* skýrslanna þriggja er borið saman má eygja vissa þróun. Skilningurinn á *fátækt sem félagslegri útilokun* liggur til grundvallar í skýrslunum öllum. Árið 1987 hefur bæst við skýr áhersla á *fátækt sem siðferðisvanda* auk þess sem sjónarhornið á vistkerfisvandann er mjög áberandi. Í hinum nýju heimsmarkmiðum er hið samþætta og gagnvirka eðli félags-, efnahags- og umhverfisþátta svo kirfilega áréttað að freistandi hefði verið að nota sjálft hugtakið sjálfbær þróun sem samheiti yfir far-sældarhugtakið og segja sem svo að *fátækt* væri þá skilgreind sem skortur á sjálfbærri þróun. Samt býður textinn ekki upp á það og niðurstaðan er enn sú sama að *fátækt er félagsleg útilokun og siðferðisvandi*.

Hér lýkur samanburðarrannsókn á þremur textum SP þar sem greind hefur verið þróun heimsmyndar, mannskilnings og *fátæktarhugtaks* í orðræðu stofnunarinnar á sviði umhverfis- og þróunarmála og *fátækta*. Næsti kafli gerir grein fyrir umburðarbréfi Frans páfa í Róm frá 2015, sama ári og heimsmarkmiðin 17 litu dagsins ljós hjá SP. Rannsóknaraðferðin og spurningarnar eru þær sömu.

8. Umburðarbréf páfa

8.1 Hlutverk umburðarbréfa páfa í tengslum við kaþólska félagskenningu

Fyrsta umburðarbréf páfa í Róm (e. papal encyclical) mun hafa verið skrifað af Benedikt XIV. árið 1740. Umburðarbréf páfa varða hina kaþólsku kenningu og er það jafnan stílað á æðstu kennimenn kirkjunnar,⁴⁷⁵ auk þess sem fleiri eru stundum ávarpaðir og jafnvel „allt velviljað fólk“ (e. all people of good will).⁴⁷⁶ Almennt er litið svo á innan kaþólsku kirkjunnar að umburðarbréf Leós páfa XIII., *Rerum Novarum* frá árinu 1891, hafi markað upphaf þess textasafns sem nefnt er kaþólsk félagskenning (e. Catholic social teaching).⁴⁷⁷ Er þar um að ræða safn skjala svo sem umburðarbréf frá páfum, ályktanir kirkjuþinga eða gögn frá öðru viðurkenndu kennivaldi. Efnið sem þannig myndar hina kaþólsku félagskenningu er að mestum hluta útgefið eftir miðbik síðustu aldar og spannar þau félagslegu málefni sem efst hafa verið á baugi á hverjum tíma.⁴⁷⁸

475 *The Oxford Dictionary of the Christian Church*, 545.

476 Curran, *Catholic Social Teaching 1891–Present*, 113.

477 Schwandt, *Catholic Social Teaching*, 5–6.

478 Curran, *Catholic Social Teaching 1891–Present*, 94–104; 107–113.

Áhersluatriði hinnar kaþólsku félagskenningar eru almennt sögð varða (1) samstöðu allra manna, gildi þess að (2) ákvarðanir séu teknar í sem nánustum tengslum við þá aðila og samfélög sem málið varðar (e. subsidiarity), (3) iðkun réttlætis og (4) sanngjarnra viðskiptahátta, viðurkenningu á því að (5) gæði heimsins séu ætluð öllum og að (6) einkaeign sé virt en jafnframt (7) samstaða iðkuð með fátækum.⁴⁷⁹

Á þeim árum er Leó páfi skrifaði *Rerum Novarum* var iðnbyltingin komin til sögunnar sem afsprengi upplýsingarinnar, tækninýjunga og frjálslyndra viðskiptahátta og tókst á við sósíalískar hugmyndir í menningunni. Í bréfi sínu leitar páfi í smiðju Tómasar af Akvínó og styðst við skólaspeki miðalda, líkt og páfar síðari tíma hafa jafnan gert og er almennt litið svo á að hugsun Akvínós sé óaðskiljanlegur þáttur kaþólskrar félagskenningar.⁴⁸⁰ Í *Ágripri hinnar kaþólsku félagskenningar* (e. Compendium of the Social Doctrine of the Church), sem gefin var út árið 2004 að undirlagi Jóhannesar Páls páfa 11., er tekið fram að félagsleg kenning hafi raunar verið hluti af kennslu kaþólskrar kirkju á öllum öldum og eigi rætur sínar í textum Þriðju Mósebókar þar sem fjallað er um fagnaðarárið. Þar er fullyrt að í raun sé umfjöllunin um fagnaðarárið í 3Mós 25, með áherslu sinni á réttlæti og samstöðu, smækkað líkan af hinni kaþólsku félagskenningu eins og hún birtist nú á dögum.⁴⁸¹

479 Schwindt, *Catholic Social Teaching*, 6.

480 Curran, *Catholic Social Teaching 1891–Present*, 104–114.

481 Sjá: „Compendium of the Social Doctrine of the Church“, 25. kafli. Í inngangi að umburðarbréfi sínu lýsir Frans páfi því yfir að nú bætist þetta bréf í safn hinnar kaþólsku félagskenningar. Lýsir það sterkri sannfæringu þar eð almennt er ekki litið svo á að umburðarbréf páfa bætist sjálfkrafa í safn hinnar kaþólsku félagskenningar, heldur ráðist það af viðtökum bréfsins innan kirkjunnar. Curran, *Catholic Social Teaching 1891–Present*, 118.

8.2 Umburðarbréf Frans páfa frá 2015

Markmið þessa kafla er að svara síðustu greiningarspurningunni: *Hvaða heimsmynd, mannskilning og fátæktarhugtak má greina í umburðarbréfi Frans páfa frá árinu 2015 og hvernig samrýmist það áherslum heimsmarkmiða SÞ frá sama ári?*

Verklagið er kunnuglegt þar sem dregnar eru fram fullyrðingar af textanum í því skyni að hnitmiða merkingu hans og ná utan um heildarmyndina. Líkt og áður skal þó fyrst lýsa byggingu og megininntaki textans.

Umburðarbréf Frans páfa frá sumrinu 2015 samanstendur af 246 málsgreinum og tveimur bænatektum sem taka um 49 síður auk tilvitnana.⁴⁸² Fyrstu 16 málsgreinarnar eru inngangur þar sem höfundur vísar í heilagan Frans frá Assísí sem hann sjálfur hefur tekið sér nafn af sem páfi. Hann rifjar upp að heilagur Frans ræddi um jörðina sem systur allra manna og fullyrðir:

Þessi systir hrópar núna grátandi á okkur vegna skaðans sem við höfum kallað yfir hana með óábyrgri notkun og misnotkun þeirra gæða sem Guð hefur veitt henni. [...] Við höfum gleymt því að við erum sjálf ryk jarðar (sjá 1Mós 2:7); okkar eigin líkamar eru myndaðir af frumefnum hennar, við öndum að okkur lofti hennar og þiggjum líf og endurnæringu af vötnum hennar.⁴⁸³

482 Sjá umburðarbréf Frans páfa frá árinu 2015: „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis On Care For Our Common Home (2015).“

483 „This sister now cries out to us because of the harm we have inflicted on her by our irresponsible use and abuse of the goods with which God has endowed her. We have come to see ourselves as her lords and masters, entitled to plunder her at will. [...] We have forgotten that we ourselves are dust of the earth (cf. *Gen* 2:7); our very bodies are made up of her elements, we breathe her air and we receive life and refreshment from her waters.“ „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 2. málsggr.

Þannig gefur hann tóninn fyrir það sem koma skal og áréttar félagslegt samhengi sitt með tilvitnunum í þrjá fyrirrennara sína, Jóhannes XXI., Pál XI. og Jóhannes Pál II., sem hver með sínum hætti fjallaði um vistkerfisvandann og kallaði heimsbyggðina til ábyrgðar. Eitt helsta stef bréfsins, ákall til allra jarðarbúa um *vistfræðileg sinnaskipti* (e. ecological conversion), fær hann að láni frá Páli II. Þá segir:

Yfirlýsingar páfanna endurspeglar vangaveltur margra vísindamanna, heimspekinga, guðfræðinga og borgaralegra hópa sem hver um sig hafa auðgað hugsun kirkjunnar um þessi málefni. Auk kaþólsku kirkjunnar hafa aðrar kirkjur og kristin samfélög — sem og önnur trúarbrögð — tjáð alvarlegar áhyggjur og borið fram mikilvæg sjónarhorn á málefni sem eru okkur öllum áhyggjuefni.⁴⁸⁴

Síðan vitnar hann í Bartholomew, patriárka Austurkirkjunnar í Konstantínópel, sem lítur svo á að við deilum veruleikanum með öllu lífi og hið guðlega og hið mennska mætist í hverju minnsta smáatriði í „samofnu klæði Guðs sköpunar, allt að ysta rykkorni hnattarins“.⁴⁸⁵

Með þessum hætti innrammar Frans páfi ólíkustu heimildarmenn; forvera sína á páfastóli, vísindasamfélagið í veröldinni, kristnar kirkjudeildir og trúarhópa, auk annarra trúarbragða heimsins, áður en hann tekur sér það fyrir hendur að ávarpa *heimsfjölskylduna alla* í leit að „sjálfbærri og heilðrænni þróun, því við vitum að hlutir geta breyst“.⁴⁸⁶

484 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 7. málsgr.

485 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 9. málsgr.

486 „[...] the whole human family together to seek a sustainable and integral development, for we know that things can change.“ „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 13. málsgr.

Fyrsti kafli ber heitið „Hvað er á seyði á heimili okkar?“ (e. What is happening to our common home). Þar heldur páfi því fram að í nútímanum eigi sér stað nokkuð sem kalla mætti „hröðun“ (e. rapidification) á háttum manna sem ekki sé sjálfgefið að falli að almannaheill (e. common good) eða samþættri (e. integral) og sjálfbærri þróun. Því enda þótt flókin kerfi taki gjarnan breytingum þá stuðli starfsemi mannsins að svo hröðum breytingum að þær gangi gegn þeirri hægfara þróun sem einkenni lífríkið að öðru leyti.⁴⁸⁷ Þá rekur hann helstu þætti vistkerfisvandans eins og hann blasir við heimsbyggðinni allri í ljósi nútímanáttúruvísinda: mengun og loftslagsbreytingar,⁴⁸⁸ málefni vatnsins⁴⁸⁹ og rýrnun líffræðilegs fjölbreytileika.⁴⁹⁰ Jafnframt lýsir hann eigin sýn á þverrandi gæði mannlífs og niðurbrot samfélaga,⁴⁹¹ ræðir í því sambandi um hnattrænan ójöfnuð,⁴⁹² viðbrögð alþjóðasamfélagsins á síðustu árum⁴⁹³ og ólík viðhorf og öfga í tíðarandanum sem hann álitur brýnt að greina.⁴⁹⁴

Annar kafli ber yfirskriftina „Fagnaðarerindi sköpunarverksins“ (e. The Gospel of creation).⁴⁹⁵ Þar vísar hann til sammennsku allra manna og hvetur heimsbúa til samtals í ljósi vistkerfisvandans þvert á allt sem aðgreinir. Telur hann mannkyn ekki hafa efni á öðru en að nýta alla þekkingu, öll sjónarhorn; menningarleg, andleg, vísindaleg og líka trúarhefðir með sitt orðfæri, m.a. kaþólska félagskenningu.⁴⁹⁶ Þá beinir hann máli til

487 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 18. málsg. r.

488 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 20.–26. málsg. r.

489 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 27.–31. málsg. r.

490 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 32.–42. málsg. r.

491 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 43.–47. málsg. r.

492 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 48.–52. málsg. r.

493 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 53.–59. málsg. r.

494 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 60.–61. málsg. r.

495 Annar kafli samanstandur af málsg. r. 62–100.

496 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, málsg. r. 63.

kristinna manna og telur gott fyrir mannkyn og heiminn í heild þegar trúaðir geri sér betur grein fyrir þeim vistfræðilegu skuldbindingum sem sannfæring þeirra leiði af sér.⁴⁹⁷

Þriðji kafli bréfsins ber yfirskriftina „Hinar mennsku rætur vistkerfisvandans“ (e. The human roots of the ecological crisis).⁴⁹⁸ Höfundur ræðir um náttúruvísindi og tækni sem undursamlegar afurðir mennskrar sköpunargáfu sem okkur sé af Guði gefin.⁴⁹⁹ Hann fagnar framþróun á sviði lækninga, verkfræði, samskipta o.fl.⁵⁰⁰ og fullyrðir að tæknivísindi færi okkur sérmennska lífsfyllingu: „Hver getur neitað fegurð flugvélar eða skýjakljúfs?!“⁵⁰¹ Vandinn er þó sá að enda þótt mannkyn hafi aldrei búið yfir öðru eins valdi, þá sé samt ekkert sem tryggi að það verði notað viturlega.⁵⁰² „Hver öld virðist hafa takmarkaða meðvitund um eigin takmarkanir!“⁵⁰³

Meginskilaboð Frans páfa um hinar mennsku rætur vistkerfisvandans eru þau að ríkjandi menning misskilji samhengi sitt og stöðu með svo afgerandi hætti að ekkert nema „umfangsmikil menningarbylting“ muni geta bjargað málum,⁵⁰⁴ þ.e.a.s. vistfræðileg sinnaskipti heimsbyggðarinnar. Rímar þessi áhersla vel við megin­skilaboð 3. kafa hér að framan þar sem gerð var grein fyrir helstu gagnrýni sem sett hefur verið fram á nútíma­hugsun í þá veru að fram komi víðtæk vangeta til að greina samhengi

497 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, málsgr. 64.

498 Í 3. kafla eru málsgreinar 101–136.

499 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 102.

500 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 102.

501 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 103.

502 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 104.

503 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 105.

504 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 114.

fyrirbæra og hluta. Rætt var um skort á vistkerfislæsi,⁵⁰⁵ félagslegu innsæi⁵⁰⁶ og skilningi á hagvexti.⁵⁰⁷

Fjórði kafli bréfsins ber heitið „Samþætt vistfræði“ (e. integral ecology).⁵⁰⁸ Í ljósi þess að allt er hvað öðru nátengt í veruleikanum og vandamál dagsins kalla á yfirsýn og skilning, sem tekur mið af öllum þáttum hinnar hnatt-rænu krísu, vill páfi íhuga með lesendum sínum þrjá þætti sem hann telur að samþætt vistfræði feli í sér. Sviðin þrjú sem hann nefnir til sögunnar koma þeim sem kynnst hafa orðræðu SP um sjálfbær þróunarmarkmið ekki á óvart: Umhverfismál, félagsmál og efnahagsmál.⁵⁰⁹ Og benda má á að meintur skortur nútímahugsunar á vistkerfislæsi, félagslegu innsæi og þekkingu á hagvexti, sem lýst er í þriðja kafla, varðar einmitt ofangreind svið.⁵¹⁰ Í ljósi þess hve samþættur vandinn er telur páfi ljóst að við munum verða að finna samþættar lausnir. Við erum þá ekki að fást við vistkerfið annars vegar og samfélagið hins vegar, heldur þarf, að mati hans, að takast á við fátæktarvandann og umhverfisvandann með samþættum hætti. Á hann augljósa bandamenn í þessum efnum hjá SP þegar sagt er: „Sjálfbær samleið mannkyns með vistkerfinu er forsenda félagslegrar og efnahagslegrar þróunar.“⁵¹¹ Áherslu sína orðar páfi svo að „endurreisa [þurfi] tign hinna útilokuðu og vernda náttúruna á sama tíma“.⁵¹²

505 Kafli 3.1.

506 Kaflar 3.2 og 3.3.

507 Kafli 3.4.

508 „Encyclical Letter Laudato Si' of the Holy Father Francis“, 138.–142. málsg. r.

509 „Encyclical Letter Laudato Si' of the Holy Father Francis“, 137.–139. málsg. r.

510 Eins má rifja upp þá ábendingu McFague sem rædd var í kafla 3.1.3 að gríska hugtakið yfir hús sé *oikos*, sem aftur er uppspretta ensku hugtakanna *ecological*, *ecumenical* og *economic* sem nái yfir umhverfismál, félagsmál og efnahagsmál.

511 Kafli 7.3.1, [SP] „Transforming our world“, 3 (2. gr.).

512 „Encyclical Letter Laudato Si' of the Holy Father Francis“, 139. málsg. r.

Fimmti kafli um útlínur leiða og aðgerða (e. Lines of approach and action)⁵¹³ og felur í sér tillögur um það hvernig ólíkir leikendur á sviði heimsálanna geti nálgast hverjir aðra af auknum heilindum. Frans hrósar ýmsu sem vel hefur verið gert í málefnum vistkerfisins á alþjóðavísu, bæði á vegum frjálsra félagasamtaka og SP. Þá ræðir hann ójafna stöðu og af þeim sökum ólíka ábyrgð ríkra þjóða og fátækra, auk þess sem hann gerir hið nýja samsteypuvald hins hnattræna hagkerfis að umræðuefni og hnykkir á þeirri skoðun að hugarfarið sem þrjóskað við að mæta vistkerfisvandnum standi sömuleiðis í vegi fyrir úrlausn fátækta.⁵¹⁴

Sjötti og síðasti kafli umburðarbréfs páfa fjallar um vistkerfismenntun og andlega iðkun (e. ecological education and spirituality)⁵¹⁵ sem miðað geti að nýjum lífsstíl sem einkennist af friðsæld og nægjusemi sem gangi þvert á neyslu- og sounarmenningu hins tæknivædda hagkerfis (e. techno-economic paradigm), sem hann telur ríkja í menningu heimsins og m.a. birtast í árátukenndri neyslu þar sem fólk trúir því að það sé frjálst ef það hafi rými til neyslu.⁵¹⁶ Á þeirri vegferð bendir hann á að auka þurfi umhverfismenntun á öllum stigum samfélagsins þar sem fólk mótist sem heimsborgarar í vistkerfi.⁵¹⁷

Síðustu málsgreinar bréfsins eru í raun ávarp páfa til hinna kristnu, að öllum heiminum áheyrandi og öðrum trúarbrögðum, þar sem hann útskýrir gildi og ábyrgðarvitund kristinnar hefðar með því að krefja allt kristið fólk um að gera vistfræðileg sinnaskipti að meðvitundum þætti í eigin helgun.

513 Á ensku: Lines of Approach and Action, sjá: „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 163.–210. málsg. r.

514 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 173.–175. málsg. r.

515 Í 6. kafla eru málsgreinar 202–246.

516 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 202.–204. málsg. r.

517 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 211. málsg. r.

Loks leggur páfi fram tvær bænir. Sú fyrri er handa þeim sem trúa á almáttugan skapara himins og jarðar, sem er samkvæmt orðum bænarinna „nálægur í alheimi sem og í hinni smæstu veru“. Sú síðari er ætluð þeim sem trúa á Guð sem birtist í Jesú Kristi, sem m.a. er ávarpaður með svofelldri fullyrðingu: „Í dag ertu lifandi í hverri veru í þinni upprisnu dýrð.“⁵¹⁸

8.3 Heimsmýnd

Fimm fullyrðingar ramma inn helstu drætti þeirra heimsmýnda sem páfi ber fram í umburðarbréfi sínu. Sú fyrsta er lífmiðlæg og kunnugleg úr Brundtlandskýrslunni og hinum nýju heimsmarkmiðum SÞ. Hinar fjórar eru nýjar í þessu samhengi:

1. Heimurinn er samansafn opinna gagnvirkra kerfa þar sem allt er innbyrðis tengt og háð hvað öðru.
2. Vistkerfið og veruleikinn allur er gjöf ofar mannlegri tilveru og getu. Náttúran er vettvangur Guðs nærveru. Alheimurinn er frændgarður og jörðin er systir okkar.
3. Náttúran er vettvangur Guðs nærveru.
4. Alheimurinn er frændgarður og jörðin er systir okkar.

Eitt höfuðþema textans sem birtist í mörgum myndum er áhersla á tengsl og gagnhæði allra hluta:

Það verður ekki nægilega áréttað hve allt er innbyrðis tengt. Tími og rúm eru ekki óháð hvort öðru. Ekki einu sinni atóm eða hlutar þess

518 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 246. málsgr.

geta verið skoðaðir sem einangruð fyrirbæri. Efnislegur, efnafræðilegur og líffræðilegur veruleiki jarðarinnar er samofinn.⁵¹⁹

Höfundur segir að lífverur myndi margvísleg tengsl, sýnileg og dulin, sem við köllum vistkerfi og að sjálf séum við háð allskyns vistkerfum. Sum þeirra þekkjum við en önnur ekki.⁵²⁰ Hann vitnar til skírnarfræðslu kirkjunnar:

Guð vill að lífandi verur lifi í gagnhæði. Sólin og tunglið, sedrusviðurinn og smáblómið, örninn og spörfuglinn: Sjónarspil endalauss fjölbreytileika og margbreytileika segir okkur að engin skepna er sjálfri sér næg. Það býr í eðli allra lífvera að þær eru hver annari háðar, uppfylla hver aðra og þjóna hver annari.⁵²¹

Höfundur greinir á milli *náttúruhugtaksins* annars vegar og *sköpunarhugtaksins* hins vegar. Það fyrra telur hann að vísi til kerfis sem megi rannsaka, skilja og stjórna en það síðara til veruleikans sem *ástargjafir*. Trúin á heim sem skapaður er með orði felur í sér þann skilning að veruleikinn

519 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 138. málsgr.

520 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 140. málsgr. Sjá einnig málsgreinar 41–42. „Hver breytti undraheimi hafsins í litlausan og lífvana undirheimagrafreit?“ spyr höfundur og svarar því til að svona gerist í tengslum orsaka og afleiðinga þar sem mengun og frumskógaeyðing komi við sögu, einhæf ræktun, iðnaðarúrgangur, óábyrgar fiskveiðar eða aðrir þættir. Hann áréttar að allar skepnur séu hver annarri tengdar og að þar sé maðurinn ekki undan skilinn, því að „við erum öll sem lífandi verur háð hvert öðru“.

521 „God wills the interdependence of creatures. The sun and the moon, the cedar and the little flower, the eagle and the sparrow: the spectacle of their countless diversities and inequalities tells us that no creature is self-sufficient. Creatures exist only in dependence on each other, to complete each other, in the service of each other.“ „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 86. málsgr.

sé ekki tilviljun eða óreiða, heldur afleiðing ákvörðunar í frjálsum vilja. Sköpunarhugtakið felur í sér þann skilning að ást Guðs sé frumhreyfill alls sköpunarverks og hver skepna hafi gildi í ljósi þess óháð hugsanlegu notagildi hennar fyrir manninn.⁵²² Hér birtist sú heimsmynd sem Sólveig Anna Bóasdóttir skilgreinir sem blöndu af *lífhyggju* og *guðshyggju* í siðfræðilegu samhengi og greint er frá í kafla 3.1.1. Í stað þeirrar mannhyggju sem lengi hefur ráðið ríkjum í guðfræðilegri hugsun er komin áhersla á eigingildi lífsins og efnisheimsins almennt, óháð nytsemi, en mælikvarði alls er vilji Guðs sem sker úr um hvað sé verðmætt.⁵²³ Með þá skilgreiningu í huga má segja að nálgun páfa sé í anda lífhyggju og guðshyggju þegar hann fullyrðir að sköpunarhugtakið kalli okkur til alheimssamfélags með öllu sem lifir og áréttar að við lifum og aðhöfumst á grundvelli raunveruleika sem okkur hafi verið gefinn og standi ofar tilveru okkar og getu.⁵²⁴

Þá andmælir hann þeirri rangtúlkun sem kirkjan hafi gert sig seka um í sögu og samtíð að sköpunarsögur Genesis beri að skilja á þann veg að hugmyndin um manninn skapaðan í Guðs mynd, hafandi vald yfir náttúrunni, réttlæti fullkomin yfirráð hans yfir öðrum skepnum. Rétt skilið og í samhengi sé átt við hlutverk mannsins í að „yrkja og gæta“ (1Mós 2.15) veraldargarðsins, þ.e. að rækta, plægja og starfa, hafa umsjón með, bera umhyggju fyrir og vernda sem *ráðsmaður Guðs*. Sköpunarhugtakið gerir auk þess ráð fyrir því að jörðin sé eign Guðs, áréttar páfi (Slm 24.1), og Guð hafnar öllum kröfum um algjört eignarhald, sbr. 3Mós 25.23: „Landið skal ekki selt fyrir fullt og allt, því landið er mín eign og þið eruð aðkomumenn og hjábýlingar hjá mér.“⁵²⁵

522 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 76.–77. málsgr.

523 Sólveig Anna Bóasdóttir, *Guð og gróðurhúsaáhrif*, 107–109; 130–133.

524 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 140. málsgr.

525 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 67. málsgr.

Viðurkenning páfa á guðfræðilegum rangfærslum kirkjunnar í aldanna rás, samhliða gagnrýni hans á hina tæknimiðuðu menningu sem leggi hagræna mælikvarða til grundvallar, rímar vel við ábendingar sem fram koma í kafla 3.1 þegar vitnað er í þýðingu Sólveigar Önnu Bóasdóttur á skrifum Elizabeth A. Johnson og lýsingu McFauge á nútímabandalagi hagkerfis, stjórnvalda og kirkju.⁵²⁶

Gegn hinni eindregnu einkaeignarhaldskröfu menningarinnar notar páfi ekki síst hugtakið almannagæði eða almannahag (e. common good) en alls birtist það 29 sinnum í bréfinu og nær að mati höfundar meira að segja til ófæddra kynslóða:

Ekki verður lengur rætt um sjálfbæra þróun án þess að ávarpa samstöðu með ófæddum kynslóðum. Þegar við hugsum til þeirra sem eftir okkur koma verður okkur ljóst að veröldin er gjöf sem við höfum þegið ókeypis og verðum að deila henni með öðrum.⁵²⁷

Vistkerfið og veruleikinn allur er, samkvæmt þessu, gjöf ofar mannlegri tilveru og getu.

Þriðji þátturinn viðvíkjandi heimsmyndinni sem greina má í bréfi páfa er áherslan á náttúruna sem vettvang Guðs nærveru eða sem *sakramenti samfélags allrar veru*:

Þegar við sjáum Guð endurspeglast í öllu sem til er munu hjörtu okkar hrærast til að lofsyngja Drottin fyrir allar lífverur og við munum lofsyngja hann í einingu ásamt þeim.⁵²⁸

526 McFague, *A New Climate For Theology*, 43–48.

527 „Encyclical Letter *Laudato Si'* of the Holy Father Francis“, 156. málsgr.

528 „Encyclical Letter *Laudato Si'* of the Holy Father Francis“, 87. málsgr. Fjórum sinnum í bréfinu getur Frans um *bók náttúrunnar* sem Guð hafi skráð svo menn

Hugmyndin um heiminn sem sakramenti samfélagsins er róttæk og afdráttarlaus. „Sakramenti eru friðhelgir farvegir þar sem náttúran er tekin upp af Guði í því skyni að menn megi íhuga hið yfirnáttúrulega líf,“ segir páfi.⁵²⁹ Sakramenti kirkjunnar byggjast á trúnni á holdtekju Guðs í Kristi, að Guð hafi tekið á sig jarðneskan veruleika.⁵³⁰

Í kafla 3.I.I var greint frá þeirri skoðun McFague að hefðbundin prédíkun kirkjunnar hafi um aldri gert of mikið úr valdi Guðs en of lítið úr ást hans. Handanveruleiki Guðs hafi haft of mikið vægi á kostnað íverunnar og fjarlægð Guðs frá heiminum verið of fyrirferðarmikil miðað við áhersluna á aðild hans að veröldinni. Hún álitur þetta endurspeglaranga og ófullnægjandi heimsmynd sem þurfi að leiðrétta og bendir í því sambandi á trúna á holdtekju Guðs í Jesú Kristi. Ef Guð hefur holdgast í veröldinni

geti þekkt hann. Letur þeirrar bókar er „fjöldi allra skapaðra hluta í alheimi“. Allur efnisheimurinn talar máli Guðs ástar og hver skepna á sinn tilgang og tilkall. M.a. vitnar Frans í skrif japanskra biskupa sem ályktuðu: „Það að skynja hverja veru syngja sálm sinnar tilveru er að lifa fagnandi í Guðs ást og von.“ Tilvitnun höfundar í patriáarkann í Konstantínópel, sem fyrr var getið, er mikilvæg þar sem hann gerir Austurkirkjunni hátt undir höfði með þeirri hvatningu að við tökum við heiminum sem *sakramenti samfélagsins* þar sem við deilum gæðum heimsins með Guði og náunganum á hnattræna vísu. „Það er okkar auðmjúka sannfæring að hið guðlega og hið mennska mætist í hverju minnsta smáatriði í hinu samofna klæði Guðs sköpunar, allt að ysta rykkorni hnattarins.“ „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 9. málsgr.

529 „The Sacraments are a privileged way in which nature is taken up by God to become a means of mediating supernatural life.“ „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 235. málsgr.

530 Það að horfa á alheiminn sem sakramenti samfélags allrar veru má e.t.v. líta á sem *trúarlega hugmyndaauðgi* sem guðfræðingurinn Reinhold Niebuhr ræddi á sínum tíma og taldi að raunveruleg trúarleg hugmyndaauðgi geti skapað andrúmsloft trausts og trúar gagnvart fólki þar sem lögð sé áhersla á möguleika þess fremur en raunstöðu. Niebuhr, *Love and Justice*, 37.

býður það upp á að endurhugsa málefni sköpunarverksins í ljósi þess að heimurinn er í kjarna sínum náskyldur Guði, að mati McFague.⁵³¹ Trúin á holdtekju Guðs í Jesú Kristi, sem er kjarnahugsun kristins sakramentis-skilnings, útilokar þannig í raun mannmiðlæga heimsmynd, að skilningi McFague og Frans páfa, en opnar á lífmiðlæga heimsmynd.

Segja má að það beri vitni um guðfræðilegan kjark páfa að setja fram hugmyndina um heiminn sem sakramenti samfélagsins í opinberu bréfi, því að sakramentislærdómur kaþólsku kirkjunnar með sín sjö sakramenti er forn og deilurnar við mótmælendur, sem fækkuðu þeim í tvö, skírnr og kvöldmáltíð, er kirkjustofnunum sífellt í minni.

Páfi lítur svo á að hver lífvera endurspegli eitthvað af Guði og flytji okkur boð hans. Hann orðar það svo að andi lífsins búi í hverri lifandi veru og kalli okkur til samfélags við sig. Uppgötvun þessarar nærveru telur hann að leiði okkur til að þróa *vistfræðilegar dyggðir* (e. ecological virtues):⁵³²

Kristur hefur tekið efnisheiminn á sjálfan sig og núna, upprisinn, er hann alnálægur hverri veru, umkringir hana með ást og gegnumlýsir hana birtu sinni. Eins er það vitundin um að Guð skapaði heiminn og skráði í hann skikkan og orku sem mannverur hafa engan rétt til að horfa fram hjá. Guðspjöllin segja okkur að Guð gleymi ekki einum fugli. Hvernig getum við þá hugsanlega komið illa fram við þá eða skaðað þá? Ég bið alla kristna að viðurkenna og lifa fyllilega þessa vídd hinna persónulegu sinnaskipta. Megi máttur og ljós þeirrar náðar sem við höfum þegið einnig sjást í tengslum okkar við aðrar verur og heiminn kringum okkur. Með þeim hætti munum við taka þátt í að næra þann

531 McFague, *A New Climate For Theology*, 63.

532 „Encyclical Letter *Laudato Si'* of the Holy Father Francis“, 88. málsg. r.

háleita skyldleika við allt sköpunarverkið sem heilagur Frans frá Assísí gerði svo geislandi áþreifanlegan.⁵³³

Hér er verið að lýsa (eftir) menningu sem lítur á spörfuglinn sem hluta af samfélagi sínu, sér skyldleika sinn við svifið í sjónum og kannast við aðild sína að vistkerfum hnattarins. Og forsendan: „Guð hefur sameinað sjálfan sig jörðinni varanlega.“⁵³⁴

Enn ein afleiðing þeirrar trúar að Guð sé í öllu er að mati páfa sú að með nærveru sinni hefur andi Guðs fyllt alheiminn af möguleikum. Þess vegna getur úr innsta kjarna allra hluta eitthvað nýtt komið fram.⁵³⁵ *Náttúran er vettvangur Guðs nærveru* og því má alltaf við góðu búast. Stappar nærri að páfi ræði um vistkerfið sem líkama Guðs, líkt og McFague gerir í sinni guðfræði,⁵³⁶ og í raun ber hann fram mörg sömu rök þótt hann velji ekki sama orðalag.

Fjórði og síðasti þátturinn sem hér skal dreginn fram í því skyni að greina og lýsa heimsmynd nýjasta umburðarbréfs páfa lýtur að hugmyndum um skyldleika allrar veru. Höfundur fullyrðir að ekkert í heiminum sé okkur óviðkomandi⁵³⁷ og ber fram þá sýn að allt sé Guðs og mannkyn hans eign ásamt öllu sem er, „samtengt í einni hnattrænni stórfjölskyldu í helgri virðingu í ást og auðmýkt“. Hann lýsir því að Guð hafi sameinað okkur veröldinni í kringum okkur svo náði að við getum „skynjað jarð-

533 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 221. málsgr.

534 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 245. málsgr.

535 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 80. málsgr.

536 McFague, *A New Climate For Theology*, 63.

537 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, fyrirsögn milli 2. og 3. málsgr.

vegseyðinguna nánast sem líkamlegan krankleika og útrýmingu tegunda sem sársaukafulla afmyndun“.⁵³⁸

Páfi minnir á að lögin sem lögð eru fram í Gamla testamentinu byggist á tengslum sem gildi ekki aðeins milli persóna, heldur einnig á milli annarra lifandi vera: „Þú skalt ekki horfa aðgerðalaus á asna bróður þíns eða uxa liggja afvelta á veginum. Þú skalt ekki leiða það hjá þér heldur ber þér að hjálpa honum að reisa þá á fætur.“⁵³⁹

Eins var hvíldin á sjöunda degi ekki ætluð mannfólkinu einu, heldur líka „svo að uxi þinn og asni geti hvílt sig“.⁵⁴⁰ Þannig áréttar páfi að drottnunargjörn mannmíðlægni á kostnað annarra lífvera hafi ekkert rými í biblíulegri hugsun þar sem kjarni veruleikans sé systkinalag (e. fraternity).⁵⁴¹ Telur hann hinar fornu sögur um örlög bræðranna Kains og Abels⁵⁴² og eins söguna af syndaflóðinu⁵⁴³ bera þá vitneskju sem við deilum enn í dag að allt er innbyrðis tengt og að sönn umhyggja fyrir eigin lífi og tengslum okkar við náttúruna er háð viðurkenningu á systkinalagi.⁵⁴⁴ Rifja má upp að í kafla 3.1.1 var vitnað í skrif Sólveigar Önnu Bóasdóttur þess efnis að rit Biblíunnar birti, að frátöldum nokkrum undantekningum, þá sýn á hinn náttúrulega heim að hann sé viðfang Guðs ástar, endurvarpi dýrð hans og sé óaðskiljanlegur manninum.⁵⁴⁵

Að mati Frans er umhyggja fyrir náttúrunni hluti af lífsmáta sem felur í sér getuna til að lifa í samfélagi. Jesús minnti okkur á að við eigum

538 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 89. málsgr. (guðmíðlæg og vistkerfismiðlæg nálgun).

539 5Mós 22.4.

540 2Mós 23.12.

541 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 68. málsgr.

542 1Mós 4.

543 1Mós 6.

544 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 70. málsgr.

545 Sólveig Anna Bóasdóttir, *Guð og gróðurhúsaáhrif*, 29–32.

Guð að sameiginlegum föður og það gerir okkur að bræðrum og systur. Systkinaást horfir ekki til endurgjalds; hún getur aldrei orðið leið til að endurgjalda öðrum það sem þau eiga skilið. Þess vegna er hægt að elska óvini. Sama þakklætið hvetur okkur, að mati Frans, til að elska og samþykkja vindinn, sólina og skýin, enda þótt við getum ekki stjórnað þeim. Í þessum skilningi getum við talað um „alheimslega bróðurást“.⁵⁴⁶

Framar var sýnt fram á að sú afstaða að heimurinn sé samansafn opinna gagnvirkra kerfa, þar sem allt sé innbyrðis tengt og háð hvað öðru, á sína sögu hjá SP, alltént frá árinu 1987, og í hinum nýju heimsmarkmiðum frá 2015 er jörðinni auk þess líkt við lífveru. Þessari lífhyggjulegu afstöðu deilir páfi með SP en bætir við myndinni af hinni alheimslegu frændsemi sem e.t.v. verður skýrari í þeirri staðhæfingu að jörðin sé systir okkar.

Páfi útskýrir hvernig hugtakanotkun Frans frá Assísí höfði til hans sem guðfræðings af því að hún komi að góðu gagni við að skýra hvernig samþætt vistfræði (e. integral ecology) kalli eftir því að við séum opin fyrir frumhugtökum sem taki fram tungumáli stærðfræði og líffræði og flytji okkur nær kjarna máls; hvað það í raun merki að vera manneskja.⁵⁴⁷

Í huga Frans frá Assísí var sérhver lífvera systir hans, sameinuð honum í kærleika. Þess vegna fann hann sig kallaðan til að bera umhyggju fyrir öllu sem lifir. Frans útskýrir að ef við nálgumst náttúruna og umhverfið án lotningar og undrunar og tölum ekki lengur tungumál systkinaástar og fegurðar í tengslum okkar við heiminn, þá verði viðhorf okkar að hugarfari drottara, neytenda og arðræningja sem setja græðgi sinni engin mörk. Ef við hins vegar finnum okkur innilega sameinuð öllu sem lifir muni reglusemi og umhyggja flæða fram af sjálfsdáðum.⁵⁴⁸ *Alheimurinn er frændgarður og jörðin er systir okkar.*

546 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 228. málsgr.

547 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 11. málsgr.

548 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 11. málsgr.

Það sem hér hefur fram komið má draga saman þannig að páfi beri á borð lífmiðlæga heimsmynd þar sem heimurinn er samsafn opinna gagnvirkra kerfa og allt er innbyrðis tengt og hvað öðru háð. Því til viðbótar leggur hann fram sýn á veruleikann þar sem hann er ástargjöf og vettvangur guðlegrar nærveru. Í hinni guðmiðlægu heimsmynd er allt innbyrðis tengt og háð í *skyldleikatengslum*. Frá því sjónarmiði horfir alheimurinn við sem siðferðislegur veruleiki.⁵⁴⁹

8.4 Mannskilningur

Þrjár staðhæfingar ná utan um mannskilning páfa í þessum texta. Enn dugir skilgreining Gustafsons: (1) *Maðurinn, sem einstaklingur, samfélag og tegund, er þátttakandi í formum og ferlum lífs á jörð þar sem allt er tengt og hvað öðru háð*. Önnur skilgreining er líf- og guðmiðlæg: (2) *Maðurinn samferða alheimi í átt að einum og sama áfangastað*. Sú þriðja er ekki framandi þeim sem kynnst hefur heimsmarkmiðum SP: (3) *Reisn mannsins felst í getu hans til að vera skapandi og ábyrgur í tengslum*.

Mannskilningurinn líkt og heimsmyndin í texta umburðarbréfsins byggist ekki síst á þeirri náttúruvísindalegu sýn að allt sem alheimurinn rúmar sé hvað öðru tengt og háð.⁵⁵⁰ Þar er maðurinn ekki undanskilinn eins og fram er komið.

Annar þáttur þessa máls er líka fram kominn og varðar þann róttæka trúarskilning að skapari lífsins hafi sameinast alheiminum og vistkerfum jarðar varanlega í Jesú Kristi. Höfundur lýsir því svo að sem trúað fólk horfum við þá ekki á heiminn utan frá, heldur innan frá, meðvituð um þau bönd sem faðirinn hefur tengt okkur með við allar verur.⁵⁵¹ Samkvæmt

549 Sjá töflu 2 í lok kaflans (bls. 247).

550 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 140. málsg.

551 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 220. málsg.

Því erum við á samleið með öllu sem lifir fyrir hinn upprisna Krist og markmið alls er í Guði en ekki í okkur. Sjálflægur mannskilningur hefur þá ekkert rými innan kristninnar þar eð hin endanlegu örlög alheimsins eru ekki í manningum, heldur í fyllingu guðdómsins sem þegar hefur hlotið staðfestingu í Kristis-atburðinum.⁵⁵² Þessi guðmiðlægi skilningur páfa speglast vel í skrifum Bonhoeffer, sem vitnað var til í kafla 3.1.1, þar sem hann álitur heiminn ekki eiga neina sjálfstæða raunveru óháða opinberun Guðs í Kristi. Vegna holdtekju Guðs í Jesú er maðurinn að hans áliti óaðskiljanleg heild, bæði sem einstaklingur og aðili að samfélagi manna og annarra lífvera. Með tilvísun til uppruna síns er þessi heild nefnd „sköpunarverk“, en með tilvísun til markmiðs síns er hún nefnd „ríki Guðs“.⁵⁵³ Frans og Bonhoeffer líta þannig báðir á manninn sömu augum og Gustafson; sem þátttakanda í formum og ferlum lífs á jörð þar sem allt er tengt og hvað öðru háð. Með því að segja manninn þátttakanda er mannmíðlægum skilningi hafnað en lífmiðlægur heims- og mannskilningur staðfestur, jafnframt því sem hinum guðmiðlæga skilningi er haldið opnum sem möguleika í samtalinu.

Hinn endanlega tilgang annarra lífvera er ekki að finna í manningum, fullyrðir páfi, heldur er mark og mið manna og dýra eitt og hið sama; Guð í fyllingu handanveruleikans þar sem hinn upprisni Kristur umfaðmar og upplýsir alla hluti. Hlutverk mannsins, hafandi þegið skynsemi og ást í vöggugjöf, er þá það að leiða allar skepnur með sér til skaparans, en hverskyns yfirdrottnun er hins vegar hafnað.⁵⁵⁴ Er áhugavert að spegla þessa áherslu í mannskilningi Heimsmarkmiðanna sem ræddur í var í

552 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 83. málsgr.

553 Bonhoeffer, *Ethics*, 59–60.

554 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 90.–92. málsgr.

kafli 7.2 þar sem fjallað er um manninn sem heimsbúa sem hafi til að bera sköpunargetu og reisu.⁵⁵⁵

Inntak þeirrar umfangsmiklu menningarbyltingar sem páfi kallar til byggist á þessari vitund um alheimssamfélag (e. universal communion) allra hluta.⁵⁵⁶ Í raun er hann að lýsa þeim skilningi að mannréttindi séu ekki sérmennsk. Og þótt hann vísi til föðurlegs upphafs allra manna í Guði á himnum, þá gildir það bara jafnt um tófuna og músina, sólina og skýin — allt á einn föður, eitt ástríkt upphaf í hinum „háleita skyldleika“ alls hins skapaða.⁵⁵⁷ Sú samstaða um réttlæti sem kynnt er með hugtakinu *vistfræðileg sinnaskipti* byggist þannig á *tengslahyggju* en ekki *eðlishyggju*.

Kaþólski guðfræðingurinn og siðfræðingurinn Linda Hogan⁵⁵⁸ getur varpað ljósi á þetta atriði, en hún leggur til að við grundvöllum mannréttindaorðræðuna að nýju með því m.a. að kveðja *mannfræðilega eðlishyggju* upplýsingarstefnunnar þar sem áherslan á sameðli manna er gert að forsendu samstöðu og mannlegrar reisu.⁵⁵⁹ Í stað þess að fullyrða um sameiginlega eiginleika fólks og forsendur manna til samstöðu á þeim grundvelli ræðir Hogan um *tengsl hins ólíka* (e. bonds of difference). Í því samhengi leggur hún til að við komum okkur saman um *samstöðu í sameiginlegri berskjöldun* frekar en að lýsa yfir sameiginlegu sjálfræði allra manna í anda nútímamannskilnings. Hún vill ekki að mannréttindaorð-

555 Bent var á það neðanmáls í kafli 7.2 að alls 15 sinnum er talað um manninn sem heimsbúa, um hnattræna samstöðu eða félagsskap allra manna í texta Heimsmarkmiðanna. Jafnoft er vísað til sköpunargetu mannsins í tengslum við efnahagsframfarir, betri heim, stefnumótun, nýsköpun, atvinnu, þróun eða almenna lífsfyllingu og alls 13 sinnum er rætt um mannlega reisu, iðulega í tengslum við mannsæmandi atvinnu eða aðrar aðstæður.

556 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 76. málsg. r.

557 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 121. málsg. r.

558 Hogan, *Keeping Faith With Human Rights*.

559 Hogan, *Keeping Faith With Human Rights*, 172–173.

ræðan hliðri sér alfarið hjá öllu tali um það sem menn eigi sameiginlegt, en samtímis verði að axla þær siðfræðilegu byrðar sem í því eru fólgnar að reyna að lýsa því sem menn eiga sammerkt. Í því sambandi ræðir hún um *ferðalýsingu þagnarinnar* (e. *itinerary of silence*) — listina að hlusta sig áfram — og hvetur til þess að við notum alls kyns túlkunartól og tæki (e. *rhetorical devices*) á þeirri vegferð í viðleitni til að byggja upp nýjan túlkunarramma eða formgerðir sem grundvallist á virkari mannskilningi. Þar mun, að mati Hogan, m.a. reyna á bókmenntir og aðrar aðferðir sem höfða til ímyndunaraflsins á leið okkar til þess að kveða betur á um það hvað mannverur eiga sammerkt í því skyni að geta byggt siðfræði sem styðji við mannlega farsæld. Margs kyns heimspekilegar, trúarlegar og menningarlegar heimsmyndir eru fyrir hendi og telur Hogan fagurfræðilegar og vitrænar víddir ólíkra hefða og heimsmynda nauðsynlegar á vegferð okkar í átt að raunhæfri hnattrænni mannréttindaorðræðu.⁵⁶⁰

Hogan vitnar í bandaríska heimspekinginn Richard Rorty sem heldur því fram að nú beri meira á því en nokkru sinni að talað sé um að láta sér ekki standa á sama, heldur sýna samlíðan. Rorty heldur því fram að ástæða þess að mannréttindamenning sé virkari nú en fyrir sé ekki vaxandi siðferðileg þekking, heldur reynslan af því að heyra sorglegar og tilfinningaþrungnar sögur. Hogan telur að við þurfum ekki að vísa til sammannlegrar náttúru og ekki einu sinni til skynsamlegra siðalögmála til þess að verja þá hugmynd að allir menn eigi óafsalanlega reisn sem beri að vernda. Varanleiki mannréttinda virðist að hennar mati ekki byggjast á því hve vönduð rökræða okkar sé, heldur á vaxandi getu til þess að sjá líkindi okkar sjálfra við fólk sem er mjög ólíkt okkur. Varanleiki mannréttindahugtaksins í menningunni byggist þá á getu okkar til að svara spurningunni: Hvers vegna ættum við að láta okkur annt um hinn ókunnuga, sem er óskyldur okkur og hefur jafnvel venjur sem okkur þykja

560 Hogan, *Keeping Faith With Human Rights*, 175.

ógeðslegar? Þessu svörum við: Af því að svona er að vera hún í hennar aðstöðu, vera langt í burtu frá heimili sínu meðal framandi fólks. Eða: Af því að hún gæti orðið tengdadóttir mín. Eða: Af því að mamma hennar myndi syrgja hana.⁵⁶¹

Áhugavert er að sjá hvernig páfi ræðir réttlætismál án þess að styðjast við eðlishyggju, heldur með því að vísa beint til tengsla. Í ljósi þess að allar lifandi skepnur eru tengdar og háðar hver annarri leggur hann áherslu á að við gætum sérhverrar með kærleika og virðingu. Þar er mannfólkið ekki undanskilið.⁵⁶² Réttlætiskrafa páfa er sem sé ekki byggð á hugmyndum um sameðli allra manna, heldur er hún líf- og guðmiðlæg: *Maðurinn er á sameið með alheimi í átt að einum og sama áfangastað* og hugsanlegt sameðli manna aðgreint frá öðrum lífsformum og ferlum er því ekki grundvöllur réttlætishugtaksins í huga páfa.

Þriðja áberandi atriðið í mannskilningi Frans páfa er áhersla hans á *mannlega reisn*. Alls 21 sinni notar hann reisnarhugtakið (e. dignity) til að lýsa veruleika mannsins. Hann áréttar þá afstöðu sem birtist í sköpunarfrásögnum Biblíunnar að sköpunarverkið er sagt gott (1Mós 1) og maðurinn er skapaður af ást og í líkingu Guðs í þeim skilningi að hann er skapaður til samfélags. Manneskja er þá ekki bara eitthvað, heldur *einhver*, ekki bara hinn almenni annar, heldur einnig hinn sértæki annar.⁵⁶³ Mannleg tign, eins hún birtist í vitnisburði ritninganna, byggist að mati páfa á því

561 Hogan, *Keeping Faith With Human Rights*, 180–181. Hogan tekur undir með Rorty sem heldur því fram að sögur af þessu tagi, endurteknar og fjölbreytilegar í aldanna rás, hafi leitt fram getu hjá okkur sem erum rík, völdug og örugg, til þess að þora og jafnvel gleðjast yfir fólki sem hefur engin völd og hefur venjur og útlit sem áður var til þess fallið að vekja andúð okkar eða viðbjóð.

562 „Encyclical Letter *Laudato Si'* of the Holy Father Francis“, 42. málsgr.

563 Sbr. kafla 3.3.1. og Benhabib, *Situating the Self*, 155–157.

að maðurinn er *ætlaður, elskaður og mikilvægur*.⁵⁶⁴ Kveður hann sköpunar-sögur Genesis lýsa með sínu táknræna frásagnamáli þeim skilningi að líf mannsins sé rótfest í þremur vandlega samþættum tengslum; við Guð, við náungann og við jörðina sjálfa. Synd sé þá skilin sem *tengslarof* og birtist í ótal myndum.⁵⁶⁵ Að mati páfa er eitthvað alveg sérstakt við manninn sem sést m.a. í því að hann er fær um að vera *tiltekin persóna* í sambandi við aðra tiltekna persónu.⁵⁶⁶ Fólk hefur persónueinkenni og er fært um skapandi samræður, uppfinningar, túlkun veruleikans með listrænni tjáningu og aðra getu sem enn er ekki komin í ljós. Allt eru þetta, að mati páfa, merki um sérleika sem er hafinn yfir svið efnafræði og líffræði og kallast ágætlega á við það sem haft var eftir Lindu Hogan hér að framan. Biblíulegur vitnisburður hvetur okkur til þess að hlutgera aldrei nokkurn mann, segir páfi. Biblíuleg sýn á manninn sem sköpunarverk býður okkur að sjá hann sem ábyrgan geranda sem aldrei er hægt að smætta niður í stöðu óvirks þolanda.⁵⁶⁷ Hugtak Young, *valdeflandi réttlæti*, sem rætt var í kafla 3.3.1, fjallar einmitt um reisu mannsins og það tengslarof sem verður þegar fólk fær ekki að nota „fullnægjandi hæfni, í félagslega viðurkenndum aðstæðum, taka þátt í ákvörðunum og tjá tilfinningar, reynslu og viðhorf opinberlega í samhengi þar sem aðrir geta hlustað.“⁵⁶⁸ Hér er gott dæmi um það hvernig guðfræðilegt orðfæri annars vegar og heimspekilegt orðfæri hins vegar er fært um að bera á borð sömu merkingu.

Auk þess að vera fólgin í tengslahæfni álitur Frans að reisu mannsins birtist í getu hans til að *sigrast á sjálfum sér og velja hið góða*. Í kaflanum sem fjallar um *vistfræði hins daglega lífs* ræðir hann um það þegar fólk

564 Jer 1.5.

565 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 65.–66. málsg. r.

566 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 119. málsg. r.

567 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 81. málsg. r.

568 Young, *Justice and the Politics of Difference*, 91.

skapar vistkerfi fegurðar og gagnkvæms samþykkis jafnvel í illa hirtum borgarhverfum eða við aðstæður sem eru óboðlegar „og breytir helvíti á jörð í stað þar sem fólk lifir með mannlegri reisn“.⁵⁶⁹ Hvernig sem staðan er í heiminum er aldrei allt tapað:

Mannverur, færar um allt hið versta, eru líka færar um að rísa upp yfir sjálfar sig og velja að nýju hið góða, byrja upp á nýtt þrátt fyrir andlegar og félagslegar kringumstæður. Við erum fær um að horfa heiðarlega á sjálf okkur, kannast við vansæld okkar og hefja gönguna í átt að ósviknu frelsi. Ekkert kerfi getur algerlega þaggað getu mannsins til að vera opinn fyrir hinu góða, sanna og fagra. [...] Ég höfða til allra manna um allan heim að *gleyma ekki þessari reisn sem við eigum*. Enginn hefur rétt til að taka hana frá okkur.⁵⁷⁰

Enn annað atriði sem páfi leggur upp úr og tengist náið skilningi hans á mannlegri reisn er *geta mannsins til þess að axla ábyrgð*. Sá greinarmunur sem gerður er í textanum á gildi manns og annarra lífvera er byggður á tilvísun til ábyrgðar mannsins.⁵⁷¹ Frans hafnar, líkt og fram er komið, viðteknum túlkunum á sköpunarsögum Genesis í þá veru að þar séu yfirráð

569 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 48. málsgr. Hann fjallar m.a. um gildi fegurðar við hönnun borgarumhverfis og að umfram allt þurfi hönnun borga að bjóða uppá fallett líf með þarfir íbúa í huga. Í því sambandi talar hann um gildi opinna svæða og torga þar sem borgarbúar skynji að þeir tilheyri ekki bara hverfi, heldur stærri heild, að til sé eitthvert stærra „við“ þannig að fordómar og uppgjöf víkja fyrir mannlegri reisn. Þannig varðar vistfræði mannsins líka siðalögmálið sem ritað er á hjórtu allra manna að mati páfa. „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 147.–155. málsgr.

570 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 205. málsgr. (leturbreyting mín).

571 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 81.–82. málsgr.

mannsins yfir náttúrunni staðfest. Mannsins sé að yrkja og gæta sem ráðsmaður í garði Guðs.⁵⁷² Þá lýsir hann ákvæðum í Þriðju Mósebók um hvíldardaginn og fagnaðarárið sem hafði þann tilgang að tryggja sanngirni og jafnvægi í tengslum manna, Guðs og náttúru með reglubundinni hvíld manna og dýra sjöunda hvern dag, hvíla akurinn sjöunda hvert ár og veita uppgjöf allra saka og skulda á 49 ára fresti (3Mós 25). Eins skyldu menn gæta sanngirni gagnvart þeim sem höllum fæti stæðu félagslega.⁵⁷³

Ábyrgð mannsins lýtur þá að vistkerfinu í heild, mannlífi jafnt sem öðru lífi. Það að lifa út köllun okkar sem verndarar jarðar er ekki valkvæður þáttur eða annars flokks, heldur ómissandi í okkar kristnu reynslu, að mati páfa.⁵⁷⁴ Brothætt veröld sem Guð hefur falið á vald mannlegri umhyggju krefur okkur um að finna skynsamlegar leiðir til að leiðrétta, þróa og takmarka vald okkar.⁵⁷⁵

Mannskilningur páfa felur í sér þá afstöðu að maðurinn sé þátttakandi í heiminum en ekki *einyrki*, svo notuð séu hugtökin í töflu 1.⁵⁷⁶ Lögð er áhersla á tengslahæfni mannsins, getu hans til að sigrast á sjálfum sér og velja hið góða ásamt hæfileikum hans til að axla ábyrgð. Jafnframt er hinn lífmiðlægi mannskilningur studdur guðmiðlægi sýn á manninn þar sem horft er á hann *á samleið með alheimi í átt að einum og sama áfangastað*. Páfi leggur áherslu á að sá mannskilningur útiloki hugarfar yfirdrottnunar gagnvart öðrum lífsformum.

572 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 66. málsg. r.

573 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 71. málsg. r. „Þegar þið skerið upp kornið í landi ykkar skaltu hvorki hirða af ysta útjaðri akurs þíns né dreifarnar á akri þínum. Þú skalt hvorki tína allt í vingarði þínum né hirða ber sem falla í vingarði þínum. Þú skalt skilja þetta eftir handa hinum fátæka og aðkomumanninum. Ég er Drottinn, Guð ykkar.“ 3Mós 19.9–10.

574 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 217. og 220. málsg. r.

575 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 78. málsg. r.

576 Tafla 1: Viðfangsefni og útlínur nýrrar hugsunar, bls. 89.

8.5 Fátæktarhugtak — Vandinn

Eitt höfuðhugtak umburðarbréfs páfa er *samþætt vistfræði* (e. integral ecology). Hann leggur áherslu á að við séum ekki að fást við vistkerfið annars vegar og samfélagið hins vegar, heldur þurfi að samþætta nálgun að fátæktarvandanum og umhverfisvandanum; „endurreisa tign hinna útilokuðu og vernda náttúruna á sama tíma“.⁵⁷⁷ Ástæðan er sú að allt er innbyrðis tengt og háð hvað öðru. Fyrsta fullyrðingin af fjórum sem draga má af textanum til þess að greina fátæktarhugtak páfa er því þessi: (1) *Fátækt er vistkerfisvandi og vistkerfisvandinn er fátækt.*

Hinar þrjár fullyrðingarnar hljóma misvel skiljanlegar en fá sínar skýringar í framhaldinu: (2) *Tækni-hagræni túlkunarramminn er skálkaskjól ójöfnuðar og vistkerfisrangelætis.* (3) *Fátækt er tengslarof.* (4) *Náttúran og hin fátæku eru á sama báti.*

Meginskilaboð Frans varðandi vistkerfisvandann eru þau að ríkjandi menning misskilji samhengi sitt og stöðu með svo afgerandi hætti að ekkert nema umfangsmikil umbylting menningarinnar muni geta bjargað málum.⁵⁷⁸ Annars vegar er það hugmyndin um manninn sem er röng og hins vegar myndin af heiminum sem ekki er heldur raunhæf að mati páfa. Í inngangi rannsóknarinnar var því lýst að það sem við höfum kallað vestræna menningu byggist á sambræðslu markaðsbúskapar, tækni og vísinda sem standist ekki skoðun. Það reynist hafa verið reikniskekkja í nútímanum sem gerir það að verkum að það sem við álitum vera þróun og framfarir felur í sér óvænt úgjöld, vistkerfisskuld sem skrifast á ókomnar kynslóðir manna, dýra og annarra lífvera. Páfi lýsir því svo að áður hafi inngríp mannsins í náttúruna verið fólgið í samspili og virðingu fyrir þeim möguleikum sem fólust í hlutunum sjálfum. Inngríp snerist um að taka við því sem náttúran leyfði svo sem það væri þegið úr hennar

577 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 139. málsg. r.

578 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 114. málsg. r.

hendi. Núna erum við aftur á móti þau sem leggjum hönd á hluti í því skyni að taka allt sem hönd á festir en iðulega án þess að taka eftir veruleikanum sem blasir við, fullyrðir hann. Menn og náttúra rétta ekki hvort öðru vinarhönd. Í þessu andrúmslofti á hugmyndin um ótakmarkaðan vöxt viðspyrnu að mati höfundar, en sú hugmynd byggist á lygi, því að við lifum í takmörkuðum heimi.⁵⁷⁹ Telur hann að aðferðir og markmið vísinda og tækni hafi verið gerð að aðferðafræðilegum túlkunarramma (e. paradigm) fyrir einstaklinga, samfélag og veröldina í heild þar sem maðurinn er mark og mið allra hluta en náttúran einungis hráefni til afnota. Þegar eigingildi og tign náttúrunnar er þannig teft í tvísýnu og umhverfið látið hnigna mun náttúran gera uppreisn, fullyrðir páfi.⁵⁸⁰ Allt varðar þetta vangetu nútímahugsunar til þess að bera kennsl á samhengi sem fjallað er um í þriðja kafla.

Ein rammasta mótsögn tíðarandans er sú, að mati páfa, að tæknihyggjan, sem öllu ræður og sér ekkert gildi í öðrum verum en manningum, virðist starfa í samvinnu við aðrar öfgar sem sjá ekkert sérstakt við manninn!⁵⁸¹ Skýring hans er á þá lund að þegar maðurinn setji sig í miðjuna og ljái sér sjálfðæmi, trúandi á tækni og yfirráð, megi búast við afstæðishyggju hvað úr hverju sem einvörðungu hugi að eigin þægindum og yfirborðslegum hagsmunum. Því ættum við ekki að vera hissa þótt við sæjum, í tengslum við hinn alltumlykjandi túlkunarramma tæknivaldsins og átrúnaðinn á hið ótakmarkaða mannlega vald, upp rísa stæka afstæðishyggju sem sæi ekkert skipta máli nema það þjónaði sjálflægum skammtímahagsmunum. Páfi fullyrðir að þannig fódri ólíkar öfgar hver aðra og leiði til umhverfis- og samfélagshnignunar.⁵⁸² Hann hvetur lesendur til að viðurkenna að

579 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 106. málsg. r.

580 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 107 og 117. málsg. r.

581 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 118. málsg. r.

582 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 122. málsg. r.

tækniáfurðir eru ekki hlutlaus fyrirbæri, heldur skapi þær ramma sem skilyrði lífshætti og móti möguleika okkar í samræmi við hagsmuni tiltekinna valdahópa. Ákvarðanir sem kunna að virka hreinar tæknilegar lausnir eru ákvarðanir um það hvers kyns samfélag við viljum byggja.⁵⁸³ Tækni-túlkunarramminn (e. the technological paradigm) er orðinn allsráðandi svo að erfitt er að sjá fyrir sér annað en að nýta úrræði hans og enn erfiðara að nota þau án þess að láta stjórnast af rökunum sem liggja tækninni til grundvallar. Hið ríkjandi tæknivald sem fer sínu fram án tillits til sjálfgildis efnisheimsins og mannlegs eðlis, með því að gera manninn að ríkjandi þætti á kostnað alls annars um leið og tilvera hans er virt að vettugi, hefur náð að „valda“ hagkerfið og pólitíkina svo að fjárhagurinn yfirskyggir hinn raunveruleg hag, fullyrðir páfi.⁵⁸⁴ En markaðurinn einn og sjálfur mun ekki tryggja samþætta (e. integral) þróun og félagslega þátttöku allra. Niðurstaðan verður sú að stóra myndin og samhengi veruleikans slitnar í sundur í sérhæfðum einstrengingslegum áherslum tækni- og auðhyggju og *allt sem er viðkvæmt, náttúran og hin fátæku, fer halloka*, segir páfi.⁵⁸⁵ Mynd 1 á bls. 82 er tilraun til að teikna upp samkilning nokkurra fræðimanna á sviði stjórnspeki⁵⁸⁶ sem augljóslega eru sammála greiningu páfa, þótt orðfærið sé ólíkt. Þegar hið frjálslynda nútímasamfélag veitir hinu opinbera sviði forgang á kostnað hins einkalega, er sjálfræðinu lyft fram á kostnað tengslanna, hinn almenni annar fær áheyrn umfram hinn sértæka, getan til að gera er upphafinn á kostnað getunnar til að vera og einfalt skiptaréttlæti með áhersluna á hlutlaust og ógildishlaðið almannarými ræður ríkjum með þeim afleiðingum að þorri

583 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 107. málsgr.

584 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 108–109. málsgr.

585 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 110–112. málsgr.

586 Einkum Young, Benhabib, Sen og Clark.

almennings fær ekki rödd og sér sig ekki sem hluta af samfélagi á meðan hið raunverulega vald liggur hjá hinum „hlutlausu“ handhöfum þess.

Við slíkar aðstæður reynist mörgum nær ógerlegt að kyngja þeim náttúrulegu takmörkunum sem veruleikinn felur í sér, segir páfi, jafnframt því sem vitundin um almannahag verði fjarlægari, en þá sé stutt í að við taki það sem hann nefnir *hópsjálfselsku* (e. collective selfishness) sem geti á endanum leitt til upplausnar og eyðingar.⁵⁸⁷ Þannig stillir páfi upp tæknihagræna túlkunarrammanum sem rammasta andstæðingi mannlegrar farsældar og vistkerfis.

Páfi gefur yfirlit yfir helstu vistfræðilegu áhyggjuefni sem að jarðlífi stæðja og ræðir um mengun, sóun og einnotamenningu, um loftslagsmál í tengslum við hlýnun af völdum gróðurhúsalofttegunda og brennslu jarðefnaeldsneytis, um eyðingu skóga, súrnun sjávar og hækkun sjávarmáls og vaxandi flóttamannastraum í kjölfarið.⁵⁸⁸ Málefni vatnsins eru rædd og því lýst yfir að ferskt drykkjarvatn sé forgangsmál fyrir mannkyn og vistkerfi. Vatnsfátækt stafi af mörgum þáttum og varði bæði magn þess og gæði og birtist m.a. í útbreiðslu sjúkdóma. Páfi hafnar einka- og markaðsvæðingu vatnssuppsprettna og telur trygghan aðgang að neysluvatni mannréttindamál, auk þess sem útbreiddur vatnsskortur muni hafa alvarlegar afleiðingar frá umhverfis- og friðarsjónarmiðum.⁵⁸⁹ Þá fjallar hann um rýrnun líffræðilegs fjölbreytileika í veröldinni. Þótt ekki vilji hann lasta gott starf vísindamanna og verkfræðinga, sem leitast við að bæta fyrir afleiðingar mannlegrar virkni með ýmsum hætti, þá er staðan þó sú að við erum að ræna jörðina ríkidæmi og fegurð og takmarka litskrúð hennar á meðan úrval neysluvöru vex úr hömlu. „Við virðumst halda að við getum bætt upp ómissandi og óbætanlega fegurð með einhverju sem við sjálf

587 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 204. málsgr.

588 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 20.–26. málsgr.

589 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 27.–31. málsgr.

höfum skapað.⁵⁹⁰ Spegla má þessa áherslu páfa í kafla 3.4 (bls. 83) þar sem rætt er um hið þrönga hagvaxtarhugtak nýklassískrar hagfræði og kafla 3.4.1 (bls. 88), sem fjallar um útvíkkað hagvaxtarhugtak eða hagvöxt sem sjálfbærni.

Páfi leggur áherslu á að skammsýn gróðahyggja sé andstæð hagsmunum vistkerfa og því andstæð almannahag. Okkur getur brugðið þegar mjög sýnilegum tegundum eins og spendýrum og fuglum er útrýmt, en góð virkni vistkerfa þarf ekki síður á sveppum og þörungum að halda, ormum og skordýrum, allskyns eggjum og ótal gerðum örvera. Höfundur lýsir því hvernig inngrip manna í náttúruna, sem iðulega er í þágu viðskiptahagsmuna og neyslu, hafi það heilkenni að fegurð og ríkdómur jarðarinnar bliknar. Lýsir hann okkur samsek í hræðilegu ranglæti ef við leyfum okkur að hugsa að unnt sé að ná fram viðunandi gróða með því að láta mannkyn að öðru leyti, núlifandi jafnt sem framtíðarkynslóðir, sitja uppi með ofurskuldir umhverfishnignunar í formi skerts líffræðilegs fjölbreytileika.⁵⁹¹

Hann fullyrðir að hagvöxtur síðastliðinna tveggja alda hafi ekki alltaf leitt til samþættrar þróunar og bættra lífsgæða, heldur sjáist víða félagsleg útilokun, ójöfnuður og samfélagsupplausn⁵⁹² sem ekki batni þegar horft sé á veröldina í heild þar sem við blasi vistkerfisskuldin frá norðri til suðurs en bankaskuldin frá suðri til norðurs! Í því sambandi lýsir hann m.a. svelgmyndun alþjóðlegra auðhringja sem umgangast náttúru og þróunarlönd af græðgi og tillitsleysi, fjárfestandi í þróaða hlutanum með því að ræna þróunarlönd.⁵⁹³

590 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 33. málsgr.

591 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 34.–36. málsgr.

592 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 43.–47. málsgr.

593 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 48.–52. málsgr. Hliðstæðar lýsingar má finna í Brundtlandskýrslunni sem gerð er grein fyrir í kafla 6.3.1.

Telur Frans að mannkyn skorti bæði menningu og lagaumgjörð til þess að takast á við vistkerfisvandann og óttast að hin nýju valdakerfi, sem byggjast á þróngu tæknihagrænu sjónarmiði, muni yfirskyggja ekki aðeins pólitíkina, heldur líka frelsið og réttlætið í veröldinni.⁵⁹⁴ Skaðvænlegar neysluvenjur heimsbúa eru auk þess óbreyttar að mestu, alvöru mála er drepíð á dreif og vitneskjan um það hve lítil og takmörkuð veröldin er nær ekki í gegn með þeim árangri, sem fyrr var nefndur, að allt sem er viðkvæmt, eins og lífríkið og hin fátæku, mætir afgangi.⁵⁹⁵ Hin sjálfmiðaða afstæðishyggja menningarinnar er, að hans dómi, sama röskunin og veldur því að fólk nýtir sér hvert annað og hlutgerir með þrældómi eða skuldabyrðum. Það er sama hugarfarið og leiðir til kynferðislegrar misnotkunar á börnum eða þess að gamalt fólk er yfirgefið af því að það þjónar ekki lengur hagsmunum okkar. Það er hugarfar þeirra sem segja: Látum hin ósýnilegu öfl markaðarins stjórna hagkerfinu og lítum á áhrif þeirra á þjóðfélagið og náttúruna sem fórnarkostnað framfara. Ef ekki er neinn hlutlægur sannleikur eða traust viðmið önnur en þau að fullnægja eigin löngunum okkar og skyndiþörfum, spyr páfi, hvaða takmarkanir er þá hægt að setja á mansal, skipulagða glæpastarfsemi, eiturlyfjasölu, verslun með blóðdemanta og skinn af tegundum í útrýmingarhættu? Þessi neyslu- og sóunarhugsun veldur, að mati Frans, svo mikilli eyðileggingu vegna þeirrar röskuðu girndar að neyta meira en þess sem maður raunverulega þarfnast.⁵⁹⁶

Hér birtist að vísu ófullnægjandi viðhorf hjá páfa að mínum dómi þegar hann skýrir allt ofbeldi án frekari fyrirvara út frá markaleysi og græðgi, og talar um arðrán á vistkerfi og fólki, skipulagða glæpastarfsemi, kaldlyndi gagnvart sjúkum og öldruðum og barnaníð í sömu andránni. Rétt

594 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 53. málsg.

595 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 56. málsg.

596 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 123. málsg.

er að markaleysi og græðgi á sinn þátt í ofbeldi og það menningarlega andrúmsloft sem hann er að lýsa gefur vissulega slagrými fyrir kynferðisofbeldi. En ef ekki er farið dýpra í sakirnar og horft á eðli og inntak vanvirkra samskipta er lesandinn skilinn eftir með það sjónarhorn að t.d. kynferðisofbeldi á börnum geti hugsanlega verið til í hófi. Hafa ýmsir fræðimenn lengi haldið því fram að ofbeldi karla í garð kvenna og barna sé einmitt ekki einhvers konar frávík, heldur aðferð til að viðhalda valdi og staðfesta yfirráð.⁵⁹⁷

Þessi gagnrýni dregur hins vegar ekki úr gildi þess sem Frans páfi er að öðru leyti að segja þegar hann ítrekar að eftir standi spurningar um umhverfishnignun, ójöfnuð, vaxandi kvíða og tilgangsleysi í lífi einstaklinga og samfélaga sem ekki hljóti nein svör.⁵⁹⁸ Telur hann mannkyn allt of hægfara við þróun hagstofnana og félaglegra ráðstafana sem geti gefið fátækum tryggn aðgang að grundvallargæðum, og hann undanskilur ekki sjálfan sig þegar hann fullyrðir að við sjáum ekki dýpstu rætur mistaka okkar sem varði stefnu, markmið, merkingu og félagslegar afleiðingar tæknilegs og hagræns vaxtar.⁵⁹⁹

Ef heimurinn er samansafn opinna gagnvirkra kerfa þar sem allt er innbyrðis tengt; ef vistkerfið og veruleikinn allur er gjöf ofar okkar tilveru og getu og náttúran sjálf vettvangur Guðs nærveru; ef maðurinn, sem þátttakandi í formum og ferlum lífs á jörð, þar sem allt er tengt og hvað öðru háð, er á samleið með alheimi í átt að einum og sama áfangastað; og ef reisin hans er fólgin í getu til að vera skapandi og ábyrgur í tengslum,⁶⁰⁰ hvað er þá fátækt og umhverfishnignun? Hverjar eru hinar djúpu rætur

597 Nelson, *Embodiment: An Approach to Sexuality and Christian Theology*, 267–268.

598 „Encyclical Letter *Laudato Si'* of the Holy Father Francis“, 110. málsgr.

599 „Encyclical Letter *Laudato Si'* of the Holy Father Francis“, 113. málsgr.

600 Sbr. fullyrðingarnar sem ég hef dregið saman um heimsmynd og mannskilning páfa.

mistakanna sem páfi vísar til? Svar hans er að öll þessi þjáning stafi af *rofnum tengslum*. Annað hugtak yfir tengslarof er *vangeta til að bera kennsl á samhengi*, sem er til umræðu í þessari rannsókn.⁶⁰¹ Tengslarofið birtist þá í skorti á vistkerfislæsi og félagslegu innsæi jafnt sem skilningi á hagvexti.

Tengslarof mannanna fela auk þess í sér móðgun þar sem þau hafna frændsemi, hinum „háleita skyldleika við allt hið skapaða sem heilagur Frans frá Assísí gerði svo geislandi áþreifanlegan“. Og líkt og sagan um Kain og Abel skýrir glögggt að mati páfa, þá er það hluti af vitneskju mannkyns, að þegar við rjúfum tengslin við meðbræður okkar, jörðina og Guð, þá kemur dauðinn. Vistkerfi jarðar er fátækt. Systir jörð er fátæk líkt og milljónir manna í heiminum. Fátækt er tengslarof. Náttúran og hin fátæku eru á sama báti.

Samt horfir Frans með tiltrú á mannkynið og fullyrðir að nú trúir enginn lengur á betri framtíð með takmarkalausum tæknilausnum og hugviti, fólki sé að verða ljóst að framtíðin er ekki þar.⁶⁰²

Ósvikin mennska sem kallar eftir nýrri niðurstöðu (e. synthesis) virðist dvelja, óséð af flestum, í miðju hins tæknivædda samfélags líkt og gufusalæðingur renni mjúklega undir lokaðar dyr. Mun loforðið, þrátt fyrir allt halda, og allt sem er ósvikið og ekta rísa upp í þrálátri andstöðu.⁶⁰³

Skal nú loks hugað að helstu úrræðum sem páfi telur mannkyn hafa.

601 Kaffi 3.

602 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 113. málsgr.

603 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 112. málsgr.

8.5.1 Fátæktarhugtak — Úrræðin

Í huga páfa er aðeins eitt sem bjargað getur veröldinni frá fátækt og umhverfissvá: *Umfangsmikil menningarbylting sem fólgin er í vistfræðilegum sinnaskiptum jarðarbúa.*

Verandi hluti af samþættu vistkerfi sem á við vanda að etja þarf mannkyn að koma sér saman um samþættar lausnir. Slíkt samkomulag væri ekkert annað en bylting því tæknihagræni túlkunarramminn býður ekki upp á samþættar lausnir heldur inngríp og lagfæringar í því skyni að ná tilteknum markmiðum án tillits til heildarhagsmuna.

Menningarbyltingin sem páfi boðar er menning ástar og umhyggju⁶⁰⁴ sem felur ekki í sér skyndilausnir heldur *samþætta vistfræði* þar sem alheimurinn liggur undir og þar með vistkerfi jarðar eins og það leggur sig.

Fram er komið að páfi telur, líkt og SP gera líka, að samþætt vistfræði hafi þrjú svið, umhverfismál, efnahagsmál og félagsmál, sem ekki megi lengur aðgreina eigi árangur að nást. Aðgreining þessara sviða er einmitt eitt af höfuðeinkennum ríkjandi túlkunarramma sem fyrir alla muni þarf að uppræta úr menningunni að hans mati. Úrræðin sem hann bendir á eru fjölmörg og virðist mega skipta þeim í þrennt. Í fyrsta lagi skal hin vistfræðilegu sinnaskipti vera a) *fræðileg*, í öðru lagi skulu þau vera b) *kerfisleg* og í þriðja lagi c) *persónuleg*. Skal nú gerð stutt grein fyrir hverju um sig.

a) *Fræðileg vistfræðileg sinnaskipti* þurfa að mati páfa að geta af sér a.m.k. tvennt: *Nýja hagræna vistfræði* þar sem *hugmyndin um framfarir* er endurskoðuð, og *nýjan húmanisma* sem er fær um að útvíkka *lífsgæðahugtakið*.⁶⁰⁵

Í kafla 3.4 var gerð grein fyrir nálgun McFague þar sem hún ber vist-ræna hagfræði saman við nýklassíska hagfræði. Þar var tekið undir þann skilning að vistræn hagfræði byggist á bestu vísindalegu þekkingu okkar um leið og hún samrýmist grunnildum kristinnar trúar, en nýklassísk

604 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 231. málsgr.

605 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 141. málsgr.

hagfræði með sitt þrönga hagvaxtarhugtak nýti of þröngt heimildaval. Í kafla 3.4.1 er rætt um útvíkkað hagvaxtarhugtak þar sem maðurinn er talinn beinn þáttur í vistkerfinu þannig að hagvöxtur og *sjálfbær þróun* eru álitin óaðskiljanleg hugtök.

Eins má segja að krafan um útvíkkað lífsgæða- eða hagvaxtarhugtak speglit vel í skrifum Ólafs Páls Jónssonar sem fyrr var vitnað til⁶⁰⁶ í þá veru að sérhver mælikvarði á hagvöxt sem standi undir nafni verði að vera næmur á réttlæti. Lífsbarátta sem grundvallast á yfirgangi skortir merkingu og geti því ekki leitt til góðs lífs hversu þægilegt sem það kann að vera.⁶⁰⁷ Einstrengingsleg áhersla á hagvöxt hefur tilhneigingu til að geta af sér fyrirsjáanleg viðbrögð og staðalmyndanir, að mati páfa, í því skyni að einfalda ferli og draga úr kostnaði. Ný hagræn vistfræði þarf að vera fær um að höfða til veruleikans frá víðara sjónarhorni því umhverfisvernd er samþættur hluti allrar þróunar og ekki hægt að líta á hana sem aðgreint verkefni. Hin nýja mannhyggja þarf síðan, að hans mati, að geta haldið saman ólíkum sviðum þekkingar, m.a. hagfræði, í þjónustu hugsjónar sem sé samþættari og meira samþættandi en þeir túlkunarrámmar sem notast er við í orðræðu dagsins. Við getum ekki aðgreint umhverfismál frá samhengi við manninn, fjölskylduna, atvinnuna, borgarmál eða samskipti manna í milli. Það liggja gagnvegir milli vistkerfa og ólíkra sviða félagslegra samskipta, að mati höfundar, sem enn og aftur sýnir okkur að heildin er stærri en stakir þættir.⁶⁰⁸

Mikilvægt er líka að sjá að löng hefð er fyrir þessu sama sjónarmiði hjá Sameinuðu þjóðunum. Í aðfararorðum fyrstu Þróunarskýrslu SP sem út kom árið 1990 er horft á hagvaxtarhugtakið í samhengi við raunvöxt eða almenna farsæld:

606 Kaffi 3.4.

607 Ólafur Páll Jónsson, „Lífskjör og réttlæti“, 219; 227.

608 „Encyclical Letter Laudato Si' of the Holy Father Francis“, 140.–142. málsg. r.

Markmið þróunar er að bjóða fólki aukna valmöguleika. Einn valmöguleikinn er aðgengi að fjármunum — ekki sem takmark í sjálfu sér, heldur sem leið til að öðlast almenna farsæld. En valkostirnir eru fleiri, svo sem langlífi, þekking, pólitískt frelsi, persónulegt öryggi, samfélagsþátttaka og trygg mannréttindi. Það gengur ekki að smætta fólk og skilgreina það einvörðungu sem efnahagslegar verur.⁶⁰⁹

Þá áratugi sem liðnir eru frá útkomu fyrstu þróunarskýrslunnar hefur útgáfunnar jafnan verið beðið með eftirvæntingu en þar má sjá staðlað yfirlit yfir lífsgæði 90% jarðarbúa. Aðferðirnar sem nýttar eru við skýrslugerðina hafa tekið örum breytingum í tímans rás og margir nýir matsþættir bæst við.

Fyrr var vitnað til 13. gr. í skýrslu Heimsmarkmiðanna þar sem vísað er til áskorana og samþykktu margra ráðstefna og leiðtogafunda og fullyrt, í ljósi þeirra, að þörf sé á nýrri nálgun eigi sjálfbær þróun að nást. Í hópi nauðsynlegustu verkefna sjálfbærrar þróunar sem talin eru upp leggur nefndin áherslu á að „skapa varanlegan, sjálfbæran hagvöxt án aðgreiningar og hlúa að samfélagi sem gerir ráð fyrir öllum“.⁶¹⁰ Loks var því lýst í kafla 7.3.1. hvernig hagvaxtarhugtakið er með markvissum hætti sett í boðandi samhengi í hinum nýju heimsmarkmiðum SP, talað um „varanlegan, sjálfbæran hagvöxt sem geri ráð fyrir öllum“.⁶¹¹

Þannig er ljóst að áhersla páfa þess efnis að *vistfræðileg sinnaskipti hafi fræðilega vídd með nýrri skilgreiningu á framförum og lífsgæðum, nýtur sterks stuðnings, bæði innan fræðaheimsins sem og á vettvangi SP.*

b) *Hin kerfislega vídd vistfræðilegu sinnaskiptanna þarf að mati páfa að fela í sér nýja samræðu sem snúist um að halda einstaklingum og*

609 [SP] „Analysing and Measuring Social Inclusion in a Global Context“, 8.

610 [SP] „Transforming our world“, 5 (13. gr.).

611 [SP] „Transforming our world“, 3 (3. gr.), s. 4 (9. gr.).

stofnunum samfélagsins ábyrgum.⁶¹² Páfi hrósar ýmsu sem vel hefur unnist í umhverfismálum á heimsvísu en átelur harðlega sérgæsku ríkra þjóða sem hann álitur setja eigin hag ofar hnattrænum almannagæðum og standa þannig í vegi fyrir mikilvægum framförum. Jafnframt bendir hann á landlæga spillingu ýmissa þróunarlanda sem verði að ná utan um heimafyrir eigi árangur að nást. Jafnframt leggur hann áherslu á að sanngirni sé þörf þar eð hinn ríki hluti heimsins hafi byggt upp sinn auð með ágangi á vistkerfið og hljóti því að bera þyngstar byrðar er komi að því að vinda ofan af vandanum.⁶¹³ Þá telur hann ríkisvald víða í þeirri stöðu að eiga erfitt með að ganga gegn stórum hagsmunaöflum m.a. í formi hnattrænna fyrirtækja sem svífast einskis og fullyrðir að hinu nýja samsteypuvaldi veraldar þurfi að mæta með markvissari og betur skipulögðum alþjóðastofnunum sem m.a. hafi vald til að refsa um leið og lögð skuli áhersla á diplómátíska vinnu á sviði umhverfismála. Jafnframt hnykkir hann á þeirri skoðun að hugarfarið sem þrjóskað við að mæta vistkerfisvandinum standi líka í vegi fyrir úrlausn fátæktarvandans.⁶¹⁴

Þá ræðir páfi um nýtt samtal innan þjóðfélaga og svæða þar sem iðulega reyni á getu pólitískt kjörinna yfirvalda til að horfa langt fram á veginn og hafa til þess siðferðisþrek. Hvetur hann almenning til að veita yfirvöldum aðhald á sviði ríkisvalds, svæða og hreppa í þessum efnum, því þótt stjórnsmál hafi tilhneigingu til að viðhafa skammsýni vilja heimamenn varðveita sína sveit í þágu ófæddra. Langtímahugsun er fólki eðlislæg og er til þess fallin að verja hagsmuni smáframleiðenda og vernda svæðisbundin vistkerfi frá eyðileggingu að mati páfa. Loks leggur páfi áherslu á að á hverju svæði þurfi að rækta raunveruleg og djúphugul manngildi sem séu fólki mikils virði svo að þjóðfélag búi yfir innri viðspyrnu til að

612 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 219. málsgr.

613 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 170.–172. málsgr.

614 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 173.–175. málsgr.

vera veitult og göfugt. Er höfundur augljóslega að vísa til iðkunar trúar og menningar í sínum hnattræna fjölbreytileika⁶¹⁵ sem speglast vel í áherslu Mirosłavs Volfs og Davids Hollenbachs á *deilt frelsi og túlkunarfræðilega gestrisni*.⁶¹⁶

Einnig ræðir hann ýtarlega um að ákvarðanir um framkvæmdir, sem haft geti áhrif á vistkerfi náttúru og mannlífs, séu teknar með gagnsæjum hætti⁶¹⁷ og leggur áherslu á að heimamenn komi að málum með langtímasýn og þekkingu á viðkomandi svæði og krefst heiðarleika í samræðum með raungróða í huga en ekki skammtímasjónarmið. Fyrst og síðast verður, að mati páfa, að huga að því hvort verið sé að spilla aðgangi fólks að öruggu neysluvatni og vill að sönnunarbyrðin sé hjá framkvæmdaaðilanum varðandi öll álitamál er varði umhverfið yfir höfuð.⁶¹⁸

Höfundur leggur einnig til nýtt samtal stjórnmála og hagkerfis í þágu manngletrar farsældar þar sem hugtakið *almannaheill* (e. common good) sé í fyrirrúmi. Pólitíkin á ekki að lúta hagkerfinu eða hagkerfið vera undirgefið duttlungum hins hagkvæmnismiðaða túlkunarramma tækniveldisins, (e. efficiency-driven paradigm of technocracy) að mati Frans. Hann nefnir dæmi um svelgi offramleiðslu sem skaði umhverfi og hagkerfi nærsamfélaga og leggur áherslu á að *raunhagkerfið* sé það hagkerfi sem sannarlega skapi atvinnu og myndi verðmæti. Páfi fullyrðir, líkt og einnig kom skýrt fram í greiningu á Brundtlandskýrslu SP,⁶¹⁹ að hægt sé að vinda ofan af svelgnum og búa til sjálfbæra hagkvæma hringrás með sköpunarkrafti þar sem raunhagur allra vex. Fjölbreytni í framleiðslu gefur sköpunarkraftinum lausan tauminn og væri, að áliti höfundar, verðug tjáning á

615 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 178–181. málsgr.

616 Sjá í kafla 3.2.1 (bls. 67).

617 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 182.–188. málsgr.

618 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 182.–188. málsgr.

619 Kafi 6.3.1 (bls. 159).

göfugustu eiginleikum mannsins því þá færur við að starfa vitrænt, af hugrekki og ábyrgð, í því skyni að styðja við sjálfbæra og sanngjarna þróun í samhengi við *útvíkkað lífsgæðahugtak*. Hinir ríku þyrftu þá að sætta sig við minna og gefa hinum fátæku rými til að ná að rétta úr sér og lifa eins og manneskjur, að mati páfa. Þarna reynir líka á að hafa handbært *nýtt og endurskoðað framfarahugtak*. — Hver er tilgangur hagkerfis? Að hverju er stefnt? Það verður ekki fyrr en hagrænn og félaglegur kostnaður af því að nota tiltekna náttúruauðlindir er viðurkenndur með gagnsæjum hætti, og fyllilega borinn af þeim sem valda honum en ekki af öðru fólki eða ófæddum kynslóðum, sem hægt er að líta á tiltekna atvinnustarfssemi sem siðlega, fullyrðir páfi.⁶²⁰

Loks ræðir höfundur samtal trúarhefða og náttúruvísinda sem hann leggur áherslu á að fara verði fram af gagnkvæmri virðingu. Náttúruvísindin vita að þau hafa ekki skýringar á öllum hlutum. Ef við rök-hugsum einungis innan ramma þeirra förum við á mis við fagurfræði, skáldskap og jafnvel getu skynseminnar til að gruna hina endanlegu merkingu og tilgang hluta. Siðferðileg viðmið sem skynsemin getur meðhöndlað verða ekki ógild af þeirri ástæðu einni að þau hafi mótast í trúarlegu umhverfi eða orðfæri, segir páfi. Hlutverk hinna trúuðu er á hverjum tíma að leitast við að lifa í samræmi við fjársjóði sinnar hefðar, viðurkenna hvar farið hefur úrskeiðis og leita aftur í uppsprettur viskunnar. Þannig verða trúarhefðirnar hæfari til að takast á við kröfur dagsins. Jafnframt leggur Frans áherslu á að trúarhefðirnar þurfi að tala sín á milli í sama anda, ólíkar vísindagreinar verði sömuleiðis að opna á samtal milli sviða til að skilja veruleikann betur, auk þess sem ólíkar hreyfingar náttúruverndarfólks mega til að ræðast við og taka höndum saman. Alvarleiki vistkerfiskrepp-

620 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 189.–198. málsg. r.

unnar krefst þess að við öll horfum á almannagæði, hefjum samræðu sem krefst þolinmæði, sjálfsaga og gestrisni.⁶²¹

(c) Þriðji þáttur vistfræðilegu sinnaskiptanna er hið persónulega svið sem að álitu páfa mun fela í sér nýjan lífsmáta hvers jarðarbúa⁶²² sem þarf að sigrast á einstaklingshyggjunni innra með sjálfum sér og temja sér umhverfisvænar venjur.⁶²³

Hvetur páfi neytendur til að vera vistfræðilega vakandi og ábyrga þannig að framleiðendur sviði í budduna þegar út af bregði⁶²⁴ og lýsir því hvernig umhverfisvænn lífsmáti geti verið „ástrík athöfn sem tjái reisin mannsins“ og falið í sér aukna persónulega lífsfyllingu og tilgang.⁶²⁵ Hann fullyrðir að kristin andleg iðkun (e. Christian spirituality) geri ráð fyrir skilningi á lífsgæðum sem hvetji til spámannlegs og íhuguls lífsstíls sem gerir fólk hæft að gleðjast hjartanlega án neysluárattu. Telur hann brýnt fyrir mannkyn að rifja upp gamla visku sem finna megi í ólíkum trúarhefðum, m.a. í Biblíunni; sannfæringuna um að „minna er meira“.⁶²⁶ Þannig opnar páfinn í Róm á samræðu við aðrar trúarhefðir á jafnréttisgrundvelli á þeim forsendum að þar sé líka visku að finna sem fær sé um að leiðsegja veröldinni. Telur hann að samþætt vistfræði, í heimi sem er fullur af skarkala og áhyggjum, feli m.a. í sér að taka tíma til að endurgræða friðsælt jafnvægi við sköpunarverkið, ígrunda lífsstíl okkar og gildi og íhuga skaparann sem lifir á meðal okkar og umvefur okkur nærveru sem verði ekki búin til, heldur fundin, afhjúpuð.⁶²⁷

621 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 199.–201. málsg. r.

622 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 208. málsg. r.

623 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 211. málsg. r.

624 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 206. málsg. r.

625 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 211–212. málsg. r.

626 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 222. málsg. r.

627 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 225. málsg. r.

Orðfæri páfa er opið og bjóðandi þegar hann ræðir um andlega iðkun og augljóst að hann leggur sig fram um að tala ekki með útilokandi hætti gagnvart fulltrúum annarra menningarheima eða trúarbragða, heldur sýnir hefðum annarra tiltrú og virðingu, standandi sjálfur kirfilega innan eigin hefðar. Er þessi aðferð páfa mjög í anda þeirrar *túlkunarfræðilegu gestrisni* Mirosłavs Volfs⁶²⁸ sem segir m.a. að þegar kristin viska fari að eðli sínu horfi hún fram til sáttargjörðarinnar og þess að „raunverulegt réttlæti sé alltaf á leiðinni í faðmlag til þess staðar þar sem við munum tilheyra hvert öðru með okkar persónulegu og menningarlegu einkenni bæði varðveitt og umbreytt, en aldeilis rík hvert af öðru“.⁶²⁹

Páfi útskýrir að hinar guðlegu persónur séu í eðli sínu *lifandi tengsl* og veröldin, sköpuð í samræmi við hina guðlegu fyrirmynd, sé *tengslavefur*. Lífverur hneigjast að Guði og að sama skapi er þeim, að mati páfa, eðlilegt að hneigjast að öðrum hlutum þannig að út í gegnum alheiminn má sjá sístæð og leynilega samofin tengsl sem við köllum vistkerfi. Það leiðir til þess að hin kristnu dást ekki bara að og undrast hin margháttaðu tengsl sem eiga sér stað milli lífvera, heldur sjáum við líka lykil að okkar eigin lífsfyllingu, — í tengslum við aðra menn, við Guð og náttúruna. „Allt er innbyrðis tengt og það hvetur okkur til að þróa andlegt líf í hnattrænni samstöðu sem streymir frá leyndardómi þrenningarinnar.“⁶³⁰ Þannig má sjá hvernig trúin á þríeinan Guð getur varpað ljósi á tengslaðli heimsins. Að kristnum skilningi má nota þrenningarlærdóminn til þess að segja að alheimurinn í öllu sínu gagnháða samhengi sé samantengdur í ást.⁶³¹

628 Sjá kafla 3.2.1 (bls. 67).

629 Volf, *Exclusion & Embrace*, 225.

630 „Encyclical Letter *Laudato Si'* of the Holy Father Francis“, 240. málsgr.

631 Sjá lokaorð kaflans 3.1.1 (bls. 61).

Loks eiga allir þessir þættir; *fræðilegu sinnaskiptin*, hin *kerfislægu* jafnt sem hin *persónulegu*, að mati páfa, að vinna saman að *vistkerfismenntun* í þágu *sáttmálans* milli mannkyns og umhverfis.⁶³²

Páfi segir að umhverfismenntun hafi almennt snúist um vísindalegar upplýsingar, vitundarvakningu og viðleitni í þá veru að koma í veg fyrir umhverfisáhættu, en að á síðustu árum sé hún farin að innihalda gagnrýni á goðsagnir nútímans sem byggjast á nytjahyggju. Umhverfismenntun nútímans leitast, að hans mati, líka við að endurreisa ýmis svið vistfræðilegs jafnvægis; koma á jafnvægi hjá okkur sjálfum, manna í milli, við náttúruna og aðrar lifandi verur, auk Guðs.⁶³³

Þessi þáttur bréfsins er ólíkur öðrum að því leyti að málefnið er ekki fyllilega skýrt. Þegar úrræðalisti hinna 17 heimsmarkmiða SP er borinn saman við úrræði páfa gagnvart mannlegri fátækt og öðrum vistkerfisvanda má segja að flestir þættir þróunarmarkmiðanna rými við tillögur páfa sem ræðir, líkt og SP, um fátækt, fæðuöryggi, heilbrigði og vellíðan fólks, aðgengi að vatni, hagvöxt sem tryggir öllum atvinnu, gildi góðra innviða og nýsköpunar, félagslegan jöfnuð, öryggi á búsvæðum manna, neyslu- og framleiðslumynstur, loftslagsbreytingar, vistkerfi hafsins, landvistkerfi og stofnanir auk ákalls um hnattræna samvinnu að sjálfbærri þróun á öllum þessum sviðum, svo notað sé orðalag SP. Þrjú atriði eru hins vegar ekki til umræðu í bréfi páfa; umræða um orkumál kemur ekki upp né heldur menntamál í víðu samhengi og alls ekkert er sagt um jafnrétti kynjanna. Vart þarf að taka fram að bréf páfa er mjög yfirgripsmikið og innihaldsríkt

632 Miroslav Volf vekur máls á því að sáttmálahugtakið sé langþróað biblíuhugtak og vísi, öfugt við sammingshugtakið, til samkomulags sem haldi áfram að lifa þótt einhver bregðist. Sáttmálahugtakið ber, að hans dómi, í sér sjálfboðið frumkvæði og samþykki milli aðila, „það er opið í báða enda og felur í sér siðferðistengsl en ekki einvörðungu hagsmunatengsl“. Volf, *Exclusion & Embrace*, 149–150.

633 „Encyclical Letter *Laudato Si'* of the Holy Father Francis“, 209.–215. málsg. r.

og ber vitni um víðtæka þekkingu og íhugula umhyggju fyrir öllu lífi, svo að ekki væri sanngjarnt að kvarta yfir því að ekki sé sérstaklega fjallað um orku- og menntunarmál. Um jafnrétti kynjanna gegnir þó öðru máli þar sem segja má að þögnin sé nokkuð hávær. Skýrist sú þögn líklega best af *staðsetningu* höfundar innan hinnar kaþólsku hefðar og félagspólitísku hlutverki hans í embætti.

8.6 Samantekt og niðurstöður

Nú mun ég bera (a) heimsmmynd, (b) mannskilningur og (c) fátæktafhugtak umburðarbréfs páfa saman við það sem fram er komið um sömu þætti í orðræðu SP eins og hún birtist í þeim þremur textum SP sem hér hafa verið til rannsóknar.

(a) Framar í þessari rannsókn var sýnt fram á breytingu sem orðið hefur á *heimsmyndinni* í textum SP frá mannmíðlægri heimsmmynd Stokkhólmsráðstefnunnar 1972 að lífmíðlægri heimsmmynd Brundtlandskýrslunnar 1987. Hin nýju heimsmarkmið SP frá 2015 bera einnig með sér lífmíðlega heimsmmynd sem þó er aukið við að því leyti að orðræðan um plánetuna jörð er á þeim nótum að hún sé lífvera sem hafi líðan og hagsmuni. Í bréfi páfa eru þessir þættir báðir til staðar, lífmíðlæggnin og lýsing á jörðinni sem lífveru, með þeirri gildishlöðnu viðbótaráherslu að veruleikanum er lýst sem *tengslagjöf*. Guð er sagður *nálægur* í allri náttúru, alheimurinn er *frændgarður* og jörðin er ekki bara lífvera heldur *systir*. Lífmíðlæggnin í heimsmmynd páfa byggir ekki á náttúruvísindum einum heldur líka á trúnni á heilaga þrenningu sem allur veruleikinn ber svipmót af og er því tengslavefur eins og náttúruvísindin sýna svo vel. Þessi Guð, sem er ástartengsl, hefur samsamað sig alheiminum varanlega í Kristi Jesú. Þess vegna bætist guðmíðlæggnin við lífmíðlægnina í heimsmmynd páfa með þeirri áherslu að vilji Guðs er mælikvarði allra gilda og allt stefnir til hans. Heimsmmynd páfabréfsins er siðferðileg, í þeim skilningi að kveðið er á um

tilgang veraldar og merkingu alls lífs, á meðan það sjónarhorn er ekki að finna í textum SP sem hér eru rýndir.

(b) Hér hefur þeirri þróun verið lýst á *mannskilningi* SP að í skýrslunni frá 1972 stendur maðurinn aðgreindur andspænis náttúrunni verandi sjálfur helsta dýrmæti heimsins. Gildi mannsins er einkum fólgið í getu hans til verðmætasköpunar og þess að umbreyta náttúrulegum kringumstæðum sér í hag. Umhyggja mannsins fyrir náttúrunni tengist þeim afleiðingum sem náttúruójafnvægi getur haft á kjör fólks. Náttúran, sem ögrun og uppspretta gæða, er sammannleg kjör sem mannkyn þarf að sameinast gagnvart. Niðurstaðan er sú að mannskilningur skýrslunnar frá 1972 lúti að manninum sem einyrkja og hagsmunaaðila, í þeim skilningi að félagsleg þátttaka hans og samningar á öllum sviðum byggi fyrst og síðast á sjálfsbjargarviðleitni líkt og við blasir í mynd Hobbes af manninum í sinni náttúrulegu stöðu.

Í Brundtlandskýrslunni stendur maðurinn ekki lengur andspænis náttúrunni með sama hætti, heldur er hann orðinn *ásamt* henni, samferða henni, hann lýtur lögmálum hennar sem þátttakandi án þess þó að vera eitt með henni. Í stað þess að láta verðmæti mannsins standa í samhengi við getu hans til að skapa verðmæti og umbreyta umhverfi sínu sér í hag, er fremur horft á manninn sem skapandi uppsprettu gæða sem birtist ekki síst í getu hans til þess að eiga samtal og samvinnu í því skyni að aðlaga gjörðir sínar að ferlum jarðar og bæta þannig umhverfi sitt og líf. Samvinna mannsins og umhyggja fyrir náttúrunni er meira í anda lífsleikni er kemur að Brundtlandskýrslunni að því leyti að drifkraftur athafna er ekki ótti við afleiðingar ójafnvægis heldur viljinn til þess að lifa í raunhæfu samspili við veruleikann. En þótt skýrslan frá 1987 lýsi manninum sem þátttakanda í vistkerfi þá er hann engu að síður skilgreindur sem hagsmunaaðili í eigin þágu. Hann lítur á auðlindir jarðar sem eign sína með því fororði að hann veit að þær eru það ekki í stóra samhenginu. Því hef ég sagt að á meðan skýrslan frá 1972 horfi fremur á manninn sem

einyrkja og hagsmunaaðila horfi Brundtlandskýrslan á manninn meira sem félagsveru og þátttakanda, en þó undir þeim formerkjum að hann hefur skilgreinda hagsmuni sem hann blygðast sín ekki fyrir.

Því hefur einnig verið lýst að myndin af manninum og stöðu hans í heiminum hafi döknað nokkuð er komi að heimsmarkmiðum SP frá 2015. Í öllum SP skýrslunum þremur er skýr sýn á manninn sem heimsbúa af fjölbreyttu kyni og í hinum nýju heimsmarkmiðum er sköpunargetu hans og reisin ekki síður gert hátt undir höfði en í þeim fyrri. Þó er sú breyting orðin á að nú blasir vansæmd mannsins einmitt við í ljósi sköpunargetu hans og mannlegrar reisar. Maðurinn í heimsmarkmiðum SP er fangi fátæktar og það sæmir ekki reisin hans og færni. Enn fremur er mynd dregin upp af manninum sem þátttakanda í heimsmarkmiðunum ekki ósvipað og um er að ræða í Brundtlandskýrslunni. *Maðurinn sem einstaklingur, samfélag og tegund er þátttakandi í formum og ferlum lífs á jörð þar sem allt er tengt og hvað öðru háð* — en vona fréttin er sú að þáttökuhlutverk mannsins stendur tæpt. Í raun er hann líkt og gestur í húsi náttúrunnar og framganga hans er með þeim hætti að þolinmæði annarra gesta er á þrotum. *Maðurinn er hluti af vistkerfi sem hann er í þann mund að vinna óbætanlegan skaða.*

Í umburðarbréfi páfa kveður við nokkuð annan tón. Þar er maðurinn enginn gestur heldur er hann á heimavelli sem samþættur (e. integral) hluti vistkerfis, verandi á samleið með alheimi í átt að einum og sama áfangastað en hafandi alveg sérstöku hlutverki að gegna sem nokkurs konar leiðsögumaður í ferðinni. Eigi að síður er hann vissulega fangi. Lýsingar páfa á ægivaldi tæknihagræna túlkunarrammans og neysluáráttu almennings, sem trúir því að hann sér frjáls ef hann getur keypt á markaði, eru beittar lýsingar á þeim fátæktarfjötrum sem SP segja að sæmi ekki mannlegri reisin.

Vert er að muna að í heimsmarkmiðum SP er sköpunargeta og reisin heimsbúans ekki sett fram sem hrósunarefni, heldur sem siðferðisvið-

mið og um það er páfi á sama máli. Sérstaða mannsins er, að mati páfa, fólgin í getu hans til að vera skapandi og ábyrgur í tengslum — gegna ráðsmennskuhlutverki sínu af trúmennsku.

Þá skal halda því til haga að rökstuðningur páfa fyrir mannréttindum byggist á *tengslahyggju* og hann beitir ekki, frekar en heimsmarkmið SP, hefðbundnum eðlishyggjurökum til að réttlæta mannréttindi. Raunar virðist orðræða Brundtlandskýrslunnar ekki leita í þá átt heldur, en textinn frá 1972 er á hefðbundnum eðlishyggjunótum þegar fullyrt er að af öllum þáttum heimsins sé fólk dýrmætast og ályktanir dregnar af því.⁶³⁴

(c) Framar var sýnt fram á vissa þróun *fátæktarhugtaksins* hjá SP í skýrslunum þremur sem hér hafa verið til rannsóknar. Skilningurinn á *fátækt sem félagslegri útilokun* liggur til grundvallar í skýrslunum öllum, en árið 1987 hefur síðan bæst við áherslan á *fátækt sem siðferðisvanda sem byggður er á kröfunni um sjálfbærni*. Í heimsmarkmiðum SP er hið samþætta og gagnvirka eðli félags-, efnahags- og umhverfisþátta svo ítrekað og inngróið að freistandi væri að tala um *fátækt sem vistkerfisvanda* eða nýta sjálft sjálfbærnishugtakið sem skilgreiningu á *fátækt*. Þó væri það oftúlkun. Þegar öllu er á botninn hvolft er *fátæktarhugtak heimsmarkmiðanna frá 2015* óbreytt: *Fátækt sem félagsleg útilokun og siðferðisvandi*. Siðferðisvandinn er sem fyrr byggður á kröfunni um sjálfbærni en að viðbætti sanngirniskröfu á manninn sem hann stendur ekki undir og því er honum lýst sem fanga *fátæktar*. Sú staða er ekki talin samræmast reisn hans.

Fátæktarhugtak páfa felur hins vegar augljóslega í sér hugtakið sjálfbæra þróun þar eð náttúran og hin *fátæku* eru á sama báti og *fátækt* er *vistkerfisvandi* og *vistkerfisvandi* er *fátæk*. Það sem enn bætist við hjá páfa er óvægin og innsæisrík gagnrýni hans á tæknihagræna túlkunarrámmann

634 5. kafli yfirlýsingarinnar, bls. 3.

ásamt þeirri skilgreiningu sem í raun liggur kaþólskum syndaskilningi til grundvallar, að *fátækt sé tengslarof*.

Áskorun páfa til alls mannkyns varðar umfangsmikila menningarbyltingu sem fólgin skal vera í vistfræðilegum sinnaskiptum jarðarbúa. Þannig virðist hann leitast við að sameina trúarlegt og náttúruvísindalegt tungutak um leið og aðferð hans öll er augljóslega sú að leggja sig í líma við að ávarpa alla og skilja engan eftir, heldur viðhafa veitult orðalag sem geri ráð fyrir öllum og haldi þá líka öllum ábyrgum.

Með kröfu sinni um það að vistfræðilegu sinnaskiptin feli í sér nýtt framfara- og lífsgæðahugtak býður hann tíðarandanum byrginn á vígvelli *fræðanna*. Hvað er hagvöxtur og þróun? Í hverju eru hið góða líf fólgið? Svar páfa kristallast í notkun hans á hugtakinu *sambætt vistfræði* (e. integral ecology). Þar er gert ráð fyrir lífmiðlægri heimsmynd og horft á umhverfis-, félags- og efnahagsmál sem sambætt svið. Maðurinn er skilgreindur sem þátttakandi í vistkerfi og sjálfbær þróun er annað orð yfir lífsgæði og hagvöxt.

Með þeirri aðferð sem páfi beitir í bréfi sínu sýnir hann í raun hvað hann á við með áherslunni á hina *kerfislegu vídd* sem feli í sér nýja samræðu þar sem einstaklingum og stofnunum sé haldið ábyrgum. Með nálgun sinni gefur hann sýnishorn af samtali sem er fjölmenningarlegt en hann, sem þátttakandi, er á sama tíma dyggur fulltrúi eigin hefðar. Í því sambandi hefur hér verið vitnað til Miroslavs Volfs og áherslu hans á *túlkunarfræðilega gestrisni*.⁶³⁵ Vert er að spyrða það saman við áherslu Iris Marion Young á valdeflandi réttlæti sem fram eru komnar í þá veru að móta skuli almennarými þar sem við höldum hvert öðru ábyrgu, þ.e.a.s. stundum pólitík þar sem ólíkt fólk heyrir og sést.⁶³⁶ Líklega kæmi ekkert

635 Volf, *A Public Faith*, 136.

636 Young, *Justice and the Politics of Difference*, 91.

í veg fyrir að páfi skrifaði undir 36. gr. hinna nýju heimsmarkmiða og vafalaust myndu bæði Volf og Young bætast í hópinn:

Við skuldbindum okkur til að hlúa að þvermenningarlegum skilningi, umburðarlyndi, gagnkvæmri virðingu og siðfræði sem byggist á vitund um hnattrænan þegnskap og deilda ábyrgð. Við viðurkennum náttúrulegan og menningarlegan fjölbreytileika heimsins og sjáum að allir menningarheimar geta stuðlað að og eru hver um sig ómissandi við að raungera sjálfbæra þróun.⁶³⁷

Áhersla páfa á *persónulega vídd* hinna vistfræðilegu sinnaskipta er m.a. á þessum nótum. Það felur í sér nýjan lífsstíl sérhvers jarðarbúa sem þarf að sigrast á einstaklingshyggjunni innra með sjálfum sér og temja sér umhverfisvænar venjur sem vistfræðilegur heimsbúi.⁶³⁸ Undir lok bréfsins leitast höfundur við að lýsa því fyrir heimsbyggðinni þannig að hvort heldur fólk treystir á Guð eður ei megi allir sjá gagn þess fyrir vistkerfið að til sé fólk sem horfi þeim augum á stöðu sína að við endi alls muni þau finna sjálf sig standandi „augliti til auglitis við takmarkalausá fegurð Guðs og vera fær um að skilja með aðdáun og fögnuði leyndardóm alheimsins, sem samt [þeim] mun deila eilífum gnægtum“.⁶³⁹

637 „We pledge to foster intercultural understanding, tolerance, mutual respect and an ethic of global citizenship and shared responsibility. We acknowledge the natural and cultural diversity of the world and recognize that all cultures and civilizations can contribute to, and are crucial enablers of, sustainable development.“ [SB] „Transforming our world“, 10 (36. gr.).

638 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 208. málsgr.

639 „At the end, we will find ourselves face to face with the infinite beauty of God (cf. 1 Cor 13:12), and be able to read with admiration and happiness the mystery of the universe, which with us will share in unending plenitude.“ „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 243. málsgr.

VISTKERFISVANDI OG FÁTÆKT

Tafla 2: Yfirlit yfir heimsmynd, mannskilning og fátæktarhugtak textanna fjögurra

	HEIMSMYND	MANNSKILNINGUR	FÁTÆKTARHUGTAK
<i>Stokkhólms- skýrslan frá 1972</i>	Nútímaleg og mann- miðlæg.	Maðurinn er helsta dýrmæti heimsins. Mannleg reisin felst í getu til verðmæta- sköpunar. Einyrki og hags- munaaðili. Maðurinn andspænis náttúrunni.	Fátækt er félagsleg útilokun.
<i>Brundtland- skýrslan frá 1987</i>	Nútímaleg og mann- miðlæg í aðra rönd- ina en eftirnútímaleg og lífmiðlæg í hina. Jörðin er eitt sam- ofið lífkerfi en gæði hennar eru eign mannsins.	Maðurinn er skapandi uppspretta gæða. Maðurinn er víkjandi þáttur í vistkerfinu. Reisin mannsins er fólgin í getu til ábyrgðar. Maðurinn er félags- vera og þátttakandi. Maðurinn er ásamt náttúrunni hags- munaaðili.	Fátækt er félagsleg útilokun og siðferðisvandi byggður á kröfu um sjálfbærni. Einungis maðurinn er fátækur.
<i>Heimsmark- mið SP frá 2015</i>	Eftirnútímaleg og lífmiðlæg. Jörðin er lífvera með líðan og hagsmuni.	Allir áhersluþætt- ir Brundtland- skýrslunnar. Vansæmd hvílir á manninum sem fanga fátækta. Siðferðilegur mann- skilningur byggður á ábyrgðarhlutverki mannsins.	Fátækt er félagsleg útilokun og sið- ferðisvandi byggður á sanngirniskröfu á manninn ásamt kröfu um sjálfbærni. Einungis maðurinn er fátækur.

BJARNI KARLSSON

	HEIMSMYND	MANNSKILNINGUR	FÁTÆKTARHUGTAK
<i>Umburðarbréf Frans páfa frá 2015</i>	Eftirnútímaleg og lífmiðlæg en auk þess guðmiðlæg. Jörðin sem systir. Siðferðileg heimsmynd byggð á skyldleikatengslum.	Allir áhersluþættir heimsmarkmiðanna. Í ljósi alheimslegs skyldleika er reisin mannsins fólgin í leiðsöguhlutverki á samleið með vistkerfinu að sameiginlegu marki. Siðferðilegur mannskilningur byggður á getu til ábyrgðar í skyldleikatengslum.	Fátækt er félagsleg útilokun og siðferðisvandi á grundvelli vistkerfislegs tengslarofs og höfnunar á frændsemi. Jörðin er fátæk ásamt mannum.

9. Megindrættir siðfræði sem vill forða fátækt og virða almannahag

Markmið þessa kafla er að leggja fram svör við síðari rannsóknarspurningunni: *Hver eru meginatriði í siðfræði þar sem fátækt er forðað og almannahagur er leiðarljós?*

9.1 Heimsmynd

Í þessari rannsókn hefur verið sýnt fram á þróun í textum SP frá mannmiðlægri heimsmynd í átt að lífmiðlægri heimsmynd. Mark og mið veruleikans hefur þannig í opinberri orðræðu SP færst frá manningnum að vistkerfinu í heild, jörðinni sjálfri og raunar alheiminum. Á sama máta og jörðin er ekki miðja alheimsins er maðurinn ekki miðja jarðar. Meginkraftar jarðar eru vistkerfisleg ferli þar sem maðurinn er álitinn víkjandi þáttur. Lífhyggjan er í ríkari mæli tekin við af mannhbyggjunni, ekki síst í ljósi þess að náttúruvísindin hafa fært okkur heim sanninn um hina víkjandi stöðu mannsins í vistkerfinu. Fremur en að horfa á umhverfið sem hráefni handa manningnum er vísað til jarðarinnar sem *lífveru*.

Ljóst er að mannmiðlæg nálgun, þar sem horft er á efnisheiminn sem hráefni og stuðst er við einstaklings- og eindahyggju, byggist á of þröngu heimildavali um veruleikann. Hið nútímalega bandalag tækni

og hagkerfis sem ljær manningu algildi en virðir ekki manngildi skortir forsendur til að greina samhengi. Þetta sjónarhorn birtist m.a. í þröngu hagvaxtarhugtaki sem veldur einhæfum áherslum í lífsháttum og réttlætis misnotkun á mönnum og náttúru.

Nútíminn snerist um manninn og heiminn hans. Líta mátti á umhverfi mannsins sem hráefni til afnota, en í eftirnútímanum hefur nytjagildi vikið fyrir tengslagildi; heimurinn er samansafn opinna gagnvirkra kerfa þar sem allt er innbyrðis tengt og hvað öðru háð.

Sú guðfræði sem hér hefur verið rýnd og greind, m.a. úr smiðju McFague, Gustafson og Frans páfa, felur í sér hina lífmiðlægu heimsmynd SP byggða á náttúruvísindalegum forsendum, auk þess sem horft er á veruleikann sem sköpunarverk Guðs. Í ljósi kristinnar sköpunartrúar er vistkerfið ekki einungis óskiljanlega gamalt, stórt, virkt og lífrænt,⁶⁴⁰ heldur er það líka gjöf sem vekur þakklæti.

Í ljósi trúarinnar á tengslaeðli Guðs, sem tjáð er í hugmyndinni um heilaga þrenningu, má draga þá ályktun með trúarlegri hugmyndaauðgi að veruleikinn sé tengsl. Líkt og Guð er ástartengsl, þannig er sköpunarverkið allt tengslavefur. Form og ferli jarðlífsins byggjast á íveru. Vistkerfi grundvallast á nánd. Slík sýn á veruleikann útilokar einða- og einstaklingshyggju en styður við heildarhyggju og er líkleg til að birtast í verklagi sem hugar að tengslum og samhengi en forðast einhæf yfirráð og þrönga hagsmunastjórnun.

Þriðji mikilvægi þátturinn í kristinni guðfræði sem styður við lífhyggjulega heimsmynd er trúin á holdtekju Guðs í Jesú. Í ljósi þeirrar trúar að höfundur lífsins hafi sameinað sig efnisheiminum og gerst eitt með öllu sem lifir í manningu Jesú, má kristið fólk líta á alheiminn sem frændgarð og jörðina sem líkama Guðs.⁶⁴¹

640 Sbr. kafla 3.3.1.

641 Hér hefur m.a. verið vísað í guðfræði Bonhoeffers sem fyrir miðja síðustu öld ræddi

Niðurstaða mín er sú að lífvænleg heimsmynd í fjölmenningsamfélagi eftirnútímans megi byggjast á lífmiðlægri heimsmynd sem grundvölluð sé á náttúruvísindalegri þekkingu, sem jafnframt hljóti aukna dýpt í guðmiðlægri heimsmynd kristinnar trúar:

Heimurinn er samansafn opinna gagnvirkra kerfa þar sem allt er innbyrðis tengt og háð hvað öðru, og sem slíkur er hann í sumra augum líkami Guðs og jörðin svo sem væri hún systir.

9.2 Mannskilningur

Í opinberri orðræðu SP hefur mannskilningur breyst á þá lund að ekki er lengur litið á manninn sem einyrkja, hagsmunaaðila og eiganda, heldur er hann fremur séður sem félagsvera og þátttakandi í vistkerfi. Mannleg reisn, sem áður var einkum tengd getunni til að móta umhverfið í eigin þágu, tengist nú fremur lífsleikni mannsins og hæfni til ábyrgðar. Staða mannsins sem þátttakandi í vistkerfinu er jafnframt sú í orðræðu SP að hann er á nokkurs konar skilorði gagnvart umhverfi sínu vegna þeirrar röskunar sem hann hefur þegar valdið. Í hinum nýju heimsmarkmiðum er mannum líkt við fanga. Fátæktin í heiminum, sem birtist jafnt í náttúruójafnvægi af hans völdum sem annarri misskiptingu, er fjötrar sem sæmir ekki reisn mannsins.

Þegar mannlega reisn ber á góma í þessu samhengi er mikilvægt að sjá að um leið og mannmíðlægni er kvödd eru ekki lengur farnar þær leiðir að ræða um reisn mannsins eða réttindi hans og skyldur á forsendum sameiginlegs manneðlis eða líffræðilegs skyldleika. Í stað *eðlishyggju* er stuðst við *tengslahyggju* þar sem vísað er til *samstöðu í sameiginlegri berskjöldun* og

um álagafjötra hinna tveggja sviða, tvíhyggjuna, og taldi hana í skýrri mótsögn við kristna trú og almenna skynsemi (sbr. kafla 3.1.1).

rætt um *tengsl hins ólíka* svo notað sé orðalag Lindu Hogan.⁶⁴² Rannsóknin sýndi fram á að í heimsmarkmiðum SP jafnt sem umburðarbréfi páfa frá 2015 er mannleg reisin og réttindi ekki rædd á forsendum eðlishyggju heldur tengslahyggju. Sköpunargeta og reisin heimsbúans eru því ekki sett fram sem hrósunarefni í ljósi aðdáunarverðra sammannlegra eiginleika heldur sem siðferðisviðmið. Þannig er sérstaða mannsins álitin vera fólgin í getu hans til að vera skapandi og ábyrgur í tengslum, eða með guðmiðlægu orðalagi páfa; gegna ráðsmennskuhlutverki sínu af trúmennsku.

Með því að við kveðjum mannmiðlæga eindahyggju en heilsum lífmiðlægru tengslahyggju⁶⁴³ er litið svo á að maðurinn í heiminum eigi samleið með öllu sem lifir. Örlög manns og heims eru þá samofin og óaðskiljanleg og því fylgir sú vitneskja að annað hvort komumst við öll í mark eða enginn kemst í mark. Annað hvort verður þróun lífs á jörð sjálfbær eða óbærileg, a.m.k. fyrir mannkyn sem er sú tegund sem háðust er vistkerfinu af þeirri augljósu ástæðu að hún er nýlega komin til sögunnar og byggir afkomu sína alfarið á þeim lífsformum og ferlum sem fyrir voru þegar hún kom í „hús“.

Sú skilgreining á manninum sem fengin var að láni frá James M. Gustafson fellur jafnt að hinum nýju heimsmarkmiðum og umburðarbréfi páfa frá árinu 2015: *Maðurinn sem einstaklingur, samfélag og tegund er þátttakandi í formum og ferlum lífs á jörð þar sem allt er tengt og hvað öðru háð.*

Til viðbótar hinni lífmiðlægu tengslahyggju byggir Frans páfi á *guðmiðlægru tengslahyggju* og stendur þar styrkum fótum þótt í raun sé um að ræða róttæka guðfræði sem ekki hefur átt upp á pallborðið síðustu árhundruðin, líkt og sjá má af skrifum Bonhoeffers, McFague og Johnson.⁶⁴⁴

642 Hogan, *Keeping Faith With Human Rights*, 172–175.

643 Sjá töflu 1 á bls. 89.

644 Kaffi 3.1.1 (bls. 53–61).

Með tilvísununum í þrjá mikilvæga túlkunarramma kristinnar trúar, sköpunartrúna, þrenningarlærdóminn og trúna á holdtekju Guðs í Jesú Kristi, hefur hér verið færð fram guðmiðlæg sýn á veruleikann sem dýpkar hina lífmiðlægu tengslahyggju og hlúir að henni. Með því að halda því fram að maður og heimur séu ekki bara náttúra heldur *sköpunarverk* er maðurinn sem þátttakandi sagður *ætlaður* og *elskaður*. Og með því að uppspretta lífsins er tengslavera í *heilagri þrenningu* og lífið þess vegna í eðli sínu tengslavefur, þá er maðurinn líka álitinn „ólæknandi“ tengslavera og enginn einyrki. Enn fremur er dregin sú ályktun, í ljósi trúarinnar á *holdtekju Guðs í Kristi*, að maðurinn eigi heima í heiminum; veruleikinn eins og hann er, með öllum sínum opnu og gagnvirku kerfum þar sem allt er innbyrðis tengt og hvað öðru háð, er viðfang Guðs ástar þar sem maðurinn á heima. Þátttaka mannsins í heiminum, af sjónarhóli guðmiðlægni, er þá í því fólgin að vera heima hjá sér, *ætlaður* og *elskaður* á samleið með alheimi í átt að einum og sama áfangastað. Og gott er að halda því til haga að á meðan maðurinn í hinum nýju heimsmarkmiðum er á skilorði, þá er maðurinn undir guðmiðlægu sjónarhorni kristinnar trúar vissulega í þröngri stöðu vegna tengslaleysis síns (eða syndar), en samt er hlutverk hans að sigrast á sjálfum sér, velja hið góða og axla ábyrgð í tengslum. Eða, með guðmiðlægu orðalagi páfa: að leiða allt sköpunarverkið með sér til Guðs.

Með viðspyrnu í lífmiðlægu sjónarhorni SP og líf- og guðmiðlægu sjónarhorni páfa, Gustafsons, Bonhoeffers og McFague, með áherslum allra þessara aðila á tengslahyggju þar sem mannmiðlægni er varpað fyrir róða en áhersla lögð á manninn sem þátttakanda, set ég fram eftirfarandi mannskilning fyrir fjölmeningarsamfélag eftirnútímans:

Maðurinn, sem einstaklingur, samfélag og tegund, er þátttakandi í formum og ferlum lífs á jörð þar sem allt er tengt og hvað öðru háð.

Mannkyn deilir örlögum með alheimi og reisin mannsins felst í getunni til að vera skapandi og ábyrgur í tengslum.

9.3 Fátæktarhugtak

Hér að framan hafa sex fátæktarskilgreiningar verið bornar fram⁶⁴⁵ og komist að þeirri niðurstöðu að þeir þrír textar SP sem rannsóknin hefur m.a. snúið að feli allir í sér vissan grunnskilning á fátækt. Litið er á fátækt sem *félagslega útilokun*. Ég hef orðað það svo að hugtakið félagsleg útilokun fjalli um *fjölbætta hagsmuni fólks sem skoðaðir séu með hliðsjón af tengslum í tíma og rúmi*.⁶⁴⁶

Þá hefur því verið lýst hvernig fátæktarhugtakið hefur þróast og öðlast aukna dýpt í ljósi vitneskjunnar um samþætt eðli veruleikans þar sem þróun á sér alltaf stað í gagnvirkum tengslum efnahagslegra, félagslegra og vistkerfislegra þátta. Nú er almennt ekki lengur litið svo á að fátækt sé afleiðing vanþróunar, heldur er vanþróun og ósjálfbærni talin afleiðing fátæktar. Fátækt er, samkvæmt því, ekki álitin siðferðilega hlutlaust ástand, heldur er hún hvort tveggja í senn skilin sem *félagsleg útilokun* og *siðferðisvandi*.

Hér hefur einnig verið sýnt fram á að fátæktarhugtakið sem við blasir í umburðarbréfi Frans páfa frá sumrinu 2015 er víðtækara en félagsleg útilokun og siðferðisvandi. Frá guðmiðlægu sjónarhorni er fátækt ekki einungis siðferðisvandi og það er ekki aðeins maðurinn sem er siðvera, heldur er sjálfri jörðinni eignuð siðferðileg staða.⁶⁴⁷ Veruleikinn er ástar-

645 Kaffi 1.3.2 (bls. 25–30).

646 Nolan og Whelan, *Poverty and Deprivation in Europe*, 17; Hills, Le Grand og Piachaud, *Understanding Social Exclusion*, 5–6.

647 Sjá töflu 2 á bls. 247.

gjöf⁶⁴⁸ og tengslavefur⁶⁴⁹ þar sem Guð er alnálægur í handanveru sinni allt til ysta rykkorns alheimsins.⁶⁵⁰ Því getur kristin kirkja hiklaust rætt um alheiminn sem líkama Guðs og allsherjar frændgarð og jörðina sem systur. Frá guðmiðlægu sjónarhorni er bandalag tækni og hagkerfis sem leggur þrönga áherslu á skjótfenginn peningagróða, skilgreinir hagvöxt án tillits til heilsu lofthjúps, jarðvegs eða vatnasviða og veltir hvorki fyrir sér vexti eyðimarka né rýrnun líffræðilegs fjölbreytileika eða spyr að líðan manna og annarra lífvera, því tengslarof og synd.

Þannig styður guðmiðlæg afstaða til fátæktar við lífmiðlæga afstöðu og veitir henni jafnframt aukna dýpt. Fátækt er höfnun á frændsemi. Jörðin, með öllum sínum vistkerfislegu formum og ferlum, er fátæk. Og hún er ekki aðeins lífvera, heldur systir. Maðurinn er því ekki einungis fangi í heimi fátæktar, heldur ættleri!

Í leit að lífvænlegu fátæktarhugtaki fyrir fjölmenningsarsamfélag eftirnú-tímans vil ég styðjast við hugmyndina um fátækt sem félagslega útilokun og siðferðisvanda í sinni lífmiðlægu nálgun um leið og ég tel gagnlegt að halda á lofti hinu guðmiðlæga sjónarhorni um skyldleika alls við Guð og Guðs við allt í ljósi trúarinnar á holdtekju hins þríeina gjafara sem hér hafa verið gerð nokkur skil. Hið lífmiðlæga sjónarhorn lýsir vistkerfistengslum á meðan hið guðmiðlæga gerir það vissulega líka en bætir við áherslu á þá *skuldbindingu* sem fólgin má vera í vitneskjunni um skyldleika alls í Guði. Skilgreining mín hljóðar svo:

Fátækt er félagsleg útilokun og siðferðisvandi, en jafnframt er hún skortur á sjálfbærri þróun og vistkerfislegt tengslarof sem skoða má sem höfnun á frændsemi.

648 Sbr. kristna sköpunartrú.

649 Sbr. trúna á heilaga þrenningu.

650 Sbr. trúna á holdtekju Guðs í Jesú.

9.4 Niðurstöður

Ef heimurinn er samansafn opinna gagnvirkra kerfa þar sem allt er innbyrðis tengt og hvað öðru háð og líta má á alheiminn sem líkama Guðs, ef maðurinn sem einstaklingur, samfélag og tegund er þátttakandi í formum og ferlum lífs á jörð þar sem allt er tengt og hvað öðru háð, verandi á samleið með alheimi í átt að einum og sama áfangastað og reisin hans fólgin í getunni til að vera skapandi og ábyrgur í tengslum — og ef skilgreina má fátækt sem félagslega útilokun, skort á sjálfbærri þróun og vistkerfislegt tengslaróf, sem skoða megi sem höfnun á frændsemi — þá hljóta raunhæfar vinnutilgátur okkar í glímunni við veruleikann að fela í sér mikla samþættingu og varla ofmælt að tala um umfangsmikla menningarbyltingu í þessu sambandi líkt og Frans páfi gerir.

Ef við gefum okkur þær forsendur sem hér eru lagðar fram mun hugmynd okkar um hagvöxt þurfa að taka mið af hinu háa flækjustigi sem við blasir í vistkerfinu. Hagvöxtur snýst þá ekki lengur um það að safna eigin fé, heldur tryggja allrahandu flæði orku og efnis sem nauðsynlegt telst svo að vistkerfi dafni. Hagvöxtur og sjálfbær þróun eru þá tvö hugtök yfir sama ástand þar sem veruleikinn í margbreytileika sínum hefur vaxtar-skilyrði. Við bætist að þá er líka tómmt mál að tala um gott líf einstaklings óháð stærra samhengi. Það er þá t.d. ekki lengur gott líf að ferðast frjálts um heiminn án þess að hirða um kolefnissporin eða njóta þæginda sem byggjast á barnaþrælkun. Gott líf er þá aðeins hægt að eiga í *deildu frelsi* og almannahagur orðinn að vistkerfishag. Lífsgæði liggja þá í tengslum og samspili og eru fólgin í flæði, en eru líkleg til að rýrna um leið og reynt er að safna þeim.

Meginatriðið sem hér er borið fram er samanburðarrannsókn á orðræðu tveggja hnattrænna heimilda, SP og páfans í Róm,⁶⁵¹ og fullyrðingin um að þar megi greina samstöðu um heimsmynd, mannskilning og fátæktar-

651 Kaflar 5–8.

hugtak. Þá er borin á borð sú staðhæfing að þessar tvær áhrifaraddir, önnur veraldleg, hin trúarleg, séu sammála um það að hugtökin *hagvöxtur* og *almannahagur* skuli vera sambætt í hugtakinu *sjálfbær þróun*. Það merkir, í þriðja lagi, að gildishlaðnar hugmyndir manna um hið góða líf eru settar á dagskrá í almannarýminu á sviði umhverfis-, félags- og efnahagsmála, en bæði SP og páfi horfa kerfisbundið til þessara þátta í tengslum við sjálfbæra þróun eða *sambætta* (e. integral) sjálfbæra þróun eins og Frans orðar það.⁶⁵² Því má líta svo á að samkomulagið um takmörkun orðræðunnar í almannarýminu sé afnumið í heimsmenningunni.

Gildishleðslan sem hér er vísað til felst í hinu lífmiðlæga sjónarhorni sem gerir það að verkum að heimsmynd, mannskilningur og fátæktarhugtak, sem áður gerðu ráð fyrir mannmiðlægni, geta ekki lengur séð veruleikann í aðgreindum bútum, landsvæðum eða náttúrufyrirbærum, þjóðum og stéttum, heldur er veruleikinn skilinn sem gagnvirk heild í tíma og rúmi. Sá sem hefur tileinkað sér lífmiðlægt sjónarhorn getur ekki framar séð smæstu lífveru öðru vísi en að sjá alheiminn í huga sér, né heldur hugsað til alheimsins án þess að sjá fyrir sér lífverur, form og ferli. Að kristnum skilningi bætist svo við guðmiðlægnin sem stangast ekki á við lífmiðlægnina, heldur styður hana og hlúir að henni með ýmsum hætti eins og lýst hefur verið.⁶⁵³

652 „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis“, 18. og 137.–139. málsgr.

653 Í því sambandi er einmitt áhugavert að hugsa til þess að ef við skilgreinum hagvöxt, sjálfbæra þróun og almannahag sem *það ástand þar sem veruleikinn í margbreytileika sínum hafi skilyrði til að dafna*, erum við komin með fjórða þykka hugtakið sem er ævafornt og þrautreynt: Shalom.

9.5 Þrjár tillögur

Allar helstu heimildir þessarar rannsóknar, stakir fræðimenn, SP og Frans páfi, eru sammála um að fátæktar- og vistkerfisvandi veraldar verði ekki leystur nema í opinni og gagnvirkri samvinnu á sviði umhverfis-, félags- og efnahagsmála. Í þriðja kafla var því lýst að nútímann skorti getu til að greina samhengi á þessum sviðum og rætt um skort á vistkerfislæsi, félagslegu innsæi og skilningi á hagvexti. Hér er spurt að meginatriðum í siðfræði þar sem fátækt er forðað og almannahagur er leiðarljós. Í ljósi ofangreindra þátta er einkum þrennt lagt til.

Í fyrsta lagi er mikilvægt að *kveðja hina mannmiðlægu hugmynd um einyrkjann* eða, með orðalagi Mary Clark, sigrast á billjardkúlu-skynheildinni sem greypt er í menningu okkar. Veruleikinn er meira en samsafn staka. Þess í stað þurfum við að efla vistkerfislæsi; koma okkur upp túlkunarrömmum og sjónarmiðum sem gera ráð fyrir og skýra tengslaeðli veruleikans þannig að við hættum að sjá stök tré, aðgreind svið og lokuð kerfi eða líta á manninn sem einyrkja fyrst og síðast en berum aukið skynbragð á alheiminn í lífmiðlægu ljósi sem *samsafn opinna gagnvirkra kerfa þar sem allt er innbyrðis tengt og hvað öðru háð*. Í þeirri vinnu getur guðmiðlægt sjónarhorn kristinnar kirkju, sem styðst við trúna á veruleikann sem sköpunarverk og sér Guð sem tengslaveru í heilagri þrenningu, sem sameinast hafi alheiminum í fátæku barni, veitt hinu lífmiðlæga sjónarhorni stuðning og aukna dýpt.

Í öðru lagi munum við þurfa að leggja til hliðar hugmyndina um hlutleysið og ógildishlaðna almannarýmið vegna þess að það er ímyndun sem skerðir félagslegt innsæi okkar. Hin einvíða áhersla tvíhyggjulegrar nútímahugsunar, sem kristallast í hugmyndinni um hlutleysi, er þröngt sjónarhorn sem veldur því að lífið fær ekki pláss í veruleikanum, persónur, hópar og heilu menningarheildirnar eru jaðarsettar og kvíði, einsemd og tilgangsleysi magnast (oft í réttu hlutfalli við meintan hagvöxt) þar sem

fólk upplifir sérkenni sín sem íþyngjandi farangur, óhæfan til opinberrar birtingar, og finnur sig því ekki heima í umhverfi sínu og samfélagi.

Í þessu samhengi getur kristin kirkja reynst mikilvægt þekkingar-samfélag þar sem horft er á hvern mann sem þátttakanda í vistkerfi og hin kristnu leitast fyrir sitt leyti við að skapa rými í sjálfum sér fyrir náungann líkt og Jesús gerði.⁶⁵⁴ Framar var hugtakið *túlkunarfræðileg gestrisni* notað yfir viðleitnina til að leggja sig eftir því að skilja og virða sjónarhorn náungans. Verkefni hinna kristnu er þá að standa traustum fótum í sinni guðmiðlægu hefð, sem eðli sínu samkvæmt er í sífelldri mótun, af því að sá Guð sem opinberast í ritningunum og vistkerfinu⁶⁵⁵ er lifandi Guð sem stöðugt leitar nýrra leiða.

Mannmiðlæg einstaklingshyggja er *gildismat* sem telja má einkennandi fyrir nútímafrjálslyndisstefnu og hugmyndin um hlutleysi er *vinnutilgáta* sem einkennt hefur þetta tímabil í pólitískri sögu vestrænnar menningar. Nú vitum við hins vegar að maðurinn er ekki helsta dýrmæti heimsins, heldur er hann þátttakandi í vistkerfi og sem slíkur ávallt *staðsettur*. Öll standa einhversstaðar. Flest standa víða. Hlutleysi var í besta falli óskhyggja en hefur leikið stóran þátt í því að löghelga stigveldisbundin ákvarðanaferli og gefa forréttindahópum ásýnd hins algilda og hlutlausa á meðan geta, þarfir og gildi annarra hafa verið þöggguð, hundsúð eða álitin afbrigðileg.⁶⁵⁶

Hin hundsúðu og þöggguðu eru m.a. vistkerfið og hin fátæku í heiminum. Málefni fátæks fólks og málefni vistkerfisins verða ekki aðgreind og ekki leyst öðruvísi en með samþættum aðgerðum. Gildismat og vinnutilgáta sem ekki ber kennsl á samhengi hefur fátt að segja andspænis slíku verkefni.

654 Volf, *Exclusion & Embrace*, 214–215.

655 Sbr. skrif Ágústínusar um bók opinberunarinnar og bók náttúrunnar (sjá kafla 3.1.1, einkum bls. 54).

656 Vel má spyrja hvort uppgangur pólitísks pópúlisma eigi hér m.a. rætur.

Þriðja tillagan er því sú að við leggjum frá okkur hið þrönga hagvaxtarhugtak nýfrjálshyggjunnar og viðurkennum sjálfbæra þróun sem hagvöxt. Vistræn hagfræði hugar að samhengi og tengslum, viðurkennir gildi alls lífs og hlúir að viðgangi þess.

Þá tók Drottinn Guð manninn og setti hann í aldingarðinn Eden, til þess að yrkja hann og gæta hans (1Mós 2.15).

Margt kristið fólk myndi telja að hér sé lögð fram verklýsing allra verklýsinga, að inntak allrar góðrar iðju sé að yrkja og gæta. Undir það er tekið hér. Ræktun krefst þekkingar og virðingar fyrir samhengi. Samhengi mannsins er vistkerfið með öllum sínum formum og ferlum. Sem vistkerfislegur heimsborgari hefur maðurinn, að kristnum skilningi, það hlutverk að hlúa að lífinu og gæta þess þannig að það fái notið sín á eigin fjölbreyttu forsendum í nútíð og framtíð. Þannig styður guðmiðlæg hugsun við þann skilning að raunverulegur hagvöxtur felist í sjálfbærri þróun.

Mannkyn stendur nú frammi fyrir fordæmalausum vanda þar sem fátækt og vistkerfismál knýja á með áður óþekktum hætti. Hér er ekki fullyrt um aðra menningarheima en staðhæft að vestrænn nútími sé gjaldþrota með tilvísun til þeirrar skelfilegu vistkerfisskuldar sem stofnað hefur verið til á kostnað ófæddra kynslóða. Eigi börnin okkar að eiga von í veröldinni verðum við að umbylta hugarfari okkar. Í stað mannmiðlægni þarf lífmiðlægni að öðlast sess, í stað hugmyndarinnar um hlutleysið þarf að viðurkenna staðsetningu allra og í stað hins þrönga hagvaxtarhugtaks þurfum við að iðka sjálfbæra þróun.

Fylgið ekki háttsemi þessa heims. Látið heldur umbreytast með hinu nýja hugarfari og lærið svo að skilja hver sé vilji Guðs, hið góða, fagra og fullkomna (Róm 12.2).

Heimildaskrá

- [OECD] „Shaping the 21st Century: The Contribution of Development Co-operation.“ Development Assistance Committee. París: OECD, 1996. Vefslóð: <https://www.oecd.org/dac/2508761.pdf> (sótt 13. 2. 2017).
- [SP] Sameinuðu þjóðirnar. „17 sjálfbær þróunarmarkmið.“ Upplýsingaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna fyrir Vestur-Evrópu. Vefslóð: <https://www.unric.org/is/component/content/article/62-januar-2015/26384-17-sjalfbaer-trounarmarkmie> (sótt 15. 3. 2017).
- [SP] Sameinuðu þjóðirnar. „2005 World Summit Outcome.“ Skýrsla leiðtoga fundar sem haldinn var í höfuðstöðvum SP í New York 2005. A/RES/60/1. Vefslóð: <http://www.un.org/womenwatch/ods/A-RES-60-1-E.pdf> (sótt 13. 2. 2017).
- [SP] Sameinuðu þjóðirnar. „Ársskýrsla Flóttamannastofnunar SP 2018.“ Vefslóð: <https://www.unhcr.org/publications/fundraising/5doai1ce47/unhcr-global-report-2018.html?query=UNHCR%20Global%20report> (sótt 18.7. 2019).
- [SP] Sameinuðu þjóðirnar. „Agenda 21.“ United Nations Conference on Environment & Development, Rio de Janeiro, Brazil, 3 to 14 June 1992. Vefslóð: <https://sustainabledevelopment.un.org/content/documents/Agenda21.pdf> (sótt 25. 6. 2019).
- [SP] Sameinuðu þjóðirnar. „Analysing and Measuring Social Inclusion in a Global Context.“ Department of Economic and Social Affairs. New York

2010. Vefslóð: <http://www.un.org/esa/socdev/publications/measuring-social-inclusion.pdf> (sótt 25. 6. 2019).
- [SP] Sameinuðu þjóðirnar. „Development and International Economic Co-operation.“ Fundargerð Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna 19. október 1987. Vefslóð: http://www.un.org/ga/search/view_doc.asp?symbol=A/42/PV.41 (sótt 14. 2. 2017).
- [SP] Sameinuðu þjóðirnar. „Heimsmarkmið um Sjálfbæra þróun.“ Upplýsingaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna fyrir Vestur-Evrópu. Vefslóð: <https://www.unric.org/is/upplýsingar-um-st/22> (sótt 20. 10. 2017).
- [SP] Sameinuðu þjóðirnar. „One Year On: An open letter from former members of the UN Secretary-General’s High-Level Panel of Eminent Persons on the Post-2015 Agenda. 22 September 2014.“ Vefslóð: http://www.un.org/millenniumgoals/pdf/High_Level_Panel_Post_2015_open%20letter.pdf (1. 12. 2016).
- [SP] Sameinuðu þjóðirnar. „Our Common Future.“ Report of the World Commission on Environment and Development 1987. Vefslóð: <http://www.un-documents.net/our-common-future.pdf> (sótt 22. 1. 2017).
- [SP] Sameinuðu þjóðirnar. „Report of the United Nations Conference on the Human Environment.“ Stokkhólmi 5.–16. júní 1972. Vefslóð: <http://www.un-documents.net/aconf48-14r1.pdf> (sótt 14. 2. 2017).
- [SP] Sameinuðu þjóðirnar. „Transforming our world: the 2030 Agenda for Sustainable Development.“ Skýrsla leiðtogafundar sem haldinn var í höfuðstöðvum SP í New York 2015. A/RES/70/1. Vefslóð: http://www.un.org/ga/search/view_doc.asp?symbol=A/RES/70/1 (sótt 13. 2. 2017).
- [SP] Sameinuðu þjóðirnar. „United Nations Millennium Declaration.“ United Nations, General Assembly. A/RES/55/2. 18. september 2000. Vefslóð: <http://www.un.org/millennium/declaration/ares552e.pdf> (sótt 13. 2. 2017).
- [SP] Sameinuðu þjóðirnar. „We the Peoples: The Role of the United Nations in the 21st Century.“ Skýrsla Kofi A. Annan aðalritara SP. New York: SP, 2000. Vefslóð: https://www.un.org/en/events/pastevents/pdfs/We_The_Peoples.pdf (sótt (sótt 25. 6. 2019)).

- [SB] Sameinuðu þjóðirnar. „Johannesburg Declaration on Sustainable Development.“ World Summit on Sustainable Development 2002. Vefslóð: <http://www.un-documents.net/jburgdec.htm> (sótt 26. 6. 2019).
- [SB] Sameinuðu þjóðirnar. „Declaration of the United Nations Conference on the Human Environment.“ The United Nations Conference on the Human Environment, Stokkhólmi 1972. Vefslóð: <http://webarchive.loc.gov/all/20150314024203/http%3A//www.unep.org/Documents.Multilingual/Default.asp?documentid%3D97%26articleid%3D1503> (sótt 26. 6. 2019).
- [SB] Sameinuðu þjóðirnar, „The Founex Report on Development and Environment 1971.“ MauriceStrong.net. Vefslóð: <https://www.mauricestrong.net/index.php/the-founex-report?showall=1&limitstart=> (sótt 26. 6. 2019).
- [SB] Sameinuðu þjóðirnar. „World Conservation Strategy.“ Living Resource Conservation for Sustainable Development 1980. Vefslóð: <https://portals.iucn.org/library/efiles/documents/wcs-004.pdf> (sótt 22. 1. 2017).
- [UNESCO] „Use and conservation of the biosphere; proceedings.“ Intergovernmental Conference of Experts on the Scientific Basis for Rational Use and Conservation of the Resources of the Biosphere. París: UNESCO, 1970. Vefslóð: <http://unesdoc.unesco.org/images/0006/000677/067785eo.pdf> (sótt 22. 1. 2017).
- „Aðgerðir til að vinna gegn fátækt. Tillögur byggðar á skýrslunni Farsæld — baráttan gegn fátækt á Íslandi.“ Reykjavík: Velferðarráðuneytið, 2013. Vefslóð: https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/Rit_2013/Farsaeldarskyrsla--24042013.pdf (sótt 25. 4. 2018).
- Benhabib, Seyla. *Dignity in Adversity: Human Rights in Troubled Times*. Cambridge: Polity, 2011.
- Benhabib, Seyla. *Situating the Self: Gender, Community and Postmodernism in Contemporary Ethics*. New York: Routledge, 1992.
- Black, Maggie. *The Children and the Nations*. New York: UNICEF, 1986.
- Boer, Theo A. *Theological Ethics After Gustafson: A Critical Analysis of the Normative Structure of James M. Gustafson's Theocentric Ethics*. Amsterdam: Kok Publishers, 1997.

- Boff, Leonardo. *Cry of the Earth, Cry of the Poor*. Ensk þýð. eftir Philip Berryman. New York: Orbis Books, Maryknoll, 1997.
- Bonhoeffer, Dietrich. *Ethics*. Ritstj. Eberhard Bethge. New York: The Macmillan Company, 1955.
- Borowy, Iris. *Defining Sustainable Development for Our Common Future: A History of the World Commission on Environment and Development (Brundtland Commission)*. London og New York: Routledge, 2014.
- Boulding, Kenneth E. „The Economics of the Coming Spaceship Earth.“ *Environmental Quality in a Growing Economy*, ritstj. H. Jarrett, bls. 3–14. Baltimore: Johns Hopkins University Press, 1966.
- Clark, Mary E. *In Search of Human Nature*. New York: Routledge, 2002.
- „Compendium of the Social Doctrine of the Church.“ Pontifical Council for Justice and Peace. Vefslóð: http://www.vatican.va/roman_curia/pontifical_councils/justpeace/documents/rc_pc_justpeace_doc_20060526_compendio-dott-soc_en.html (sótt 7. 1. 2019).
- Cornia, Giovanni Andrea, Richard Jolly og Frances Stewart, ritstj. *Adjustment with a Human Face*, 1. bindi: *Protecting the Vulnerable and Promoting Growth*. Oxford: Oxford University Press, 1987.
- Curran, Charles E. *Catholic Social Teaching, 1891–Present: A Historical, Theological, and Ethical Analysis*. Kindle Loc 113. Washington DC: Georgetown University Press, 2002.
- Einar Sigurbjörnsson. *Credo: Kristin trúfræði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Guðfræðistofnun, 1989.
- Einar Sigurbjörnsson. *Kirkjan játar: Játningarrit íslensku þjóðkirkjunnar með inngangi og skýringum*. 1. útg. Reykjavík: Salt, 1980.
- „Encyclical Letter Laudato Si’ of the Holy Father Francis On Care For Our Common Home (2015).“ Vefslóð: http://w2.vatican.va/content/francesco/en/encyclicals/documents/papa-francesco_20150524_enciclica-laudato-si.html (sótt 8. 4. 2016).
- „Farsæld — baráttan gegn fátækt á Íslandi.“ Reykjavík: Hjálparstarf

- kirkjunnar og Rauði krossinn, 2012. Vefslóð: <http://www.help.is/doc/119> (sótt 25. 4. 2018).
- „Félagsvísar: Skortur á efnislegum gæðum 2014.“ *Hagtíðindi*. Reykjavík: Hagstofa Íslands, 2015. Vefslóð: https://hagstofa.is/media/49160/hag_150703.pdf (sótt 6. 2. 2016).
- „Félagsvísar: Skortur á efnislegum lífsgæðum 2004–2013.“ *Hagtíðindi*. Reykjavík: Hagstofa Ísland, 2014. Vefslóð: https://hagstofa.is/media/43798/hag_140630.pdf (sótt 6. 2. 2016).
- Galbraith, Kenneth. *The Affluent Society*. Boston: Houghton Mifflin Harcourt, 1958.
- Gebara, Ivone. *Out of the Depths: Women's Experiences of Evil and Salvation*. Ensk þýð. eftir Ann Patrick Ware. Minneapolis: Fortress Press, 2002.
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson. *Ómagar og utangarðsfólk*. Safn til sögu Reykjavíkur. Reykjavík: Sögufélag, 1982.
- Gustafson, James M. *Ethics from a Theocentric Perspective*, 2. bindi: *Ethics and Theology*. Chicago og London: The University of Chicago Press, 1984.
- Halifax Summit Communiqué. Halifax, June 16, 1995. Trinity College, University of Toronto. Vefslóð: <http://www.g8.utoronto.ca/summit/1995halifax/communiqué/index.html> (sótt 13. 2. 2017).
- Heimasíða Alþjóðabankans. Vefslóð: <http://www.worldbank.org/en/about> (sótt 22. 1. 2017).
- Heimasíða OECD. Vefslóð: <http://www.oecd.org/about/whodoeswhat/> (sótt 22. 1. 2017).
- Heimasíða Þróunarstofnunar SP. Vefslóð: <http://www.undp.org/> (sótt 14.2.2017).
- Hills, John, Julian Le Grand og David Piachaud. *Understanding Social Exclusion*. New York: Oxford University Press, 2002.
- Hobbes, Thomas. *Leviathan: With selected variants from the Latin edition of 1668*. Indianapolis og Cambridge: Hackett Publishing Company, 1994.
- Hogan, Linda. *Keeping Faith with Human Rights*. Washington DC: Georgetown University Press, 2015.

- Hollenbach, David. *The Common Good & Christian Ethics*. Cambridge: Cambridge University Press, 2002.
- „John Rawls (1921–2002).“ Internet Encyclopedia of Philosophy. A Peer-Reviewed Academic Resource. Vefslóð: <http://www.iep.utm.edu/rawls/> (sótt 5. 3. 2016).
- Johnson, Elizabeth A. *Ask the Beasts: Darwin and the God of Love*. London: Bloomsbury Publishing, 2014.
- Johnson, Elizabeth A. *Consider Jesus: Waves of Renewal in Christology*. New York: Crossroad Publishing Company, 1990.
- Katz, Michael. *The Undeserving Poor: From the War on Poverty to the War on Welfare*. New York: Pantheon Books, 1989.
- McFague, Sallie. *A New Climate for Theology: God, the World and Global Warming*. Minneapolis: Fortress Press, 2008.
- McFague, Sallie. *The Body of God: An Ecological Theology*. Minneapolis: Fortress Press, 1993.
- Meadows, Donella H., Dennis L. Meadows, Jörgen Randers og William W. Behrens III. *Endimörk vaxtarins: Þáttur í rannsókn Rómarsamtakanna á ógöngum mannkynsins*. Ísl. þýð. eftir Þorstein Vilhjálmsson og Finnþoga Guðmundsson. Reykjavík: Menningarsjóður, 1974.
- Meadows, Donella H., Dennis L. Meadows, Jörgen Randers og William W. Behrens III. *The Limits to Growth: A Report for the Club of Rome's Project on the Predicament of Mankind*. New York: Universe Books, 1972.
- Moltmann, Jürgen. *Ethics of Hope*. Minneapolis: Fortress Press, 2012.
- Moltmann, Jürgen. *God in Creation: A New Theology of Creation and the Spirit of God. The Gifford Lectures 1984–1985*. Minneapolis: Fortress Press, 1993.
- Morris, Michael og John B. Williamson. *Poverty and Public Policy: An Analysis of Federal Intervention Efforts*. Westport: Greenwood Press, 1986.
- Murphy, Graig N. *The United Nations Development Programme: A Better Way?* Cambridge: Cambridge University Press, 2006.

- Nelson, James B. *Embodiment: An Approach to Sexuality and Christian Theology*. Minneapolis: Augsburg Publishing House, 1978.
- Niebuhr, Reinhold. *Love and Justice. Selections from the Shorter Writings of Reinhold Niebuhr*. Ritstj. D.B. Robertson. [1. útg. 1957.] Louisville: Westminster John Knox Press, 1992.
- Nolan, Brian og Christopher T. Whelan. *Poverty and Deprivation in Europe*. Oxford: Oxford University Press, 2011.
- Nussbaum, Martha C. *Creating Capabilities: The Human Development Approach*. Cambridge, Mass.: Belknap Press, 2011.
- Nussbaum, Martha C. *Hiding from Humanity: Disgust, Shame, and the Law*. Princeton: Princeton University Press, 2004.
- Ólafur Páll Jónsson. „Lífskjör og réttlæti.“ *Stjórnsmál og stjórnsýsla* 8/1 (2012): 219–230. DOI: <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2012.8.1.10> (sótt 25. 6. 2019).
- Ólafur Páll Jónsson. „Réttlæti, stofnanir og verðskuldun.“ *Hugur* 26 (2014): 154–167.
- Ólafur Páll Jónsson. „Skiptaréttlæti.“ *Hugur* 24 (2012): 219–230.
- Ólafur Páll Jónsson. „Staður, náttúra, umhverfi.“ *Hugsað með Páli: ritgerðir til heiðurs Páli Skúlasyni sextugum*. Ritstj. Róbert H. Haraldsson, Salvör Nordal og Vilhjálmur Árnason, bls. 149–162. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2005.
- „Populorum Progressio. On the Development of Peoples.“ Encyclical Letter of Pope Paul VI promulgated on March 26, 1967. Vefslóð: <https://www.cctwincities.org/wp-content/uploads/2015/10/Populorum-Progressio.pdf> (sótt 22. 1. 2017).
- Rasmussen, Larry L. *Earth Community, Earth Ethics*. Maryknoll og New York: Orbis Books, 1997.
- Rasmussen, Larry L. *Earth-honoring Faith: Religious Ethics in a New Key*. New York: Oxford University Press, 2012.
- Rawls, John. *A Theory of Justice*. Revised Edition. Oxford University Press, 1999.

- Rowntree, B. Seebohm. *Poverty: A study of town life*, 4. útg. New York: Macmillan and Co., Limited, 1902.
- Ruether, Rosemary Radford. *New Woman, New Earth*. New York: Seabury Press, 1975.
- Santmire, H. Paul. *Before Nature: A Christian Spirituality*. Minneapolis: Fortress Press, 2014.
- Santmire, H. Paul. *The Travail of Nature: The Ambiguous Ecological Promise of Christian Theology*. Minneapolis: Fortress Press, 1991.
- Schmelzer, Matthias. *The Hegemony of Growth: The OECD and the Making of The Economic Growth Paradigm*. Cambridge: Cambridge University Press, 2016.
- Schwindt, Daniel. *Catholic Social Teaching: A New Synthesis (Rerum Novarum to Laudato Si')*. [Útg.st. ekki getið]: Agnus Dei Publishing, 2015.
- Sen, Amartya. *Development as Freedom*. New Delhi: Oxford University Press, 2000.
- Sen, Amartya. *The Idea of Justice*. Cambridge, Mass.: Belknap Press, 2009.
- Shaw, D. John. *The UN World Food Programme and the Development of Food Aid*. New York: Palgrave, 2001.
- Sills, David L., ritstj. *International Encyclopedia of the Social Sciences*. II. og 12. bindi. New York: The Macmillan Company & The Free Press, 1972.
- Sólveig Anna Bóasdóttir. „Losing and Finding Creation in the Christian Tradition.“ *Christianity and Ecology: Seeking the Wellbeing of Earth and Humans*, ritstj. Dieter T. Hessel og Rosemary Radford Ruether, bls. 3–21. Cambridge, Mass.: Harvard University Press, 2000.
- Sólveig Anna Bóasdóttir. *Guð og gróðurhúsaáhrif: Kristín siðfræði á tímum loftslagsbreytinga*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2017.
- Sólveig Anna Bóasdóttir. „Svo kom illskan ... Femínísk túlkun Ivone Gebara á illskunni.“ *Ritröð Guðfræðistofnunar* 46 (2018): 50–63.
- Stefán Ólafsson. *Íslenska leiðin: Almannatryggingar og velferð í fjölbjóðlegum*

- samanburði*. Reykjavík: Tryggingastofnun ríkisins og Háskólaútgáfan, 1999.
- Stevenson, Leslie, David L. Haberman. *Ten Theories of Human Nature*. 3. útg. New York: Oxford University Press, 1998.
- Stokke, Olav. *The UN and Development: From Aid to Cooperation*. Bloomington: Indiana University Press, 2009.
- The Oxford Dictionary of the Christian Church*. 3. útg. Ritstj. F.L. Cross og E.A. Livingstone. Oxford og New York: Oxford University Press, 2005.
- „Thomas Malthus (1766–1834).“ University of California Museum of Paleontology. Vefslóð: <http://www.ucmp.berkeley.edu/history/malthus.html> (sótt 11. 12. 2018).
- Volf, Miroslav. *A Public Faith: How Followers of Christ Should Serve the Common Good*. Grand Rapids: Brazos Press, 2011.
- Volf, Miroslav. *Exclusion & Embrace: A Theological Exploration of Identity, Otherness, and Reconciliation*. Nashville: Abingdon Press, 1996.
- White Jr., Lynn. „The Historical Roots of Our Ecologic Crisis.“ *Science* 155/3767 (10. mars 1967): 1203–1207. DOI: 10.1126/science.155.3767.1203.
- Young, Iris Marion. *Justice and the Politics of Difference*. Princeton: Princeton University Press, 2011.
- Young, Iris Marion. *Responsibility for Justice*. New York: Oxford University Press, 2011.

